**JÓL JÓLSSON**

*Tónlistarhátíð á Hótel Íslandi í kvöld*

Tíska, hönnun, ilmur og jólastemning

**FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**RAPPARINN DIDDI FEL**

*Hraktist úr Brooklyn í kreppunni*

Kynlíf, eiturlyf og hipphopp

**POPP FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ


18. desember 2009 — 299. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



**Afmæli hestamanna**

60 ára afmæli Landssambands hestamannafélaga hefst með fánareið að Iðnó í dag.

TÍMAMÓT 48



**Í beinni**

Þorláksmessutónleikar Bubba verða í beinni á Stöð 2.

FÓLK 86

**Meðal þeirra bestu**

Sigur Rós er áfram ofarlega á áratugalistum poppsérfræðinga.

FÓLK 86

**Hvaða stórlið mætast?**



Í dag kemur í ljós hvaða lið mætast í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

ÍÞRÓTTIR 78

## VEÐRIÐ Í DAG




**Víða bjart með köflum** í dag verður víðast hvar fremur hæg vestlæg átt en gengur í vaxandi norðanátt norðaustanlands með dálitlum éljum þar í kvöld.

VEÐUR 4

# Jónas sat með Baldri á samráðsfundunum

**Fyrrverandi forstjóri FME sat í samráðshópi Seðlabankans, en upplýsingar úr fundargerðum hópsins urðu til þess að mál Baldurs Guðlaugssonar var tekið upp aftur. Hann nýtti ekki gögnin þegar FME rannsakaði málið upphaflega.**

**LÖGREGLUMÁL** Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), nýtti ekki upplýsingar af fundum samráðshóps sem hann átti sæti í þegar embættið rannsakaði upphaflega meint innherjaviðskipti Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra. Fundargerðir hópsins uppgötvuðust eftir forstjóraskipti hjá FME og þóttu upplýsingarnar sem þar komu fram þá svo bitastæðar að ákveðið var að taka málið upp á ný.

Fyrir dómi á þriðjudag var tekist á um þá kröfu Baldurs að rannsókn sérstaks saksóknara á máli hans yrði látin niður falla. Viðskiptablaðið greinir ítarlega frá málflutningnum í nýjasta tölublaði sínu.

Meðal þess sem þar kemur fram er að endurupptaka málsins í júní hafi auk annars byggt á fundargerðum samráðshóps Seðlabankans um fjármálastöðugleika. Ábending hafði þá borist um að þær fundargerðir væru til hjá Seðlabankanum, en FME hafði fram að því ekki aðgang að þeim.

Jónas Fr. Jónsson var forstjóri FME þegar rannsókn á máli Baldurs hófst. Hann átti hins vegar líka sæti í samráðshópi Seðlabankans, ásamt Baldri og öðrum embættismönnum, og sat samkvæmt heimildum Fréttablaðsins alla þá fundi sem skipta máli þegar mál Baldurs er annars vegar. Honum ætti því að hafa verið kunnugt um þær upplýsingar sem endurupptaka málsins byggði meðal annars á.

Gunnar Andersen tók við sem forstjóri FME um vorið og það var hann sem ákvað að hætta rannsókninni á máli Baldurs. Fundargerðir samráðshópsins, og upplýsingarnar úr þeim, lágu þá hvergi fyrir hjá embættinu.

Ekki náðist í Jónas Fr. Jónsson við vinnslu fréttarinnar.

- sh / sjá síðu 12



**DANSAÐ Í KRINGUM JÓLATRÉÐ** Börn af leikskólanum Ösp heimsóttu Árbæjarsafnið í gær til að kynna sér sögu og siði íslenskra jóla. Þau hittu fyrir Helgu Maureen Gylfadóttur safnvörð sem tók vel á móti þeim, uppáklædd í peysufötin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra talaði á loftslagsráðstefnunni í gær:

# Enn er allt óvíst um útkomu

**UMHVERFISMÁL** Viðræður stóðu fram á nótt á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn. Vonast er til að samkomulag náist um pólitíska yfirlýsingu, sem 130 þjóðarleiðtogar myndu undirrita. Náist það ekki er von manna að vinnuáætlun fyrir næstu skref í viðræðum verði samþykkt. Þriðji möguleikinn er að ekkert samkomulag náist. Nánast útilokað er að lagalega bindandi samkomulag náist.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hélt ræðu í stóra salnum seint í gærkvöldi. Þar staðfesti hún vilja Íslands til samflots við Evrópusambandið, sem mun að lágmarki hafa dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um tuttugu prósent árið 2020, miðað við 1990.

„Ísland telur að reyna verði að halda hlýnun loftslags jarðar undir 2° á celsíus. Útblástur gróðurhúsalofttegunda verður fljótt að ná hámarki og dragast síðan saman,“ sagði ráðherra í gær.

- kóp / sjá síðu 22



**HÆTTUR Í PÓLITÍK** Vilhjálmur segir að Dagur væri nú borgarstjóri hefði Sjálfstæðisflokkurinn ekki samið við Ólaf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

# Ekki mistök að semja við Ólaf

**STJÓRNMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lítur ekki á meirihlutasamstarfið með Ólafi F. Magnússyni sem mistök.

„Það er skýrt í mínum huga að ef við hefðum ekki myndað meirihluta með Ólafi á þessum tíma þá sætum við ekki í meirihluta. Dagur B. Eggertsson væri borgarstjóri,“ segir Vilhjámur Þ. í viðtali í blaðinu í dag.

Vilhjámur kveðst örugglega munu skrifa endurminningar sínar enda hafi hann frá ýmsu að segja. Hann segist þó fyrst og síðast einbeita sér að fjölskyldunni og forgjöfinni.

- shá / sjá síðu 28

Ferðast um heiminn:

# Seldi líf sitt á uppboðssíðu

**FÓLK** Bretinn Ian Usher ákvað að selja líf sitt á uppboðssíðunni eBay síðasta sumar. Hann var þá nýskilinn við eiginkonu sína og ákvað í kjölfarið að breyta til í lífi sínu.



IAN USHER

Mánuði síðar lagði hann af stað í ferðalag um heiminn þar sem hann var ákveðinn í að uppfylla hundrað markmið sem hann hafði sett sér á jafnmörgum vikum. Málið vakti mikla athygli á sínum tíma og Disney keypti réttinn að sögu Ians.

- sm / sjá síðu 70










**SPURNING DAGSINS**



*Karl Ágúst, ertu hamingjusamur með þetta?*

„Já, en mér finnst meira máli skipta að þjóðin skuli ætla sér að verða hamingjusöm.“

Það kom mörgum á óvart að bókin Meiri hamingja eftir Tal Ben-Shahar skyldi vera í efsta sæti metsölulista Eymundsson. Karl Ágúst Úlfsson gefur bókina út.

Hæstiréttur dæmir mann í tuttugu mánaða fangelsi:

# Braut gegn þroskahamlaðri stúlku

**DÓMSMÁL** Ólafur Jakobsson hefur verið dæmdur í Hæstarétti í tuttugu mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungri stúlku. Hann er sakfelldur fyrir að hafa misnotað stúlkuna gróflega á kynferðislegan hátt.

Þau tvö höfðu átt í MSN-tölvusamskiptum fyrir atvikið og var talið að endurrit þeirra samskipta sýndu að maðurinn hefði haft einbeittan ásetning til að eiga kynferðisleg samskipti við stúlkuna þótt honum væri ljóst að hún væri einungis fjórtán ára.

Sum ummæli stúlkunnar í þessum samskiptum voru auk þess með þeim hætti að manninum hlaut einnig að hafa verið ljóst að andlegu atgervi hennar kynni að vera áfátt, en samkvæmt læknisvottorðum býr hún við væga þroskahömlun. Maðurinn var 22 ára þegar atvikið varð. Hæstiréttur taldi að með háttsemi sinni hefði hann brotið gróflega gegn stúlkunni og ætti sér engar málsbætur. Þá var hann einnig talinn hafa gerst sekur um að hafa haft barnaklám í vörslu sinni.

Auk fangelsisrefsingarinnar var maðurinn dæmdur til að greiða 600.000 krónur í miskabætur og sæta upptöku á hörðum diski með barnaklámefni. **- jss**



**BARNAKLÁM** Maðurinn var með barnaklám í vörslu sinni.

Tilraunaflug Boeing tókst vel:

# Fyrsta vélin afhent eftir ár

**FLUG** Fyrsta tilraunaflugi Dreamliner-farþegaþotunnar frá bandarísku flugvélasmiðjunni Boeing gekk vel í gær, að sögn breska ríkisútvarpsins.

Boeing svipti hulunni af þotunni í júlí 2007 og hafa 840 vélar þegar verið seldar. Einhverjar pantanir voru dregnar til baka vegna tafa á afhendingu. Stefnt er að því að japanska flugfélagið Nippon Airlines fái fyrstu Dreamliner-vélina afhenta undir lok næsta árs. Vélin tók á loft frá Everett-flugvelli, skammt norður af Seattle-borg, og lenti þremur klukkustundum síðar á flugvelli Boeing-smiðjanna suður af borginni. **- jab**

Bretar ætla í mál við Glitni:

# Kröfurnar ekki í forgangi

**VIÐSKIPTI** Samband breskra bæjar- og sveitarfélaga hefur ákveðið að fara í mál við Glitni þar sem kröfur þess voru ekki samþykktar sem forgangskröfur.



**ÁRNI TÓMASSON**

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, sagði í samtali við Fréttastofu Stöðvar 2 að loknum fundi með kröfuhöfum í gær að ljóst væri að eina leiðin yrði að fara með málið fyrir dóm. Fréttastofan sagði heimildir fyrir því að Bretarnir hefðu þegar fengið sér lögfræðing. Í breskum fjölmiðlum í gær kom fram að bæjar- og sveitarfélög, auk stofnana, hafi átt um 185 milljarða króna á reikningum íslensku bankanna. Þar af hafi um fjórutíu milljarðar verið inni á reikningum hjá Glitni. **- jab**

Kópavogur býst við afgangi:

# Útsvar svipað og í fyrra

**KÓPAVOGUR Gert er ráð fyrir 25 milljóna króna rekstrarafgangi Kópavogsbæjar, samkvæmt tillögu að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár. Áætlunin var lögð fram fyrir umræðu í bæjarstjórn í gær.**

**Í fjárhagsáætluninni er unnið eftir því að hagræða án þess að skerða nauðsynlega og lögbundna þjónustu við bæjarbúa. Áætlaðar heildartekjur bæjarins eru rúmir átján milljarðar króna, þar af eru skatttekjur rúmir þrettán. Það kemur í áætluninni að þótt búast megi við auknu atvinnuleysi í Kópavogi er talið að útsvarstekjur verði svipaðar milli ára vegna fjölgunar íbúa og samningsbundinna launahækkana.** **- jab**

# Álftanesi skipað að ræða sameiningu

**Bæjarstjórn Álftaness samþykkti í gær samkomulag vegna fjárhagsvandans. Rætt verður um sameiningu við önnur sveitarfélög og kemur Garðabær helst til greina. „Það væri eðlilegur framgangsmáti,“ segir bæjarfulltrúi í Garðabæ.**

**ÁLFTANES** Meirihluti sveitarstjórnar Álftaness samþykkti í gær samkomulag við eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaganna. Samkvæmt því skal þegar hefja viðræður við önnur sveitarfélög um sameiningu við Álftanes. Þá verður lagt tíu prósenta álag á útsvar á næsta ári og álagning fasteignaskatta verður 0,4 prósent af álagningarstofni. Hún er í dag 0,28 prósent. Almennt á að lækka öll rekstrarútgjöld og auka tekjur, meðal annars með eignasölu.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti mun beita sér fyrir fyrirframgreiðslu úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að greiða laun og forgangskröfur fyrir Álftanes upp á 185 milljónir króna.

Pálmi Þór Másson bæjarstjóri sagði á íbúafundi á Álftanesi í gærkvöld að þetta þýddi að sveitarfélagið myndi þegar í stað hefja viðræður við önnur sveitarfélög. „Það hefur ekki rætt um það hvaða sveitarfélög það eru, en Garðabær hefur verið títtnefndastur í því efni,“ sagði hann. Aðgerðirnar kæmu á versta tíma, því álögur ríkis hækkuðu um leið. „Heildarálögur á Álftnesinga verða talsvert hærri en á einstaklinga almennt,“ sagði hann. Ef samkomulagið hefði ekki verið undirritað hefði sveitarfélagið farið í þrot fyrir áramót.

Samkomulagið hefur einnig í för með sér að athugað verður hvaða ákvarðanir, allt frá 2005, hafi leitt bæinn í þá stöðu sem hann er í. Hvort þær hafi verið í samræmi við sveitarstjórnarlög og hvort upplýsingaskyldu hafi verið sinnt með fullnægjandi hætti.



**GJALDÞROT BLASIR VIÐ** Það var ekkert sérstaklega hýrt yfir íbúum Álftaness á fundi með bæjarstjórn, ráðgjöfum og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólafur Nilsson, formaður eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, sagði á fundinum að sveitarstjórnin í heild sinni bæri einhverja ábyrgð á því hvernig komið er. Afar mikilvægt væri að hún snéri bökum saman og leitaði lausna á ástandinu.

Erling Ásgeirsson, formaður bæjarráðs í Garðabæ, segir að sameining við Álftanes yrði skoðuð undir jákvæðum formerkjum: „Ég tel að það væri eðlilegur framgangsmáti að reyna fyrst sameiningu við Garðabæ.“

Erling leggur áherslu á að íbúar beggja sveitarfélaganna fengju að kjósa um sameininguna og bendir á að ríkisvaldið verði að afskrifa einhverjar skuldir Álftaness. Færi sveitarfélagið í þrot hefði það víðtækar afleiðingar fyrir lánshæfismat annarra sveitarfélaga. Inngrip í vanda Álftaness væru smáaurar í því samhengi.

**klemens@frettabladid.is**



**SERGEI LAVROV** Kennir Bandaríkjamönnum um tafir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin og Rússland:

# Draga undirritun á langinn

**RÚSSLAND, AP Sergei Lavrov, varnarmálaráðherra Rússlands, segir litlar líkur á að nýr afvopnunarsamningur við Bandaríkin verði undirritaður í vikunni, og kennir samninganefnd Bandaríkjanna um tafir sem orðið hafa.**

**Vonast hafði verið til að leiðtogar ríkjanna myndu undirrita samninginn í Kaupmannahöfn, þegar þeir hittust þar í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.**

**Samningurinn á að taka við af START I samningnum um fækkun kjarnorkuvopna, en sá samningur rann út í byrjun desember.** **- gb**

**GARÐABÆR**

### Götuljósin loga lengur

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, fór þess á leit við Orkuveitu Reykjavíkur í gærmorgun að götulýsing í Garðabæ yrði færð aftur í fyrra horf. Hann segir að öryggi fólks vegi þyngra en sparnaðurinn sem hlýst af því að kveikja seinna á ljósunum að morgni dags og á kvöldin.




Silvio Berlusconi fékk að fara heim af sjúkrahúsi í gær:

# Hyggst halda ótrauður áfram

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, var myrkur á svip þegar hann yfirgaf sjúkrahúsið í Mílanó, þar sem hann hefur dvalist síðan ráðist var á hann á sunnudag.

Hann virtist veikburða þegar hann veifaði til ljósmyndara úr bifreið sinni. Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér sagðist hann ætla að halda áfram af enn meiri styrk og ákveðni en hingað til.

Berlusconi var með umbúðir yfir hluta andlits síns, þar á meðal nefinu sem brotnaði þegar árásarmaðurinn sló hann með þungum minjagrip. Tvær tennur brotnuðu einnig.

„Það er tvennt sem ég mun minnast frá þessum dögum: Hatur hinna fáu og ást hinna mörgu, mörgu Ítala,“ sagði í yfirlýsingunni.

Fyrir árásina hafði Berlusconi kvartað undan því að hann væri orðinn fórnarlamb andrúmslofts haturs, en hann hefur undanfarið sætt harðri gagnrýni bæði vegna kynlífshneykslis og spillingarmála. Eftir árásina hafa fjölmargir Ítalir lýst yfir samúð með honum, en einnig hafa sumir hrósað árásarmanninum, sem nú situr í fangelsi í Mílanó. Læknar hafa fyrirskipað Berlusconi að hafa hægt um sig fram yfir jól. **- gb**



**SILVIO BERLUSCONI** Forsætisráðherrann útskrifaður af sjúkrahúsi. NORDICPHOTOS/AFP



Leiðisgreinar skreyttar 1990
Jólatúlipanar 10 stk 1490
Öll kerti 20% afsláttur
ÓMISSANDI
UM JÓLIN
JÓLALEGT Í BLÓMAVALI
Jólastjarna 799
Leiðisljós og kerti Verð frá 549
Grenibúnt 30% afsláttur verð nú 489kr
Hýasintu-skreytingar Verð frá 999
Hýasinta allir litir 299
Leiðiskross skreyttur 2990
Opið til 22:00 í Skútuvogi
Opið til 21:00 í Grafarholti
blómaval

**GENGIÐ 17.12.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,46 | 128,06 |
| Sterlingspund | 205,20 | 206,20 |
| Evra | 182,66 | 183,68 |
| Dönsk króna | 24,542 | 24,686 |
| Norsk króna | 21,728 | 21,856 |
| Sænsk króna | 17,501 | 17,603 |
| Japanskt jen | 1,4158 | 1,4240 |
| SDR | 199,94 | 201,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,0144

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bónus oftast með lægsta verðið samkvæmt verðkönnun ASÍ:

# Um 43 prósenta verðmunur á reyktu jólakjöti

**NEYTENDUR** Talsverður verðmunur er á jólamat og tilheyrandi, samkvæmt verðlagskönnun ASÍ sem gerð var á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri á miðvikudag. Niðurstöðurnar voru birtar í gær.

Þar kemur fram að yfirleitt reyndist vera um 43 prósenta verðmunur á lægsta og hæsta verði á reyktu jólakjöti, rúmlega fimmtíu prósenta verðmunur á tveimur kílóum af kartöflum og og tæplega fjörutíu prósenta munur á laufabrauði og flatkökum. Þá reyndist vera mest tæplega níutíu prósenta verðmunur á ís á milli verslana en allt að hundrað prósent á hæsta og lægsta verði á rauðum eplum.

Eplin voru ódýrust í Bónus, á 198 krónur, en dýrust í Hagkaupum. Þar kostuðu þau 399 krónur. Bónus og Hagkaup eru bæði í eigu Haga. Ísinn var ódýrastur í Krónunni en dýrastur í Hagkaupum.

Bónus var oftast með lægsta verðið í könnuninni, eða á 28 vörutegundum af þeim 37 sem könnunin náði til. Samkaup-Úrval var hins vegar oftast með hæsta verðið, eða í tæpum helmingi tilvika.

ASÍ bendir á að tilboð séu víða í matvöruverslunum nú fyrir hátíðarnar og verðbreytingar tíðar. Neytendur verði því að vera vel vakandi vilji þeir fá jólamatinn á hagstæðasta verðinu. **- jab**



**KEYPT Í MATINN** Tilboð eru víða í matvöruverslunum fyrir hátíðarnar og verða neytendur að hafa augun opin fyrir hagstæðasta verðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meirihluti vill hafna Icesave:

## Dræm þátttaka í netkosningu

**KOSNINGAR Tæp sjötíu prósent þátttakenda í netkosningu vefmiðilsins Eyjunnar vilja að Alþingi hafni ríkisábyrgð á Icesave-samkomulaginu. Samtals tóku 7.454 þátt í kosningunni, eða 3,2 prósent kjósenda miðað við kjörskrárstofn til síðustu alþingiskosninga.**

**Tæp 29 prósent studdu samkomulagið en 1,6 prósent kjósenda tóku ekki afstöðu.**

**Kosningin er fyrsta örugga rafræna atkvæðagreiðslan sem fram fer hérlendis og var hún gerð í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu. Hún hófst á sunnudag og lauk klukkan hálf fimm í gær.** - jab

Bæjarráð Hafnarfjarðar:

## Telja fráleitt að borga 600 millj.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Okkur finnst þetta verðmat út úr korti og satt að segja svolítið 2007,“ segir Guðmundur Rúnar Árnason, formaður bæjarráðs, um niðurstöðu matsnefndar eignarnámsbóta varðandi land í Kapelluhrauni sem Skógrækt ríkisins átti en Hafnarfjarðarbær yfirtók.



GUÐMUNDUR RÚNAR ÁRNASON

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu var niðurstaðan sú að bærinn á að greiða 608 milljónir fyrir landið sem er 160 þúsund fermetrar. Bæjarráð hefur falið bæjarlögmanni að leita leiða til að fá hagstæðari niðurstöðu. Guðmundur segir að þar komi meðal annars til greina að krefjast þess að dómskvaddir matsmenn verði fengnir að málinu. - gar

# Farbann á fyrrverandi stjórnarformann Byrs

**Jón Þorsteinn Jónsson er sá eini sem úrskurðaður hefur verið í farbann vegna rannsókna sérstaks saksóknara. Hann flutti lögheimili sitt til London nýlega.**

**LÖGREGLUMÁL** Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, sætir nú farbanni vegna rannsóknar sérstaks saksóknara á málefnum Byrs og eignarhaldsfélagsins Exeter. Er hann eini maðurinn sem til þessa hefur verið úrskurðaður í farbann vegna rannsókna embættisins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þótti rík ástæða til að tryggja viðveru Jóns Þorsteins hér á landi í kjölfar húsleita sem gerðar voru hjá Byr og MP Banka í nóvemberlok, ekki síst í ljósi þess að hann hefði nýlega flutt lögheimili sitt til London og væri því líklegur til að fara úr landi.

Fulltrúar sérstaks saksóknara sátu fyrir Jóni Þorsteini morguninn sem húsleitirnar fóru fram og handtóku hann, eins og aðra grunaða í málinu. Jóni Þorsteini var haldið í yfirheyrslum lengst allra, í nálega sólarhring, áður en honum var sleppt á ný.

Heimildir blaðsins herma að farbannið renni út eftir helgi og ekki liggur fyrir hvort óskað verður eftir framlengingu á því.

Rannsóknin snýst um kaup Exeter á stofnfjárbréfum í Byr fyrir um milljarð króna í október og desember í fyrra. Bréfin voru keypt meðal annars af Jóni Þorsteini og MP Banka. Byr lánaði móðurfélagi Exeter fyrir kaupunum. Grunur er um umboðssvik, auk annarra brota á auðgunarbrotakafla hegningarlaga. Slík brot varða allt að sex ára fangelsisvist.

Exeter keypti einnig bréf af öðrum stjórnarmanni Byrs, Birgi Ómari Haraldssyni, sem líka er grunaður í málinu. Jón og Birgir höfðu báðir tekið lán hjá MP Banka fyrir kaupunum á stofnfjárbréfunum. Með sölunni til Exeter sluppu þeir við mögulegt gjaldþrot, ef gengið hefði verið að þeim vegna skuldanna. Eignarhald Exeter er óljóst. Þannig hafa nokkrir stofnfjárhafar í Byr fullyrt að MP Banki eigi félagið, en því hafa forsvarsmenn MP Banka neitað.

Greint var frá því í fréttum í lok mars síðastliðins að Fjármálaeftirlitið hefði hafið rannsókn á viðskiptunum. Fyrr í mánuðinum lét Jón Þorsteinn af stjórnarformennsku í Byr, að eigin sögn vegna þess að félög honum tengd áttu þá í samningaviðræðum við lánardrottna. **stigur@frettabladid.is**



**MÁ EKKI FARA HEIM** Jón Þorsteinn flutti nýlega lögheimili sitt til London en má ekki fara þangað fyrr en farbanninu verður aflétt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### HVER ER JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON?

Jón Þorsteinn Jónsson, fjörutíu ára, er yngstur Nóatúnssystkinanna svokölluðu, barna Jóns Júlíussonar sem stofnaði Nóatún árið 1960.

Jón og systkini hans áttu félagið Saxhól, sem nú er gjaldþrota, en Saxhóll átti aftur helmingshlut í Saxbyggi á móti Byggingarfélagi Gunnars og Gylfa. Saxbygg varð gjaldþrota í maí.

Saxbygg var umsvifamikið á fasteignamarkaði og átti meðal annars meirihluta í Smáralind. Þá var Saxbygg meðal umsvifamestu hluthafa Glitnis, með 5,9 prósenta eignarhlut.

Jón Þorsteinn komst, eins og systkini hans, í fréttir fyrr á árinu þegar í ljós kom að þau höfðu tekið lán fyrir hönd barna sinna hjá Glitni fyrir kaupum á stofnfjárbréfum í Byr.



**E-TÖFLUR** Fundust í leigubíl sem maðurinn var farþegi í.

Fíkniefnasali dæmdur:

## Tvö ár fyrir um 400 e-töflur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær Vilhjálm Vilhjálmsson í tveggja ára fangelsi fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot. Hann var fundinn sekur um að hafa haft í vörslum sínum 392 e-töflur. Töflurnar fundust við leit lögreglu í leigubifreið sem Vilhjálmur og félagi hans voru farþegar í hinn 20. mars síðastliðinn.

Þá var Vilhjálmur jafnframt sakfelldur fyrir vörslu á fíkniefnum sem fundust við leit á honum þegar lögreglan hafði afskipti af honum í leigubifreiðinni, svo og heima hjá honum. Við húsleit á heimili hans fundust einnig gögn sem bentu til sölu hans á fíkniefnum, en hann staðfesti fyrir dómi að hafa stundað þá iðju. - jss

**FÆREYJAR**

### Íbúum fækkar í ár

Íbúum fækkar í Færeyjum í ár. Hinn 1. nóvember bjuggu 48.583 í eyjunum og voru 145 færri en bjuggu þar um áramót. Í ágúst og október létust fleiri en fæddust í eyjunum og í heildina fluttust 325 fleiri frá eyjunum en til þeirra.

**ÍRLAND**

### Kreppan að baki

Hagvöxtur mældist 0,3 prósent á Írlandi á þriðja ársfjórðungi. Breska ríkisútvarpið segir landið vera að keyra upp úr kreppunni.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**HELGIN** Veðrið breytist heldur í kvöld frá því sem ríkt hefur undanfarið en það gengur í norðanátt norðaustanlands í fyrstu með éljum og heldur kólnandi veðri. Það verður þurrt og bjart sunnan- og suðvestan til um helgina og fremur hægur vindur vestan til fyrri partinn á morgun.







**Á MORGUN**
Stíf N-átt NA- og A-lands en heldur hægari vindur S- og V-lands í fyrstu.




**SUNNUDAGUR**
Víða fremur stíf N-átt, hvassast SA-lands.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | -1° |
| Berlín | -7° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | -1° |
| Frankfurt | -3° |
| Friedrichshafen | -3° |
| Gautaborg | -2° |
| Kaupmannahöfn | -2° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 1° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 3° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -10° |
| París | 0° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




## GRILLAÐUR KJÚKLINGUR MEÐ VÍNBERJUM, VALHNETUM OG SPÍNATSALATI fyrir 3

*að hætti Rikku*

1 heill kjúklingur
½ butternut grasker, afhýtt og skorið í grófa bita
20 græn vínber
8 litlir skallotlaukar
2 msk Ítalía ólífuolía
1 msk Maldon salt
1 tsk pipar
5-6 timjan greinar
50 g valhnetur

Hitið ofninn í 190° C. Setjið kjúklinginn í eldfast mót og raðið graskersbitunum, vínberjunum og skallotlaukunum í kring. Hellið ólífuolíunni yfir og stráið saltinu og piparnum yfir. Raðið timjan greinunum yfir og bakið í ofninum í 75-80 mínútur. Stráið valhnetunum yfir þegar 20 mínútur eru eftir af eldunartímanum.

150 g ferskt spínat
40 g refasmári
50 g þurrkuð trönuber
½ rauðlaukur, þunnt sneiddur
40 g Himnesk graskersfræ
1 ½ msk Edmond Fallot balsamik Sinnep
4 msk rauðvínsedik
2 msk Ítalía ólífuolía
Salt og pipar

Setjið spínat, trönuber, rauðlauk og graskersfræ í skál. Hrærið saman sinnepi, rauðvínsediki og ólífuolíu í skál og kryddið með salti og pipar. Hrærið saman salatið og sinnepssósuna.

Kkal: 570/ 28% RDA
Prótín: 48 g/ 96% RDA
Fita: 31 g / 48% RDA
Kolvetni: 33.7 g/ 11% RDA
A-vítamín: 9615 IU/ 192%RDA
C- vitamin: 33.3 mg/ 56% RDA
Níacín: 14.6 mg/ 73%RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Kjúklingalundir**




**Grísalundir**




**Nautapiparsteik**
Nautaat




**Lambalæri**
frosið

*Tilvalinn á ostana og með villibráðinni!*




### SULTAÐUR RAUÐLAUKUR

Sultaður rauðlaukur hentar einstaklega vel með ostum, brauði, kexi, paté, villibráð og öllu öðru kjötmeti.






















**24 OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. desember á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP *fyrir Íslendinga í 50 ár*

**KJÖRKASSINN**




*Á ríkið að fara í skaðabótamál við einstaklinga vegna bankahrunsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 95,1% |
| Nei | 4,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er hægt að ráða við fjárþörf þjóðarbúsins án þess að breyta skattkerfinu?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Lögregla leitar enn tveggja grímuklæddra ræningja úr Súðarvogi:

# Evrumaður var leiddur í gildru

**LÖGREGLUMÁL** Fullvíst er talið að karlmaður, sem um það bil tíu þúsund evrum var rænt af í Súðarvogi síðastliðið þriðjudagskvöld, hafi verið leiddur í gildru.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði maðurinn, sem er rétt rúmlega tvítugur, boðið evrusjóðinn til sölu á netinu og fengið viðbrögð þar. Síðan var hringt í hann úr leyninúmeri. Hringjandinn kvaðst vera tilbúinn að kaupa evrurnar af honum ásamt öðrum manni. Mælti hann sér mót við manninn í Súðarvogi um tíuleytið um kvöldið til að gera viðskiptin.

Þegar maðurinn mætti á staðinn hitti hann fyrir tvo grímuklædda menn. Þeir heimtuðu af honum evrurnar og sögðu honum að hann skyldi hafa verra af ef hann afhenti þær ekki mótþróalaust. Maðurinn taldi sig ekki eiga nema einn kost í stöðunni og lét hann því ræningjana hafa sjóðinn, sem nemur tveimur milljónum íslenskra króna. Þeir hurfu á braut að því loknu.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn málsins. Meðal annars er mannanna tveggja leitað, en þar sem evrueigandinn þekkti hvorki haus né sporð á þeim og þeir voru grímuklæddir liggur ekki fyrir lýsing á þeim. - jss



**EVRUSJÓÐUR** Maðurinn var rændur evrum, sem námu um tveimur milljónum að verðmæti.

Fjögurra mánaða fangelsi:

# Með kíló af maríjúana

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í fjögurra mánaða fangelsi fyrir vörslu og meðferð á rúmlega kílói af marijúana í félagi við tvo aðra menn.

Hann hafði farið ásamt samverkamönnum sínum á ákveðinn stað í Kópavogi til að taka á móti sendingu frá Póllandi. Pakinn sem þeir tóku á móti innihélt hins vegar aðeins matvæli og löglegt efni þar sem lögregla hafði skipt fíkniefnunum út án vitneskju þeirra.

Maðurinn á þó nokkurn brotaferil að baki samkvæmt skrá Interpol, en hafði ekki áður komist í kast við lögin hér á landi. - jss


LAROUSSE GASTRONOMIQUE
Ný útgáfa

IÐA




Helgar tilboð

~~12.995~~
9.995

Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 - 22.00


# Nour kemur aftur til landsins í kvöld

**Hælisleitandinn Nour frá Írak fær að dvelja hér á meðan umsókn um atvinnu- og dvalarleyfi er skoðuð. Vinir á Íslandi greiða ferðakostnaðinn. Hefur verið á götunni í Aþenu og svaf í kirkju í nótt. Ekki breytt um stefnu í ráðuneytinu.**

**FLÓTTAMENN** Íraski flóttamaðurinn Nour Al-din Al-Azzawi snýr aftur til Íslands á ellefta tímanum í kvöld eftir tveggja mánaða dvöl í Grikklandi. Hann var sem kunnugt er sendur þangað á grundvelli Dyflinnarsamkomulagsins, við mótmæli Rauða krossins og ýmissa einstaklinga.



**RÓSA DÖGG FLOSADÓTTIR**

Strax og Nour kom til Grikklands byrjuðu vinir hans á Íslandi að safna fyrir uppihaldi hans og hugsanlegri heimkomu. Helena Stefánsdóttir leikstjóri stofnaði fyrir hann reikning og söfnuðust hátt í fjögur hundruð þúsund krónur. Hún getur því borgað flugið til landsins.

Á Grikklandi féll Nour frá umsókn sinni um pólitískt hæli, sem er mjög erfitt að fá, og bað þess í stað um að fá atvinnu- og dvalarleyfi á Íslandi.

„Hann fær að vera hér á meðan á grundvelli þess hvað hann er ungur [fæddur 1990] og þar sem hann er búinn að mynda tengsl hér á landi. Hann á hér kærustu og er með vinnu,“ segir Helena Stefánsdóttir.

Nour sjálfur segist feginn að fá að koma til Íslands, ekki sem hælisleitandi heldur sem frjáls maður. Hann hafi farið til margra Evrópulanda, en á Íslandi vilji hann vera. Hér sé hans heimili, atvinna og vinir. Spurður um dvölina í Grikklandi segir Nour:

„Nei, ég hef ekki verið í flóttamannabúðum. Fyrstu nóttina stungu þeir mér í fangelsi á flugvellinum og töluðu við mig í fimm mínútur daginn eftir. Ég sagði þeim að ég vildi ekki vera hælisleitandi í Grikklandi. Þeir létu mig þá skrifa undir eitthvað á grísku og sögðu mér að ég væri frjáls. Síðan hef ég verið á götunni, og svaf til dæmis í kirkju í nótt.“

Kristrún Kristinsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og mannréttindaráðuneytinu, segir máli Nours lokið hjá ráðuneytinu og hann sé nú alfarið á vegum Útlendingastofnunar.

„Ráðuneytið kemur ekkert að þessari ákvörðun, enda er það kærustig í slíkum málum og skiptir það sér ekki af þeim, til að viðhalda hlutleysi sínu,“ segir hún. Ekki sé því hægt að tala um stefnubreytingu í málefnum flóttamanna, í það minnsta ekki hjá ráðuneytinu.

Rósa Dögg Flosadóttir, settur forstjóri Útlendingastofnunar, neitar því einnig að um stefnubreytingu sé að ræða, að því leytinu til að Nour fái að dvelja hér á meðan umsóknin er til umsagnar.

„Þetta kemur alloft fyrir. Það er heimild í lögum til þess að víkja frá meginreglunni um að umsækjandinn skuli dveljast erlendis á meðan umsókn hans er til skoðunar. Það var óskað eftir undanþágu frá þessu og á þá ósk var fallist,“ segir hún.

**klemens@frettabladid.is**



**HELENA STEFÁNSDÓTTIR** Hátt í fjögur hundruð þúsund krónur söfnuðust til styrktar Nour á reikning sem Helena stofnaði. Fyrir það fé var hægt að kaupa fyrir hann farseðil.

**NOUR AL-DIN-AZZAWI** Íraski flóttamaðurinn fór út með íslenskar krónur einungis og þurfti því að lifa spart í Aþenu. Hann hefur fengið að sofa í kirkju einni síðustu daga.

MYND/VÍKURFRÉTTIR


Í bókinni er lýst á fjölbreytilegan hátt ævikjörum og starfi 25 íslenskra prestkvenna á öldinni sem leið. Þær unnu ómetanlegt aðstoðarpreststarf án launa í sveit sinni og sókn.




***Yfir 100 ljósmyndir prýða bókina auk yfirlitskorts og nafnaskrár.***

**Ritnefnd bókarinnar skipuðu Anna Sigurkarlsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Guðrún L. Ásgeirsdóttir, en Vestfirska forlagið gaf út þessa fallegu jólabók**



**Auglýsingasími**

**512 50 50**




– Mest lesið


Hæstiréttur staðfestir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur:

# Fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir hrottalega nauðgun

**DÓMSMÁL** Eugenio Daudo Silva Chipa hefur verið dæmdur í Hæstarétti í fjögurra ára og sex mánaða fangelsi fyrir hrottalega nauðgun. Að auki var honum gert að greiða fórnarlambinu 1,8 milljónir króna.

Maðurinn réðst á konuna í húsasundi í iðnaðarhverfi og hafði samræði við hana með því að beita hana ofbeldi. Hann notfærði sér að hún gat ekki spornað við samræðinu sökum ölvunar. Við atlöguna hlaut konan fjölmarga áverka á líkama og höfði. Framburður mannsins var að mati dómsins ótrúverðugur um tiltekin atriði málsins, en framburður konunnar þótti hins vegar hafa verið trúverðugur, að því leyti sem hún mundi atvik. Rannsókn á áfengismagni í blóði hennar sýndi að hún hefði verið undir miklum áhrifum áfengis.

Loks gaf framburður vitna sem afskipti höfðu af konunni um morguninn eftir athæfi mannsins og framburður sálfræðings til kynna að eitthvað mjög alvarlegt hefði komið fyrir hana þennan morgun. Þá var talið fullvíst af hinum miklu líkamlegu áverkum sem konan bar eftir atburðinn að maðurinn hefði þurft að yfirvinna líkamlega mótspyrnu til að hafa samræði við hana. - jss




**HÆSTIRÉTTUR** Staðfesti dóm héraðsdóms.



ENNEMM / SÍA / NM40208

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða bók situr á toppi metsölulista Eymundsson?*
2. *Til hvaða félags vill knattspyrnumaðurinn Guðmundur Pétursson fara?*
3. *Hver er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 86

Samningur um gagnaver með eignaraðild Björgólfs Thors gagnrýndur á Alþingi:

# Fær hver sem er stuðning frá iðnaðarráðuneytinu?

**ALÞINGI** „Getur hver sem er, svo fremi sem hann eigi peninga og vilji fjárfesta á Íslandi, vænst stuðnings frá iðnaðarráðuneytinu?“ spurði Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, iðnaðarráðherra á Alþingi í morgun. Þá gerði hún frumvarp ráðherrans um samninga vegna gagnavers í Reykjanesbæ að umtalsefni.

Björgólfur Thor Björgólfsson er fjörutíu prósenta eignaraðili að verkefninu. Birgitta spurði hvar „siðferðisleg mörk“ ráðherrans væru, ef henni fyndist eðlilegt að Björgólfur Thor Björgólfsson fengi slíka fyrirgreiðslu, og hvort ráðherrann teldi ekki að Björgólfur Thor ætti „fyrst að skila þýfinu, sem hvarf af Icesave-reikningunum, sem hann ber beina ábyrgð á“.

Katrín Júlíusdóttir sagðist telja það „hálfógeðfellt hvernig háttvirtur þingmaður talar hér um siðferðileg mörk“. Hún sagði málið snúast um hvort stjórnvöld ættu að láta alla þá fjárfestingu sem lögð hefur verið í verkefnið „fara forgörðum út af sögu eins minnihlutaeigandans í þessu fyrirtæki“.

„Þarna erum við fyrst og fremst að ryðja braut nýju fjármagni til þess að þynna út þennan gamla eiganda, sem er minnihlutaeigandi í verkefninu,“ sagði Katrín. Það væru meðeigendur Björgólfs Thors, sem réðu rúmlega sextíu prósenta hlut, sem nú drifi uppbyggingu gagnaversins áfram. **- pg**

## UNDANÞÁGUR FRÁ SKÖTTUM

Í greinargerð með samningi um gagnaver Verne Holding á Keflavíkurflugvelli kemur fram að ráð er fyrir því gert að fyrirtækið kaupi raforku fyrir 30–36 milljarða króna á árunum 2010-2019 og greiði fjórtán milljarða króna í skatta á sama tímabili. Um 330 störf skapast beint og óbeint vegna starfseminnar og svipaður fjöldi á sjö ára framkvæmdatímabili.

Samningurinn við ríkið gerir ráð fyrir að fyrirtækið greiði ekki hærri tekjuskatt en fimmtán prósent fyrstu fimm ár samningstímans, átján prósent næstu fimm ár og 25 prósent síðustu tíu árin, hvert sem almennt skatthlutfall í landinu verður. Fyrirtækið fær undanþágur frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi og sérreglur gilda um útreikninga stimpilgjalda og skipulagsgjalda sem það greiðir, sem og um útreikninga fasteignaskatta þess. Þá eru í samningnum ýmis öryggisákvæði sem verja fyrirtækið, verði almenn skattbyrði aukin á samningstímanum.

Washington í Bandaríkjunum:

# Samkynhneigt fólk má ganga í hjónaband

**BANDARÍKIN, AP Borgarstjórnin í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna, hefur tekið þá ákvörðun að lögleiða hjónabönd samkynhneigðra.**

**Mikill fögnuður braust út meðal samkynhneigðra í Bandaríkjunum af þessu tilefni, enda hefur réttindabarátta þeirra gengið brösuglega undanfarin misseri.**

**Borgarstjórinn á enn eftir að undirrita lögin. Hann hefur hins vegar lýst yfir fullum stuðningi við þau. Auk þess þarf Bandaríkjaþing að samþykkja þau, en ekki er reiknað með andstöðu þar. Gert er ráð fyrir að fyrstu samkynhneigðu pörin geti gengið í hjónaband í Washington í mars á næsta ári.** **- gb**

Reynt að fjarlægja tugi nála úr tveggja ára dreng:

# Stjúpfaðirinn játaði

**BRASILÍA, AP** Stjúpfaðir tveggja ára drengs í Brasilíu hefur játað að hafa stungið 42 saumnálum á ýmsa staði í líkama hans.

Hann segist hafa gert það samkvæmt fyrirmælum konu, sem hann hélt vera að framkvæma einhvers konar trúarathöfn.

Þau hafa bæði verið handtekin ásamt þriðju manneskjunni. Um hundrað manns söfnuðust saman fyrir utan lögreglustöð, þar sem þau héldu fólkið vera niðurkomið.

Pilturinn var fluttur í gær á hjartadeild sjúkrahúss í norðaustanverðri Brasilíu, þar sem reyna átti að fjarlægja saumnálarnar, einkum þó tvær þeirra sem eru hættulega nálægt hjarta drengsins.

Læknar á sjúkrahúsinu sem drengurinn var fyrst fluttur á treystu sér ekki til að fjarlægja neinar af nálunum 42 af ótta við að valda drengnum meira tjóni. **- gb**



**Á SJÚKRAHÚSI Í SALVADOR** Læknar áttu vandaverk fyrir höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HORAÐAR KINDUR** Þessar kindur reyndust vera grindhoraðar þegar þær voru athugaðar. Dýralæknir og lögregla fóru í fjárhúsin til að skoða aðbúnaðinn.

# Vannært fé innan um beinagrindur

**Áttatíu þúsund krónur eru það sem fjárbóndi í Álftafirði skal greiða samkvæmt dómssátt eftir að hann varð uppvís að því að fé hans var vanfóðrað, hræ lágu víða í fjárhúsum og hundahræ í kerru.**

**DÓMSMÁL** Á þriðja tug lambshræja, sjö kindahræ, tvö hundshræ í kerru og hluti af beinagrind af hrossi var það sem blasti við augum dýralæknis, sem var í eftirlitsferð á býlinu Stórhóli í Álftafirði í Djúpavogshreppi í sumar. Málið fór í dómstólameðferð og lauk nú í vikunni með því að bóndanum var gert að greiða áttatíu þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs vegna brota á lögum um dýravernd og búfjárhald. Auk vanfóðrunar á fénu taldi ákæruvaldið umgengninni á jörðinni mjög ábótavant.

Í ákæru sem lögreglustjórinn á Eskifirði lagði fram á hendur bóndanum er aðkomunni í tvö fjárhús, sem bóndinn geymdi fé sitt í, lýst.

Í fyrra húsinu voru drykkjarker látin yfirfyllast svo að mikil for myndaðist á gólfum og umhverfi. Næsta nágrenni fjárhússins var einnig óþrifalegt. Í þessu fjárhúsi fann dýralæknir fimm kindahræ og sjö lambshræ, misgömul. Tvö gömul kindahræ fundust utan við húsið.

Í hinu fjárhúsinu var ástandinu svo lýst þegar dýralækni og lögreglu bar að garði að mikil for hefði verið þar á gólfum. Nokkur lambshræ lágu á gólfunum í húsunum og mikill óþefur var í lofti vegna rotnandi hræja. Þar fundust tólf lambshræ í ámoksturskóflu af dráttarvél, eitt lambshræ í heyrúllu og tvö hundshræ í kerru í tengslum við fjárhúsin. Hluti af beinagrind af hrossi var við íbúðarhúsið á Stórhóli.

Í ákærunni er vísað til athugana eða svokallaðrar stigunar á holdafari fjár á bænum sem hafi leitt í ljós að bóndinn hafi vanrækt gróflega aðbúnað, umhirðu og fóðrun fjárins.

Bóndinn játaði brot sitt fyrir dómi við þingfestingu málsins. Ákærandinn lagði til að málinu yrði lokið með dómssátt eða viðurlagaákvörðun, sem bóndinn þáði. Ákæruvaldið ákvað því sektarupphæð sem bóndi á að borga, ella sæti hann í fangelsi í sex daga.

Auk áttatíu þúsund króna sektarinnar var bóndanum gert að greiða 200 þúsund króna laun verjanda síns. **- jss**

Oddviti Djúpavogshrepps:

## Þetta er hneyksli

„Ég tek undir orð Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis, að þetta er náttúrlega bara hneyksli. Svo vægur er dómurinn miðað við það sem þarna hefur verið í gangi.“

Þetta segir Andrés Skúlason, oddviti í Djúpavogshreppi.

„Það þarf að stórherða viðurlög og eftirlit með búgreininni. Það er ömurlegt að svona fá dæmi skuli skemma fyrir heildinni. Það er grafalvarlegur hlutur að dýraverndarsjónarmið virðast gjörsamlega fyrir borð borin í þessu máli.“

Spurður hversu margt fjár sé hjá viðkomandi bónda segir Andrés að það sé að líkindum á annað þúsund. Ekki hafi náðst að telja það allt saman, sem sýni kannski best hvernig þessi mál séu stödd.




netto
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# *Jólabækurnar á betra verði!*




HORFÐU Á MIG
**35%** AFSLÁTTUR




HJARTSLÁTTUR
**35%** AFSLÁTTUR




GÓÐI ELSKHUGINN
**35%** AFSLÁTTUR




TÝNDA TÁKNIÐ
**40%** AFSLÁTTUR




HARMUR ENGLANNA
**35%** AFSLÁTTUR




UMSÁTRIÐ
**40%** AFSLÁTTUR




MYND AF RAGNARI Í SMÁRA
**39%** AFSLÁTTUR




STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM
**35%** AFSLÁTTUR




LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
**35%** AFSLÁTTUR




MY SISTER'S KEEPER
DVD




FOUR CHRISTMASES
DVD




THE GRINCH
DVD




LATIBÆR – JÓLASVEINNINN
DVD

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 18. - 20. desember eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur.



**ÓRANGÚTAN FLYTUR** Þessi 37 ára gamli órangútan er nýkominn ásamt sjö félögum sínum í dýragarð í borginni Gelsenkirchen í Þýskalandi úr dýragarði í Basel í Sviss, þar sem þeir hafa dvalið undanfarin ár. NORDICPHOTOS/AFP

Meirihlutinn í Árborg segir að þörf sé á samstöðu og stefnufestu á næstu árum:

# Segir komandi ár verða þung í rekstri

**SVEITARSTJÓRNIR** „Gera má ráð fyrir áframhaldandi þunga í rekstri á allra næstu árum en með samstöðu og stefnufestu er góð von til þess að jákvæð rekstrarniðurstaða náist í síðasta lagi árið 2013," segir í bókun meirihlutans í bæjarstjórn Árborgar þegar fjárhagsáætlun næsta árs var samþykkt.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu greiddu fulltrúar Sjálfstæðisflokks atkvæði gegn fjárhagsáætluninni. Þeir segja að með áætluninni stefni sveitarfélagið í tæknilegt gjaldþrot um mitt næsta ár. Í bókun meirihluta Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna segir að markmið sé að standa vörð um velferð íbúanna með sérstakri áherslu á málefni barna og ungmenna.

„Á sama tíma þarf að draga verulega úr rekstrarkostnaði sveitarfélagsins annað árið í röð til að bregðast við því efnahags- og rekstrarumhverfi sem nú er. Í niðurskurðaraðgerðum hefur áhersla fremur verið á að draga úr þjónustu heldur en að leggja niður einstaka þjónustuþætti. Rík áhersla hefur verið lögð á að skerða ekki kjör starfsfólks meira en nauðsyn krefur og grípa ekki til beinna uppsagna nema í undantekningatilvikum," segir í bókuninni. Góð von sé til þess að reksturinn verði jákvæður í síðasta lagi árið 2013, eins og áður segir. „Því er full ástæða til bjartsýni um framtíðina fyrir Sveitarfélagið Árborg," segir meirihlutinn. **- gar**



**ÖLFUSÁRBRÚ Á SELFOSSI** Bæjarstjórn Árborgar vonast til að gjáin í rekstri sveitarfélagsins verði brúuð í síðasta lagi árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Reglugerð um byggðakvóta:

## Ákvörðun ráðherra átti sér ekki lagastoð

**STJÓRNSÝSLA** Sjávarútvegsráðherra var óheimilt að framlengja úthlutunartímabil byggðakvóta fiskveiðiársins 2006-2007 inn á nýtt fiskveiðiár með útgáfu sérstakrar reglugerðar.

Ákvörðunin átti sér ekki lagastoð og var því brot á lögmætisreglunni. Þetta kemur fram í nýlegu áliti umboðsmanns Alþingis.

Í álitinu er staðfest sú meginregla að heildarafli og leyfilegt aflamark miðist við fiskveiðiárið í samræmi við lög um stjórn fiskveiða. Ráðherra geti ekki breytt því einhliða með stjórnvaldsfyrirmælum.

Þau skip og bátar, sem fengu úthlutað byggðakvóta á þennan hátt, hafa því verið að veiðum án lögmætra veiðiheimilda. **- shá**

**DALABYGGÐ**

### Rútuferð á jarðarför

Dalabyggð býður íbúum sveitarfélagsins upp á rútuferð á jarðarför Friðjóns Þórðarsonar, fyrrverandi ráðherra og alþingismanns. Útförin fer fram í Hallgrímskirkju á þriðjudag.

**NORÐURÞING**

### Skoða hitaveitu yfir Sléttu

Skipulagsnefnd Norðurþings vill láta skoða hagkvæmni þess að leggja hitaveitu tuga kílómetra leið frá Öxarfirði þvert yfir Sléttu til Raufarhafnar og til Langanesbyggðar.

**ÖRYGGISMÁL**

### Bættur búnaður í Hnífsdal

Nýlega eignaðist björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal færanlega VHF-Tetra gátt og stjórnstöð. Búnað þennan má annað hvort nota sem færanlega stjórnstöð þegar stjórna þarf aðgerðum í aðstöðu þar sem viðeigandi fjarskiptabúnaður er ekki til staðar eða sem gátt sem tengir þá VHF- og Tetra-fjarskipti saman.

# Úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni kynnt

**Atvinnulausum ungmennum fjölgar, en þau eru nú um 2.700. Félagsmálaráðherra kynnti í gær átak til að koma fólkinu í skóla, vinnu eða sjálfboðastörf. Gríðarlega mikilvægt samfélagsverkefni, segir félagsmálaráðherra.**

**FÉLAGSMÁL** Stefnt er að því að koma á fót margvíslegum úrræðum fyrir ungt, atvinnulaust fólk á næsta ári. Áætlað er að 1,3 milljörðum króna verði varið í verkefnið á næsta ári. Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra kynnti í gær sérstakt átak ráðuneytisins í þeim efnum.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

2.700 ungmenni á aldrinum sextán til 24 ára eru atvinnulaus um þessar mundir og hópurinn fer stækkandi. „Það sem einkennir þennan hóp er mjög stutt skólaganga," segir Árni Páll. Samkvæmt upplýsingum úr atvinnuleysisskrá eru sjötíu prósent atvinnulausra undir þrítugu aðeins með grunnskólapróf. Hlutfallið hjá atvinnulausum í heild er fimmtíu prósent.

Árni Páll segir rannsóknir í öðrum löndum sýna að unga fólkið sé í gríðarlegri hættu á að lenda utan vinnumarkaðar til langframa, sé ekkert að gert. „Við teljum það skipta gríðarlega miklu að grípa inn í strax. Við höfum þess vegna lagt á það þunga áherslu að tryggja fjármagn til verkefna sem gera okkur kleift að mæta þörfum hvers og eins. Að hver og einn fái einstaklingsviðtal þar sem fundið er út hvað viðkomandi vill helst gera."

Úrræðin sem um ræðir eru fjölbreytt. Gert er ráð fyrir því að allt að 450 manns geti komist að í framhaldsskólum landsins og jafn margir í starfsþjálfun og störf við verkefni hjá félagasamtökum, sveitarfélögum og fyrirtækjum. Þá ert gert ráð fyrir því að allt að 700 manns geti komist í nám á vegum símenntunarstöðva og frumgreinadeilda. Einnig er gert ráð fyrir um 400 nýjum plássum á vinnustofum og í endurhæfingar- og meðferðarúrræðum. Loks er gert ráð fyrir því að um 400 sjálfboðastörf skapist, og segir Árni Páll mikinn áhuga vera á því að nýta krafta atvinnulausra, meðal annars hjá Rauða krossinum og íþróttahreyfingunni. Hjá Rauða krossinum er stefnan sett á jafningjafræðslu, þar sem atvinnulausir ráðleggi öðrum í sömu sporum.

Unnið hefur verið að verkefninu frá byrjun sumars og mun Vinnumálastofnun stýra því. „Það sem við erum að leggja upp með er mjög metnaðarfull aðgerð og til þess að þetta gangi þarf allt samfélagið að taka höndum saman, þetta er mikilvægt samfélagslegt verkefni. Fyrir hvern einstakling sem er bótaþegi út lífið er áætlað að kostnaður sé í kringum 300 milljónir starfsævina á enda. Það er því til mikils að vinna."

**thorunn@frettabladid.is**



**ATVINNULEYSI** Atvinnuleysi hefur fjórfaldast á síðastliðnu ári og var skráð um átta prósent í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








# Lokað

Vegna starfsmanna- og stefnumótunarfundar verður lokað á öllum skattstofum landsins og hjá ríkisskattstjóra **föstudaginn 18. desember.**

- Ríkisskattstjóri
- Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi
- Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra
- Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra
- Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi
- Skattstjórinn í Reykjavík
- Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi
- Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi
- Skattstjórinn í Vestmannaeyjum
- Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi



# „Ég hata að gata“

**– rafrænir reikningar gera gatarann óþarfan**

Skeytamiðlun Skýrr er viðbótarþjónusta fyrir öll helstu bókhaldskerfi á markaði, svo sem Microsoft Dynamics NAV og AX ásamt Oracle. Skeytamiðlun Skýrr sparar tíma, vinnu og peninga með því að móttaka, meðhöndla og senda rafræna reikninga. Þjónustan hentar öllum fyrirtækjum og stofnunum, óháð stærð þeirra.

**Helstu kostir Skeytamiðlunar Skýrr**

- Reikningar mótteknir fyrr
- Skráningarvillum fækkar
- Engin póstburðargjöld
- Enginn pappírskostnaður
- Minni hætta á dráttarvöxtum
- Bætir yfirsýn viðskiptaupplýsinga

Skv. skýrslu Aberdeen Group frá 2007 má spara allt að 75% af umsýslukostnaði við móttöku reikninga með rafrænum viðskiptum en einnig tekur það um 46% skemmri tíma að afgreiða rafræna reikninga.

**Hafðu samband við ráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar um Skeytamiðlun Skýrr.**

ÍST ISO 9001

BSI ISO 27001 IS 542464

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR Velkomin

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-2035



**SNJÓR Í PARÍS** Börnin í París voru ekki lengi að hópast út á götu að leika sér þegar svolítill snjór féll þar úr lofti í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sex mánuðir á skilorði:

## Kynlífsbolta-dómur stendur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest dóm héraðsdóms yfir manni sem í kynmökum við konu setti kynlífsbolta inn í leggöng hennar og skildi hann þar eftir. Maðurinn var dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og gert að greiða konunni ríflega 800 þúsund krónur.

Afleiðingar athæfis hans gagnvart konunni urðu þær að þremur vikum síðar þegar í ljós kom að boltinn var enn í leggöngum hennar var hún komin með bólgur og alvarlega sýkingu í leggöng. Þurfti að fjarlægja boltann með aðgerð.

Þá var maðurinn einnig sakfelldur fyrir að hafa hótað lögreglumönnum við störf lífláti. - jss

# Saksóknari fullyrðir að Baldur hafi logið

**Baldur Guðlaugsson hitti Landsbankastjóra á fundi í fyrra. Hann fullyrti í bréfi til FME að hann hefði aldrei átt samskipti við þá. Þetta kom fram fyrir dómi í vikunni. Mannréttindabrot að rannsaka sama málið tvisvar, segir verjandinn.**

**DÓMSMÁL** Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, sagði ósatt þegar hann fullyrti í bréfi til Fjármálaeftirlitsins (FME) að hann hefði aldrei átt samskipti við stjórnendur Landsbankans. Þetta sagði Björn Þorvaldsson, fulltrúi sérstaks saksóknara, fyrir dómi þegar tekist var á um kröfu Baldurs um að rannsókn á hendur honum yrði hætt. Viðskiptablaðið greinir ítarlega frá málflutningnum í nýjasta tölublaði sínu.

Baldur er grunaður um að hafa, í krafti stöðu sinnar sem ráðuneytisstjóri, öðlast innherjaupplýsingar um alvarlega stöðu Landsbankans í fyrrasumar, og í kjölfarið selt hlutabréf í bankanum fyrir 192 milljónir króna rétt fyrir bankahrun.

Í málflutningnum kom fram, að því er segir í Viðskiptablaðinu, að Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, hefði sagt í yfirheyrslu vegna málsins að Baldur hefði setið fund með henni og bankastjórum Landsbankans 13. ágúst í fyrra. Þar hefðu þeir „í algjörum trúnaði“ lýst því að Landsbankinn væri í miklum vandræðum.

„Þetta sýnir að Baldur sagði ósatt um að hann hefði aldrei átt samskipti við stjórnendur Landsbankans,“ er haft eftir Birni í Viðskiptablaðinu. Jafnframt sýni þetta að Baldur hafi búið yfir innherjaupplýsingum um stöðu bankans.

Þá sagði Björn að málið á hendur Baldri hefði verið tekið upp að nýju eftir að ábending hefði borist um fundargerðir samráðshóps Seðlabankans um fjármálastöðugleika, sem geymdar voru í Seðlabankanum. FME vissi ekki af tilvist þeirra fram að því.

Á fundi hópsins hinn 31. júlí 2008 var staða Landsbankans til umræðu og lét Jónas Fr. Jónsson, þá forstjóri FME, bóka að Landsbankinn hefði þrjá mánuði til að uppfylla skilyrði breska fjármálaeftirlitsins. Þá lét Baldur sjálfur bóka að það yrði „banabiti“ bankanna ef upplýsingar um stöðuna yrðu á allra vitorði.

Björn nefndi einnig að Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, hefði við yfirheyrslur sagt að samráðshópurinn hefði eðli málsins samkvæmt „alltaf“ haft innherjaupplýsingar um stöðu Landsbankans.

Karl Axelsson, lögmaður Baldurs, krafðist þess að rannsókninni yrði hætt, en Baldri hefði þegar verið tilkynnt að þá rannsóknin hefði verið látin niður falla og það væri mannréttindabrot að rannsaka sama málið tvisvar.

stigur@frettabladid.is



**BALDUR GUÐLAUGSSON** Er sagður hafa logið í bréfi til FME.



**JÓNAS FR. JÓNSSON** Sat í samráðshópnum með Baldri.



**FAGNA DÓMSÚRSKURÐI** Pakistanskir lögfræðingar eru hæstánægðir með hæstarétt. NORDICPHOTOS/AFP

Þrýst á Zardari að segja af sér:

## Nýtur engrar friðhelgi lengur

**PAKISTAN, AP** Enn á ný er skorað á Asif Ali Zardari, forseta Pakistans, að segja af sér vegna spillingarmála.

Kröfur þessar fengu byr undir báða vængi þegar hæstiréttur landsins nam úr gildi friðhelgissamning við Pervez Musharraf, fyrrverandi forseta, sem hefur verndað Zardari og sjö félaga hans gegn ákærum í tengslum við spillingarmálin.

Zardari er ekkill Benazir Bhutto, sem vann mikinn kosningasigur áður en hún var myrt árið 2007. Zardari hefur undanfarið orðið æ óvinsælli í Pakistan, ekki síst vegna stuðnings hans við Bandaríkin. - gb


ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48409 12/09

Arion banki býður nú *viðskiptavinum* með erlend og innlend íbúðalán lausnir sem lækka *höfuðstól* lána og létta greiðslubyrði.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 arionbanki.is

Skoðaðu hvaða leið gæti hentað þér á **arionbanki.is**. Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma **444 7000**.

Arion banki

JS Watch co.
REYKJAVIK




www.jswatch.com / www.gilbert.is
GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




## PHILIPS

**Philips 42PFL8404H**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., 100Hz Clear LCD, Ambilight Spectra baklýsingu, Pixel precise HD og HD Natural Motion, 3ms svartíma, dýnamískri 80.000:1 skerpu, innbyggðum stafrænum DVB-T móttakara, Net TV, YouTube , DLNA vafri (Ethernet), USB afspilun (MP3/JPEG/DivX), 2x Scart, 4x HDMI, Component, RCA, VGA ofl.

**LOKSINS KOMIÐ AFTUR**

Net TV
Pixel Precise HD
100Hz
Full HD 1080p
ambi light

**TILBOÐ**
**319.995**
FULLT VERÐ 359.995




PIXEL PLUS HD
DVB-T

**Philips 32PFL3904H**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Pixel Plus HD, 50.000:1 skerpu, 5ms svartíma, Progressive Scan, stafr. DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 3x HDMI, S-Video, EasyLink Component, S/PDIF ofl.

**TILBOÐ**
**137.995**
FULLT VERÐ 179.995




PIXEL PLUS HD
DVB-T
Full HD 1080p

**Philips 37PFL5604**
37" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafr. DVB-T og DVB-C móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 219.995




Pixel Precise HD
Net TV
DVB-T
100Hz
Full HD 1080p

**Philips 32PFL8404H**
32" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., 100Hz Clear LCD, Ambilight Spectra baklýsingu, Pixel precise HD og HD Natural Motion, 3ms svartíma, dýnamískri 80.000:1 skerpu, innb. stafr. DVB-T móttakara, Net TV með Wifi, YouTube ofl.

**TILBOÐ**
**239.995**
FULLT VERÐ 279.995
ambi light




PIXEL PLUS HD
BBE HLJÓÐ KERFI
DVB-T
Full HD 1080p

**Philips 42PFL5624H**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, Dýnamískri 50.000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, USB, VGA tengi, BBE hljóðkerfi, 3x HDMI, S-Video, S/PDIF ofl.

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 279.995




Pixel Precise HD
DVB-T
Full HD 1080p

**Philips 42PFL7404H**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., 100Hz Clear LCD, Pixel Precise HD, 80.000:1 skerpu, 3ms svartíma, stafr. DVB-T og DVB-C móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 4x HDMI, CI, VGA, S-Video, S/PDIF, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 349.995




Pixel Precise HD
DVB-T
100Hz
Full HD 1080p

**Philips 47PFL8404H**
47" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., 100Hz Clear LCD, Ambilight Spectra baklýsingu, Pixel precise HD og HD Natural Motion, 3ms svartíma, dýnamískri 80.000:1 skerpu, innb. stafr. DVB-T og DVB-C móttakara, Net TV með Wifi, YouTube , DLNA vafri (Ethernet), USB, 4x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ**
**449.995**
FULLT VERÐ 499.995
ambi light

**OPIÐ TIL KL. 22.00**
**ALLA DAGA TIL JÓLA**

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**BYLTINGARAFMÆLI FAGNAÐ** Íbúar Rúmeníu fagna þessa dagana því að 20 ár eru liðin frá því harðstjóranum Nicolae Ceausescu var steypt af stóli. Í bænum Timisoara þar sem átökin við lögregluna hófust var raðað upp kertum sem mynda kross. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarafundur í Fjarðabyggð segir sveitarfélagið enn ekki að fullu sameinað:

# Vilja Norðfjarðargöng strax eftir Héðinsfjörð

**SAMGÖNGUR** „Við íbúar Fjarðabyggðar gerum þá eindregnu kröfu til þingmanna kjördæmisins og ráðamanna í samgöngumálum að herða sem aldrei fyrr baráttuna fyrir því að framkvæmdir við Norðfjarðargöng hefjist strax að loknum Héðinsfjarðargöngum,“ segir í ályktun borgarafundar á Eskifirði á mánudagskvöld.

„Á undanförnum misserum hafa náðst mikilvægir áfangar í samgöngum innan Fjarðabyggðar. Enn stendur versti farartálminn þó eftir – einbreið göng í meira en 600 metra hæð í Oddsskarði milli Eskifjarðar og Norðfjarðar,“ segir í ályktunni. „Við gerum þá kröfu til samgönguyfirvalda að löngu gefin fyrirheit um Norðfjarðargöng verði efnd, enda er alls ekki hægt að líta svo á að sveitarfélagið sé að fullu sameinað fyrr en göngin hafa verið tekin í notkun.“

Þá er minnt á að í Fjarðabyggð, norðan Oddsskarðs, séu meðal annars Fjórðungssjúkrahús Austurlands, Verkmenntaskóli Austurlands og eitt stærsta útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki landsins. „Sunnan Oddsskarðs við Mjóeyrarhöfn er 700 til 800 manna vinnustaður, sá stærsti á Austurlandi. Um þann erfiða fjallveg, sem Oddsskarð er, fara fram gífurlegir flutningar á fólki, vörum og gjaldeyrisskapandi sjávarafurðum til útflutnings,“ segir í ályktuninni og þess er krafist að upphaf framkvæmda við Norðfjarðargöng verði strax að loknum Héðinsfjarðargöngum á næsta eða þar næsta ári. - gar



**GANGAMUNNI Í ODDSSKARÐI** Íbúar í Fjarðabyggð vilja að boruð verði ný göng í stað einbreiðra ganga í sex hundruð metra hæð í Oddsskarði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Herstöðin á Grænlandi:

## Danir greiði fyrir hreinsun

**GRÆNLAND** Grænlenska heimastjórnin vill að Danir hreinsi til í kringum Thule-herstöðina á Grænlandi.

Stjórnin hefur krafið danska umhverfisráðherrann, Toels Lund Poulsen, um þetta. Grænlandspósturinn telur það geta kostað milli 20 og 120 milljónir danskra króna eða um þrjá milljarða íslenskra króna, að hreinsa Dundas-svæðið í Thule, eftir því hvernig það er gert. Þegar Bandaríkjamenn skildu við svæðið tryggðu þeir að þeir yrðu ekki rukkaðir fyrir umhverfisspjöll. - kóþ






# Mexíkóskur fíkniefnabarón drepinn

**Arturo Beltran Leyva var foringi einnar stærstu eiturlyfjaklíkunnar í Mexíkó. Felipe Calderon forseti segir fall hans mikilvægan áfanga. Fíkniefnastyrjaldir glæpahópa í Mexíkó hafa kostað fjórtán þúsund manns lífið síðustu árin.**

**MEXÍKÓ, AP** Fall glæpaforingjans Arturo Beltran Leyva þykir einn stærsti sigurinn til þessa í stríði Felipe Calderon forseta gegn eiturlyfjaglæpum.

Leyva beið bana ásamt þremur félögum sínum á miðvikudagsmorgun þegar tvö hundruð hermenn réðust til inngöngu í íbúðahótel í bænum Guernavaca. Fimmti félaginn framdi sjálfsvíg meðan á átökunum stóð. Glæpamennirnir vörðust meðal annars með sprengjum og tókst að særa þrjá hermenn.



ARTURO BELTRAN LEYVA

Calderon forseti var staddur í Kaupmannahöfn meðan árásin var gerð, þar sem hann sótti loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Hann fagnaði árásinni og sagði hana mikilvægan áfanga fyrir bæði stjórn og íbúa landsins.

Allt frá því að Calderon komst til valda árið 2006 hefur hann lagt mikla áherslu á baráttu gegn eiturlyfjum. Í þessu stríði hefur hann beitt 45 þúsund hermönnum og stundum sjóhernum að auki.

Beltran Leyva var einn fimm bræðra sem sögðu fyrir nokkrum árum skilið við glæpaklíku fíkniefnabarónsins Joaquin „El Chapo“ Guzman frá bænum Sinaloa og gengu til liðs við Los Zetas, hóp fyrrverandi hermanna sem önnur glæpaklíka notaði til leigumorða. Til þessa klofnings er talið að rekja megi upphafið að blóðugum innbyrðis átökum í fíkniefnaheimi Mexíkó síðustu árin. Þau átök hafa kostað fjórtán þúsund manns lífið.




**SJÓHERINN RÆÐST TIL INNGÖNGU** Hermennirnir þræddu húsið frá íbúð til íbúðar og skipuðu fólki að fara niður í matsal. NORDICPHOTOS/AFP

Bræðurnir lögðu fljótlega undir sig helstu smyglleiðir fíkniefna í norðaustanverðu landinu. Samtök þeirra hafa framið fjöldann allan af morðum. Þeim hefur einnig tekist að múta embættismönnum, lögreglumönnum og öðrum til að hlífa starfsemi sinni.

Einn bræðranna, Alfredo Beltran Leyva, var handtekinn á síðasta ári.

Beltran Leyva klíkan er nú talin ein af sex stærstu fíkniefnaklíkum Mexíkó. Bandarísk stjórnvöld segja að hún dreifi fleiri tonnum af kókaíni í Bandaríkjunum ár hvert, ásamt miklu magni af heróíni.

Sjö ár eru liðin síðan stjórnvöldum í Mexíkó tókst síðast að fella hátt settan fíkniefnaforingja. Það gerðist þegar lögregluforingi í Sinaloa skaut Ramon Arellano Felix, foringja Tijuana-klíkunnar.

Lögreglan hefur náð töluverðum árangri undanfarið ár í að þrengja að Beltran Leyva.

gudsteinn@frettabladid.is



**PATREKSFJÖRÐUR** Fjárhagsáætlun næsta árs hefur verið kollvarpað.

Varasjóður húsnæðismála:

## Ekkert fé í kaup á félagsíbúðum

**SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Vesturbyggðar mótmælir harðlega ákvörðun Varasjóðs húsnæðismála um að ekki fáist lengur fjármunir til mótframlags vegna sölu félagslegra íbúða og vegna rekstrarhalla og auðra íbúða sveitarfélaga.**

**„Þessi ákvörðun setur fjárhagsáætlun 2010 sem er lokið, verulega úr skorðum þar sem 48 íbúðir eru í sveitarfélaginu, falla undir þetta kerfi,“ segir bæjarráðið, sem kveðst telja mjög ámælisvert hve seint þessi ákvörðun sé tekin og tilkynnt.** - gar

Maður á þrítugsaldri:

## Hótaði lögreglumönnum lífláti

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir brot gegn valdstjórninni.

Manninum er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 7. desember á síðasta ári ítrekað hótað þremur lögreglumönnum, sem voru við skyldustörf, ofbeldi og lífláti.

Hótanir sínar hafði maðurinn í frammi fyrir utan slysadeild Landspítalans og í lögreglubifreið á leið frá slysadeildinni að lögreglustöðinni á Hverfisgötu. - jss






Abbas hafnaði tilboði frá Olmert um að skiptast á landsvæðum:

# Olmert vildi landtökusvæðin

**ÍSRAEL, AP** Ehud Olmert, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, bauð Palestínumönnum 5,8 prósent af landsvæði Ísraels, bæði við Gasasvæðið og Vesturbakkann, í skiptum fyrir 6,3 prósent af landsvæði Vesturbakkans.

Á svæðunum sem Olmert vildi fá frá Palestínumönnum búa 75 prósent þeirra landtökumanna sem lagt hafa undir sig palestínskt land á Vesturbakkanum.

Frá þessu er skýrt á vefsíðu ísraelska dagblaðsins Haaretz. Þar er einnig haft eftir Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, að samninganefnd Ísraela hafi lagt fram margvísleg tilboð.

Þetta tiltekna tilboð er sagt hafa verið sett fram hinn 16. september árið 2008, þegar Olmert átti erfitt með að bjóða trúverðuga samninga vegna spillingarmála sem höfðu veikt stöðu hans mjög. Daginn eftir tapaði Olmert í leiðtogakjöri stjórnmálaflokks síns, Kadima.



**MAHMOUD ABBAS** Ítrekaði í gær kröfur um að Austur-Jerúsalem yrði höfuðborg Palestínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Palestínumenn svöruðu ekki tilboðinu og viðræðurnar náðu engu skriði, þótt stefnt hafi verið að því að ljúka þeim fyrir árslok. Endanlega slitnaði síðan upp úr viðræðum þegar Ísraelar hófu innrás sína á Gasasvæðið í lok desember.

Undanfarna mánuði hefur strandað á því að Ísraelar neita að stöðva framkvæmdir á landtökusvæðum á Vesturbakkanum og í austanverðri Jerúsalem. - gb

# Veiðileg Jól



**Scierra Sweep tvíhendupakki**
Glæsilegur tvíhendupakki frá Scierra.
Fjögurra hluta stöng, vandað hjól, skotlína, undirlína, sökktaumur og kastkennsla á DVD.
**Fullt verð 65.885**
**Jólatilboð aðeins 49.995**



**Ron Thompson Travel Force flugustöng**
Vönduð flugustöng í fjórum hlutum.
Poki og hólkur fylgja.
**Fullt verð 14.995**
**Jólatilboð aðeins 10.995**



**Ísbor á jólalegu tilboði**
Samanbrjótanlegur ísbor ásamt dorgveiðistöng, girni og 4 spúnum.
Mjúk burðartaska fylgir og aukablöð í borinn.
**Fullt verð 17.385**
**Jólatilboð aðeins 14.995**



**Ron Thompson hnífasett**
Nauðsynlegt í veiðitúrinn.
3 góðir hnífar, stál og skurðarbretti.
Öllu haganlega fyrirkomið í plasttösku. **Aðeins 5.995**



**Alklæðnaður í veiðina**
Neoprenvöðlur frá DAM í Þýskalandi.
Áföst stígvél með filtbotni.
Góður, vatnsheldur veiðijakki frá Ron Thompson.
**Ótrúlegt jólatilboð aðeins 28.980 fyrir alklæðanað í veiðina**



**Ron Thompson vöðlupakki**
Góðar öndunarvöðlur frá Ron Thompson ásamt skóm.
Líklega besta verðið í bænum.
**Fullt verð 44.990**
**Tilboð aðeins 35.980**



**Simms Freestone vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur og Simms Freestone skór.
Allir veiðimenn þekkja Simms gæðin.
**Fullt verð 59.800**
**Tilboð aðeins 48.980**



**Ron Thompson Nylo Stretch vöðlur**
Einhverjar vinsælustu vöðlurnar síðastliðið sumar.
Áföst stígvél með gúmmísóla.
**Frábært verð. Aðeins 14.995**
**Og Ron Thompson Nylo Stretch klofstígvél aðeins 9.995**



**Okuma SLV fluguhjól**
Vinsæl fluguhjól frá Okuma.
Létt álhjól með góðri bremsu.
Margar stærðir. **Frábært verð.**
**Aðeins frá 9.795 á jólatilboði**



**Danvise**
Vinsælasti fluguhnýtingavæsinn síðastliðin 10 ár.
**Fullt verð 14.995**
**Jólatilboð aðeins 11.995**



**Veiðiflugur Íslands**
Tímalaus bók. Sannkölluð biblía fluguveiðimannsins.
Allar helstu íslensku veiðiflugurnar.
**Aðeins 3.995**



**Fluguhnýtinganámskeið á DVD**
Lærðu að hnýta silungaflugur og Lærðu að hnýta laxaflugur.
Gott íslenskt fluguhnýtinganámskeið á DVD.
**Aðeins 2.995 fyrir hvorn disk eða aðeins 4.995 fyrir báða diskana saman**



**Ron Thompson reyksuðuofn**
Sífelt fleiri komast á bragðið.
Einfalt og fljótlegt að töfra fram veislu úr villibráðinni.
**3 stærðir. Verð aðeins frá 8.995**



**Gervigæsir**
Ódýru gervigæsirnar.
Trúlega þær mest keyptu á Íslandi undanfarin ár.
12 í pakka ásamt festijárnum.
**Frábært verð. Aðeins 19.995**



**Gerviandasett**
12 gerviendur.
Blandaðar stellingar, bæði kyn.
Blý og bönd fylgja. Góður burðarpoki undir allt saman.
**Veglegur jólapakki skotveiðimannsins.**
**Aðeins 12.995 fyrir allt saman**



**ProLogic skotveiðihanskar**
Hlýir og vatnsheldir hanskar í felulitum fyrir skotveiðimanninn.
**Gott verð. Aðeins 4.995**



**Ron Thompson vöðlutaska**
Vinsæl taska fyrir vöðlur og skó. Vatnsheldur botn, loftun í loki og motta til að standa á þegar farið er í og úr.
**Verð aðeins 5.995**



SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ



**Munið vinsælu gjafakortin okkar**

**Sportbúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 - Sportbudin.is - Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410- veidihornid.is**




**DROTTNING BÍÐUR BROTTFARAR** Elísabet Bretadrottning þurfti að bíða í nokkra stund í lestarklefa á Kings Cross-járnbrautarstöðinni í London áður en lestin hélt af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sextíu ára afmælishátíð Landssambands hestamannafélaga:

# Glæsileg fánareið við Iðnó

**HESTAMENNSKA** Hópur hestamanna mun mæta á gæðingum sínum í fánareið við Iðnó klukkan 14.15 í dag.

Þetta er upphaf veglegrar afmælishátíðar Landssambands hestamannafélaga sem hefst klukkan 15.00 í Iðnó. LH var stofnað nánast á sama stað og afmælishátíðin er haldin nú, í Baðstofu iðnaðarmanna 18. desember árið 1949 þar sem tólf hestamannafélög lögðu grunninn að sambandinu.

Á hátíðinni verður athygli vakin á fjölþættu hlutverki íslenska hestsins og því viðamikla og blómlega starfi sem honum tengist, bæði hér á landi og erlendis.

Meðal annarra mun Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ávarpa samkomuna. Þá verða flutt fróðleg erindi um ýmislegt viðkomandi íslenska hestinum.

Dísella Lárusdóttir syngur og Gunnar Eyjólfsson flytur ljóð. Fundarstjóri hátíðarinnar verður Friðrik Pálsson. Dagskráin er öllum opin meðan húsrúm leyfir.

Landsmótið á Vindheimamelum í sumar verður svo hápunkturinn og hin eiginlega afmælisveisla allra hestamanna. Landssamband hestamannafélaga er aðili að Íþróttasambandi Íslands. 47 félög eiga aðild að sambandinu og er formaður þess Haraldur Þórarinsson. - jss



**FÁNAREIÐ** Fánareið verður við Iðnó í dag. Þessi reið var á Kaldármelum.

Gríski fjármálaráðherrann:

## Grikkland ekki næsta Ísland

**GRIKKLAND Gríski fjármálaráðherrann George Papaconstantionou reyndi á miðvikudag að draga úr áhyggjum fólks af bágri stöðu efnahagsmála í Grikklandi.**

**Hann lýsti því yfir, svo komst í fréttir víða, að staðan væri önnur á Grikklandi en í ríkjum sem hefðu farið illa.**

**„Grikkland er ekki næsta Ísland, né heldur er það næsta Dúbaí,“ sagði hann á fundi með kröfuhöfum.**

**Kröfuhafarnir höfðu viðrað áhyggjur af því að Grikkir gætu ef til vill ekki greitt vexti af skuldum þjóðarbúsins.** - kóþ



**SUU KYI** Mátti yfirgefa heimili sitt. NORDICPHOTOS/AFP

Aung San Suu Kyi:

## Fekk að hitta aldraða félaga

**BÚRMA, AP** Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, fékk að fara úr stofufangelsi á heimili sínu í fyrradag til að hitta þrjá aldraða leiðtoga stjórnmálaflokks síns.

Þau ræddu um breytingar á forystu flokksins. Síðast fékk hún að hitta leiðtoga flokksins í janúar árið 2008.

Suu Kyi er 64 ára og hefur verið í stofufangelsi meira og minna undanfarna tvo áratugi. Leiðtogarnir sem hún hitti eru Aung Shwe, sem er 91 árs, U Lwin, sem er 86 ára og Lun Tin sem er 88 ára. - gb

# Um 500 ný störf hafa skapast

**Haustúthlutanir Tækniþróunarsjóðs voru kynntar í gær. Fimm verkefni voru kynnt sérstaklega. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra taldi vel hafa gengið að verja sjóðinn þótt ekki hefði náðst að stækka hann í kreppunni.**

**ATVINNUMÁL** Nær þrefalt fleiri umsóknir bárust Tækniþróunarsjóði um styrki á þessu ári en í fyrra. Núna bárust 267 umsóknir, en 91 árið áður. Þá bárust nítján umsóknir um öndvegisstyrki.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kynnti haustúthlutun sjóðsins í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Alls fengu 28 verkefni styrk úr sjóðnum. Jafnframt héldu fulltrúar fimm verkefna sem hlutu styrk kynningu á verkefnum sínum.

Fram kom í máli Katrínar að framlag til Tækniþróunarsjóðs hefði aukist um nítján milljónir króna frá því í fyrra og að á þessu ári hefði sjóðurinn haft 960 milljónir króna til ráðstöfunar. Styrkir ársins námu alls 465 milljónum króna og runnu til 76 nýrra verkefna og fjörutíu verkefna sem hlutu framhaldsstuðning. Sjóðurinn veitir verkefnum stuðning í allt að þrjú ár.

Þá var úthlutað sextíu milljónum króna til fjögurra „öndvegisverkefna“ í þremur undirflokkum, en það eru vistvænt eldsneyti, vistvænar byggingar og skipulag, og sjálfbær ferðaþjónusta.

Katrín sagðist í opnunarræðu sinni vilja nota tækifærið og árétta mikilvægi uppbyggingar nýrra fyrirtækja, sprota- og hátæknifyrirtækja á tímum sem þessum. Hún sagði ánægjulegt að geta frá því greint að samkvæmt lauslegri samantekt hennar yfir fyrirtæki sem hefðu komist á legg síðustu mánuði og störfum sem hún vissi til að yrðu til á komandi mánuðum, hvort heldur það væri í tölvuleikjaiðnaði eða annars staðar hjá frumkvöðlum, skiptu þau störf hundruðum. „Bara það sem ég man eftir telur um það bil 500 störf, hvorki meira né minna. Og það er nú bara rúmlega álver,“ sagði hún og kvaðst hafa saknað ítarlegri umfjöllunar um þessa uppbyggingu. „En kannski er það vegna þess að ekki hefur þurft skurðgröfu eða skóflu til að búa til þessi störf, heldur bara skrifborð og tölvu.“

Katrín ítrekaði mikilvægi Tækniþróunarsjóðs og rifjaði upp að á sprotaþingi hefði hún eitt sinn sagt að fjórfalda þyrfti sjóðinn. „Það gerist vonandi fyrr en síðar,“ sagði hún og bætti við að þótt hún sem iðnaðarráðherra hefði ekki getað komið stækkuninni á hefði tekist að verja sjóðinn. „Að minnsta kosti verða á næsta ári settar í sjóðinn þrjátíu milljónir umfram það sem er í dag,“ sagði hún, en þá yrði stærð hans 720 milljónir króna. olikr@frettabladid.is



**STYRKÞEGAR RÆÐA VIÐ RÁÐHERRA** Valdimar Össurarson hjá Valorku fylgist með Sigmari Guðbjörnssyni hjá Stjörnu Odda ræða við Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Að baki þeim sjást Jóhann Örlygsson frá Háskólanum á Akureyri, fulltrúi verkefnisins LÍFEldsneyti, og Kjartan Ragnarsson, fulltrúi verkefnis sem snýr að uppsetningu miðaldabaða við Deildartunguhver. Að baki Katrínar glittir í Sveinbjörn Höskuldsson frá Nox Medical. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### VERKEFNI SEM KYNNT VORU SÉRSTAKLEGA

Töluverðar væntingar eru gerðar til allmargra verkefna sem Tækniþróunarsjóður styrkir. Fimm slík verkefni voru kynnt sérstaklega þegar nýjustu úthlutanir sjóðsins voru kynntar í gær.

Sveinbjörn Höskuldsson frá Nox Medical kynnti verkefni sem snýr að þróun einnota öndunarskynjara sem meðal annars yrði notaður í svefnrannsóknum. Fyrirtækið hefur áður þróað tæki til svefnrannsókna, en skynjararnir eiga einnig að vinna með öðrum tækjum. Fyrirtækið er langt komið og hefur náð samningum um dreifingu. „Við ætlum að vera komin í mjög góða stöðu með þessa vöru eftir eitt ár,“ sagði hann.

Sigmar Guðbjörnsson hjá Stjörnu Odda kynnti sendi og mælitæki fyrir hjartslátt og súrefnismettun sem nota á við mælingar í tilraunadýrum sem notuð eru við lyfjaþróun. Upphaflega var varan þróuð fyrir fiskirannsóknir, en Sigmar segir tækni þeirra mun betri fyrir tilraunadýrin, sem losni við snúrufargan og íþyngjandi ígræðslur. „Við berum hag dýrsins eins mikið fyrir brjósti og mögulegt er,“ sagði hann og kvaðst ætla að ráða þrjá nýja starfsmenn þegar í janúar vegna verkefnisins.

Kjartan Ragnarsson kynnti stórhuga verkefni Landnámsseturs Íslands um að koma upp miðaldaböðum við Deildartunguhver, vatnsmesta hver landsins. Verkefnið kostar 1,5 milljarða króna, en hann segir að sýnt hafi sig að mesta framlegð í ferðaþjónustu hér hafi til þessa verið að finna í Bláa lóninu og jarðböðunum við Mývatn. Miðaldaböðin yrðu mikilvægur ferðamannasegull á Vesturlandi.

Valdimar Össurarson hjá Valorku kynnti hugmyndir sínar um að virkja sjávarföllin, en uppfinning hans sem fer nú í prófanir er talin vel til þess fallin að virkja hæga strauma. Hann segir núverandi tækni við slíka virkjun byggja á hönnun vindmylla, meðan hans sé meira í ætt við vatnshjól.

Þá kynnti Jóhann Örlygsson frá Háskólanum á Akureyri verkefnið LÍFEldsneyti sem fékk öndvegisstyrk til rannsókna á framleiðslu eldsneytis úr lífmassa af ýmsum toga. Hitakærar örverur eru notaðar til að brjóta niður lífmassann og framleiða etanól.




Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

# Tók fíkniefni og stolna glæsikerru

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun, tók hundruð gramma af amfetamíni og fann stolin glæsivagn í húsleit í fyrradag.

Á þriðja tímanum í fyrradag var farið til húsleitar í nýbyggt um það bil 340 fermetra einbýlishús á þremur hæðum í úthverfi Mosfellsbæjar. Höfðu upplýsingar borist um einkennilegar mannaferðir á öllum tímum sólarhrings.

Húsráðandi, maður á þrítugsaldri, var handtekinn en kannabisræktun fannst þar innandyra í haganlega földu rými. Hafði hún verið skimuð af með risastórri kommóðu. Taldi ræktunin um 150 plöntur á ýmsum stigum ræktunar.

Í bílskúr fannst nýleg Mercedes Benz bifreið, margra milljóna virði, er reyndist eftirlýst frá Akranesi frá því í sumar.

Tveir fíkniefnaleitarhundar frá tollgæslunni voru fengnir á staðinn. Fann annar þeirra 250 grömm af amfetamíni sem voru vel falin í dós, sem var innan um ýmiss konar drasl á háalofti hússins.

Húsráðandi, sem áður hefur komið við sögu hjá lögreglu, sætti yfirheyrslum í gær, en var látinn laus að þeim loknum.

Sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. - jss



**AMFETAMÍN** Fíkniefnaleitarhundur fann 250 grömm af amfetamíni falin á háalofti hússins.

# HEITAR LAUGAR

Glæsileg bók um eitt helsta
undrið í náttúru Íslands.

Fjallað er um á annað
hundrað laugar um allt land,
náttúrulaugar og manngerðar
laugar.

Nauðsynleg handbók fyrir alla
sem ferðast um Ísland.












Víst er að mikill fengur er að þessari bók og mun hún örugglega njóta mikilla vinsælda meðal baðþyrstra Íslendinga um ókomin ár ... Hér er nú fyrst kominn lykillinn að íslenskum náttúrulaugum sem einhverjir hafa án efa beðið eftir líkt og ég.

*– Ingi F. Vilhjálmsson DV*

★★★★

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
35% AFSLÁTTUR TIL SUNNUDAGS
1624 KR.KG
ALI HAMBORGARHRYGGUR ÚRB.
1299 KR.KG
ALI HAMBORGARHRYGGGUR M.BEINI
30% AFSLÁTTUR
1665 KR.KG
ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
2239 KR.KG
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
2239 KR.KG.
35% AFSLÁTTUR
1221 KR.KG
SS HAMBORGARHRYGGUR
FRÁBÆRT VERÐ !
1887 KR.KG
FJALLA ÚRB. HANGILÆRI
1320 KR.KG
FJALLA ÚRB.
HANGIFRAMPARTUR
FRYSTIVARA ÓDÝRT
1139 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
1.FLOKKUR
FRYSTIVARA ÓDÝRT
2998 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
RAUÐAR OG GULLAUGA
139 KR.KG
298 KR.DS
ÍSLENSK ÓSVIKIN HAMSATÓLG 250G
FRYSTIVARA ÓDÝRT
1398 KR.KG
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR 1.FLOKKUR
JÓLAKLEMENTÍNUR NO.1
779 KR.2.3 KG
ROBIN KLEMENTÍNUR 2,3 KG
698 KR.KG
KS FROSINN ÚTVATNAÐUR SALTFISKUR
878 KR.KG
KÆST OG SÖLTUÐ SKATA
298 KR.PK
BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR 900G
198 KR.STK
BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500G
198 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
VERÐTILBOÐIN GILDA TIL SUNNUDAGSINS 20 DES.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
598
KR.KG
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
539
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BUFFALO & BBQ VÆNGIR
30 STK-BARA AÐ HITA!
459
KR.PK
HOLTA KJÚKLINGAVÆNGIR ELDAÐIR 960g/30 stk
Bringur
1698
KR.KG
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS
Kjúklingur
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Opið í dag
10.00-20.00
Appelsín
159
KR. 2.LTR
Quality Street
2989
KR.DS
MACKINTOSH 2.4 KG
Konfekt
998
KR.PK
BÓNUS KONFEKT 700 GR
NÓA Konfekt
NÓA KONFEKT 1 KG
2479
KR.PK
BÓNUS ÍSTERTA
498
KR.PK
BÓNUS ÍSTERTA 8 MANNA
Coca-Cola
Coke kippur 6 fl. x 2 ltr.
Venjulegt-Light-Zero og
4dósir Víking jólaöl í kaupbæti.
Verðmæti kaupauka ca 460 kr.
SAMTALS: 14 LTR.
BRAGÐAREFUR
JÓLAÍSINN 2009
459
KR.2 LTR
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 2 LTR
Vanillu ís 2
Súkkulaði ís 2
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
359
KR.2 LTR
BÓNUS ÍS 2 LTR JARÐARBERJA-SÚKKULAÐI-VANILLU
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
VERÐTILBOÐIN GILDA TIL SUNNUDAGSINS 20 DES.

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn

# Risaveldin hafa útkomuna í hendi sér

**Ljóst er að ekki næst lagalega bindandi samkomulag á loftslagsráðstefnunni. Vonir standa til að málum verði komið áfram og gefin verði út pólitísk yfirlýsing. Fjöldi þjóða er reiðubúinn til að greiða í stuðningssjóð fyrir þróunarlönd.**


**LÍTIL VON** Sjá mátti á Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta að lítil von var um að það tækist að semja. Lagalega bindandi samningur er í það minnsta úr myndinni.

Allt var í járnum á loftslagsráðstefnunni þegar Fréttablaðið fór í prentun. Samningar hafa að mestu náðst, en nokkur atriði standa út af borðinu. Gallinn er að það eru þau atriði sem öllu skipta.

Ljóst er að útilokað er að ná lagalega bindandi samningi, eins og vonir höfðu staðið til og stefnt hefur verið að síðan í Balí fyrir tveimur árum. Segja má að þrjár leiðir séu mögulegar varðandi útkomuna.

Í fyrsta lagi er möguleiki á að gefin verði út pólitísk viljayfirlýsing. Leiðtogarnir myndu þá lýsa því yfir að þeir stefndu að því að ná þessum sameiginlegu markmiðum. Hún væri ekki bindandi, en enginn þarf að velkjast í vafa um mikilvægi slíkrar yfirlýsingar frá 130 þjóðarleiðtogum. Þetta er leið sem bæði John Kerry og Al Gore hafa talað fyrir. Þeir vonast til að Bandaríkjaþing samþykki tillögur Obama í loftslagsmálum þannig að hendur hans verði ekki eins bundnar á næstu loftslagsráðstefnu í Mexíkó.

Annar möguleiki er að samkomulag náist um vinnuferli. Þá myndu ríkin setja tímaplan um viðræður og halda vinnunni áfram sem ekki tókst að ljúka hér.

Þriðja leiðin væri sú að ekkert samkomulag næðist. Til slíkrar niðurstöðu mega menn ekki hugsa, enda eru afleiðinga hlýnunar loftslags ljósar og bregðast þarf við þeim strax. Enginn hefur efasemdir um það hér, eða eins og John Kerry orðaði það: Það tekur því ekki að eiga orðastað við fólk sem heldur slíku fram.

Loft var lævi blandið í Bella Center í gær. Mismunandi fregnir bárust af viðræðunum á bak við tjöldin. Blaðamannafundirnir voru ekki til að auka bjartsýni; Hillary Clinton gerði lýðnum ljóst að fullkomið gagnsæi af hálfu Kínverja væri skilyrði samninga. Síðar um daginn lýsti He Yafei, aðstoðarutanríkisráðherra Kína, því í raun yfir, undir hulu fallegra orða, að slíkt gagnsæi og eftirlit með málefnum Kínverja væri skerðing á fullrétti ríkisins.

Danski forsætisráðherrann, Lars Løkke Rasmussen, sem stýrir ráðstefnunni nú, tilkynnti rétt fyrir hádegi í gær að aðeins yrði litið á tvo texta: lokaályktun ráðstefnunnar og framhald á Kyotobókuninni. Að þeim var unnið fram á kvöld.

Menn eru á einu máli að ef stórveldin tvö, Kína og Bandaríkin, vilji svo við hafa muni takast að ná samkomulagi. Hvort það verður ræðst þó trauðla fyrr en Obama mætir á svæðið. Komi hann ekki er það öruggt merki þess að samningar hafi siglt í strand. Takist samkomulag er ekki ólíklegt að menn verði fram á laugardag að ganga frá textanum.

## SAMIÐ UM SJÓÐ FYRIR ÞRÓUNARLÖND

Hvert ríkið á fætur öðru lýsti sig í gær reiðubúið að greiða í sjóð til stuðnings þróunarríkjum. Kína hefur afþakkað fjárframlög úr sjóðnum.

Annars vegar er um að ræða tíu milljóna dala neyðaraðstoð sem verði tilbúin 2012. Þá á að koma á árlegum greiðslum sem árið 2020 munu nema 100 milljörðum dala. Óljóst er hvernig greiðslur skiptast, en óskráð regla hefur verið að Bandaríkin greiða tuttugu prósent af slíkum sjóðum Sameinuðu þjóðanna. Hillary Clinton utanríkisráðherra Bandaríkjanna lofaði stuðningi í gær.




Hækkandi yfirborð sjávar hefur gert búsetu á Tulun nánast vonlausa:

# Við líðum fyrir ykkur

Bernard Turim fer fyrir 1.500 manna samfélagi á eyjunni Tulun. Hækkandi yfirborð sjávar hefur orðið til þess að fólk hans hefur oftsinnis þurft að flytja búferlum. Nú vill hann aðstoð við að steypa vegg umhverfis eyjuna til að verja hana ágangi sjávar. Hann segir eyjarskegga líða fyrir velmegun Vesturlanda.

„Þegar flæðir að fer sjórinn yfir ræktarlandið og þess vegna er ómögulegt að rækta nokkuð lengur,“ segir Bernard Turim. Hann er kominn langt að, heimkynni hans eru undan strönd Papúa Nýju-Gíneu í Suður-Kyrrahafi. Bernard býr á eyjunni Piul, í Tulun-eyjaklasanum, veiðir fisk og er höfðingi fólks síns.

Bernard var staddur í Kaupmannahöfn í boði dönsku iðnaðarsamtakanna. Sá sem gerði það að veruleika er danski ljósmyndarinn Björn Stig Hansen. Bernard segist mjög hrærður yfir að fá tækifæri til að segja sögu sína og þakklátur Birni.

„Það erum við sem finnum fyrir breytingunum. Sjórinn er búinn að eyðileggja strandlengjuna og gera okkur lífið óbærilegt. Hann hefur alveg eyðilagt akrana okkar og við getum ekki lengur plantað ávöxtum. Við lifum því á fiski og þurrum kókoshnetum, sem er ekki nógu fjölbreytt fæða. Fæðuöryggið er ekkert.“ Eyjarskeggjar eiga að fá hrísgrjónasendingu frá höfuðborginni, Bougainville, ársfjórðungslega, en mikill misbrestir er á því. Oft koma bara tvær sendingar á ári og í ár hefur aðeins ein borist.


**HÖFÐINGINN** Bernard biður um stuðning til að þjóð hans geti búið áfram í heimkynnum sínum. Hún takist á við afleiðingar aðgerða annarra þjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Þá breytir sjórinn jarðveginum í mýri sem dregur að sér moskítóflugur. Þær breiða síðan út malaríu og tengda sjúkdóma, sem eru orðnir mikið vandamál á svæðinu. Svona hefur þetta verið frá árinu 1988, að sögn Bernards.

Íbúar Tulun-eyja eru kallaðir Carterets, en eyjarnar eru stundum kallaðar Carteret-eyjar, eftir breska landkönnuðinum Philip Carteret sem var fyrsti Evrópumaðurinn til að stíga þar fæti árið 1767. Þeir eru taldir skyldir fólkinu í Buhna, á Papúa Nýju-Gíneu, en eru samt ekki velkomnir þar. Bernard hefur fengið að kenna á því, þar sem fólkið hans hefur í tvígang verið flutt til, meðal annars til Buhna.

„Það er alltaf litið á okkur sem útlendinga og við höfum lent í vandræðum með svokallaða „jarðeigendur“ sem eru okkur vondir. Þeir hafa hrakið okkur í burtu og ráðist á konurnar okkar. Samt vill sumt unga fólkið, sem á mörg börn, flytja vegna fæðuleysisins. Við hin eldri óttumst að með því missum við tengsl við landið okkar og menningu, heilaga staði og söguna.“

Bernard segir að fólk eigi að hlusta á sögu hans; fólkið hans takist á við afleiðingar vandamáls sem búið sé til annars staðar í heiminum. Hann óskar eftir aðstoð og telur að steypa verði vegg hringinn í kringum eyjuna til þess að fólkið geti búið heima hjá sér. Boðskapur hans til ráðstefnunnar í Kaupmannahöfn var einfaldur.

„Ykkur ber siðferðileg skylda til að hjálpa okkur. Við ollum ekki vandanum, en þurfum að takast á við hann.“ Spurður hvort þetta sé raunhæf lausn telur hann svo vera. Bandaríkjamenn hafi lent á tunglinu og Japanir reist flugvöll á hafinu. „Milljörðum er eytt í tækniframfarir og það hlýtur að vera hægt að hjálpa okkur.“

Þeir sem vilja fræðast frekar um Tulun eða styðja við bakið á eyjarskeggjum geta farið á heimasíðu Björns, www.bjornstighansen.com, en þar er að finna myndir og upplýsingar.


KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
skrifar frá Kaupmannahöfn
kolbeinn@frettabladid.is



Íslensk hönnun
Íslensk framleiðsla
mediline+
• Hægt að breyta stífleika dýnu
• Þarf ekki að snúa
• Lagar sig fullkomnlega að líkamanum
• Styður þétt við bak og mjóhrygg
• Hægt að taka dýnuver af og þvo
• Möguleiki á tveimur mismunandi stífleikum í sömu dýnunni
mediline+
heilsurúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 121.936
Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.
Gæða rúm á góðu verði
LYSTADÚN Marco
í 60 ár
Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 188.240
Innifalið: Rúm, náttborð, mediline+ heilsudýna.
Stillanlegt Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 341.840
Innifalið: Rúm, náttborð, bluconfort rafmangsbotn og mediline+ heilsudýna.
Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði
MasterCard VISA
Frábærar Jólagjafir
Unglinga heilsurúm 120x200
Margar stærðir og stífleikar
Jólatilboð verð frá kr. 94.288
Heilsukoddar Jólatilboð kr. 8.560
100% hrein andadúnsæng 140x200 cm
Jólatilboð kr. 21.520
Moltex
Rúmteppi og púðar, mikið úrval
20% afsláttur til jóla
Satin og Damask
Sængurverasett mikið úrval og margir litir
Jólatilboð, verð frá kr. 3.825
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
OPIÐ TIL KL 20.00 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

## „ORÐRÉTT“

### Flottur í tauinu

**„Ég sagði við þá: Ég er ekki að fara að leggjast í drulluna, strákar, hvað er að ykkur?“**

JÓN HILMAR HALLGRÍMSSON SEM SÉRSVEITARMENN HANDTÓKU HVÍTKLÆDDAN Í STÓRA VASALJÓSS-MÁLINU.

**Fréttablaðið, 17. desember**

### Gakktu þá í skátana, maður

**„Ég hef alveg komið við sögu lögreglu áður, en það er langt síðan. Ég er með nokkur tattú og er ekki í skátunum, en mér fannst sérsveitin fara fullharkalega að mér.“**

SAMI JÓN HILMAR.

**Fréttablaðið, 17. desember**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANDRÉS INGI JÓNSSON UPPLÝSINGARFULLTRÚI

## Hátíð á hátíð ofan



„Þessa vikuna hef ég verið á fullu í að miðla fréttum af loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn og því sem helst hefur á daga umhverfisráðherra drifið,“ segir Andrés Ingi Jónsson, nýbakaður upplýsingafulltrúi í umhverfisráðuneytinu. „Nýja starfið bar býsna brátt að, en upplýsingafulltrúi ráðuneytisins er í feðraorlofi næstu mánuðina. Ég stökk á tækifærið, enda spennandi verkefni og málaflokkur sem ég hef mikinn áhuga á.“

Það verður mikið um gleði á heimili Andrésar um helgina, tvöföld hátíð ef svo má segja. „Konan mín fagnar þrítugsafmæli, sem verður gert með því að drekka kokkteila með jólaþema og skreyta íbúðina eftir kúnstarinnar reglum. Þetta er reyndar í fyrsta sinn sem við höldum saman upp á jólin á sama staðnum tvö ár í röð, eftir að hafa flutt nokkuð oft síðustu árin. Svona geta smáatriðin skipt máli – en það er ótrúlega notalegt að taka skrautið upp úr kössunum í sömu íbúðinni og maður setti það ofan í kassana ári fyrr.

Á sunnudaginn ætlum við svo að halda upp á eins árs brúðkaupsafmæli – en við giftum okkur á afmælisdaginn hennar Rúnu í fyrra.“

Jólaundirbúningurinn hefur staðið býsna lengi þetta árið, að sögn Andrésar. „Við ætlum bara að vera tvö á aðfangadag, en alveg án þess að slá slöku við í veisluhaldinu. Síðustu vikurnar hefur jólamatseðillinn undið upp á sig, þannig að nú stefnir í átta rétta kvöldverð eins og á fínasta veitingahúsi. Ætli við höfum nokkurn tíma til að taka upp pakkana?“

## FRÓÐLEIKUR
### JÓLATRÉ OG GJAFIR

■ Árni Björnsson þjóðháttafræðingur segir í bók sinni Saga daganna að jólatré breiddust upphaflega út frá mótmælendum í Þýskalandi. Einstaka grenitré tók að berast til Íslands á síðari hluta 19. aldar en slík jólatré urðu ekki algeng fyrr en um síðari heimsstyrjöld. Þangað til var hérlendis oftast notast við heimasmíðuð tré. Jólagjafir tíðkuðust ekki hérlendis fyrr en seint á 19. öld, og voru sumargjafir öldum saman almennari. Hins vegar fékk vinnufólk og heimilismenn sitthvað klæðakyns fyrir jólin sem eins konar launauppbót. Tengdar því eru sagnir um jólaköttinn, sem á sér ættingja í nautslíki við Eystrasalt og annan af geitarkyni í Noregi.

**TUNGUTAK**

## Þú veist nú hvernig tískan er í dag

**■ Fyrir tveimur árum efndu Námsgagnastofnun og Íslensk málstöð – Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til keppni í nýyrðasmíð. Hlutskarpast varð orðið „tískuviti“, sem er þýðing á enska orðinu „trendsetter“. Það er haft um þá sem móta nýja strauma og stefnur í heimi tískunnar, einkum með frumlegum klæðaburði eða stíl.**

**Þetta er ágæt tilraun en orðið tískuviti hefur aftur á móti ekki fest sig í sessi eins og leit á Google ber vitnisburð um. Ástæðan er mögulega sú að orðið tískuviti fangar ekki fyllilega hugtakið„trendsetter“. Það minnir á orð á borð við menningarvita, þann sem kann skil á nýjustu straumum og stefnum. Tískuvitinn, eða tískulöggan eins og slíkir einstaklingar eru stundum kallaðir, getur þannig reynt að hafa vit fyrir öðrum í fatavali og jafnvel afstýrt tískuslysum, en hann markar ekki endilega stefnuna. Það er eitt að hafa vit á hlutunum, annað að vera frumkvöðull og fyrirmynd.**

**Önnur orð eru ef til vill betur til þess fallin að lýsa hugtakinu „trendsetter“ á íslensku. Hér koma þrjár tillögur:**

**Stílryðjandi, samanber brautryðjandi. Sá sem ryður ákveðnum stíl eða tísku til rúms.**

**Stíltogi, samanber leiðtogi. Orðið er þjálla en tillagan á undan og skýrir sig sjálft.**

**Straumvaldur, samanber örlagavaldur. Kannski formlegra en tillagan á undan, sem gæti komið í veg fyrir að það geri sig gildandi í hversdagsmáli.**

**-bs**











# Gerði doktorsverkefni um dvergstjörnur

**Anna S. Árnadóttir varði doktorsritgerð sína í stjarneðlisfræði í Svíþjóð í lok síðasta mánaðar. Nú er hún komin til Íslands og ætlar að kynna ritgerð sína fyrir áhugasömum í Háskóla Íslands í dag.**

„Ég er búin að vera í námi við stjörnuskoðunarstöðina í Lundi, við Lundarháskóla. Þar er ég búin að sitja í fimm ár og grúska í þessum stjörnum mínum,“ segir Anna. Hún lauk námi í Menntaskólanum við Sund sem dúx vorið 1999 og hélt rakleiðis til Kanada þar sem hún lauk bæði grunn- og meistaranámi. Þaðan fluttist hún til Svíþjóðar.

Anna hefur verið að skoða ákveðnar dvergstjörnur. „Ég reikna fjarlægðina til þessara stjarna og hversu mikið af þungum frumefnum hver stjarna hefur. Með því að vita það og hvar hver stjarna er í okkar vetrarþoku get ég athugað til dæmis hvernig þéttleiki stjarna breytist með hæð yfir vetrarbrautarskífunni. Eða hvernig magn þungra frumefna breytist með hæð yfir vetrarbrautarskífunni eða fjarlægð frá miðju vetrarbrautarinnar. Með því að skoða stjörnur hef ég verið að skoða vetrarbrautina. Um þetta snýst doktorsverkefnið,“ segir Anna, en hún skoðar stjörnurnar í stórum stjörnukíkjum víðs vegar um heiminn. Slíkur stjörnukíkir er ekki til á Íslandi.

Anna er stödd á Íslandi í jólafríi og segist nýta tímann til að slappa af. Hún er þó ekki aðeins í fríi því hún ætlar að kynna doktorsverkefnið sitt fyrir áhugasömum í Háskóla Íslands í dag. Fyrirlesturinn fer fram í VR-2 og hefst klukkan 15.

thorunn@frettabladid.is



**STJARNEÐLISFRÆÐINGURINN** Anna hefur stundað nám og rannsóknir í stjarneðlisfræði síðustu tíu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tveir nýir milljónamæringar voru dregnir út hjá Lottó á laugardag:

# Nýbakaður milljónari æpti af gleði

Tveir nýir milljónamæringar komu til Íslenskrar getspár með Lottómiða sem gáfu hvor um sig rúmlega 30 milljónir í vinning í fyrradag.

Annar er öryrki á fertugsaldri sem hefur verulega skerta starfsorku og hefur ekki lengur getu til að vera á vinnumarkaðinum. Hann hafði boðið móður sinni á rúntinn í Vesturbænum og þegar þau keyrðu Ægissíðuna ákvað hann að koma við á N1 og kaupa fimm tíu raða Lottómiða, að því er segir í tilkynningu frá Íslenskri getspá. Maðurinn vissi sem var að hann væri hvort eð er að styrkja gott málefni og auðvitað væri smá von um vinning. Maðurinn horfði á útdráttinn í sjónvarpinu um kvöldið en það var ekki fyrr en eftir miðnætti sem hann leit á textavarpið og sá á fjórða miðanum sem hann skoðaði að hann var með þrjár réttar tölur.

Þegar maðurinn skoðaði svo miðann enn betur reyndist hann hafa allar fimm tölurnar réttar. „Hann öskraði upp og hljóp inn í herbergi til móður sinnar sem hélt að eitthvað alvarlegt hafði gerst en það var mikil gleði þegar hann sagði henni að hann hefði unnið 30 milljónir í Lottó,“ segir í tilkynningu frá Lottó. Vinningshafinn ætlar að hugsa vel hvað hann gerir við peninginn en ætlar að byrja á að kaupa sér sjálfskiptan bíl sem hann getur ferðast á um landið.

Hinn vinningshafinn keypti sér miða í Samkaup Strax á Flúðum. Þetta er fjölskyldumaður með tvö börn og býr fjölskyldan í höfuðborginni en var í helgarferð í sumarbústað á Flúðum. Það var ekki fyrr á sunnudagskvöldið, á leiðinni heim, að þau skoðuðu miðann. Maðurinn hafði heyrt í útvarpinu að annar vinningsmiðinn hefði verið seldur á Flúðum og reyndist það vera miðinn hans.




**LOTTÓ** Vinningshafarnir fengu þrjátíu milljónir í sinn hlut.

Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

## Einfalt að skila og skipta!




1. sæti** Barnabækur
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Leiðb. verð 4.990,-




2. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Leiðb. verð 6.990,-




1. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-




4. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Leiðb. verð 5.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Leiðb. verð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Leiðb. verð 4.990,-




8. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Leiðb. verð 6.990,-






30%* afsláttur
TILBOÐ 2.440
Leiðb. verð 3.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Leiðb. verð 3.290,-




4. sæti** Barnabækur
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.720
Leiðb. verð 3.890,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-




8. sæti** Almennt
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.190
Leiðb. verð 5.990,-



* Afsláttur reiknast af almennu verði eða leiðbeinandi verði.
** Samkvæmt metsölulista mbl. 13. desember

Gildir 18.-20. desember


30-70% afsláttur
af vinsælum bókum
OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD til jóla
BÖÐVAR GUÐMUNDSSON
Enn er morgunn
6. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Leiðb. verð 5.680,-
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
Horfðu á mig
3. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-
Helgi Björnsson
JÖKLAR Á ÍSLANDI
30%* afsláttur
TILBOÐ 13.990
Leiðb. verð 19.990,-
5. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.540
Leiðb. verð 6.490,-
Sá á skjöld hvítan
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.880
Leiðb. verð 5.980,-
Elfa
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.890
Leiðb. verð 5.990,-
Milli mjalta og messu
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Leiðb. verð 5.480,-
Elín Albertsdóttir
Íslenska UNDRABARNIÐ
Saga Þórunnar Ashkenazy
3. sæti** Ævisögur
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.890
Leiðb. verð 5.990,-
MAGNÚS EIRÍKSSON
REYNDU AFTUR
ÆVISAGA
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.190
Leiðb. verð 5.990,-
70%* afsláttur
TILBOÐ 600
Alm. verð 1.999,-
rósa guðbjarts
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Leiðb. verð 5.490,-
Áritun föstud. 19. des.
Kringlunni kl. 15:00
Smáralind kl. 16:30
DAN BROWN
TÝNDA TÁKNIÐ
2. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.480,-
SÍÐUSTU DAGAR MÓÐUR MINNAR
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.490,-
stefán máni
HYLDÝPI
8. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
HARMUR Englanna
9. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Leiðb. verð 5.680,-
50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**FRÉTTAVIÐTAL:** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri

# Ég hef áhyggjur af þessari þjóð

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur ákveðið að taka ekki þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á ári komanda og kveður borgarmálin eftir 28 ára starf. Hann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum innan borgarkerfisins og sat sem borgarstjóri í sextán mánuði. Þess utan starfaði Vilhjálmur sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í sextán ár.

Það er nærtækt að spyrja mann, sem hefur varið starfsævinni í þjónustu við sveitarfélag eins og Reykjavík, hvað er honum efst í huga af þeim verkefnum sem hann hefur glímt við í gegnum árin. Hiklaust segir Vilhjálmur það vera starf í þágu eldri borgara og ekki síst byggingu þjónustuíbúða og þjónustumiðstöðva, sem nú eru fjölmargar. „Ég er stoltur af því að hafa fengið að taka þátt í því að leiða þessa uppbyggingu sem hefur tekist afskaplega vel," segir Vilhjálmur.

*En hvernig var bæjarbragurinn þegar þú settist fyrst á stól borgarfulltrúa?*

„Ég náði inn sem aðalmaður í borgarstjórnarkosningunum 1982 og þá var Reykjavík ekki eins og hún er í dag. Þá var þetta kannski meiri bær en borg. Það var til dæmis að mitt fyrsta hlutverk var formennska í skipulagsnefnd. Þá hafði setið vinstri stjórn í borginni í eitt kjörtímabil og mikið deilt um það hvort byggja ætti upp við Rauðavatn eða hvort nema ætti land í Grafarvogi. Þar voru bara eitt eða tvö hús á þessum tíma sem er í dag um 20 þúsund manna byggð. Við gengum um þetta land ég, Markús Örn Antonsson og Þórður Þorbjarnarson borgarverkfræðingur á þessum tíma og töluðum um framtíð svæðisins. Þegar ég lít þarna yfir í dag hugsa ég til þeirra breytinga sem hafa orðið á þessum tíma."



**BORGIN KVÖDD** Vilhjálmur hefur sinnt borgarmálum í tæpa þrjá áratugi og gegndi formennsku fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga í sextán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilhjálmur segir að stjórnmálin hafi verið að sumu leyti öðruvísi en í dag. Í grunninn séu verkefnin þó þau sömu og áður. „En þá voru menn ekki algjörlega uppteknir af tölvupósti og bloggi. Nú sitja menn á fundum sokknir ofan í tölvuna sína. Á fundum borgarstjórnar og borgarráðs er ekki horft til þeirra sem eru að tala heldur eru menn að athuga hvort verið sé að fjalla um þá, hvað sé að frétta og semja bókanir. Það jákvæða við tæknina er auðvitað að upplýsingaflæðið til borgarbúa hefur aukist. Áður var þetta lokað og upplýsingar af skornum skammti um stjórnsýsluna og þjónustu borgarinnar. Þá var borgarkerfið hálfgert völundarhús sem fáir rötuðu um. Umræðan í borgarstjórn hefur samt lítið breyst og átökin eru af sama meiði. Þetta snýst um hefðbundinn rekstur sveitarfélagsins."

Vilhjálmur tók upp fasta viðtalstíma fljótlega eftir að hann byrjaði sem borgarfulltrúi. Fram til þess tíma var borgarstjóri sá sem hafði haft fasta viðtalstíma. „Þetta hefur verið nefnt fyrirgreiðslupólitík og gert lítið úr því að stjórnmálamenn hefðu eðlileg samskipti við sína umbjóðendur. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta sé ómissandi hluti af okkar störfum; að vera í góðu sambandi við fólk. Það þarf að leiðbeina. Margir þekkja ekki sinn rétt en þurfa aðstoð. Þetta snýst ekki um að verið sé að hygla flokksgæðingum eins og margir vilja halda fram. Ég held að þeir sem velja þennan starfsvettvang vilji láta gott eftir sig liggja, og það verður betur gert með persónulegum samskiptum við þá sem þurfa stuðning."

*Hvaða samferðamenn í borgarmálunum eru þér eftirminnilegastir?*

„Albert Guðmundsson er mér mjög minnisstæður. Hann var mér samferða í borginni í eitt ár áður en hann varð ráðherra. Hann var áhugaverður karakter og þó hann væri frekur þá þótti mér vænt um karlinn. Hann er einn duglegasti maður sem ég hef kynnst og hann mátti ekkert aumt sjá. Hann vildi ganga hratt í verkin þó að borgarkerfið byði ekki alltaf upp á það. Öll mál þurfa að fá eðlilega meðferð en hann setti það ekki alltaf fyrir sig.

Davíð Oddsson settist í stól borgarstjóra þegar Vilhjálmur hóf störf sem borgarfulltrúi, en Davíð hafði sigrað Albert Guðmundsson í prófkjöri. Vilhjálmur starfaði því náið með Davíð í tæpan áratug á vettvangi borgarinnar. „Davíð er minnisstæðastur þeirra sem ég hef starfað með. Hann er atorkusamur með afbrigðum og gott að vinna með honum. Hann er fljótur að hugsa og taka ákvarðanir. Hann var auðvitað stjórnsamur en það var ekki þannig að hann væri með svipuna á hópnum og bakkaði oft með sínar hugmyndir og tillögur. En hann var djarfur, treysti fólki og var óhræddur við að deila út verkefnum."

Af andstæðingum telur Vilhjálmur Sigurjón Pétursson og Alfreð Þorsteinsson í sérflokki. Þeir hafi barist hart en vinátta myndaðist um síðir. „Við deildum afar hart, ég og Sigurjón. Hann var flugmælskur og rökfastur. Hann kynnti sér öll mál vel og átti gott með að koma hugsunum sínum í orð. Við lærðum hvor á annan með tímanum og þegar sveitarfélögin tóku yfir rekstur grunnskólans þá bauð ég honum starf. Ég var spurður hvort hann væri ekki trésmiður en svaraði því til að hann væri maðurinn sem okkur vantaði. Hann vann traust allra sem hann vann með. Það vita svo allir að við Alfreð erum vinir. Hann er reynslubolti og framkvæmdamaður, kannski refur í stjórnmálum eins og margir segja. En hann kom aldrei í bakið á mér nokkurn tíman."

*Hvað með þá sem hafa staðið okkur nær í tíma? R-lista-árin og samstarfið við Ólaf F. Magnússon.*

„Ólafur er hugsjónamaður. Hann hefur alltaf verið sjálfum sér samkvæmur en ekki alltaf átt samleið með öðrum. Þarna er ég að tala um málefnin. Mér hefur fundist hann grimmur í árásum á ýmsa samherja sína, sérstaklega á síðustu árum."

*Voru það ekki mistök að fara í samstarf með Ólafi?*

„Mistök og mistök ekki. Alla vega náðum við meirihluta á nýjan leik undir forystu sjálfstæðismanna og við værum ekki í meirihluta í dag ef ég, og aðallega Kjartan Magnússon, hefðum ekki beitt okkur fyrir þessu. Það er síðan ljóst að Samfylkingin og Vinstri grænir urðu fyrir algjöru sjokki þegar þetta gerðist og allt fór á fulla ferð. Í framhaldinu var Ólafur einfaldlega lagður í einelti, og fjölmiðlar tóku þátt í því. Samstarfið gekk ekki nægilega vel og það var myndaður nýr meirihluti með Framsóknarflokknum. En það er skýrt í mínum huga að ef við hefðum ekki myndað meirihluta með Ólafi á þessum

> Í prófkjörum segja menn eitt og annað en við Gísli höfum alltaf talað saman. Bak við tjöldin var tvímælalaust unnið gegn mér, það er eðli málsins. Ég varð þó ekki var við að það væri reynt að sverta mig persónulega.

tíma þá sætum við ekki í meirihluta. Dagur B. Eggertsson væri borgarstjóri. Þess vegna var það gæfuspor að mál þróuðust á þennan veg og þrátt fyrir óróa í tengslum við stjórnarskipti og REI-málið þá má fólk setja það í samhengi við það sem gengur á í sölum Alþingis. Þetta voru hreinir smámunir miðað við það. Þetta hafði svo engin áhrif á fjármálastjórn borgarinnar. Borgin stendur vel miðað við það áfall sem hrunið er."

*En er hægt að kalla þetta óróa í borgarmálum. Það var allt kolvitlaust mánuðum saman?*

„Allt kolvitlaust? Það getur verið enda voru ákveðin öfl innan Samfylkingar og VG sem komu af stað ólátum og beittu fjölmiðlum fyrir sig til þess. Það fór ekkert á milli mála hverjir stýrðu þessum látum öllum. Það skýrðist af gríðarlegri gremju og ofsa yfir því að missa meirihlutann. Það var hins vegar öllum ljóst að 100 daga meirihlutinn var dæmdur til að verða skammlífur. Það er hægt að draga upp þá mynd að allt hafi verið vitlaust en í þessu húsi hélt fólk áfram að vinna og hafði stjórn á öllu. Það er einfaldlega rangt að allt hafi verið hér í upplausn eins og fullyrt hefur verið."

*Hvað um valdatíma Reykjavíkurlistans. Hvaða sýn hefur þú á það tímabil?*

„Þessi tími einkenndist af sífelldum breytingum á stjórnsýslunni. Það var leitað fullkomnunar sem var ekki til og þetta var sannarlega ekki til góða. Þetta gekk þó bærilega framan af en brotalamirnar komu svo í ljós. Alfreð var lykilmaður og hélt þessu saman. Hann var aðstoðarborgarstjóri, má segja. Hann hefur ábyggilega

FRAMHALD Á SÍÐU 30





Jóla
Skósprengja
ecco
LLOYD
ara
PETER KAISER
Reebok
40%
afsláttur
ÖNNUR SÉRTILBOÐ
Opið alla helgina
Vörur frá
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað



alla laugardaga

## Helgarblaðið:

Fer ekki í sund sem Georg Bjarnfreðarson
- Dr. Gunni hittir Jón Gnarr og reynir að komast nær kjarna snilldarinnar.

Yrkti sig út úr tilfinningakrísunni
- Bréf til næturinnar, fyrsta ljóðabók skáldkonunnar Kristínar Jónsdóttur á Hlíð, er opinská ástarsaga sem teygir sig yfir tuttugu ára tímabil.

Hvað gerðist í Kaupmannahöfn?
- Ítarleg umfjöllun um loftslagsráðstefnuna og viðtal við umhverfisráðherra.

Hrunið er markverðast
- Yfirlit yfir merkilegustu atburði Íslandssögunnar undanfarinn áratug.



## Matur:

Forskrift að framandi jólum
- Óvenjulegir og gómsætir forréttir. Vestfirskt á veisluborðið. Hveitikökur með girnilegu áleggi.

Allt sem þú þarft






**SAT Á FRIÐARSTÓLI** Vilhjálmur var óumdeildur lengst af sinnar tíðar í borgarpólitík. Síðasta kjörtímabil hans einkenndist hins vegar öðru fremur af átökum, ekki síst við sína eigin flokksmenn. Hann var borgarstjóri í sextán mánuði, mun skemur en vonir hans stóðu til. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FRAMHALD AF SÍÐU 28**

bjargað mörgum vandræðamálum sem almenningur hefur aldrei frétt af.“

*Þið eruð vinir. Þú hlýtur að vísa í eitthvað sem hann hefur sagt þér.*

„Ef hann hefur trúað mér fyrir einhverju, þá get ég ekki sagt frá því. Það voru nokkur mál sem ég fylgdist með og gerði mér grein fyrir að hann var viðgerðarmaðurinn í hópnum. Ég vil ekki taka nein dæmi. Árni Þór Sigurðsson var líka kjölfesta í samstarfinu með Ingibjörgu Sólrúnu sem er afar hæfur stjórnmálamaður. Það verður ekki af henni skafið. Ingibjörg stýrði þessum hópi vel, ef hlutlaust er litið á málið, og hann hélt vel saman fyrstu tvö kjörtímabilin. Síðan fór þetta allt úr límingunum. Það sem fór í taugarnar á mér var seinagangurinn, allar yfirlýsingarnar og ákvarðanafælnin. Það var talað um að uppbygging í borginni væri til fyrirmyndar en fólk flutti engu að síður inn í skólalaus hverfi.“

*Hvað um prófkjörsbaráttuna gegn Gísla Marteini, sem var hatrömm.*

„Baráttan var kannski ekki hatrömm eða illvíg, en þetta var harður slagur. Í prófkjörum segja menn eitt og annað en við Gísli höfum alltaf talað saman. Bak við tjöldin var tvímælalaust unnið gegn mér, það er eðli málsins. Ég varð þó ekki var við að það væri reynt að sverta mig persónulega.

*Er rétt að þú hafir boðið Gísla samning um að hann tæki annað sætið á listanum og hann myndi setjast í stól borgarstjóra að tveimur árum liðnum?*

„Nei, við Gísli ræddum þetta aldrei. En ég hefði vel getað séð það fyrir mér að við hefðum spilað þetta með einhverjum slíkum hætti. Mér fannst þetta mjög bratt hjá Gísla, að ætla sér þetta á þessum tíma. Gott og vel, Gísli er duglegur og hafði stuðning ákveðinna afla innan flokksins, svo þetta er skiljanlegt. Það voru ákveðin öfl innan flokksins að verki og það tókust á hópar manna með ólíkar skoðanir. En það var aldrei reynt að semja með einhverjum hætti á meðan á prófskjörsbaráttunni stóð. Ekki eitt orð féll um það.“

*Þú varst búinn að vera lengi borgarfulltrúi og hafðir gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn yfir langt tímabil. Sárnaði þér ekki að fá ekki fyrsta sætið án mótframboðs? Upplifðir þú mótframboðið sem vantraustsyfirlýsingu á þig?*

„Auðvitað var ég að vona að ég fengi sætið án mótframboðs en ákveðnum aðilum hugnaðist það ekki. Það voru vinir Gísla, eins og Sigurður Kári, Hannes Hólmsteinn og sá hópur. Það er ekkert laungarmál að það voru áhrifamenn innan Sjálfstæðisflokksins sem vildu mig ekki sem borgarstjóra. Ég fann fyrir andstöðunni en mér fannst það ekki erfitt. Ég hef lent í sjávarháska og komist lífs af. Það er ekkert sem hræðir mig þannig. Það getur enginn ógnað mér eða haft áhrif á mig með einhverjum óheiðarlegum hætti.“

*Hannes Hólmsteinn Gissurarson er náinn vinur Davíðs Oddssonar. Stóð Davíð á bak við þetta?*

„Nei, ég held að Davíð hafi ekkert skipt sér af þessu. Ég er sannfærður um það.“

*Það verður ekki komist hjá því að spyrja þig sérstaklega um kjörtímabilið sem er að líða. Fjórir meirihlutar í borginni, REI-málið og svo framvegis. Hverjir af sexmenningunum svokölluðu reyndust þér vel og hverjir reyndust þér illa? Hvernig lítur þetta tímabil út í baksplinum?*

„Samstarf mitt við Júlíus Vífil og Kjartan Magnússon á sér langa sögu. Við höfum alltaf verið nánir og ég hef þekkt þá lengur en aðra í hópnum. Ég tel nokkuð víst að þeir hafi stutt mig í prófkjörinu. Ég veit ekkert hvar Hanna Birna stóð þó þau séu auðvitað góðir vinir hún og Gísli og Tobba.

En ég get sagt að það var atast gríðarlega í mér á þessum tíma. Það þarf sterkar taugar; sterkan einstakling til standa svona af sér. Það var margt í þessu máli ógeðfellt og mikið um ósannindi og útúrsnúninga. Ég hafði ekkert brotið af mér eða skaðað nokkurn mann. Þess vegna fannst mér margir þættir í þessu afar grófir. Það má nefna málflutning Morgunblaðsins sem var vægast sagt æsingakenndur. Ég sá ekkert frá þeim góðu mönnum eftir að ég birti grein hjá ykkur um þetta mál allt. Ekki einu sinni Agnesi Bragadóttur, sem reyndar var með ritstjóra yfir sér á þessum tíma. Það fór af stað ákveðin atburðarás sem varð nokkurn vegin stjórnlaus í sambandi við þetta REI mál en ég hef aldrei skrifað undir þetta sexmenningatal. Þetta er sérmál sem verður ekki gert upp núna. Það er að koma prófkjör og kosningar. Ég er ekki hefnigjarn maður.

*En langrækinn?*

„Nei, en ég get verið langminnugur.“

*Afsögn þín sem oddviti borgarstjórnarflokksins batt enda á mikið spennuástand innan borgarstjórnarflokksins og flokksins alls í Reykjavík. Hverjir voru það sem beittu sér helst fyrir því að þú stigir til hliðar á þeim tíma?*

„Ég ákvað einn og óstuddur að kalla til fundar. Ég hringdi í Hönnu Birnu hálftíma áður og sagði henni að ég myndi leggja til að hún yrði oddviti en ég forseti borgarstjórnar. Það beitti sér enginn fyrir því að ég stigi til hliðar.

Á þessum tíma lagði ég sem oddviti mikla áherslu á að friður ríkti. Menn hafa talað um að friður hafi komist á eftir að Hanna Birna tók við. En ég tel mig hafa lagt mitt á vogaskálarnar. Ef ég væri refur og hefnigjarn þá hefði verið minnsti vandi fyrir mig að halda hér uppi heilmiklum ófriði. Það er ekki erfitt. En ég lagði áherslu á að fólk myndi vinna saman. Auðvitað voru einhverjir sem vildu engan frið. Það hefur lítið komið fram um það að það var ég sem beitti mér fyrst og fremst fyrir því að það ríkti friður í hópnum. En það er ánægjulegt fyrir mig að Hanna Birna stendur sig vel og hún á framtíð fyrir sér. Ég veit ekki hversu lengi hún stoppar í borgarmálunum en hún verður í hópi þeirra sem munu leiða Sjálfstæðisflokkinn.“

*Voru það ekki gríðarleg vonbrigði fyrir þig persónulega hvernig mál þróuðust? Meiri en þú sýndir á sínum tíma?*

„Auðvitað voru þetta vonbrigði og ég var ekki sáttur. Mér gekk vel í starfi sem borgarstjóri. En ég hef mætt erfiðleikum á lífsleiðinni og var vel undir þetta búinn. Allavega betur en margur annar. Þegar ég lít til baka þá undrast ég hvað ég var í raun rólegur.“

*Því hefur verið fleygt að þú getir hugsað þér að fara í sérframboð í næstu borgarstjórnarkosningum. Er eitthvað hæft í því?*

„Ég er ekki að fara í framboð. Þá þyrfti flokkurinn minn að koma fram með stefnumál sem væru mér mjög á móti skapi. Ég hef verið í Sjálfstæðisflokknum í 45 ár og ég færi ekki gegn honum nema mér yrði verulega misboðið.“

> Ef ég væri refur og hefnigjarn þá hefði verið minnsti vandi fyrir mig að halda hér uppi heilmiklum ófriði. Það er ekki erfitt.

*Tengdasonur þinn [Geir Sveinsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði í handbolta] er að fara í framboð og býður sig fram í annað sætið. Er það ekki svolítið bratt hjá honum, svona í fyrstu atrennu?*

„Það á enginn þetta annað sæti. Aðkoma Geirs gerir þetta prófkjör mjög spennandi því margir sækjast eftir þessu sæti. Ég held að hann hafi gert prófkjörið meira spennandi. Mér finnst of fáir gefa kost á sér í þetta prófkjör flokksins. Það eru bara átján sem ætla að taka slaginn og þrettán þeirra voru fyrir. Þetta er ekki mikill áhugi, en kannski vill ungt fólk ekki helga stjórnmálum líf sitt á þeim tíma sem hæst er kallað eftir endurnýjun. Nei, þetta er ekki bratt. Geir er kappsmaður og aðkoma hans að þessu prófkjöri lýsir vel hans skapgerð.“

*Af hverju fórstu aldrei í landsmálin með alla þessa reynslu í stjórnmálum?*

„Það kom til greina fyrir þingkosningarnar 2003 eftir að ég hafði sest inn á Alþingi sem varaþingmaður. En ég hafði einfaldlega meiri áhuga á sveitarstjórnarmálum og tók þau fram yfir.“

*Hvað er fram undan? Ætlar þú að skrifa endurminningar þínar?*

„Ég á örugglega eftir að gera það. Ég hef frá ýmsu að segja; farið víða og kynnst mörgum. Ég hef mikla reynslu sem getur nýst víða, um það er ég sannfærður. En ég ætla fyrst og síðast að einbeita mér að fjölskyldunni og forgjöfinni. Barnabörnunum fjölgar hratt og þar er í nógu að snúast. Ég er eins sáttur og hægt er að vera en hef áhyggjur af þessari þjóð.



FRÉTTAVIÐTAL
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is




# STERKAR KONUR

**Stórfróðleg bók um 33 konur** í veraldar- og Íslandssögunni sem settu mark á samtíð sína, voru brautryðjendur og létu ekki hlut sinn svo auðveldlega þegar kom að breytingum og völdum. Í bókinni **Merkiskonur sögunnar** bregður **Kolbrún Ingólfsdóttir** lifandi ljósi á kvenskörunga fyrri alda í áhugaverðri bók sem á brýnt erindi við konur á öllum aldri.

*„Útkoma bókarinnar er gleðiefni, ekki síst fyrir yngri kynslóðir kvenna sem brýnt er að sæki sjálfsmynd sína í sterkar konur.“*
*- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, stjornmalogstjornsysla.is*

*„Ég fagna þessu riti og vil að það verði sett inn í man(n)kynssögukennslu.“*
*- Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir, midjan.is*

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 49 **Velta:** 206,5 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
816 **+0,80%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | 2,37% | **HB GRANDI** | -25,71% |
| **FØROYA BANKI** | 0,39% | **MAREL** | -0,16% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 166,00 +0,00% ... Bakkavör 1,95 +0,00% ... Føroya Banki 128,00 +0,39% ... Icelandair Group 3,65 +0,00% ... Marel 63,50 -0,16% ... Össur 151,00 +2,37%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Bernanke áfram bankastjóri

Meirihluti bankamálanefndar bandaríska öldungadeildarþingsins samþykkti í gær tillögu þess efnis að Ben Bernanke, bankastjóri bandaríska seðlabankans, yrði ráðinn til að sitja áfram næstu fjögur árin.

Bernanke tók við af Alan Greenspan í byrjun árs 2006 og rennur ráðningarsamningur hans út í byrjun næsta árs. Þegar hann var tilnefndur sem eftirmaður Greenspans haustið 2005 var einn meðlima bankamálanefndarinnar á móti því. Sex fleiri öldungadeildarþingmenn höfðu bæst í hópinn í gær.



**SEÐLABANKASTJÓRINN** Ben Bernanke, seðlabankastjóri í Bandaríkjunum, er sagður hafa siglt örugglega í gegnum fjármálakreppuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bernanke, sem bandaríska vikuritið Time krýndi mann ársins í vikunni, er sagður hafa siglt bandarísku þjóðarskútunni af öryggi í gegnum fjármálakreppuna og komið í veg fyrir brotlendingu hagkerfisins. Hann hefur hins vegar verið harðlega gagnrýndur jafnt úr röðum demókrata sem repúblikana fyrir kostnaðarsama björgun banka og fjármálafyrirtækja og fyrir að vera seinn til að reisa varnir gegn áhrifum fjármálakreppunar á landsmenn. **- jab**

# Óbreyttir vextir vestanhafs

Bandaríski seðlabankinn ákvað á miðvikudag að halda stýrivöxtum óbreyttum við núll prósent. Líklegt er að vextir haldist þar næstu mánuði. Í rökstuðningi sagði bankastjórnin að fasteignamarkaðurinn hefði lagast frá því sem áður var auk þess sem vísbendingar væru um að einkaneysla væri að lifna við.

Seðlabankar víða um heim nema hér tóku að lækka vexti hratt haustið 2007 þegar tak fjármálakreppunnar tók að herðast. Bandaríska stórblaðið Wall Street Journal hefur eftir fjármálasérfræðingum að þegar efnahagslífið verði komið á réttan kjöl megi reikna með fimmtíu punkta vaxtahækkun. Óvíst er hvenær það verður. **- jab**



**STJÓRNIN RÆÐIR MÁLIN** Skýrsla fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum næstu fjögur ár er á öndverðum meiði við niðurstöður tveggja bandarískra prófessora í hagfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lægri útgjöld skárri en skattahækkanir

Heppilegra er að skera niður útgjöld hins opinbera til að efla hagvöxt til langframa og bæta skuldastöðu ríkisins en hækka skatta. Þá eru skattaívilnanir líklegri til að koma hagkerfinu á réttan kjöl og draga úr hallarekstri hins opinbera en aðrar aðgerðir sem eiga að hvetja til einkaneyslu.

Þetta er niðurstaða umfangsmikillar samanburðarrannsóknar Alberto Alesina og Silvia Ardagna, kunnra prófessora í hagfræði við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, á viðbrögðum við miklum og snörpum hallarekstri í 21 landi sem aðild á að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Þar á meðal eru Danmörk, Svíþjóð, Noregur og Finnland. Ísland er ekki á meðal þeirra landa sem rannsóknin nær til.

Rannsóknin var birt í ágúst og byggir á gögnum sem ná yfir 37 ára tímabil, frá 1970 til 2007. Eftir því sem næst verður komist hafa afrit af rannsókninni ratað á borð sendifulltrúa AGS á Íslandi auk Efnahags- og skattanefndar Alþingis.

Niðurstöðurnar eru þvert á niðurstöður skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum næstu fjögur ár og þær tillögur í skattamálum sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Í skýrslu ráðherra segir meðal annars að fræðilegar kenningar og athuganir með þjóðhagslíkani bendi til að lækkun útgjalda hafi neikvæðari áhrif á framleiðslustig og dragi úr hagvexti en hækkun skatta, að minnsta kosti til skemmri tíma litið.

Þeir Alesina og Ardagna segja nær öll OECD-ríkin sem rannsóknin nær til glíma við gífurlegan hallarekstur vegna útgjalda hins opinbera í kjölfar fjármálakreppunnar og verði flest þeirra að leita leiða til að bæta skuldastöðuna strax á næsta ári. **- jab**

# Vanþekking fólks ógn við sjálfstæði landsins

**Íslendingar hafa frá því snemma á síðustu öld litið alþjóðleg viðskiptabandalög hornauga. Fremur er gripið til heimagerðra lausna við vandamálum sem landið hefur ratað í vegna lélegrar hagstjórnar, segir rektor háskólans á Bifröst.**

Íslensk stjórnvöld hafa almennt verið andsnúin skynsamlegum og hagkvæmum breytingum sem koma erlendis frá og frekar kosið að beita fyrir sig heimagerðum lausnum á efnahagslegum vandamálum. Þá hafa þau haft takmarkaðan áhuga á alþjóðlegri samvinnu sem kann að leiða til aga í hagstjórn landsins.

Þetta er á meðal þess sem lesa má úr greinum þrettán sérfræðinga á sviði hagsögu um það hvaða lærdóm megi draga af hagþróun og hagstjórn hér á landi á síðustu öld. Greinarnar birtast í nýjasta tímariti Sögu, tímarits Sögufélagsins.

Jónas H. Haralz, hagfræðingur og fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, bendir á að Íslendingar hafi nær alla síðustu öld gripið til heimagerðra lausna með mislukkuðum árangri. Sem dæmi hafi stjórnvöld hér ekki áttað sig á þeim áformum um alþjóðlega viðreisn og samvinnu sem efst voru á baugi erlendis eftir seinni heimsstyrjöldina og gripið til skaðlegrar haftastefnu á sama tíma og aðrar þjóðir voru að afnema hana.

Þá bendir hann á að þótt þjóðin hafi tekið þátt í Bretton Woods-ráðstefnunni og gerst aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafi Íslendingar kosið svo lága hlutdeild í sjóðnum að þátttakan gat ekki komið að gagni. Ekki hafi heldur verið áhugi fyrir aðild að alþjóðavinnu, svo sem í gegnum viðskipta- og tollasamtökin GATT við stofnun þeirra 1948. Þessu til viðbótar bendir Jónas á að Íslendingar hafi komið sér undan þeim skuldbindingum um frjálsa verslun og stöðugleika hagstjórnar sem fólust í Marshall-aðstoðinni.




**STÓRKANÓNUR** Jónas H. Haralz, sem situr hér næst púltinu á fundi um gildi alþjóðlegrar samvinnu, segir íslensk stjórnvöld nær alla síðustu öld hafa hliðrað sér hjá alþjóðlegri samvinnu og þeim skuldbindingum um frjálsa verslun sem í þeim felast. Fremst á myndinni má sjá Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og sendiherra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þessi tilhneiging stjórnvalda hér til að hliðra sér hjá alþjóðlegri samvinnu og múra sig inni með haftastefnu hafi leitt til þess að þegar landið gekk loks í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) árið 1970 hafi það verið komið á svipað stig og aðrar þjóðir í Vestur-Evrópu höfðu náð allt að fimmtán árum fyrr.

Ágúst Einarsson, rektor háskólans á Bifröst, tekur svo djúpt í árinni að stefna íslenskra stjórnvalda hafi almennt einkennst af vanþekkingu á hagrænum lögmálum alla öldina og geri það að hluta til enn. „Þessi afstaða byggðist á þröngsýni og þekkingarleysi. Ef það er eitthvað eitt sem má læra af hagþróun og hagstjórn 20. aldarinnar er það að vanþekking í hagstjórn er slæmur förunautur. Fámennið hérlendis gerir vanþekkingu í efnahagsmálum, hvort sem er meðal almennings eða stjórnmálamanna, að einni hættulegustu ógn við sjálfstæði landsins við hinar breyttu aðstæður í heiminum í upphafi 21. aldar,“ segir Ágúst. **jonab@frettabladid.is**

VALHÖLL
ullarnærföt
Verð bolur: 3.900 - 5.800 kr.
Verð buxur: 3.300 - 4.500 kr.



100% Merino ull.

SPÓI
ullarnærföt
Verð bolur: 3.200 kr.
Verð buxur: 2.800 kr.



100% Merino ull.

LÓA
samfella
Verð: 2.800 kr.



Þykkur og kósý. 100% lífrænn bómull.

66° NORÐUR


VILDARKORTHAFAR VISA OG ICELANDAIR
ÞREFALDIR VILDARPUNKTAR
TIL JÓLA
VISA
VISA
Viltu taka þátt
í léttum leik á
www.valitor.is?
Þú gætir unnið
100.000 Vildarpunkta
eða gjafakörfu!
Nú erum við komin í jólaskap
Dagana 12.-24. desember færðu þrefalda veltutengda Vildarpunkta hjá söluaðilum VALITOR þegar þú notar Vildarkort VISA og Icelandair.
VALITOR
VISA
ICELANDAIR
Vildarkort
ENNEMM / SÍA / NM40278

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



## HAMBORGARHRYGGUR
KEA

30% AFSLÁTTUR

**1.329** kr/kg
áður 1.898 kr/kg

# *Bráðum koma...*

### HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

38% AFSLÁTTUR



**1.859** kr/kg
áður 2.998 kr/kg

KJÖTSEL

### HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

35% AFSLÁTTUR



**1.299** kr/kg
áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

### VIKING MALTÖL
0,5l




**99** kr/stk.

### VIKING JÓLABLANDA
0,5l




**139** kr/stk.

### GILLE PIPARKÖKUR
500g



**498** kr/ds.
áður 798 kr/ds.

### FÓTBOLTAMYNDIRNAR
FÁST HJÁ OKKUR




### HREINDÝRAPATÉ

27% AFSLÁTTUR



**799** kr/kg
áður 1.095 kr/kg

GOÐI

### KALKÚNAHELGARSTEIK

41% AFSLÁTTUR



**1.980** kr/kg
áður 3.356 kr/kg

ÍSFUGL

### GILLE PIPARKÖKUR
250g POKI



**158** kr/pk.
áður 225 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

www.markhonnun.is




# blessuð jólin

## humarveisla

30% AFSLÁTTUR




HUMAR Í POKA
1kg
**1.399 kr/pk.**
Verð áður 1.998 kr/pk.

20% AFSLÁTTUR




SKELFLETTUR HUMAR
500gr
**1.598 kr/pk.**
Verð áður 1.998 kr/pk.

38% AFSLÁTTUR




HUMAR Í ÖSKJU
2kg
**3.595 kr/pk.**
Verð áður 5.798 kr/pk.



Tilboðin gilda 18. - 20. desember eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sérkennileg hegðun á sérkennilegum tímum:

## Óvinirnir

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Trekk í trekk hefur komið í ljós að almenningur ber lítið traust til Alþingis. Það er vitaskuld slæmt en óhætt er að fullyrða að þingmennirnir eigi þar sjálfir sök. Í það minnsta er engin ástæða til að vantreysta starfsfólki þingsins.

Ekki er heldur ástæða til að ætla að svarendur í skoðanakönnunum um traust á þinginu móti afstöðu sína eingöngu út frá þeim frumvörpum sem þar eru samþykkt eða felld. Þvert á móti er líklegt að skoðanir almennings á Alþingi mótist fyrst og fremst af framgöngu þingmanna, innan þings og utan.

Öfugt við það sem almennt var vonast til að gerðist eftir hrunið er sundrungin í pólitíkinni algjör. Fróðir menn segja að ástandið hafi sjaldan verið verra. Þingmenn grípa fegins hendi hvert tækifæri sem gefst til að reyna að koma höggi hver á annan. Blasi tækifærin ekki við eru þau grafin upp eða hreinlega búin til. Fyrir vikið eru efnislegar umræður meira eða minna úr sögunni.

Undirstaðan í þessari tegund pólitíkur er að búa sér til óvini. Þeir eru skilgreindir að hernaðarlegum hætti og á þá sótt með skipulegum aðferðum. Óvinina má finna víða. Ekki bara í stjórnmálunum heldur líka í fyrirtækjum, hagsmunasamtökum, alþjóðastofnunum og vitaskuld á fjölmiðlum. Margir þingmenn búa yfir miklum hæfileikum í þessum fræðum. Er þá ekki síst að finna í röðum ungra þingmanna sem virðast hafa óþrjótandi baráttuþrek.

En þingmenn eru ekki einir um að skapa þetta galna ástand. Atkvæðamiklir borgarar, sem sumir hverjir sátu um árabil á þingi en eru nú ýmist sestir í helgan stein eða gegna öðrum störfum, leggja sitt af mörkum. Hinir sömu hafa engan áhuga á að veita gagnleg ráð til lausnar á vandamálum. Það hentar ekki. En nóg eiga þeir af aur til að ata óvinina.

Ef allt væri með felldu myndu fyrrverandi stjórnmálamenn og aðrir sem búa að þekkingu og reynslu sem nýtist við endurreisn efnahagslífsins og tilheyrandi verkefni ekki opna á sér munninn á opinberum vettvangi nema til að leggja eitthvað gagnlegt til.

Ef allt væri með felldu myndu þingmenn temja sér siðlegri vinnubrögð og verja kröftum sínum í umfjöllun um mál en ekki menn. Þeir myndu hætta að búa sér til óvini.

En það er ekki allt með felldu.

Í einfeldni mætti ætla að það væri á tímum sem þessum sem stjórnmálamenn nytu sín best. Þegar vandinn er mikill og þörf á fagmennsku. Að löngunin til að kljást við erfið úrlausnarefni hefði drifið þá í framboð. Nóg er jú af mikilvægum verkefnum.

Í kosningabaráttunni í vor létu frambjóðendur í það skína að sú væri raunin. Þeir töluðu um vandann og leiðir út úr honum. Lögðu til lausnir. Gagnrýndu hugmyndir annarra með rökum. Enginn sagðist ætla að búa sér til óvini og gera helst ekkert annað í þinginu en að berja á þeim.

Ef þingmenn láta sér annt um Alþingi, traust þess og virðingu þurfa þeir að endurskoða eigin hug og erindi. Ef þeim er annt um íslenskt samfélag og framtíð þess þurfa þeir að taka af sér boxhanskana.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ómennskan

Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, hefur krafist þess að rannsókn á meintum innherjaviðskiptum hans með hlutabréf í Landsbankanum verði hætt. Krafa hans var tekin fyrir í héraðsdómi á þriðjudag. Þar flutti Karl Axelsson, verjandi Baldurs, mikla eldræðu um „ómennsku“ þá er veður uppi í samfélaginu og „heimtar blóð hefnd, vegna þess sem gerðist í fyrra“. Í slíku ástandi, bætti hann við, reyni á dómstóla sem þurfa að verja réttarríkið.



### Baldur hinn hvíti

Það er rétt hjá Karli að nú þarf réttarríkið að standa sig. Það gerir það til dæmis með því að sækja þá til saka sem rökstuddur grunur leikur á um að hafi gerst brotlegir við lög. Eins og Baldur, umbjóðandi Karls. Það er nefnilega líka eitt af hlutverkum réttarkerfisins og kemur hefnd og blóðsúthellingum ekkert við.

### Engin pólitík

Stjórn VR lýsti vantrausti á hendur Bjarka Steingrímssyni, varaformanni VR, á dögunum og vísaði honum þar með úr stjórninni. Ástæðan fyrir vantraustsyfirlýsingunni var ræða sem Bjarki hélt á Austurvelli fyrr í mánuðinum, þar sem meirihluta stjórnarinnar fannst ómaklega að sér vegið. „Hann sakaði félagið og verkalýðshreyfinguna alla um að ganga erinda stjórnmálaflokka og vinna vísvitandi gegn hagsmunum félagsmanna“, stóð í tilkynningu frá stjórninni. Það gengur auðvitað ekki. Nú hefur verið kosinn varaformaður í stað Bjarka, Ásta Rut Jónasdóttir, varaþingmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Það er auðvitað til þess fallið að eyða grunsemdum um að félagið gangi erinda stjórnmálaflokka.



bergsteinn@frettabladid.is

## InExcuse



PAWEL BARTOSZEK

**Í DAG** | Hópsakleysi

Segjum að þekktur erlendur banki mundi opna útibú hér á landi og talsverður hluti landsmanna kysi að flytja innistæður sínar til þess banka. Segjum svo að eftir nokkra áratugi færi erlendi bankinn á hausinn og yrði yfirtekinn af heimaríki bankans, þarlendar innistæður tryggðar að fullu en óvíst um peninga íslenskra sparifjáreigenda. Það mikið vafamál hvort slíkar aðgerðir myndu mæta miklum skilningi meðal íslenskra stjórnvalda og íslensks almennings.

Það að snúa við sjónarhorni er góð leið til að athuga hvort athafnir okkar séu góðar í hinum altæka siðferðislega skilningi þess orðs, eða einungis góðar vegna þess að þær henta okkur vel. Mér verður stundum hugsað til dæmisögu sem er sögð í mínu gamla heimalandi um einfeldninginn sem átti að læra um muninn á góðum og illum verkum.

„Sjáðu til,“ var sagt við hann. „Illt verk er til dæmis þegar einhver kemur og stelur belju af þér.“ Þetta skildi einfeldningurinn. Þegar hann var svo beðinn að gefa dæmi um góðverk þá stóð ekki á svörum:

„Góðverk er þegar ég fer og stel belju af einhverjum öðrum.“

Annar mannlegur eiginleiki er að vilja samsama sig öllu því sem vel gengur en afneita því sem illa fer. Að því leyti er íslenskt viðskiptalíf ekki ólíkt íslenska handboltalandsliðinu. Þegar vel gengur eru 300 þúsund manns inni á vellinum en þegar liðið tapar leikjum þá standa öll spjót á leikmönnunum eða jafnvel þjálfaranum einum saman. Sá hinn síðasti kennir svo dómgæslunni um ófarirnar. Nú er nákvæmlega það sama uppi á teningnum.

Það er fátt í þessum heimi sem ekki má afsaka með því að einhver annar, til dæmis yfirmaðurinn, hafi sagt mönnum að gera það. Þeir fáu sem ekki hafa yfirmenn til að vísa ábyrgðinni á geta þá notað hina gullnu afsökunina: Að allir aðrir hafi verið að gera slíkt hið sama. Báðar afsakanirnar má síðan styðja frekar með því að benda á að einhver annar hefði átt að stöðva mann. Fólk tók of mikil lán til að kaupa of dýr hús og of dýra bíla því einhverjir aðrir hvöttu þá eindregið til þess. Starfsmenn banka gerðu bara eins og þeim var sagt að gera og yfirmenn þeirra sömuleiðis. Eigendur bankanna segja að bankarnir gerðu bara það sama og aðrir bankar, ef til vill hefðu stjórnvöld átt að stöðva þá. Stjórnvöld telja sig ekki hafa getað stöðvað bankana og þau telja sig ekki heldur bera ábyrgð á skuldum þeirra. Að sjálfsögðu telur svo enginn kjósandi sig bera nokkra ábyrgð á athöfnum þessara stjórnvalda.

En kannski er ekki annars að vænta að tilhneigingin til að líta fram hjá eigin mistökum og ábyrgð sé ráðandi þegar leiðtogarnir, sem ættu að sýna gott fordæmi, kjósa að afsaka sig í stað þess að biðjast afsökunar. Forsetinn lét nýverið í ljós þá skoðun að útrásarvíkingarnir svokölluðu hafi misnotað traust sitt. Forsetinn var sem sagt plataður til að mæra íslensku útrásina í ræðu og riti og veita helstu þátttakendum hennar opinberar orður. Jafnvel ef þetta væri satt, þá er spurning hvort það að einhver hafi gabbað mann sé löggild afsökun hjá þeim sem er eldri en tíu ára.

Hópábyrgð er hugtak sem erfitt er viðureignar. Vitur maður sagði eitt sinn að menn gætu ekki krafist hópábyrgðar af öðrum, en þeir gætu svo sannarlega krafist hennar af sjálfum sér. Á sama hátt og menn geta fyllst stolti yfir árangri íþróttaliðs sem þeir styðja ættu menn, kjósi þeir svo, að geta fundið fyrir ábyrgð vegna hrakfara þess hóps eða þess samfélags sem þeir tilheyra. En telji menn hópábyrgð hæpið hugtak þá hlýtur hópsakleysi að vera það ekki síður. Þrátt fyrir að InDefence-hópurinn hafi líklega unnið ágætt verk við að kynna málstað Íslendinga erlendis þá efast ég um að sá boðskapur sem hópurinn ber á borð sé okkur sjálfum hollastur. Sú skoðun að hrunið hafi orsakast af gallaðri evrópskri löggjöf og aðgerðum breskra stjórnvalda er nefnilega jafnhæpin og hún getur verið þægileg.

## Óráð Viðskiptaráðs

**UMRÆÐAN**

Vésteinn Ólason skrifar um Viðskiptaráð Íslands



VÉSTEINN ÓLASON

Viðskiptaráð, sem áður hét Verslunarráð, hefur verið ólatt að kveða upp dóma og gefa ráð undanfarin ár og áratugi. Ráðin eru venjulega sett fram sem staðhæfingar úr stóli þeirra sem vita betur en aðrir. Hvernig hafa ráðin þá gefist? Ég man ekki betur en að síðasta áratuginn að minnsta kosti hafi flest ráðin verið á einn veg: lækka skatta á fyrirtækjum og auðmönnum, spara óþægindi og kostnað af opinberu eftirliti með atvinnulífinu, og síðast en ekki síst að skera niður ríkisútgjöld. Óhætt er að fullyrða að áhrifavald þessa „ó-ráðs“ hafi átt sinn drjúga þátt í því að allt fór hér í kaldakol fyrir ári síðan, enda talaði ráðið meðal annars í umboði þeirra sem fengu heimildir til að leika sér með fjöregg þjóðarinnar og glötuðu því. Nú er Viðskiptaráð auðvitað líka fulltrúi heiðarlegra manna, og furðulegt er að það skuli ekki hafa með nokkrum hætti endurskoðað þá hugmyndafræði sem bar glötunina í sér. Ekki er hægt að sjá neina iðrun eða umbreytingu hjá þessu yfirlýsingaglaða ráði, sem hlýtur þó að vera rúið trausti almennings, hversu „vel ígrundaðar og rökfastar“ sem skýrslur þeirra kunna að vera, svo að vitnað sé í leiðara Fréttablaðsins 17. desember síðastliðinn. Það er sama hvað mikið og vel er reiknað ef grundvöllurinn er vitleysa.

Ekki kemur á óvart að Viðskiptaráð sé andvígt því að breyta óréttlátu skattkerfi. Það vill heldur hækka álögur á allan almenning en hækka skatt á auðmönnum. Rökin eru gamalkunn: Það má ekki fæla hina ríku burt með álögum. Hefðu skattar fælt héðan burt einhverja af þeim kaupahéðnum sem á liðnum árum skuldsettu sig og þjóðina sem mest og eyðilögðu orðstír Íslands erlendis, hefði það verið bættur skaðinn. Hitt er svo annað mál að grunnforsendunni um hegðun manna gagnvart skattlagningu er endalaust slegið fram eins og trúarsetningu, og er hún þó áreiðanlega vitlaus alhæfing.

Ekki skal ég andmæla því að mikilvægt sé að gæta aðhalds í ríkisrekstri, en Viðskiptaráð er samt við sig. Það segir að vísu ekki upphátt að íslensk tunga og menning skuli lögð niður í sparnaðarskyni, en vill samt brjóta niður eitt helsta vígið með því að selja Ríkisútvarpið. Í því og fleiru eru viðskiptaráðsmenn trúir frjálshyggjukenningunni um að þjóð megi ekki eiga neitt saman. Allt verði að vera einkarekið. Það hefur vonandi runnið upp fyrir einhverjum sem áður voru veikir fyrir frjálshyggjuboðskapnum hve skaðleg þessi kenning er.

Viðskiptaráð hefur hingað til verið heldur hlynnt eignarréttinum, en nú bregður svo við að það leggur til stórfelldara eignarnám en áður hefur þekkst. Lífeyrissjóðir eru hluti af umsömdum kjörum launafólks, eign þess. En af því að sú eign dreifist á marga, sem ekki eiga annað sparifé, telja kaupahéðnarnir óhætt að taka það til handargagns frekar en þeir þurfi sjálfir að leggja sinn eðlilega hlut af mörkum til að reisa við það sem þeir hafa rústað. Ekki mun mælt með því að eigendur verði spurðir leyfis.

*Höfundur er prófessor.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Það rýkur úr prentvélunum!
Geysivinsælar barnabækur
2. PRENTUN
Francesca Simon
Skúli skelfir og hræðilegi snjókarlinn
eftir Tony Ross
2. PRENTUN
NÚLL NÚLL 9
3. PRENTUN VÆNTANLEG
Lubbi finnur málbein
2. PRENTUN
Prinsessan á Bessastöðum
Gerður Kristný
2. PRENTUN
Michael Scott
Gullgerðarmaðurinn
Leyndardómurinn um hinn ódauðlega Nicolas Flamel
2. PRENTUN
Francesca Simon
Skúli skelfir og jólin
eftir Tony Ross
2. PRENTUN
Söngvasafn
Ef væri ég söngvari
3. PRENTUN
FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# Ólíkt hafast menn að

UMRÆÐAN

Ásgrímur Sverrisson skrifar um niðurskurð til kvikmyndagerðar



ÁSGRÍMUR SVERRISSON

Fleira er líkt með Íslandi og Írlandi en nöfnin. Bæði löndin styðja t.d. kvikmyndagerð með opinberu fé. Bæði löndin fengu rækilega að kenna á því við bankahrunið í fyrra og þurfa að skera verulega niður í opinberri þjónustu. Á Íslandi var gert ráð fyrir 34% niðurskurði á fé til kvikmyndagerðar í fjárlagafrumvarpi. Á Írlandi lagði sérstök nefnd til í sumar að írski kvikmyndasjóðurinn yrði lagður niður.

Galnar hugmyndir báðar, en kannski skiljanlegar þegar menn eru í heljargreipum örvæntingar gagnvart þrítugum hamrinum. Yfirleitt endar það þó með því að menn skríða upp úr holunni og taka sig saman í andlitinu.

**En ólíkt hafast menn að**

Á Írlandi ákváðu þeir á dögunum að loka ekki Írska kvikmyndasjóðnum. Í staðinn var ákveðið að skera framlög til hans niður um 5%, ögn minna en 6% meðaltals niðurskurður til listgreina.

Þeir eru sem sagt komnir upp úr holunni. Þeir munu hafa komist að þessari niðurstöðu vegna hins menningarlega, sjálfsmyndarlega, ímyndarlega og efnahagslega gildis kvikmynda fyrir Írland. Menningarmálaráðherrann Martin Cullen hafði sérstaka forgöngu um að berja þetta í gegn og lagði hann sérstaka áherslu á mikilvægi menningar og skapandi starfa fyrir landið á alþjóðlegum vettvangi.

Á Íslandi lagði Fjárlaganefnd Alþingis hins vegar til á dögunum að draga lítilsháttar úr niðurskurðinum; frá 34% í 23%.

Hér eru menn sem sagt enn þá í holunni.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram tók Katrín Jakobsdóttir menningarmálaráðherra skýrt fram í viðtali við Fréttablaðið að þarna sé ekki verið að horfa til listgreinarinnar sem slíkrar og að hún skildi vel áhyggjur kvikmyndagerðarmanna. Jafnframt sagðist hún reikna með að menn myndu horfa til þess að íslensk kvikmyndagerð taki ekki bara við peningum heldur skili líka tekjum aftur í ríkiskassann.

Ekkert hefur enn komið fram um að hún meini stakt orð. Niðurskurður til annarra listgreina er að meðaltali um 4%. Engin fer yfir 6%. Nema kvikmyndagerð. Gerð er tillaga um sexfalt hærri niðurskurð af dýnamískri listgrein sem skilar ríkissjóði meiri tekjum en nemur framlögum. Þetta er hugsað sem sárabót frá upphaflegri tillögu um sem kvað á um rúmlega áttfalt hærri niðurskurð.

**Hvers vegna?**

Það er ekki svo að kvikmyndagerðarmenn skilji ekki að skera þarf niður. Þeir skilja bara ekki hvers vegna stjórnvöld leggja sig sérstaklega fram um að skera aðeins þessa tilteknu listgrein niður við trog.

Eins og Bandalag íslenskra listamanna og hagsmunasamtök kvikmyndagerðarmanna hafa rækilega bent á, er niðurskurður af þessari stærðargráðu glapræði. Fjöldi starfa glatast, erlend fjárfesting fer forgörðum, tekjur ríkisins minnka en útgjöld aukast.

Norsk stjórnvöld hafa tilkynnt að framlög til kvikmyndagerðar verði aukin um 8% á næsta ári. Var þegar vel í lagt hjá Norðmönnum, en engu að síður er þetta mesta hækkun í einu lagi á framlögum til kvikmyndagerðar þar í landi. Í þessu samhengi má benda á að samkvæmt samkomulagi menntamálaráðuneytis og aðila kvikmyndagerðar frá 2006 stóð til að auka framlög árið 2010 um 13%. Kvikmyndagerðarmenn hafa byggt upp starfsemi sína á undanförnum árum miðað við þetta samkomulag. Heildarniðurskurður 2010 miðað við samkomulagið og núverandi niðurskurðartillögu, nemur því um 36%. Raunlækkun er svo enn meiri.

Verkin tala. Þessar tillögur, sem að sjálfsögðu eiga uppruna sinn í ráðuneytinu þrátt fyrir að ætla megi annað af málflutningi ráðherrans, sýna hvar áherslurnar liggja. Ráðherrann kýs að skera margfalt niður framlög til kvikmyndagerðar miðað við aðrar listgreinar. Nái þetta fram að ganga verður hinu mikla uppbyggingarstarfi áratugarins í kvikmynda- og sjónvarpsmyndagerð rústað, um leið og tekjur ríkissjóðs minnka enn frekar.

Verður þetta arfleifð menningarmálaráðherrans?

*Höfundur er kvikmyndagerðarmaður og ritstjóri Iceland Cinema Now.*

# Fastir í fortíðinni

UMRÆÐAN

Ingibjörg Hinriksdóttir skrifar um bæjarmál í Kópavogi



INGIBJÖRG HINRIKSDÓTTIR

Enn sem fyrr eru sjálfstæðismenn í Kópavogi við sama heygarðshornið í málgagni sínu Vogum sem kom út í vikunni. Í nafnlausum pistli aftarlega í blaðinu er því haldið fram að undirrituð vilji leggja niður Kópavog. Vísað er í grein sem ég ritaði í blað Samfylkingarinnar, Kópavog, fyrr í mánuðinum en þar ræddi ég um sameiningu sveitarfélaga.

Á þeim tímum sem við stöndum nú frammi fyrir, og ber ekki síst að „þakka“ Sjálfstæðisflokknum fyrir, þarf að leita allra leiða til að draga úr kostnaði og helst er um það rætt að það verði gert á þann hátt að ekki verði dregið úr velferðarþjónustu og stuðningi við þá sem minnst mega sín. Margar tillögur hafa komið fram og í grein minni tæpi ég á einni, þ.e. sameiningu sveitarfélaga. Umræðan um sameiningu sveitarfélaga er ekki ný af nálinni en hefur á síðustu árum fengið byr í seglin, ekki síst vegna aukinna verkefna sem flust hafa frá ríki til sveitarfélaga og þeirra verkefna sem væntanleg eru. Einhverra hluta vegna hefur kastljósinu helst verið beint út á landsbyggðina en ekki til þeirra sveitarfélaga sem eru hér á höfuðborgarsvæðinu. Í grein minni í Kópavogi velti ég því fyrir mér af hverju ekki sé horft til höfuðborgarsvæðisins. Eftir að hafa nefnt nær öll sveitarfélögin á svæðinu spyr ég hvaða rök hnígi að því að „Kópavogur sé sérstakt sveitarfélag, með alla þá yfirstjórn, nefndir og ráð sem kosta íbúa sveitarfélagsins umtalsverðan hluta af skatttekjunum?“

Vogar, blað Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi, kýs að snúa út úr þessum orðum mínum og fara rangt með. Þetta gerir hinn nafnlausi blaðamaður Voga að því er virðist til þess eins að gera lítið úr mér. Nafnleysið er undarlegt í ljósi þess að sá háttur hefur undanfarið verið harðlega gagnrýndur af sjálfstæðismönnum. Ég tek þetta þó ekki nærri mér, en mér finnst miður að ekki sé hægt að ræða þessi mál af alvöru. Viðhorf sjálfstæðismanna í Kópavogi, sem speglast í litlu fréttinni í Vogum, sýnir svo ekki verði um villst að þeir eru fastir í fortíðinni. Þeir þora ekki að horfa fram á veginn, lausn þeirra á efnahagsvandanum virðist felast í því að þeirra fólk, þeir sömu og settu Ísland á hausinn, haldi sínum hlut óskertum. Niðurskurður og hagræðing er ákjósanleg, nema þegar hætta er á að þeir sjálfir gætu misst spón úr aski sínum.

Undirrituð er tilbúin til að ræða á málefnalegan hátt um sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þar sem bærinn minn, Kópavogur, verður ekki undanskilinn að neinu leyti. Með sameiningu sveitarfélaga gæti hann mögulega horfið inn í Reykjavík. Kópavogsbær gæti einnig stækkað enn frá því sem nú er með sameiningu við hluta Reykjavíkur eða við önnur nærliggjandi sveitarfélög. Þann möguleika sjá íhaldsmenn í Sjálfstæðisflokknum í Kópavogi ekki og ætli það lýsi þröngsýni þeirra ekki best.

*Höfundur er varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi.*

# Þjóðin á skýrsluna

UMRÆÐAN

Stefán Jón Hafstein skrifar um skýrslu rannsóknarnefndar um bankahrunið



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

*Verstu fréttir sem nokkur nefnd getur fært þjóð sinni.“*

*(Páll Hreinsson, formaður rannsókarnefndar um Hrunið).*

Við vitum orðið svo margt um Hrunið – og það er skelfilegt. Rannsóknarnefndin sem Alþingi skipaði mun væntanlega kortleggja og tímasetja mínútu fyrir mínútu hvernig rangar ákvarðanir og vanhæfni á öllum stigum leiddu þessa litlu þjóð fram af hengiflugi. Engin ástæða er til að óttast kattarþvott því alltof margir vita alltof margt nú þegar. Séu tíðindin jafn vond og formaður nefndarinnar hefur varað við þarf ríkisstjórn og Alþingi að gera viðbragðsáætlun. Rík ástæða er til að vara afleiðingum af því að hefðbundin íslensk „umræðuhefð“ stjórni uppgjörinu. Smjörklípumeistarar eru tilbúnir, fjölmiðlar veikburða, bloggheimar óáreiðanlegir og þúsund og ein ræða um ICESAVE á Alþingi bendir ekki til að sá fundarsalur nægi. Gæta verður þess að þeir sem hafa hagsmuni af því að draga úr fólki mátt, svipta trú á framtíð Íslands og fæla það frá þátttöku í mótun Nýja Íslands nái ekki að eyðileggja þetta tækifæri til heiðarlegs uppgjörs með því að steypa öllu í rugl.

> *Allt undirliggjandi efni er birt, nema sérstakar ástæður varni því, svo sem ríkisleyndarmál eða viðkvæm einkamál.*

**Umræðuvaldið til fólksins**

Meginkjarni málsins er þessi: Þótt formlega skili nefndin skýrslu sinni til Alþingis, þá á þjóðin þessa skýrslu. Hún er til þjóðarinnar. Alþingi, sem ber hluta sakarinnar, þarf auðvitað að fara með hana í skipulegan farveg og níu manna nefnd allra flokka sýnist í lagi. Forseti þingsins hefur gert grein fyrir þessari hlið málsins með skýrum hætti. En Alþingi verður að skilja að þjóðin er ekki áhorfandi að uppgjörinu. Viðbragðsáætlun í þá átt sem hér er lýst gæti gagnast:

1) Skýrslan í heild er birt á Netinu samtímis því að hún er afhent Alþingi. Nefndin birtir líka, samtímis, vandaða samantekt um meginniðurstöður sem hvaða meðalmaður getur lesið á hálftíma. Prentuð útgáfa skýrslu og samantektar liggi fyrir á öllum bókasöfnum – strax. Sama dag sýna sjónvarpsstöðvarnar ítarlega heimildarmynd um niðurstöðu skýrslunnar, sem unnin er fyrirfram. Þetta er gert til að almenningur sé á sama rásmarki og spunakerlingar og leiðarasmiðir.

2) Rannsóknarnefndin heldur í kjölfarið opna fundi í 2-4 helstu þéttbýlisstöðum þar sem almenningi gefst kostur á að spyrja beint og milliliðalaust um efni og tilurð skýrslunnar. Frá þessum fundum er auðvitað útvarpað og sjónvarpað. Boðið er upp á símatíma í útvarpi til upplýsingar. Þessir fundir eru vandlega skipulagðir og stýrt af festu. Byrjað í Háskólabíói. Þetta mun gera mikið til að auka trúverðugleika nefndarmanna og færa umræðuna á jafn vitrænt plan og skýrslan gefur tilefni til.

3) Heimasíða skýrslunnar er þannig gerð að almenningur getur kynnt sér samantektina og skýrsluna í heild, og komið á framfæri athugasemdum og ábendingum undir nafni, þannig að aðrir geti skoðað og tekið afstöðu til. Þannig verður til „þjóðfundur“ á Netinu. Nauðsynlegt er að málsgreinar skýrslunnar séu tölusettar og hægt að setja inn athugasemdir við hvern tölulið. Á stuttum tíma mun koma í ljós hvort skýrslan fullnægir kröfum að bestu manna yfirsýn, ekki bara þeirra sem ní hafa drögin undir höndum til að gera athugasemdir við.

4) Hugsanlega skilar nefndin fyrst lokadrögum (ekki fullnaðarskýrslu) sem birt eru Alþingi og almenningi samtímis; nefndin kallar eftir athugasemdum. Búast má við að í meira en 1000 bls. skýrslu séu einhverjar yfirsjónir og villur sem auðvelt er að leiðrétta. Þá má líka reikna með að áður óþekktar heimildir komi fram um einstök mál; a.m.k. er rétt að gefa því tækifæri. Þetta er leið til að komast hjá því að smjörklípur taki völdin í umræðunni strax á fyrstu dögum.

Að loknu upplýsinga- og umræðuferli ákveður nefndin hvort ástæða sé til að hagga einhverju í skýrslunni, ef ekki, stendur hún sem lokaplagg.

5) Allt undirliggjandi efni er birt, nema sérstakar ástæður varni því, svo sem ríkisleyndarmál eða viðkvæm einkamál.

Alþingi mun eftir sem áður ákveða formlega málsmeðferð. Ekki verður stofnaður alþýðudómstóll. Með einhverri aðferð í líkingu við þá sem hér er lýst er bæði upplýsingin og umræðuvaldið færð út til þjóðarinnar. Þar með verður skýrslan hugsanlega sá hreinsunareldur sem þörf er á. Loksins vottaði fyrir því sem hægt er að kalla Nýja Ísland.





Frón
Mömmukossar
Vanilluhringir
Súkkulaðibitakökur
Loftkökur
Jólasmákökur
Gleðilega hátíð

# Valkostir vegna Icesave-reikninganna

UMRÆÐAN
Ómar Harðarson skrifar um Icesave


ÓMAR HARÐARSON

Umræðan um Icesave og samningagerð við Breta og Hollendinga, um áhrif slíkra samninga á íslenskt hagkerfi og á stöðu Íslands meðal þjóðanna er komin í marga hringi. Helstu rök og áherslur eru komnar fram.

Af umræðum á Alþingi og víðar er ljóst að það eru þrjár leiðir um að velja í sambandi við Icesave:

1. Leið ríkisstjórnarinnar og ganga frá samningnum nú þegar.

2. Leið Sjálfstæðisflokksins og fella samninginn en leita eftir betri samningi.

3. Leið Framsóknarflokksins og Hreyfingarinnar sem og Ögmundar og Lilju og fella samninginn og neita að borga.

Meginröksemdir þeirra sem tala fyrir þriðju leiðinni eru tvær. Annars vegar að ekkert skyldar íslenska ríkið til að taka á sig þessar skuldir. Hins vegar að samþykkt ríkisábyrgðar myndi óhjákvæmilega leiða til greiðslufalls ríkisins.

Við þetta er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi er enginn kröfuhafi tilbúinn til að trúa því að Ísland geti ekki staðið við Icesave-skuldbindingarnar né önnur lán sem á ríkinu hvíla. Hversu mjög sem menn draga útreikninga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða stjórnvalda í efa, þá blasir við að allir aðrir utan landsteinanna leggja trúnað á þá. Sömuleiðis er enginn kröfuhafi, né aðrir í alþjóðasamfélaginu, tilbúnir til að skrifa undir þá skoðun að íslenska ríkinu beri ekki að standa á bak við bankakerfið, þ.e. til þrautavara ef innstæðutryggingarsjóður bregst.

Afstaða nágrannaþjóðanna skiptir hér öllu máli. Það er þaðan sem erlent lánsfé kemur, þar eru markaðirnir sem Íslendingar þurfa á að halda. Ljóst er þegar að engrar samúðar er að vænta hvað hina svokölluðu dómstólaleið varðar. Frekari þvinganir og lokanir fyrir erlent lánsfjármagn blasa við íslenska ríkinu og einkaaðilum verði þessi leið farin. Ef það er rétt að við séum í reynd gjaldþrota eða verðum það innan tíðar, þá verðum við því miður að ganga þau svipugöng alla leið þangað til öllum öðrum er það ljóst. Þess vegna er þriðja leiðin ófær.

Önnur leiðin byggir á því að það sé enn færi á að ná fram betri samningum. Ekki er alveg ljóst hvað Sjálfstæðisflokkurinn telur raunhæft að ná fram umfram núverandi samninga, né heldur hvernig flokkurinn getur ályktað að samningsstaða okkar sé betri nú þegar fjármálamarkaðir hafa jafnað sig og hætta á allsherjarhruni vegna neitunar Íslands á að standa við lágmarkstrygginguna er ekki lengur jafn mikil og haustið 2008. Það er því hætt við að viðsemjendur muni einfaldlega halda áfram að beita íslenska ríkið sama þrýstingi og áður.

Verði samningurinn felldur yrði væntanlega úti um núverandi ríkisstjórn. Víst munu margir ekki gráta það, en staðan gagnvart lánardrottnum og helstu viðskiptaþjóðum yrði hins vegar grafalvarleg. Stjórnvöld yrðu strax að bregðast við og reyna að forða verstu afleiðingum slíkrar ákvörðunar, s.s. lokun erlendra markaða, gjaldfellingu erlendra lána og þess háttar og reyna að sannfæra viðsemjendur um að það sé þrátt fyrir allt vilji til samninga. Núverandi ríkisstjórn yrði þó í engri trúverðugri stöðu til þessa, enda þá orðin ómerkingur í tvígang. Allar frekari tafir á stjórnarmyndun yrðu til að þrengja stöðuna enn meir.

Þá eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi vegna frekari tafa á lausn, jafnvel þótt viðsemjendur yrðu sannfærðir um samningsvilja Íslendinga. Eigur Landsbankans geta ekki á meðan gengið upp í Icesave-skuldina. Það veldur miklum óþarfa vaxtakostnaði. Þá geta frekari tafir á lánaaðstoð frá AGS og Norðurlöndum valdið raunverulegri hættu á gjaldfalli vegna afborgana á næstu árum.

Það er þó rétt að benda á að þjóðargjaldþrot myndi hvergi nærri þýða endalok íslensku þjóðarinnar. Aðrar þjóðir, eða a.m.k. valdhafar þeirra, hafa til dæmis tekið ákvarðanir um að hafa alþjóðasamfélagið að engu og fara sínu fram í krafti sérstöðu sinnar. Sumum hefur vegnað ágætlega, s.s. Ísraelsmönnum, öðrum verr eins og t.d. Serbum. Þótt lífskjör fari hér nokkra áratugi aftur í tímann þá er engin ástæða til örvæntingar. Það var líka hægt að búa á Íslandi árið 1970, þótt þjóðin væri bæði fámennari og fátækari þá en nú.

Að öllu virtu er hins vegar eina ábyrga afstaðan að ganga frá Icesave-samningnum nú þegar. Verði afborganir of þungar, þá er sjálfsagt að láta síðar reyna á viðeigandi ákvæði samningsins. Svo má trúa stjórnarandstöðunni að til sé nægt lánsfjármagn erlendis á hagstæðum kjörum. Með slíkum lánum mætti endurfjármagna Icesave-skuldbindingarnar og létta þar með greiðslubyrðina. Þau má auðvitað taka strax, og án þess að tefja málið frekar.

*Höfundur er deildarstjóri.*

# Tvær spurningar til FME

UMRÆÐAN
Andrés Magnússon skrifar um efnahagsmál


ANDRÉS MAGNÚSSON

1. Seinnihluta árs 2007 var skuldatryggingaálag íslensku bankanna þannig að ljóst var að þeir gætu ekki endurfjármagnað sig. Einn aðaleigenda Glitnis lýsti því yfir í fjölmiðlum að þetta jafngilti gjaldþroti bankans, um það voru erlend fjármálatímarit sammála honum. Í bók Jóns F. Thorodsen, „Íslenska efnahagsundrið“ lýsir hann því hvernig SMS-skeytum tók að rigna inn í farsíma fagfjárfesta í árslok 2007 þess efnis að rétt væri að selja öll persónuleg hlutabréf sín í bönkunum og taka allt sitt út úr peningasjóðunum. Þeir sem höfðu góðar upplýsingar um stöðu fjármálakerfisins, t.d. eigendur bankanna, fóru að taka skortstöður gegn íslensku krónunni í stórum stíl. Helmingur allra stærri hluthafa í bönkunum losuðu sig við hlutabréf sín síðustu 9 mánuði fyrir hrun. Þá vaknar spurningin; Hvers vegna aðhöfðust fagfjárfestar lífeyrissjóðanna ekki neitt? Sérstaklega fagfjárfestar sem tilnefndir voru af bönkunum til þess að sitja í stjórn lífeyrissjóðanna að veita fjármálaráðgjöf? Voru þetta einu fagfjárfestarnir sem ekki fengu SMS? Þeir einu sem ekki lásu erlend tímarit sem bentu á að íslensku bankarnir yrðu brátt gjaldþrota?

> *Stjórn lífeyrissjóðs míns hefur upplýst að þegar menn taka sæti í stjórninni þá skrifa þeir undir að veita upplýsingar um eigin fjármál sé þess óskað. Hvenær á að nota þessa heimild ef ekki einmitt við þær aðstæður sem ríkja í dag?*

Þessu er erfitt að svara, hins vegar er ljóst að fulltrúar bankanna í stjórn lífeyrissjóðanna voru í verulegum vanda ef þeim var ljós hin raunverulega staða bankanna, við þeim blasti hollustuklemma, þ.e. þeir voru bæði umbjóðendur sjóðsfélaga og bankanna sem tilnefndu þá í stjórn lífeyrissjóðanna. Auk þess voru þeir í annarri kreppu. Ef þeir vissu að staða bankanna var tvísýn og að krónan myndi falla við hrun bankanna, hvað áttu þeir að gera við persónulega fjármuni sína? Það sama og þeir ráðlögðu lífeyrissjóðunum að gera? Í mínum lífeyrissjóði seldi fulltrúi bankans sín perónulegu hlutabréf í íslenskum bönkum og losaði sig við íslensku krónurnar sínar, á sama tíma og lífeyrissjóðurinn hélt sínum hlutabréfum í bönkunum og veðjaði miklum fjármunum á að íslenska krónan myndi styrkjast. Þessi fulltrúi bankans sem hafði langmesta þekkingu og innsýn í stöðu fjármálakerfisins, sagði hann nógu skýrt frá því á stjórnarfundum í lífeyrissjóðnum hvernig hann ráðstafaði sínum eigin eigum sem væntanlega endurspeglaði það sem hann taldi skynsamlegast?

Stjórn lífeyrissjóðs míns hefur upplýst að þegar menn taka sæti í stjórninni þá skrifa þeir undir að veita upplýsingar um eigin fjármál sé þess óskað. Hvenær á að nota þessa heimild ef ekki einmitt við þær aðstæður sem ríkja í dag? Ég veit að ofangreindur stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum (sem reyndar nú er hættur) er með mikil fjármálaumsvif á Íslandi. Mín spurning til FME er þessi: Get ég sem sjóðsfélagi farið fram á að nýtt verði sú heimild sem stjórnarmaðurinn skrifaði uppá, nefnilega að upplýsa um fjármál sín, til þess að athuga hvort ráðstafanir á hans eigin fé voru í samræmi við það sem stjórn lífeyrissjóðsins samtímis taldi skynsamlegast? Lífeyrissjóður minn ákvað fyrir hrun að taka skortstöðu með íslensku krónunni, þ.e. að veðja á að hún myndi styrkjast. Vitað er að yfirleitt voru það háttsettir menn í innsta kjarna bankanna (umræddur stjórnarmaður var það) sem fengu að taka skortstöðuna gegn krónunni. Getur FME aflað þeirra upplýsinga hverjir það voru sem fengu að taka skortstöðuna gegn mínum lífeyrissjóði? (m.ö.o. hverjir það voru í mínum banka sem tóku skortstöðu gegn krónunni um svipað leyti og lífeyrissjóðurinn stimplaði inn sína skortstöðutöku með krónunni)? Sérstaklega er mikilvægt fyrir sjóðsfélaga að athugað verði hvort ofannefndur stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum eða fyrirtæki hans hafi tekið skortstöðu gegn krónunni í aðdraganum að bankahruninu. Getur FME t.d. aðstoðað mig sem sjóðsfélaga til þess að afla þessara upplýsinga?

2. Eigendur skuldsettra eignarhaldsfélaga á Íslandi stunda það nú að draga bestu eignirnar út úr eignarhaldsfélögunum og setja í önnur félög í sinni eigu. Við það rýrnar verðmæti eignarhaldsfélagsins og þar með einnig verðmæti skuldabréfa/hlutabréfa sem lífeyrissjóðir kunna að hafa keypt í eignarhaldsfélögunum. Því væri eðlilegt að þeir sem eiga skuldabréf eða hlutabréf í eignarhaldsfélögunum gætu komið í veg fyrir að verðmætar eignir hverfi úr eignarhaldsfélögunum. Lögfróðir menn hafa bent á að brottnám verðmætra eigna úr eignarhaldsfélögum sé því aðeins mögulegt að stærstu hluthafarnir/skuldabréfaeigendur, mótmæli því ekki. Á Íslandi eru stærstu hluthafarnir/skuldabréfaeigendur yfirleitt lífeyrissjóðir. Á almennum fundi í lífeyrissjóði mínum sem nýlega var haldinn, lýsti stjórnin megnri óánægju með að Hagar hefðu verið teknir út úr Baugi, en lífeyrissjóður minn er sennilega einn stærsti hluthafi/skuldabréfahafi Baugs. Jafnframt fullyrti stjórnin á fundinum að hún hefði ekki getað haft áhrif á að Hagar hefðu verið teknir út úr Baugi. Nú spyr ég FME; er það rétt?

Með kærum þökkum.

*Höfundur er geðlæknir og lífeyrissparandi.*

★★★★★
„MEISTARAVERK!“ - EMPIRE




14 ÁRA GAMLIR GERÐU ÞEIR SAMNING UM ROKKA SAMAN AÐ EILÍFU - ÞEIM VAR FULL ALVARA!

„ÉG BUGTA MIG OG BEYGI FYRIR ANVIL!“ - KEANU REEVES

★★★★★
„BESTA MYND SEM GERÐ HEFUR VERIÐ UM ROKK OG RÓL!“ - UNCUT

„BESTA HEIMILDARMYND SEM ÉG HEF SÉÐ Í ÁRARAÐIR!“ - MICHAEL MOORE

Frumsýnd 11. desember
í Háskólabíói

Græna ljósið er á
Facebook.com/graenaljosid

græna ljósið

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

JÓLABÆKLINGUR NETTÓ
ER KOMINN ÚT




# *Jólasteikin fæst í nettó*



30% AFSLÁTTUR

REYKTUR GRÍSABÓGUR
ÚRB.
599 kr/kg
Verð áður 855 kr/kg
KJÖTSEL



35% AFSLÁTTUR

HANGIFRAMPARTUR
ÚRB.
1.299 kr/kg
Verð áður 1.998 kr/kg
KJÖTSEL



30% AFSLÁTTUR

HAMBORGARAHRYGGUR
998 kr/kg
Verð áður 1.425 kr
KJÖTSEL



30% AFSLÁTTUR

LAMBALÆRI
FERSKT
1.399 kr/kg
Verð áður 1.998 kr/kg
KJÖTSEL



38% AFSLÁTTUR

HANGILÆRI
ÚRB.
1.859 kr/kg
Verð áður 2.998 kr/kg
KJÖTSEL



30% AFSLÁTTUR

LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
1.499 kr/kg
Verð áður 2.142 kr/kg
KJÖTSEL

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 18. - 20. desember eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

# Hættulegir risar

UMRÆÐAN

Joseph Stiglitz skrifar um risafjármálafyrirtæki og hertar reglugerðir



JOSEPH STIGLITZ

Alþjóðleg deila geisar um hvers konar reglur þurfi að setja til að endurreisa traust á fjármálakerfinu og tryggja að það fari ekki aftur á hliðina eftir nokkur ár. Mervyn King, bankastjóri Bank of England, hefur kallað etir takmörkunum á umsvifum risabankanna. Forsætisráðherra Bretlands, Gordon Brown, er ósammála og gefur í skyn að hömlur á umsvifum bankanna muni ekki koma í veg fyrir aðra fjármálakreppu; en það er rétt hjá King að bankar sem eru of stórir til að falla ættu að vera í ströngu taumhaldi. Í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar bera stóru bankarnir meginábyrgð á þeim kostnaði sem fallið hefur á skattgreiðendur. Í Bandaríkjunum hafa 106 minni bankar farið á hausinn það sem af er ári. En það eru risabankarnir sem kosta okkur risafjárhæðir.

### Átta mistök

Fjármálakreppan er afleiðing átta sjálfstæðra en tengdra mistaka.

- Bankarnir sem eru of stórir til að falla eru reknir af brengluðum hvata; ef þeir tefla djarft og hafa betur hirða þeir ágóðann; ef þeir tapa borga skattgreiðendur reikninginn.
- Fjármálastofnanir eru of samofnar til að falla; sá hluti AIG sem kostaði bandaríska skattgreiðendur 180 milljarða dollara var tiltölulega lítill.
- Litlir bankar auka á áhættuna ef þeir eru reknir á sama hátt og stóru bankarnir.
- Hvatakerfi bankanna leggja áherslu á skammtímaákvarðanir og óhóflega áhættu.
- Þegar bankar meta eigin áhættu, taka þeir ekki inn í reikninginn hvaða mögulegu skaðlegu afleiðingar mistök þeirra gætu haft á aðra. Þetta er grunnástæðan fyrir því að það þarf nýja reglugerð.
- Bankar hafa staðið sig illa í áhættustýringu – kenningarnar sem þeir studdust við voru meingallaðar.
- Fjárfestar, sem virðast enn kærulausari gagnvart óhóflegri skuldsetningu en bankarnir, þrýsta mjög á bankana að taka of mikla áhættu.
- Eftirlitsaðilar eiga að henda reiður á þessu og koma í veg fyrir allt sem ýtir undir kerfisbundna áhættu. Þeir brugðust. Þeir studdust líka við gallaðar kenningar og voru með brenglaða hvata. Alltof fáir skildu hlutverk reglugerða; og of margir stukku upp í ból með þeim sem þeir áttu að hafa eftirlit með.

Ef við bærum meira traust til eftirlitsaðila og yfirmanna bankanna, værum við ef til vill ívið rólegri gagnvart öllum hinum vandamálunum. En eftirlitsaðilum og umsjónarmönnum getur brugðist bogalistin og þess vegna þurfum við að takast á við allar hliðar vandans. Það kostar vitaskuld sitt, en kostnaður við lélegt eftirlitskerfi er aftur á móti gríðarlegur. Kostirnir við að styrkja eftirlitskerfið vega ávallt þyngra en kostnaðurinn.

### Rangt gefið

King hefur lög að mæla: Bankar sem eru of stórir til að falla eru of stórir til að halda áfram að starfa á markaði. Ef þeir halda því áfram verður að reka þá undir ströngu eftirliti. Tilvist þeirra brenglar stöðuna á fjármálamörkuðum. Af hverju ættu þeir að fá að stunda fjárhættuspil meðan skattgreiðendur borga tapið? Hver eru „samlegðaráhrifin“? Getur verið að þau vegi þyngra en kostnaðurinn? Sumir stórir bankar standa í nægilega mikilli miðlun verðbréfa (hvort heldur það er fyrir eigin reikning eða viðskiptavina) að þeir hafa í raun áunnið sér sama ósanngjarna forskot og hver annar innherji.

Með þessu getur hagnaður þeirra aukist, en á annarra kostnað. Leikurinn er ójafn – sér í lagi á kostnað þeirra sem minna mega sín á vellinum. Hvaða fyrirtæki myndi ekki vilja að bresk eða bandarísk stjórnvöld ábyrgðust skuldatryggingar þess; engin furða að fyrirtæki sem eru „of stór til að falla“ ráði markaðnum.

### Nýtt hvatakerfi

Eitt sem hagfræðingar eru nú orðið sammála um er að hvati skiptir máli. Bankastjórnendum var umbunað fyrir aukinn hagnað – hvort sem hann var vegna bættrar starfsemi (dugnaður á markaði) eða aukinnar áhættu (aukin skuldsetning). Annaðhvort voru þeir að svíkja hluthafa og fjárfesta, eða þeir skildu ekki eðli áhættu og umbunar. Kannski er hvort tveggja rétt. Og hvorugt er tilefni til bjartsýni.

Þar sem fjárfesta skorti skilning á áhættu og stjórnsýslu fyrirtækja var ábótavant, lá hvati bankamanna í því að hanna ekki góð hvatakerfi. Nauðsynlegt er að lagfæra slíkar veilur – bæði á stjórnsviði fyrirtækja og hjá einstökum yfirmönnum.

Það felur í sér að skipta upp fyrirtækjum sem eru „of stór til að falla“ (eða „of flókin til að laga“). Þar sem ekki er hægt að koma þessu við þá þarf að setja athafnafrelsi fyrirtækjanna strangar skorður og leggja á hærri skatta og auka kröfur um eiginfjárhlutfall. Með því er leikurinn jafnaður. En vandinn liggur auðvitað í smáatriðunum – og stóru bankarnir koma til með að gera hvað þeir geta til að tryggja að hvaða gjöld sem á þá verða lögð verði nægilega lág til að dragi ekki úr forskotinu sem fengið er með því að skattgreiðendur ábyrgist starfsemi þeirra.

### Meiri takmarkanir, minni hætta

Jafnvel þó að við lögum hvatakerfi bankanna þannig að þau virki fullkomlega – sem er ekki í spilunum – stafar alltaf áhætta af bönkunum. Því stærri sem bankinn er og þeim mun meiri áhættu sem stórum bönkum er leyft að taka, því meiri er ógnin við hagkerfi okkar og samfélög.

Í þessum málum eru samt engar skýrar línur. Eftir því sem við setjum meiri stærðartakmörk, getum við verið afslappaðri í þessum málum og öðrum sem snúa að regluverki fjármálastarfsemi. Og það er þess vegna sem King, Paul Volcker, sérfræðingaráð Sameinuðu þjóðanna um endurbætur á kerfi alþjóðlegra peningamála og fjármálastarfsemi, og fjöldi annarra, hefur rétt fyrir sér um þörfina á að setja stóru bönkunum skorður. Nálgast þarf vandann úr mörgum áttum, þar á meðal með sérstökum sköttum, auknum kröfum um eigið fé, strangara eftirliti og skorðum á stærð og á umfang áhættureksturs.

Slík nálgun kemur ekki í veg fyrir aðra kreppu, en það dregur úr líkunum á henni – og úr kostnaði hennar, bresti hún á.

*Joseph E. Stiglitz er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla. ©Project Syndicate. Millifyrirsagnir eru blaðsins.*

# Jól – skóli – kirkja

UMRÆÐAN

Sigurður Pálsson skrifar um trú og uppeldisstarf



SIGURÐUR PÁLSSON

Í Fréttablaðinu 15. des. sl. veita þrír fulltrúar í mannréttindaráði Reykjavíkur formanni ráðsins ákúrur fyrir að „leggja áherslu á“ aðskilnað barna eftir trúar- og lífsskoðunum, en í nóvember hafði mannréttindastjóri borgarinnar skrifað stjórnendum leik- og grunnskóla bréf þar sem áréttað var að börnum skuli ekki mismunað vegna trúar eða lífsskoðunar þeirra eða foreldra þeirra. Tilefni ákúranna er þessi setning í bréfi frá formanni mannréttindaráðs til sömu aðila frá 1. des. Þar sem segir: „Ætlunin var alls ekki að gera athugasemdir við hefðbundið kirkjustarf skólabarna heldur benda á mikilvægi þess að þeir sem hafa aðrar lífs- og trúarskoðanir standi annað til boða meðan á kirkjustarfinu stendur.“ Ekki ætla ég mér að blanda mér í innbyrðis deilur í mannréttindaráði. Hins vegar langar mig að leggja orð í belg um „hefðbundið kirkjustarf skólabarna“. Hefðbundið kirkjustarf fyrir börn og unglinga fer yfirleitt ekki fram á skólatíma. Hins vegar kann að vera að verið sé að vísa til þess að sumar kirkjur bjóða upp á kirkjustarf fyrir börn á þeim tíma sem þau eru höfð í gæslu í skólanum eftir að kennslu lýkur og börnum sem það kjósa boðin þátttaka í því. Sums staðar hefur kirkjan fengið inni í skólahúsnæði en þátttaka barnanna að sjálfsögðu sjálfvalin en ekki skyldug. Ætla má að verið sé að gagnrýna að kirkjan fái inni í skólum, þar sem í lok greinarinnar er vísað í meintan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 2007, sem á að hafa fallið foreldrum í vil sem „höfðað höfðu mál vegna starfsemi trúfélags í skólum“.

Þessi tilvísun er röng. Mannréttindadómstóllinn hefur engan slíkan dóm fellt. Hins vegar féll dómur árið 2007 í máli sem norskir foreldrar höfðuðu gegn norska ríkinu vegna þess að þarlend skólayfirvöld vildu ekki veita börnum þeirra algjöra undanþágu frá kennslu í námsgreininni „Kristendom, religion og livssyn“, heldur aðeins undanþágu frá því sem flokkast gæti undir trúarlega iðkun af einhverju tagi. Einnig var fundið að því að flókið væri að fá slíka undanþágu. Niðurstaða dómsins var sú að með þessum takmarkaða rétti til undanþágu hefði norska ríkið brotið á uppeldisrétti foreldra sem tryggður væri í mannréttindasáttmálum. Vonandi er þessi ranga tilvísun í dóminn fremur vegna athyglisbrests en ásetnings. Niðurstöðu dómsins má lesa á vef dómstólsins: Press release nr. 464, 29.06.2007. Sagan af Bergþóru í grein þremenninganna, sem fékk undanþágu frá kristindómsfræðslunni, leiðir í ljós að skólinn brást við í samræmi við dóminn, en hefði átt að fá Bergþóru verðug verkefni við annað, sem hann gerði ekki.

En kannski ratar þessi deila í dagblöð vegna þess að nú líður að jólum. Í aðdraganda jóla undanfarin ár hafa komið fram athugasemdir með vísan í uppeldisrétt foreldra að skólar skuli sinna jólaundirbúningi á sama hátt og gert hefur verið áratugum saman. Auk andúðar á jólaföndrinu hefur verið fundið að því að skólar haldi „litlu jólin“ með nemendum og að farið skuli með þá í kirkju. Undirritaður telur mikilvægt að réttur allra foreldra sé virtur, einnig rétttur meirihluta foreldra sem telja sjálfsagt að skólahald í aðdraganda jóla sé með sama hætti og verið hefur. Að sjálfsögðu á ekki að skylda börn til þátttöku ef foreldrar eru andvígir henni. En hversu langt er sanngjarnt að ganga til móts við lítinn minnihlutahóp á kostnað meirihlutans? Er ekki hægt að mæta þörfum minnihlutans með öðrum hætti? Ástæða er til að minna á að um 90% þjóðarinnar tilheyrir kristnum trúfélögum sem öll geta sameinast í jólahaldinu.

*Gleðileg jól.*

*Höfundur er fyrrverandi sóknarprestur og doktor í menntunarfræðum.*

# Hugleiðingar um loftslagsráðstefnuna

UMRÆÐAN

Sigurlaug Knudsen Stefánsdóttir skrifar um loftslagsmál



SIGURLAUG KNUDSEN

Það þarf ekki vísindaleg sannindi til að sjá eyðileggingarmátt mannkyns. Sannleikurinn uppljóstrast með flóðum, stækkun eyðimarka, aukinni tíðni hvirfilbyla og storma, hækkandi sjávarmáli, súrnun sjávarins, eyðileggingu skóglenda, bráðnun jökla vítt og breitt um heiminn í dag – einnig þeirra sem stóðu háreistir í minni æsku í norðrinu.

Það er sárlega augljóst að núverandi aðferðir okkar gagnvart náttúru munu hafa slíka skaðsemi á yfirborð jarðar að lífið í heild, eins og við þekkjum það, verður alvarlega ógnað. Orsök þess er gífurlega ósjálfbært líferni okkar. Þeir sem munu líða hvað mest eru þau sem hafa enga rödd – komandi kynslóðir. Munið að sú hugsun er huggun þeirra sem átta sig á ástandinu en kjósa að aðhafast ekki.

Því er það ekki spurning um stjórnmál, persónulegan ávinning eða vísindaleg sannindi sem fær okkur til að virða heiminn í kringum okkur – það ætti að vera okkar siðferðilega skylda. Ekki bara okkar heldur hvers barns á unga aldri af hálfu foreldra, þjóðfélaga, skóla, trúarfélaga, miðlana og ríkisstjórna. Því miður erum við langt frá slíkum hillingum. Í lok dags kemur þetta allt niður á þessa einu spurningu um siðferði okkar; hvernig göngum við að náttúrunni í kringum okkur?

Í dag má heyra háværar efasemdaraddir. Það eru þær sem efast um tilvist hitnun jarðkringlunnar. Hafið hugfast að þessar raddir heyrast langoftast frá þeim sem verða hvað minnst fyrir barðinu, fólk í Englandi, hluta úr Evrópu og Bandaríkjunum. Það er því auðvelt að loka augunum þegar vandamálið starir ekki á þig né bankar í sífellu á dyrnar þínar. Svo eru einnig þeir sem hafa bein sambönd í olíuiðnaðinn. Við hin, eða langflest, vitum vel að núverandi lifnaðarhættir okkar ganga ekki til lengdar. En hví aðhefst þá enginn?

Kaldhæðnislega staðreyndin er sú að flestir nenna því ekki.

Í seinni heimsstyrjöld var fólk reiðubúið að fórna lífi og lifum fyrir sameiginlegan málstað. Nú megum við ekki einu sinni vera að því að fórna óþarfa lífsmunaði líkt og sjónvarpinu, rafmagnstannburstanum, brauðvélinni eða batteríhlaðna mjólkurfreyðaranum, hvað þá að eyða 15 mínútum á viku í að flokka sorp.

Við erum löt og sjálfhverf. Sagan mun sýna okkur vera „þau sem gerðu ekkert“ … eða hvað?

*Höfundur er söngkona.*






1.999 kr.
Víkingur Heiðar Ólafsson
Debut
2.499 kr.
Hjálmar
IV
1.999 kr.
Söngvaseiður
Ýmsir
2.399 kr.
Strumparnir
Strumpafjör
Hafðu það gott um jólin
Mikið úrval af nýrri tónlist og frábærum kvikmyndum
2.499 kr.
Hjaltalín
Terminal
1.999 kr.
Egill Sæbjörnsson
Egill S
1.999 kr.
Sigurður Flosason
Það sem hverfur
Ragnheiður Gröndal og
Egill Ólafsson syngja!
1.999 kr.
Múm
Sing Along to Songs You don't Know
3.999 kr.
DVD Karl Berndsen
Andlit
2.199 kr.
Sigríður Thorlacius & heiðurspiltar
Á Ljúflingshól
2.999 kr.
DVD Guð blessi Ísland
3.999 kr.
DVD Fangavaktin
Tilboð gildir til og með 20.12.09
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# 35 ár frá snjóflóðunum í Neskaupstað

**UMRÆÐAN**

Gísli Gíslason rifjar upp snjóflóðin í Neskaupstað



GÍSLI GÍSLASON

Á tímabilinu 13. til 20. desember árið 1974 kyngdi niður snjó um allt Austurland. Föstudaginn 20. desember var þokkalegasta veður í byggð á Norðfirði en mikill fannburður. Dimm él gengu yfir en að mestu logn og bjart á milli hryðja. Norðfirðingar voru komnir í jólaskapið og margt fólk komið í jólafrí. Að öllu jöfnu hefðu á annað hundrað manns átt að vera við störf í frystihúsi og bræðslu en voru aðeins um 20 þennan örlagadag.

**Flóðin falla**

Alls féllu 8 snjóflóð á Norðfirði 20. desember. Þar af 2 mannskæð sem náðu í sjó fram og lögðu helstu vinnustaði bæjarins í rúst. Voru þetta mannskæðustu snjóflóð sem fallið höfðu á Íslandi síðan 1919. Fyrra mannskaðaflóðið 1974, hið innra, kom úr giljum ofan við fiskimjölsverksmiðjuna og féll þegar klukkuna vantaði 13 mínútur í tvö eftir hádegi. Tók það m.a. í sundur raflínu svo rafmagnslaust varð í bænum og það var það fyrsta sem bæjarbúar urðu varir við. Þetta flóð tók 5 mannslíf og eyðileggingarmáttur þess var yfirþyrmandi. Síðara flóðið, hið ytra, kom úr Miðstrandaskarði um tuttugu mínútum síðar og í því fórust 7 manns. Á meðal mannvirkja sem urðu fyrir síðara flóðinu var bifreiðaverkstæði, steypustöð og íbúðarhúsið Máni. Talið er að alls hafi 25 manns lent í flóðunum tveimur. Þar af fórust 12 en 13 var bjargað eða náðu að bjarga sér af eigin rammleik.

*Í ár eru 35 ár frá því snjóflóðin féllu á Norðfirði og 12 manns fórust. Af því tilefni heldur Norðfirðingafélagið bæna- og kyrrðarstund í Fella- og Hólakirkju þann 20. desember kl. 17.00.*

Fréttin um fyrra flóðið barst hratt um bæinn. Ættingjar og vinir þeirra sem saknað var hlupu á milli verslana og vinnustaða í bænum í þeirri von að þar væri þá að finna. Sumir fundust en ekki allir og eru margir Norðfirðingar til frásagna um örvæntingafulla leit fólks að ástvinum. Í fjögurra dálka fyrirsögn í Morgunblaðinu 22. desember segir: „Eins og sprengja hafi fallið á bæinn“.

**Björgunarstarfið**

Fyrstu 12 tímana eftir að flóðin féllu sáu heimamenn á Norðfirði alfarið um björgunarstörf og héldu allir vinnufærir menn á flóðasvæðin. Einkum var leitað með stikum og mokað með rekum í flóðunum en vinnuvélum beitt þar sem það var talið þorandi. Einnig fór fram mikil leit á sjónum út af flóðasvæðunum en samkvæmt sjónarvottum var talið að síðara flóðið hafi borist um 400 metra út á fjörðinn.

Um klukkan 2 um nóttina leystu Eskfirðingar af örþreytta heimamenn sem höfðu unnið að björgunarstörfum frá því flóðin féllu. Síðar bættust við björgunarflokkar frá Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og víðar. Strax á fyrstu 12 tímunum er talið að um 150 heimamenn hafi unnið að björgunarstörfum og með aðkomumönnum hafi fjöldi björgunarmanna verið 250 til 300 daginn eftir. Seyðfirðingar buðu fram aðstoð sína en Norðfirðingar töldu ekki fært að þiggja það góða boð þar sem hætta var á snjóflóðum á Seyðisfirði. Fjölmargir aðrir buðu fram aðstoð. Á fyrstu 12 tímunum fundust 9 látnir, 5 voru grafnir lifandi úr flóðunum og 4 var saknað. Þegar 20 klukkustundir voru liðnar frá flóðunum fannst einn til viðbótar á lífi en þá voru margir búnir að gefa upp alla von um að fleiri fyndust með lífsmarki. Nokkrum klukkustundum síðar fannst enn eitt lík og var þá tala látinna komin í 10 og 2 var saknað. Þrátt fyrir mikla leit á landi og sjó tókst aldrei að finna lík þeirra 2ja sem saknað var.

**Endurreisn í harmskugga**

Hinn 30. janúar 1975 fór fram í Egilsbúð, félagsheimili bæjarins, útför hinna 10 sem fundust látnir og minningarathöfn um þá tvo sem ekki fundust. Um þá tregafullu athöfn, sem fram fór fyrir fullu húsi, skrifaði Hjörleifur Guttormsson árið 1975: „Sú stund gleymist engum viðstöddum, þar sem bæjarbúar sátu þreyttir en óbugaðir með harm í huga. Sár þeirra, sem misstu sína nánustu í snjóflóðunum, eru enn ógróin, og samfélagið innan fjallahringsins við Norðfjörð mun lengi líða fyrir það högg, sem náttúruöflin greiddu byggðinni í dimmu og ofsafengnu skammdegi. Samhugur þjóðarinnar, heimsókn forsætisráðherra og þingmanna Austurlands á slysstað, svo og fébætur á tjóni og stuðningur í ýmsu formi, jafnvel handan um höf, hafa hins vegar aukið mönnum kjark og hvatt til dáða og athafna við endurreisn atvinnutækja og annars, sem féll í rúst á síðasta vetri.“ Með samheldni og stórhug og stuðningi margra þá endurreistu Norðfirðingar atvinnulíf staðarins og ávallt hefur kraftur og dugnaður einkennt samfélagið eystra.

*Höfundur er er formaður Norðfirðingafélagsins í Reykjavík Heimild: Brot úr sögu byggðar, skráð á www.nordfirdingafelagid.is af Kristjáni J. Kristjánssyni.*




vísir.is
„...ég sá það á vísi“



## JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

verða haldnir í dag og á morgun. Leikið verður fallega ævintýrið um snjókarlinn með tónlist eftir Howard Blake. Páll Óskar Hjálmtýsson mun bæði segja söguna og syngja auk þess sem tveir ungir fiðluleikarar leika þátt úr konsert eftir Bach og Graduale-kórinn syngur jólalög.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447





# Jólahlaðborð Perlunnar

19. nóvember - 30. desember

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst 19. nóvember. Það borgar sig að panta borðið strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.*

Verð 7.890 kr.

*Tilboð mánudaga-þriðjudaga*

*6.890 kr.*

23. des. Skötu- og jólahlaðborð í hádeginu

1. jan. Nýárskvöldverður Perlunnar

9. jan. Allt í steik!

Perlan er lokuð 2.-8. janúar 2010 vegna breytinga.

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Stefanía reynir oft að nýta það sem er til í skápunum og nú síðast notaði hún múslí á móti haframjöli í kökurnar. Hér er hún ásamt yngri syni sínum Ásgrími Rúnarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kökur sem klárast strax

**Stefanía Ragnarsdóttir lumar á uppskrift að súkkulaðiskreyttum hafrasmákökum sem gufa yfirleitt upp um leið og þær hafa verið bakaðar. Til tilbreytingar notar hún appelsínusúkkulaði til skrauts.**

„Kökurnar, sem eru bæði fallegar og góðar, eru líka mjög óhollar sem er nú allt í lagi svona rétt fyrir jól," segir Stefanía og brosir breitt. Þær hafa gengið á milli vinkvenna í stórum vinkonuhópi og eru alls staðar jafn vinsælar. „Ég er tiltölulega nýbúin að gera tvöfalda uppskrift og á lítið eftir."

Stefanía á ekki langt að sækja myndarskapinn í eldhúsinu en hún er heimilisfræðikennari að mennt. „Ég tók áhugasviðspróf í menntaskóla og út úr því kom að ég ætti annað hvort að verða kennari eða kokkur. Heimilisfræðikennari lá því beint við. Hárgreiðslan hefur þó alltaf heillað mig og þó að ég hafi upphaflega ætlað mér að læra hana í ellinni þá ákvað ég að slá til og klára núna í vor. Það má því segja að ég sé heimilisfræðimenntaður hárgreiðslunemi."

Þó að Stefanía hafi áhuga á matargerð viðurkennir hún að á námsárum með lítil börn þurfi „gourmet"-matargerð oft að víkja fyrir einhverju fljótlegra, auk þess sem fjárhagurinn leyfi ekki stórar veislur nema á tyllidögum. „Ég reyni þó að nostra við matargerðina þegar ég býð í mat. Ég reyni líka að gera að minnsta kosti þrjár smákökusortir. Stefanía segist ekki taka uppskriftir allt of hátíðlega og reynir oft að nýta það sem er til í skápunum. „Núna síðast átti ég til dæmis ekki nógu mikið haframjöl í kökurnar og notaði þá múslí á móti. Eins sker ég stundum suðusúkkulaði í bita ef ég á ekki súkkulaðidropa til skrauts.

*vera@frettabladid.is*

## JÓLASMÁKÖKUR MEÐ HAFRAMJÖLI OG KORNFLEXI

200 g lint smjör
2 dl sykur
2 dl púðursykur
2 egg

*Hræra fyrst smjör, sykur og púðursykur saman. Eggjum bætt út í blönduna þegar smjörið og sykurinn hafa blandast vel saman. Á meðan er þurrefnum blandað saman í aðra skál.*

4 dl hveiti
½ tsk. salt
1 tsk. matarsódi
2 tsk. vanillusykur
4 dl kornflex
4 dl haframjöl (tæplega)
2 dl kókosmjöl (gott að hafa það gróft)

*Öllu blandað saman. Kökurnar hefast mjög mikið í ofninum svo það er betra að hafa gott pláss á milli þeirra og hafa þær í smærri kantinum. Bakið við 180°C í um 8 mínútur (ekki of lengi til að þær haldist mjúkar). Þegar kökurnar eru nýkomnar úr ofninum er súkkulaðidropum (dökkum) stungið ofan í miðja kökuna. Eins er hægt að saxa suðusúkkulaði niður í smáa bita og nota í staðinn eða bræða suðusúkkulaði og pensla því ofan á kökurnar. Til að fá tilbreytingu er líka hægt að nota suðusúkkulaði með appelsínubragði.*


Nýtt

JAPANSKT Wakame SALAT

Brakandi fersk og holl nýjung á Nings

Wakame salatið er einnig afgreitt í hentugum skálum fyrir þá sem eru á ferðinni.



Frábær blanda af salati, grilluðum kjúklingaspjótum, ristuðum cashew hnetum og sesam dressingu.



Kynningarverð 995 krónur

NINGS

Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • Sími: 588 9899

www.nings.is

**SKYRGÁMUR** kemur til byggða í nótt og gefur góðum börnum í skóinn.





Sólhildur Einarsdóttir og Ögmundur Ísak Ögmundsson hafa beðið í sex ár eftir því að taka þátt í helgileiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hátíðlegt að leika helgileikinn í kirkjunni

**Ögmundur og Sólhildur hafa bæði fylgst með helgileiknum í Fossvogsskóla frá sex ára aldri og fá nú loks að taka þátt. Ögmundur leikur sögumann í leikhluta en Sólhildur fer með hið eftirsótta hlutverk Maríu meyjar.**

Ögmundur Ísak Ögmundsson og Sólhildur Einarsdóttir, tólf ára, leika bæði í helgileiknum. Sólhildur leikur Maríu mey en Ögmundur fer með hlutverk sögumanns í stuttum leikþætti. Bæði hafa þau séð helgileikinn árlega frá sex ára aldri og voru því skiljanlega farin að hlakka til að röðin kæmi að þeim að taka þátt. „Við vorum einu sinni eins og litlu krakkarnir sem núna eiga eftir að líta upp til okkar,“ segir Ögmundur. Margar litlar stelpur dreymir um að leika Maríu mey en Sólhildur segist ekki hafa verið ein af þeim. „Mig langaði að leika erkiengilinn Gabríel,“ segir hún en bætir því við að henni finnist samt fínt að vera María. Á undan helgileiknum eru leiknir stuttir leikþættir um jól á ýmsum tímum og þar er Ögmundur í stóru hlutverki. „Ég er að segja frá jólunum í gamla daga þegar fólk þurfti sjálft að búa til jólagjafir.“ Aðspurður segir hann að fólk hafi helst gefið hvort öðru vettlinga og tólgarkerti. „Þau voru fátæk en vissu ekkert endilega af því, voru bara ánægð með það sem þau fengu,“ segir Sólhildur. Ögmundur og Sólhildur eru bæði viss um að þau verði ánægð með það sem upp úr þeirra eigin pökkum kemur á aðfangadagskvöldið. „Ef maður biður um eitthvað og fær það ekki verður maður að sætta sig við það og það er allt í lagi,“ segir Ögmundur. Sólhildi finnst bæði gaman að fá mjúka og harða pakka.



Englakórinn æfir sig í að ganga inn kirkjugólfið.

Þau fá bæði bækur og lesa á aðfangadagskvöld. Ögmundi finnst þó ekki sama hvaða bækur hann les þá, sumar bækur eigi ekki við á jólanótt. Sólhildur segist hins vegar lesa fyrir svefninn á hverju kvöldi og að hún geri það líka á aðfangadagskvöldið, kannski með köttinn Snældu kúrandi til fóta. „Snælda var möndlugjöfin fyrir nokkrum árum og hún er algjör jólaköttur,“ segir hún brosandi.

Hvorugt þeirra Ögmundar og Sólhildar á sér uppáhaldshluta af jólaguðspjallinu og helgileiknum. „Þetta er allt jafn fallegt,“ segir Ögmundur og bætir við: „Það verður örugglega gaman að leika í kirkjunni, öðruvísi og hátíðlegra og fleiri áhorfendur en bara skólafélagarnir.“ *- bb*


VÖNDUÐ FÓÐRUÐ DÖMUSTÍGVÉL ÚR LEÐRI Í ÚRVALI
Til dæmis:
Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Nuclea remember to play
Ný sending af íþróttagöllum
Tilvalið í jólapakkann.
Aldur 6 mán.-14ára.
Opið er Mánudaga til Laugardaga 10:00 - 18:00
Sunnudaga fram að jólum 12:00 – 16:00
Skipholti 29b • S. 551 0770

Gjafakortin okkar eru vinsæl jólagjöf
hjá Hrafnhildi
Engjateigur 5 - 105 Reykjavík - s: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is

;ALLT HELSA

Jafnvægi fyrir líkama og sál
heilsumeðferð · heilsuvörur · dekur · leikfimi
veittu vellíðan gefðu gjafabréf
Opið laugardag og sunnudag
HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind
Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekinn.is

Falleg vasaúr
Vasaúr
með sýnilegu vönduðu 17 steina gangverki
Verð aðeins kr 24.900
Trekt vasaúr í miklu úrvali.
Gyllt, stál og tvílit. verð frá kr 14.900 til kr 68.000
GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson úrsmíðameistari
MJÓDDINNI
Álfabakka 16
sími 587 4100

Auglýsingasími 512 5473
;ALLT

# Þrír vitringar og fjöldi engla

**Inn kirkjugólfið streymir fjöldi himneskra herskara í hvítum kyrtlum og með kertaljós, syngjandi jólasálma. Fyrir framan altarið sitja Jósef og María og hjá þeim standa guðspjallamaðurinn, nokkrir fjárhirðar og Gabríel erkiengill.**


Einbeiting og hátíðleiki skín úr hverju andliti – þó að þetta sé bara æfing.


Erkiengillinn Gabríel boðar fjárhirðunum fögnuð.

Á fjórða sunnudag í aðventu munu tólf ára krakkar úr Fossvogsskóla flytja fagnaðarerindið fyrir sóknarbörn Bústaðakirkju í þrítugasta og fimmta sinn. Auðvitað eru það ekki alltaf sömu krakkarnir heldur nýr árgangur í hvert sinn, krakkar sem hafa séð helgileikinn bæði í skólanum og kirkjunni frá því þeir voru litlir.

Óskar S. Einarsson, skólastjóri í Fossvogsskóla, hefur verið starfandi við skólann nánast frá stofnun hans árið 1971 og segir helgileikinn ríka og mikilvæga hefð í skólastarfinu. „Helgileikurinn var fyrst sviðsettur árið 1974. Þá hafði Fossvogsskóli verið starfræktur í þrjú ár, opinn og framsækinn skóli þar sem mikil áhersla var lögð á leikþætti og að túlka námsefnið á leikrænan hátt. Okkur langaði til að gefa krökkunum tækifæri til að koma fram fyrir fleiri og höfðum samband við sr. Ólaf Skúlason, síðar biskup, sem þá var sóknarprestur í Bústaðakirkju. Hann tók vel í það að jólaguðspjallið yrði flutt af nemendum Fossvogsskóla í fjölskyldumessu á fjórða sunnudag í aðventu og síðan hefur það verið hefð,“ segir Óskar. Í ár eru það eru umsjónarkennarar tólf ára nemenda, Agla Ástbjörnsdóttir og Sigurbjörg Alfonsdóttir sem hafa veg og vanda af uppfærslunni þar sem fjörutíu og fimm krakkar leggja sig fram við að koma fagnaðarerindinu til skila. „Það er fast verkefni tólf ára nemenda að sjá um helgileikinn og sýna hann fyrir alla nemendur skólans á jólaskemmtun og svo í kirkjunni. Við höfum séð gegnum tíðina að það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir krakkana að fá að vera með,“ segir Óskar. „Þau eru búin að sjá þetta frá því þau voru sex ára og bíða spennt eftir því að komi að þeim.“ Og allir vilja vera með. „Við reynum að finna hlutverk fyrir alla. Kórar og englar geta verið ansi fjölmennir í stórum árgöngum en vitringarnir voru því miður ekki nema þrír,“ segir Óskar, „Stundum hafa þau skipst á, kannski verið tveir kórar eða tveir englahópar sem skiptast á að leika í skólanum og kirkjunni.“ Óskar segir að helgileikurinn sjálfur hafi lítið breyst í þessi þrjátíu og fimm ár. „Inngangurinn og forsagan hafa hins vegar breyst. Einu sinni var byrjað í baðstofu á aðfangadagskvöld þar sem lesinn var húslestur sem þróaðist svo út í jólaguðspjallið en undanfarin ár hefur upphafið orðið nútímalegra og fleiri sögur sagðar, meðal annars til að búa til fleiri hlutverk,“ segir Óskar. Spurður hvort einhver hlutverk séu eftirsóttari segir hann að það sé engin spurning. „Það er mikil spenna og eftirvænting þegar valið er í hlutverk og auðvitað mismikil ánægja með hlutskipti eins og gengur. María og Jósef eru eftirsóknarverðustu hlutverkin og ótrúlegt hvað þau eru til í að taka það að sér. Ennþá hefur enginn skorast undan þeim hlutverkum.“ Helgileikurinn verður fluttur í Bústaðakirkju á sunnudaginn í fjölskyldumessu sem hefst klukkan ellefu. Ljósmyndari Fréttablaðsins fékk að kíkja á æfingu á miðvikudaginn.




Flott fyrir jólin



20%
afsláttur
Kjólar og skokkar
Ný sending
Stærðir 36-48
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ICE LOGIC
NÝJA KÆLISKÁPALÍNAN FRÁ SNAIGE



Sparneytinn svo af ber, orkuflokkur A+
Þeir gerast ekki lágværari, aðeins 40dB
“Anti -bacterial protecting system”
Bakteríudrepandi húðun með silfurjónum á innra byrði
Fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta (eigið verkstæði).
Ný sending á frábæru jólatilboðsverði
SNAIGÉ gerð RF-32
HxBxD 176 x 60 x 62 cm
Rými 233 ltr. kælir, 54 ltr. frystir
Hvítur 119.900,- Stál 159.900,-

Þetta er skápur sem margir hafa beðið eftir, stór 233 ltr. kælir að ofanverðu og góður 54 ltr. frystir að neðanverðu.

| Aðrar gerðir og litir | Mál í cm. H x B x D | Rými ltr. kælir / frystir | Jólatilboðs-verð |
|---|---|---|---|
| C-140 hvítur | 85x56x60 | 127 | 64.400 |
| C-290 hvítur | 145x60x60 | 275 | 82.300 |
| R-130 hvítur | 85x56x60 | 97 + 17 | 71.000 |
| RF-27 hvítur | 150x60x62 | 173 + 54 | 109.100 |
| RF-27 stál | 150x60x62 | 173 + 54 | 136.200 |
| RF-36 hvítur | 195x60x62 | 233 + 88 | 125.900 |
| F-100 hvítur | 85x56x60 | 129 | 75.900 |
| F-245 hvítur | 145x60x60 | 205 | 98.700 |

Opið:
Mán-föst. 10-18
Laugardaga 11-16
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500







visir.is
„...ég sá það á vísi“










Dr. Terry Gunnell flytur fyrirlestur á ensku um íslenska jólasiði í Þjóðminjasafninu á morgun klukkan 13.

# Grýla og synir eiga ættingja um allan heim

**Terry Gunnell mun halda erindi í boði The English-Speaking Union um íslenska jólasiði í aldanna rás í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands á morgun fyrir áhugasama útlendinga og Íslendinga.**

„Þetta er fyrirlestur sem ég flyt árlega. Ég mun taka fyrir alþjóðlegan bakgrunn jólasveina á Íslandi, ættingja jólasveinanna á Norðurlöndum sérstaklega og líka í þýskumælandi löndum þar sem óvættir eru á kreiki á jólatímabilinu, náttúruvættir og draugar,“ segir Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Í fréttatilkynningu um fyrirlesturinn segir meðal annars að í nútímanum séu jólin sérstaklega tengd fæðingu Krists en eigi sér þó ævafornar rætur. Í fyrirlestri sínum seilist Terry aftur til goða og norrænnar trúar og skoðar jólin í fornsögum og þjóðsögum. Terry mun fjalla um hina tröllslegu Grýlu og hina hrekkjóttu íslensku jólasveina. „Ég ætla líka að tengja það þessari útbreiddu hefð þar sem menn klæða sig upp í dýrabúninga og fara á milli húsa og fá kjöt og eitthvað að drekka. Frekar en að gefa gjafir var eitthvað tekið, þetta sjáum við í nöfnum jólasveinanna,“ segir Terry og bætir við að hann muni einnig taka fyrir ættingja Grýlu á Írlandi og á Norðurlöndunum og í þýskumælandi löndum.



Terry Gunnell mun fjalla um íslensku jólasveinana og ættingja þeirra um allan heim.

MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

Fyrirlesturinn, sem verður einhvers konar blanda af fyrirlestri og sagnaskemmtun, er í boði The English-Speaking Union sem eru alþjóðleg góðgerðasamtök sem stofnuð voru 1918. Hlutverk samtakanna er að styrkja alþjóðlegan skilning og vináttu með notkun enskrar tungu.

„Í lokin ræðum við aðeins um mat og jólasiði yfir höfuð á Íslandi. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir,“ segir Terry og hvetur íslenska lesendur Fréttablaðsins til að láta erlenda vini sína vita af fyrirlestrinum. Fyrirlesturinn er sem fyrr segir í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins, klukkan 13.

*niels@frettabladid.is*










# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTA 18. desembe



Sameinumst, hjálpum þeim

# JÓL JÓLSSON Í HÁTÍÐARSKAPI

+ FLOTTUSTU SPARISKÓRNIR FYRIR JÓLIN + ÁRAMÓTAFÖRÐUN Í ANDA BRIGITTE BARDOT + FATASKÁPUR HILDAR BJARKAR YEOMAN


@ HARÐIR PAKKAR

UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

720/1080i

HDMI

WD

500GB DISKUR




United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

24.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

✻ nýtt og spennandi

## JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR TÓNLISTARKONA

helgin MÍN

Í kvöld mun ég syngja bakraddir fyrir bb &blake á tónleikum Jóls Jólssonar en á laugardagskvöldið held ég veglegt jólaboð meðal annars til að fagna opnun póstkortasýningar minnar og Veru Sölvadóttur sem var opnuð í Þjóðmenningarhúsinu á fimmtudag.





### Hagkaupsherferð sem segir sex

Myndir af ofurbombunni Ásdísi Rán og eiginmanni hennar Garðari Gíslasyni í Hagkaupsauglýsingum hafa vakið töluverða athygli enda eru þar á ferð djarfar myndir af parinu í nærfötunum einum saman. Myndirnar sem eru teknar á 101 Hóteli minna um margt á nærfataherferð Beckham-hjónanna nýverið þó að þar hafi verið um alþjóðlegt tískuhús að ræða en ekki Rugbynærföt frá Hagkaupum. Ásdís sjálf er mjög stolt af tökunni eins og kemur fram í bloggi hennar á Eyjunni. Þar segir hún meðal annars: „Enn og aftur erum það við hjónin sem pósum saman, kallinn (eða folinn minn) náttúrulega þaulvanur X Hr. Ísland með meiru og kann þetta jafnvel og ég!“

Sunna Kristín Hannesdóttir býr til litrík hálsmen:

# BYRJAÐI SEM MYNDLISTARVERKEFNI

Ég var að gera verkefni í litafræði í Myndlistaskólanum þar sem ég er í fornámi og fór þá að raða þremur og þremur litum saman í þessi hálsmen,“ útskýrir Sunna Kristín Hannesdóttir. „Upprunalega átti hver litur sitt eigið lýsingarorð eins og sætt, strákalegt, hommalegt eða þar fram eftir götunum og ég varð hugfangin af hugmyndinni af þremur litum saman í röð. Tilfinningin verður alltaf mismunandi í hvert skipti.“ Sunna setti grófar keðjur á kúlurnar og úr varð hálsfesti. „Mig langaði að blanda saman einhverju krúttlegu og glaðlegu við grófa rokkaða keðju.“ Sunna á ekki langt að sækja sköpunarhæfileikana en faðir hennar er myndlistarmaðurinn Hannes Lárusson. „Þegar ég byrjaði sjálf að ganga með menin voru margir sem stöðvuðu mig og vildu fá eins. Ég hóf þá einhvers konar kreppuframleiðslu á þessu heima,“ segir Sunna og hlær. „Ég var að selja menin á jólamarkaði á Kaffibarnum en þau eru til sölu núna á jólamarkaði Gallerí Crymo á Laugavegi 41a. Þess má geta að þar verða fullt af flottum hlutum til sölu, fatnaður, fylgihlutir og myndlist eftir hæfileikaríkt fólk.“ *- amb*

þetta HELST



**Krúttleg og rokkuð í senn** Sunna Kristín Hannesdóttir selur skemmtileg hálsmen í Gallerí Crymo.



**Þrír litir í röð** Sunna segist hafa heillast af því að búa til mismunandi samsetningar úr þremur litum í Myndlistaskólanum.


VANTAR ÞIG ORKU OG ÞREK Í JÓLAHEINGERNINGUNA?



Énaxin bætiefnið hjálpar þúsundum manna hvern dag að auka úthald og þrek. Fáanlegt í mixtúru og töfluformi.
VIRKAR STRAX!
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.




**Flott hönnun í jólapakkann**

## EINN dagur í einu

Þetta stóra rifgataða dagatal eftir hönnuðina Snæfríði Þorsteins og Hildigunni Gunnarsdóttur er verulegt stofustáss. Dagatalið fékk hönnunarverðlaun FÍT árið 2008 og er nú komið út fyrir 2010. Plaggið er rifgatað niður í smáar einingar svo að hvern dag má rífa af að honum liðnum. Fæst í gjafaverslun Landnámssýningarinnar í Aðalstræti.



**Valin flottust** Starfsfólk G-Star Raw á Laugavegi kampakátt með árangurinn.

G-Star RAW í Reykjavík fær verðlaun

# Skemmtilegt og jákvætt

Það var haldin keppni í því sem kallast „visual merchandising“, útliti búða innan jafnt sem utan, meðal allra G-Star-verslana í heiminum,“ útskýrir Þorvaldur Skúlason hjá G-Star í Reykjavík. „Búðin okkar, sem er á Laugavegi, er lítil í samanburði við aðrar slíkar verslanir, en þess má geta að búðin í New York er risavaxin. Það kom því afar mikið á óvart að okkar búð var valin flottasta G-Star-búðin meðal allra þeirra verslana sem tóku þátt. Okkur fannst þetta virkilega skemmtileg og jákvæð frétt, sérstaklega í ljósi erfiðra tíma hér heima.“ Verslunin á Laugavegi var hönnuð af Blængi Sigurðssyni sem hefur séð um útstillingar lengi hjá versluninni en verðlaunin sjálf verða afhent í Berlín í janúar 2010. *- amb*

✻ augnablikið



**TÖFFARI** Skvísan Georgia May Jagger, dóttir Micks Jagger í blúndukjól á British Fashion Awards..


ERT ÞÚ Á LEIÐINNI Í PRÓF?
Þarftu hjálp við að auka úthald og skerpa á einbeitingunni!



Énaxin er mjög áhrifarík jurtaformúla og er afar vinsælt hjá prófannafólki í Danmörku. Nú fáanleg á Íslandi í mixtúru- og töfluformi.
Virkar strax!
Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.



föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson
**Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Farmers Market
iceland
handwash gently
www.farmersmarket.is
FARMERS MARKET | Eyjarslóð 9 (bakinngangur) | 101 Reykjavík | sími 552 1960

# núna

✻ fylgist vel með

**DEKRAÐU VIÐ LÍKAMANN** Ein vinsælasta varan frá Clinique, Deep comfort body lotion, er nú fáanleg í 400 ml pakkningu fyrir jólin. Kremið kemur í þægilegum brúsa með pumpu og þú færð 400 ml á sama verði og 200 ml. Tilvalin gjöf fyrir alla sem vilja dekra við líkamann yfir hátíðarnar.






„Kúlan“, snagar úr ull sem fást í Iðu í Lækjargötu.

## Glaðir snagar

Þessir litríku og skemmtilegu snagar eru eftir hönnuðinn Bryndísi Bolladóttur og eru gerðir úr íslenskri þæfðri ull. „Þessir snagar eru svo glaðlegir og ekki veitir af slíku í myrkrinu. Þarna sjáum við íslensku ullina í nýju samhengi,“ segir Bryndís. Snagarnir kosta aðeins 1.450 krónur og koma í skemmtilegri öskju.

*- amb*

## Ilmur sem vekur eftirtekt




Frá Marc Jacobs er kominn nýr og spennandi ilmur sem nefnist Lola. Ljúfur blómailmur einkennir Lolu, með mildum rósa- og geraníumilmi og áberandi tónum tárablóms, en greina má topptóna vanillu og tonkabauna.

Ilmvatnsglasið sjálft er algjört listaverk. Kvenlegt lag flöskunnar er kórónað með marglitum blómvendi á tappanum og fjólublár litur glassins undirstrikar seyðandi ilminn. Lola er svo sannarlega eigulegt ilmvatn sem er kjörið í jólapakkann.











Jólavörur UNICEF fást nú líka á Birkilandi:

# VERSLAÐ HEIMA

Vefverslunin Birkiland býður nú jólavörur UNICEF til sölu á síðu sinni. Þeir sem ekki nenna út í jólaösina geta því hæglega setið á rassinum heima, drukkið jólaöl og nartað í konfekt, en misst samt ekki af því að ná sér í það nýjasta sem er að gerast í íslenskri hönnun og styrkt gott málefni í leiðinni. Birkiland stærir sig af því að bjóða eitt mesta úrval af íslenskri hönnun, bæði eftir samtímahönnuði, hönnuði framtíðarinnar og vörur gömlu meistaranna.

Kjartan Sturluson, annar eigenda Birkilands, segir töluvert um að Íslendingar kaupi jólagjafirnar í gegnum Birkiland. „Í upphafi var Birkiland eingöngu á ensku og öll verð í dollurum en þá voru lítil viðskipti í gegnum verslunina héðan frá Íslandi. En eftir að við settum öll verð í íslenskar krónur hafa viðskiptin hér innanlands tekið við sér og þetta hefur gengið vonum framar. Fólk kann að meta þann valmöguleika að versla heiman úr stofu hjá sér. Á ensku útgáfunni af Birkilandi er verðið eftir sem áður bæði í íslenskum krónum og dollurum.“

Þar sem Birkiland er sérhæft í sölu og kynningu á íslenskri hönnun brýtur það vinnureglu sína með því að bjóða vörurnar frá UNICEF til sölu, því ekki eru þær íslenskar. „Tilgangurinn helgar meðalið,“ segir Kjartan. „Ég hef verið heimsforeldri í nokkur ár og hef fylgst með starfi UNICEF. Þegar ég sá að vörur UNICEF voru til sölu á skrifstofu þeirra á Laugaveginum datt mér í hug að bjóða UNICEF að nota Birkiland sem sölustað svona fyrir jólin. Svo eru þetta fallegar vörur.“

Vefsíða Birkilands er www.birkiland.com.



Kjartan Sturluson



**Jólakúla** Margir gera sér árlega ferð í höfuðstöðvar UNICEF þar sem jólavörur samtakanna eru til sölu. Nú fást þær líka á Birkilandi.

## ✻ ómissandi um jólin



1 **Avatar í bíó** Hollywood-geimmynd eftir James Cameron þar sem öllu er tjaldað til. Fjarlæg pláneta, geimverur, hasar og ástarsaga. Hver biður um meira í bíó?!

2 **Brasilía á Skólavörðustíg** Góður suðrænn matur sem er ekki of þungur fyrir pyngjuna. Auk þess er hressandi sambataktur allan liðlangan daginn.

3 **Toblerone-kakó** Einföld hugmynd sem bæði stórir og smáir munu elska: Settu teskeið af góðu hunangi út í kakó eða súkkulaðibollann. Gefur unaðslegt Toblerone-bragð.





4 **Slökunarstundir** Ekki láta jólastressið drepa rómantíkina á heimilinu. Takið ykkur smástund til að eyða með elskunni, farið í göngutúr, í freyðibað eða spjall yfir rauðvíni og kertaljósum.

5 **Hátíðleg tónlist** Jólin koma í alvörunni inn á heimilið þegar falleg tónlist er sett á fóninn. Fallegir sálmar og miðaldakórverk gefa tóninn.




Jólakúlur 6 í pakka 273.-
3 fyrir 2 af snyrtivörum
Kerti 20% afsláttur
11.900,-
3 fyrir 2 af jólapappír
Slaufur og borðar 30% afsláttur
Jólappír frá 290,- til 890,-
frá 483,-
5.990,-.
jólaskraut 30% afsláttur
8.990,-
1.790,-
890,-
Putumayo jóladiskur 2.690,-
13.900,-
49.900,-
16.900,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
Opið til 22 öll kvöld til jóla þorláksmessa til 23
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# núna
✻ fegurð & förðun

**FALLEGT** Þessi silfurlitaði pallíettutoppur er tilvalinn bæði við gallabuxur eða hnésítt „pencil"-pils í jólateitin. Fæst í Nostalgíu, Laugavegi.



## EKKI LÁTA BUGAST AF JÓLABOÐUNUM...

Saltur matur, of mikið áfengi og lítill svefn gerir lítið fyrir útlitið en hætta er þó á slíku um hátíðarnar. Það eru þó til ýmis góð ráð við „partí"-húð til þess að fríska sig upp og vera áfram upp á sitt besta. Lykilatriði er að drekka mikið vatn eða jurtate sem mótvægi við saltáti og rauðvínsdrykkju. Ýmis undraráð eru til fyrir húðina en má þá aðallega nefna Beauty Flash Balm frá Clarins sem er margrómað krem til að setja undir farða sem lætur húðina ljóma á ný. Annað fegurðarundur eru svokallaðir „töfrapennar" sem er upplagt að nota undir augun til að lyfta þeim og hylja þreytubauga. Að síðustu er óráðlegt að þekja þreytta húð með miklum farða, slíkt mun ekki gera neitt nema að ýkja þurrk og þreytumerki. Notaðu frekar gott rakakrem, baugahyljara og fallegt púður og mundu eftir rósrauðum eða ferskjulituðum kinnalit sem gerir kraftaverk. *- amb*







JÓLAÞORPIÐ OG VERSLANIR MIÐBORGARINNAR
OPNAR TIL 22:00
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

LIFANDI TÓNLIST vítt og breitt um miðborgina frá Hljómskála að Hljómalindarreit, Vegamótum að Skólavörðuholti.
JÓLAPAKKA-BRÚSABÍLARNIR leggja af stað kl. 15:00 á morgun, laugardag, frá Skólavörðuholti og Hlemmtorgi. Komið með pakka og hendið um borð handa þeim sem minnst eiga.
SYNGJANDI JÓLASVEINAR á báðum brúsapöllum taka á móti pökkunum.

*Njótum aðventunnar í miðborginni okkar*




Áramótaförðun fyrir MAC í anda Brigitte Bardot:

# KYNÞOKKAFULL ÁRAMÓTAFÖRÐUN

Þegar ég fór að skoða áhrifin í förðun í erlendum tímaritum og á tískupöllum var tilfinningin sem greip mig kynþokkafull 60's Brigitte Bardot," segir Guðbjörg Huldís. „Ein nýjasta táknmyndin í heimi stórstjarnanna er Sheryl Cole sem hefur prýtt ófáar forsíður með sitt fallega útlit í anda sjöunda áratugarins. Sheryl hefur einmitt verið innblástur margra stúlkna úti í heimi." Guðbjörg bætir við að á haustsýningu Chanel hafi einnig gætt 60's áhrifa. „Mér finnst þessi tíska vera áberandi í verslunum nú, þar sem stuttir kjólar, mikil blúnda og krúttleg smáatriði ráða ríkjum." Hvað varðar förðunartískuna í dag segir Guðbjörg Huldís það vera þungan eyeliner fyrir ofan og neðan augu ásamt voldugum augabrúnum. „Í þeim anda notaði ég einnig löng og þykk gerviaugnahár á módelið. Til þess að fá fallegan gljáa á húðina kaus ég fljótandi meik ásamt kinnalit með nettri sanseringu, púður var notað í algjöru lágmarki nema þar sem virkilega þurfti eins og á enni og nef. Í lokin setti ég nóg af glossi á varir til að undirstrika ferskleikann."

**FÖRÐUN:** Guðbjörg Huldís með MAC
**MÓDEL:** Svala Lind frá Eskimo
**MINERALIZE AUGNSKUGGI:** Under Your Spell (jólalínan)
**GLOSS:** Cremesheen Glass Boy Bait (jólalínan)
**MINERALIZE KINNALITUR:** Dainty
**MASKARI:** Zoom Fast Black Lash Mascara
**MAC EYELINER:** Penultimate Eye liner
**MAC FARÐI:** Studio Sculpt spf 15 Foundation





# Flott í vetur

TAX FREE
afnemum VSK
á okkar kostnað

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar




NÝTT

Flex Max belti fyrir kviðvöðva dömu og herra
**Verð kr. 22.409,-**
Verð áður kr. 27.900,-

Flex belti fyrir kviðvöðva dömu og herra
**Verð kr. 18.393,-**
Verð áður kr. 22.900,-




System belti fyrir kviðvöðva dömu og herra
**Verð kr. 27.228,-**
Verð áður kr. 33.900,-

**System dömu- / herrapakki** - belti + armar - verð **kr. 37.650,-**
**System dömupakki** - belti + buxur - verð **kr. 39.995,-**
**System dömupakki** - belti + buxur + armar - verð **kr. 49.995,-**
**System parapakki** - belti + aukabelti - verð **kr. 37.650,-**
**System buxur** - verð **kr. 29.638,-** verð áður kr. 36.900,-
**Nuddtæki** - verð **kr. 18.393,-** verð áður kr. 22.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 21 ár
1988 - 2009

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

KORTER - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

# SAMEINUMST, **HJÁLPUM ÞE**

**Í kvöld kemur fjöldi tónlistarmanna, hljómsveita og plötusnúða saman til að fagna komu jólanna á tónlistarhátíðinni** Jól Jólsson **á Hótel Íslandi. Þar á meðal verða FM Belfast, GUS GUS og Lúdó og Stefán. Hápunkti kvöldsins verður náð þegar allir söngvarar kvöldsins safnast saman á stóra sviðinu og flytja lagið sem allir kunna – Hjálpum þeim – í nýrri útgáfu. Hundrað krónur af andvirði hvers miða á Jól Jólsson renna til Hjálparstarfs kirkjunnar, í anda upphaflega lagsins sem var gefið út til styrktar vannærðum börnum í Afríku. Jól Jólsson, sem stendur fyrir hátíðinni ásamt öðrum, mun tryggja að upphæðin verði ekki undir 100 þúsund krónum. Föstudagur smalaði hluta hópsins saman og lagði fyrir hann nokkrar jólalegar spurningar.**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Rósa Birgitta Ísfeld, Feldberg

***Á að gefa börnum brauð að bíta í á jólunum?*** Já, svo sannarlega, ef brauðið er táknrænt fyrir allt þetta góða sem við borðum yfir hátíðirnar. Ég ætla einmitt að fara að baka sörur, mér finnst mjög gaman að bjóða upp á þær á jólunum. Svo ætlum við að borða kalkún á aðfangadag, þannig að það eina sem kemst að hjá mér þessa dagana er einmitt matarkyns. Ég ætla að borða á mig gat af alls kyns góðgæti með góðu rauðvíni eða púrtvíni. Því miður er dóttir mín ekki alveg að njóta jólanna þetta árið því hún er bara átta mánaða. Ætli ég gefi henni ekki bara smá brauðbita að naga.

## Jón Atli Helgason, Human Woman

***Hefur þú séð mömmu kyssa jólasvein?*** Ég mun sjá mömmu í massastuði að kyssa jólasveininn sem verður á Jól Jólsson tónlistarhátíðinni í kvöld á Broadway, ásamt Gus Gus, Fm Belfast, Lúdó og Stefáni, hljómsveitinni minni Human Woman og öllu því ferskasta sem í boði er í íslensku tónlistarlífi. Mamma hefur líka oft kysst President Bongo úr Gus Gus, sem er jólasveinn á sinn einstaka hátt. Ég vil nota tækifærið og hvetja fólk sem les þetta til að vera blítt og gott hvert við annað um jólin. Gefum ást og umhyggju, styðjum við bakið á þeim sem minna mega sín því öll erum við jú systkini. Gleðileg Jól Jólsson kæru vinir á landi og sjó.

## Daníel Ágúst Haraldsson, Gus Gus

***Kemstu í hátíðarskap, þótt úti séu snjór og krap?*** Það er fátt hátíðlegra en einmitt blessað krapið sem gerir snjóinn svo dásamlega töfrandi. Millibilsástand milli þess að vera snjór og vatn minnir mann á að allt er breytingum undirorpið og ekkert er eilíft nema jólaandinn og jólaskapið sem fleytir manni í gegnum drungann og myrkrið sem er svo magnað og yfirþyrmandi í desember. Það er á þessum árstíma sem maður verður að kafa djúpt til að skilja hismið frá kjarnanum og ná að faðma og njóta þess sem gerir okkur að einhverju öðru en brauðstritandi skepnum. Ytri aðstæður eins og til dæmis snjór og krap valda því oft að maður gleymir að koma sér í jólaskap enda oft hægara sagt en gert að vita hvað það er nákvæmlega fyrr en maður er sestur niður með fjölskyldunni á aðfangadagskvöld og jólailmur, ljós og tónar fylla andrúmsloftið.

## Vera Sölvadóttir, BB&Blake

***Ætlar jólasveinninn þinn að koma í kvöld?*** Ég er ekki viss. Ég veit ekki hvort ég kunni að meta að hann skuli vera að sniglast heima hjá mér. Síðast þegar hann kom vissi ég ekki af því. Ég skildi skó óvart eftir í glugganum og var komin hálfa leið til Kópavogs í strætó þegar ég fattaði að þeir voru fullir af bráðnuðu súkkulaði. Ég væri til í að hann myndi bara setja gjafirnar í gegnum lúguna. Það væri líka einfaldara fyrir hann.

## Krummi Björgvins, Legend

***Rokkar þú kringum jólatréð?*** Ég eyði alltaf jólunum með fjölskyldunni minni og borða dásmlegan mat. Reyni að rokka í kringum jólatréð en oftast eftir kalkúninn þá er ég svo saddur og fínn að ég er alltaf sofnaður þegar á að opna pakkana. En það er ekki annað hægt en að rokka um jólin þegar maður á svona mömmu sem passar upp á rokkarana.

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • DESEMBER 2009



**SJÚKUR!**
DIDDI FEL HEFUR EKKERT AÐ FELA

**TARA REID**
REYNIR AFTUR NAKIN Í PLAYBOY

**MAGNÚS ÖDER &GRÆJURNAR**

**MIÐ-ÍSLAND**
ÍSLENDINGAR ERU MEÐALFYNDNIR

**AVATAR**

**SÓLMUNDUR HÓLM**
GEFUR JÓLARÁÐ






Frosti Gringo, trommari Stóns, fór með hlutverk síðhærða fangans í Fangavaktinni. Hinn risavaxni Þröstur Hjörtur tók af honum plokkfisk og gaf Ólafi Ragnari í eftirminnilegu atriði.

# STEINDI JR. Í MYNDBANDI DIDDA FEL

Grínistinn góðkunni Steindi Jr. leikur sálfræðing í myndbandi rapparans Didda Fel við lagið Sjúkur. (Diddi er í viðtali á blaðsíðu átta)

Myndbandinu er leikstýrt af Einar Smárasyni og Fannar Sch. Edwardsson tók upp og klippti. Það er komið inn á Youtube og upphafsatriðið með Steinda er kostulegt. Þar er hann að spjalla við kærustuna, sem bíður eftir honum heima á bumbunni í boxernærbuxum og með ilmvatn.

Steindi vinnur nú að eigin þáttum sem sýndir verða á næsta ári. Þátturinn er með vinnutitilinn Steindinn okkar og lofar góðu, en atriði hans í Monitor-þættinum síðasta sumar vöktu mikla lukku.



**STEINDINN OKKAR** Kemur fram í tónlistarmyndbandi.

# ÞAÐ ER EKKI ORÐIÐ OF SEINT AÐ…

**…SJÁ STÓNS** Bjarni og Bjössi úr Mínus eru staddir á landinu og ætla að halda tónleika með Rolling Stones-koverbandinu Stóns á Sódómu á morgun. Svo eru þeir roknir til útlanda aftur þannig að ef fólk vill sjá þetta magnaða band er um að gera að skottast úr Kringlunni, gleyma jólunum í smá stund og grátbiðja um Paint it Black.

**…HLÆJA FYRIR JÓL** Jólin eru að drepa okkur öll, eða gera okkur gjaldþrota. Nema hvort tveggja sé. Þess vegna er þjóðráð að skella sér á uppistand strákanna í Mið-Íslandi á Batteríinu í kvöld. Ekki fara í jólaköttinn súr á svip. Vertu skælbrosandi og hlæjandi þegar kvikindið kemur og étur þig upp til agna vegna þess að þú hafðir ekki efni á nýjum fötum fyrir jól. Enda eyddirðu að sjálfsögðu öllum peningunum þínum í gjöf handa mömmu.

**…HLUSTA Á NIRVANA** Það er einhvern veginn þannig, að það er sama hversu lengi hljómsveitir hafa verið hættar, meðlimir látnir og allt snyrtilega frágengið – þá kemur alltaf ein plata í viðbót. Nú var að koma út læf plata með Nirvana, sem var tekin upp á tónleikum á Reading-hátíðinni. Tónleikarnir eru magnaðir og platan er dæmd á blaðsíðu 14.



**…KYNNAST GEORG BJARNFREÐARSYNI** Lokahnykkurinn í sögunni um Georg, Ólaf Ragnar og Daníel er á leiðinni í bíó í formi kivkmyndarinnar Bjarnfreðarson. Það er reyndar mjög ólíklegt að þú hafir aldrei horft á þættina, en ef þú hefur búið í holu síðustu ár (eða í Danmörku) skaltu taka þetta allt á DVD og skella þér svo í bíó.

POPP er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Forsíðumynd:** Stefán Karlsson
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.







# POPP PUNKTAR

## ● ÍSLENSKAR STÚLKUR Í PLAYBOY

**Árið 1998 birti Playboy myndaþáttinn Women of Iceland, þar sem fjölmargar íslenskar stúlkur fækkuðu fötum fyrir tímaritið. Í dag eru endalausar vangaveltur um hvort Ásdís Rán ætli að sitja fyrir í blaðinu, en hún var í viðtali á vefsíðu tímaritsins fyrir skömmu. Þá bárust fréttir af því fyrir nokkrum mánuðum að fyrirsætan Ornella Thelmudóttir hafi farið í myndatöku fyrir tímaritið, en myndirnar eiga enn þá eftir að birtast.**



## ● FRÆGAR FÆKKA FÖTUM

**Fjölmargar frægar konur hafa setið fyrir á síðum Playboy, þannig að Tara Reid er enginn brautryðjandi. Ofurskutlan Kim Basinger birtist á síðum blaðsins árið 1983 og tólf árum síðar var komið að Drew Barrymore. Denise Richards var í Playboy fyrir fimm árum og Broke Burke, sem var kynnir í Rockstar: Supernova, hefur tvisvar birst á síðum blaðsins, árin 2001 og 2004. Loks hefur Pamela Anderson setið reglulega fyrir í Playboy síðan hún birtist þar fyrst árið 1990.**



**POPPSKÝRING:** TARA REID REYNIR AFTUR



**ÞÁ** Tara Reid áður en hún byrjaði að breyta líkama sínum með hjálp lækna.

# BJARGAR PLAYBOY FERLINUM?

**Tara Reid situr nakin fyrir í nýjasta tölublaði Playboy. Hún segist vilja sýna heiminum hvernig hún lítur út í raun og veru, en það er hugsanlegt að hún vilji einnig reyna að endurlífga misheppnaðan feril sinn með uppátækinu.**

Tara Reid var ein af unglingunum sem slógu í gegn í kvikmyndinni American Pie árið 1999. Myndin var gríðarlega vinsæl og þénaði meira en 100 milljónir dollara. Fátt er líkt með Töru Reid þá og Töru Reid sem við þekkjum í dag. Sæta, ljóshærða ráma stelpan er búin að fara í nokkrar misheppnaðar lýtaaðgerðir og djamm síðustu ára hefur haft áhrif á kvikmyndaferilinn. Myndir hennar hafa ekki verið frumsýndar í kvikmyndahúsum síðan hún lék í Alone in the Dark árið 2005. Síðast sást hún í myndinni Vipers – við höfum ekki heldur heyrt um hana, enda var hún frumsýnd á Sci-Fi-sjónvarpsstöðinni áður en hún var gefin út á DVD.




**NÚ** Tara Reid á forsíðu Playboy.

Tara hefur látið lagfæra mistök sem gerð hafa verið á líkama hennar og sýnir afraksturinn í nýjasta tölublaði karlablaðsins Playboy. „Ég var löguð og er í lagi núna. Ég vil að fólk viti að það er í lagi með mig,“ sagði hún í viðtali er hún var spurð hvers vegna hún situr nakin fyrir. „Það hefur verið í lagi með mig í fimm eða sex ár, en fólk fær alltaf að sjá gömlu myndirnar af mér. Það er ósanngjarnt og hluti af ástæðunni fyrir því að ég sit fyrir í Playboy. Ég þarf að sýna heiminum hvernig ég lít út í raun og veru.“

Hugsanlegt er að uppátækið sé leið Töru til að koma sér á kortið aftur í viðleitni til að endurlífga andlausan kvikmyndaferil. Hún kemst aftur í umræðuna og hugsanlega landar hún bitastæðu kvikmyndahlutverki í kjölfarið. Það er ekki skrýtið að hún gangi langt þar sem ferill hennar hefur verið rjúkandi rúst undanfarin ár. Til dæmis má nefna að á hátindi ferilsins fékk hún rúmlega 60 þúsund dollara fyrir að láta sjá sig á völdum skemmtistöðum, en í lok ársins 2008 þurfti hún að grátbiðja um 1.500 dollara. Nú er hún búin að fara í meðferð og virðist vera tilbúin til að gera allt til að slá í gegn á ný – meira að segja koma nakin fram.

# Jólatilboð

## á nýjum diskum og bókum

IÐA




fullt verð 5.465,-
tilboðsverð 4.390,-




fullt verð 5.860,-
tilboðsverð 4.790,-




fullt verð 3.950,-
tilboðsverð 2.850,-




fullt verð 5.350,-
tilboðsverð 4.390,-

## Líf og fjör í IÐU um helgina

### Hljómsveitin Árstíðir spilar kl.15 laugardaginn 19. des.

### Jazzsveitin ADHD spilar kl.15 sunnudaginn 20. des.

## Allir velkomnir



fullt verð 2.910,-
tilboðsverð 2.365,-




fullt verð 2.910-
tilboðsverð 2.390,-




fullt verð 2.910,-
tilboðsverð 2.390,-



fullt verð 2.565,-
tilboðsverð 1.990,-



fullt verð 2.660-
tilboðsverð 1.990,-



fullt verð 3.855,-
tilboðsverð 3.190,-




fullt verð 2.755,-
tilboðsverð 2.290,-



fullt verð 1.675,-
tilboðsverð 1.190,-



fullt verð 2.565,-
tilboðsverð 2.090,-



fullt verð 2.400,-
tilboðsverð 1.990,-




fullt verð 3.065,-
tilboðsverð 2.340,-



fullt verð 2.910,-
tilboðsverð 2.390,-



fullt verð 3.555,-
tilboðsverð 2.890,-




fullt verð 3.190,-
tilboðsverð 2.590,-



fullt verð 2.565,-
tilboðsverð 2.090,-

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00

# DÝRUSTU SKILNAÐIR SÖGUNNAR

Viðskiptaritið Forbes hefur spáð því að auðævi Tigers Woods nái upp í einn milljarð dala á næsta ári. Elin Nordegren, eiginkona hans, getur byrjað að reikna hvað það er mikið í sænskum krónum.

**Skilnaðir eru dýrir fyrir þá sem eiga peninga. Kona Tigers Woods er farin frá honum og nú hefst baráttan um milljarða auðæfi kylfingsins. Eiginkona hans ætti að geta kafað djúpt ofan í vasa hans þar sem ný kona stígur fram nánast daglega og lýsir yfir að Tiger hafi tví-, ef ekki þrípúttað í holuna sína. POPP tók saman dýrustu skilnaði fræga fólksins, sem ætti að gefa einhverja mynd af því sem Tiger á von á.**

### MICK JAGGER
### JERRY HALL
Þau hittust 1977 og eignuðust fjögur börn áður en þau gengu í það heilaga árið 1990. Þau skildu árið 1999 eftir að Jagger barnaði aðra konu. Í réttarsalnum dró Jagger réttmæti brúðkaups þeirra í efa og tókst að láta ógilda það. Þess vegna fékk hún aðeins hluta af tæplega fjórutíu milljörðunum hans.

### MICHAEL DOUGLAS
### DIANDRA DOUGLAS
Árið 1977 hittust Michael Douglas og hin nítján ára gamla Diandra Luker. Sex vikum síðar voru þau gift. Douglas varð í kjölfarið einn af ríkustu mönnunum í Hollywood, en sögur af framhjáhaldi og áfengismisnotkun hans skyggðu á hjónabandið. Árið 1998 skildu þau og hún fékk milljónir og tvö hús.

### PAUL MCCARTNEY
### HEATHER MILLS
Bítillinn kvæntist Mills árið 2002, en hún er þrjátíu árum yngri en hann. Honum fannst óþarfi að skrifa undir kaupmála, sem hún á að hafa boðist til að gera. Þau eignuðust dóttur ári síðar, en árið 2006 voru þau skilin að borði og sæng. Allt fór í háaloft, hún sakaði hann um ofbeldi og hann læsti hana úti.

### HARRISON FORD
### MELISSA MATHISON
Þau hittust árið 1977 og giftu sig árið 1983. Sex árum síðar varð Ford einn af tekjuhæstu leikurum Hollywood þegar hann fékk rúmar 800 milljónir fyrir kvikmyndina Presumed Innocent. Þau skildu árið 2004 og ofan á milljarðagreiðsluna samdi hún um að fá hluta af tekjum hans í framtíðinni.

### NEIL DIAMOND
### MARCIA MURPHY
Neil Diamond og Marcia Murphey 18,9 milljarðar
Diamond og Murphey gengu í það heilaga árið 1969, áður en hann sló í gegn með plötunni Touching You, Touching Me. Hún sótti um skilnað eftir 25 ára hjónaband og nældi í helming auðæfa hans. Spurður út í upphæðina og sagði Diamond að hún hefði verið hverrar „krónu“ virði.

### MICHAEL JORDAN
### JUANITA JORDAN
Körfuboltagoðsögnin Michael Jordan kvæntist Juanitu árið 1989. Hann var þá byrjaður að fá milljarða sem leikmaður Chicago Bulls og andlit Nike. Þau sóttu um skilnað árið 2002, en sættust skömmu síðar. Þau skildu svo endanlega árið 2006 og hún fékk helming gríðarlegra auðæfa hans.

### LIONEL RICHIE
### DIANE RICHIE
Þau hittust þegar hann var 36 ára en hún átján. Sjö árum síðar skildi hann við fyrstu eiginkonu sína og kvæntist Diane árið 1996. Hún sótti um skilnað eftir átta ára hjónaband og slúðurblöðin birtu fréttir af snobbuðum kröfum hennar sem hljóðuðu upp á mánaðarlega fata-, nudd- og lýtalækningapeninga.

### JAMES CAMERON
### LINDA HAMILTON
James Cameron kvæntist leikkonunni Lindu Hamilton í júlí árið 1997. Þau eignuðust dóttur áður en hjónbandið strandaði átján mánuðum síðar. Cameron fékk rúma tólf milljarða fyrir að leikstýra Titanic (sem halaði inn 221 milljarði) og Linda fékk helminginn af því eftir skilnaðinn.

### KEVIN KOSTNER
### CINDY SILVA
Costner og Silva hittust í háskóla og gengu í það heilaga árið 1978. Þau voru gift í sextán ár og á því tímabili varð hann einn tekjuhæsti leikarinn í Hollwood og þénaði til dæmis rúma sex milljarða árið 1991. Þau voru gift á hápunkti ferils Costners og hún fékk því talsverðan hluta af peningahlassinu.

### STEVEN SPIELBERG
### AMY IRVING
Spielberg kvæntist leikkonunni Amy Irving árið 1985 og hafði þá þegar slegið í gegn með myndunum Indiana Jones og ET. Þau skildu tæpum fjórum árum síðar og henni tókst að ógilda kaupmálann sem var skrifaður á munnþurrku. Hún fékk helming eigna hans, sem í dag eru metnar á tugi milljarða.

1,8 | 2,5 | 5,5 | 6,1 | 6,1+ | 9,8 | 10,4 | 12,3 | 18,9 MILLJARÐAR | 20,6 MILLJARÐAR

TÖLURNAR ERU Í MILLJÖRÐUM ÍSLENSKRA KRÓNA






# TVÍFARAR FRÆGA FÓLKSINS

Átt þú vin sem líkist einhverjum frægum? Er bróðir þinn alveg eins og Nicolas Cage eða er besta vinkona þín sláandi lík Katy Perry? Sendu okkur mynd á popp@frettabladid.is eða SMS í síma 696 POPP (696 7677) og hún gæti birst í næsta tölublaði.





Vinur **Ágústs Inga** sendi okkur þessa mynd af honum með þeim orðum að hann væri alveg eins og Stifler í American Pie. Stifler er leikinn af **Seann William Scott** og við erum ekki alveg viss um að hann sé tvífari Ágústs, en leyfum lesendum að eiga síðasta orðið.

# POPP MOLAR



Hljómsveitirnar **múm** og **Seabear** koma fram í Iðnó í kvöld klukkan 21. Hljómsveitirnar hafa verið uppteknar við tónleikahald í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu það sem af er þessu ári. Langt er síðan hljómsveitin múm hélt tónleika í Reykjavík. Ef frá eru talin þau örfáu skipti sem sveitin hefur komið fram á tónlistarhátíðum, eða hitað upp við endurkomu Sykurmolanna, eru þetta fyrstu eiginlegu tónleikar hljómsveitarinnar á landinu í fimm ár – eða síðan sveitin hélt tónleika þann 20. desember 2004 í Íslensku óperunni.



Davíð **Berndsen** hefur gefið út plötuna **Lover in the Dark**. Platan var unnin í mjög nánu samstarfi við **Hermigervil**, eða allt að því óeðlilega nánu, sem ku skila sér mjög vel í tónlistinni. Platan inniheldur popp undir sterkum áhrifum 80´s synþapopptónlistar, og er samanburður við sveitir á borð við O.M.D., Ultravox, Pet Shop Boys og fleiri góðar óhjákvæmilegur. Meðal laga á plötunni eru til dæmis **Supertime** og Lover in the Dark sem hafa fengið fína spilun á öldum ljósvakans.



**Kraumslistinn**, viðurkenning Kraums tónlistarsjóðs til þeirra verka sem þótt hafa framúrskarandi, frumleg og spennandi í íslenskri plötuútgáfu á árinu, var kynntur annað árið í röð á miðvikudag 16. Eftirtaldir listamenn hlutu viðurkenningu fyrir plötur sínar: Anna Guðný Guðmundsdóttir, Bloodgroup, Helgi Hrafn Jónsson, Hildur Guðnadóttir, **Hjaltalín** og **Morðingjarnir**.



**POPPPLATA:** ÍMYND RIHÖNNU TEKUR STAKKASKIPTUM

## BYSSUR, GADDAVÍR OG KEÐJUR

Hvern hefði grunað fyrir ári síðan að stelpan sem söng regnhlífalagið ódauðlega myndi fara að syngja um byssur, vafin gaddavír og keðjum? Það er þó staðreyndin með Rihönnu. Síðan fyrrum kærasti hennar, söngvarinn Chris Brown, réðst á hana kvöldið sem Grammy-verðlaunahátíðin fór fram í febrúar á þessu ári, hefur ímynd Rihönnu tekið stakkaskiptum. Bæði útlit hennar og tónlist er orðin meira ögrandi. Það er óneitanlega erfitt að koma með plötu sem toppar Good girl gone bad og lag eins og Umbrella, en fyrir þá sem hafa fylgst með Rihönnu undanfarið ár er Rated R fullkomlega eðlilegt framhald á ferli hennar.



Á þessari plötu tekur Rihanna virkan þátt í lagasmíðunum og útsetningunum. Vitandi hvað hún hefur gengið í gegnum er óhjákvæmilegt að hlusta eftir því í textum hennar og í lögunum Stupid in love, Fire Bomb og Cold case love (samið með Justin Timberlake), tjáir hún sig augljóslega um það sem hefur drifið á daga hennar með setningum eins og „Your love was breaking the law," og „I still love you but I just can't do this, I may be dumb but I'm not stupid." Töffarinn í henni er samt aldrei langt undan og eru svölustu lögin á plötunni án efa Wait your turn, Rockstar 101 og G4L, eða „Gangsta for life". Persónulega finnst mér hápunktarnir vera lögin Hard og Rude Boy. Það má þess geta að allar útsetningar og hljóðvinnsla á plötunni er óaðfinnanleg, enda snillingar á borð við Stargate, The Dream og Tricky Stewart þar á ferð.

*- ag*

### RIHANNA

**RATED R**

★★★★☆

**Dánlódaðu:** Hard, Wait your turn





TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn
Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is


**POPPGÚRÚ:** MAGNÚS VARÐVEITIR GRÆJUR FYRIR SAMFÉLAGIÐ



**FJÖLSKYLDUMYND** Magnús og græjurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# MISKUNNSAMI MÚSÍKANTINN

**Magnús Øder er einn ötulasti græjusafnari landsins. Hann er mikið fyrir gömul hljómborð og hefur eytt ómældum fjármunum í að kaupa þau og gera þau upp.**

„Ég vil meina að ég standi í samfélagsþjónustu og að það sé skylda mín að sanka að mér gömlum „vintage“-hljóðfærum og varðveita þau fyrir komandi kynslóðir. Í alvörunni,“ segir græjufíkillinn Magnús Árni Øder, upptökustjóri og meðlimur hljómsveitarinnar Benny Crespo's Gang.

Magnús byggði nýlega hljóðver ásamt Haraldi Leví, eiganda útgáfufyrirtækisins Record Records. Hann segist hafa eytt miklum fjármunum í græjur og viðhald þeirra um árin og réttlætir græjufíknina með því að segja sjálfum sér að hann sé að gera samfélaginu gott.

*Þú ert sem sagt að þessu fyrir okkur?*

„Já, eiginlega. Það er rosalega mikið af þessu dóti sem bilar – kannski orðið þrjátíu til fimmtíu ára gamalt. Fullt af fólki fer líka illa með græjurnar þangað til þær eyðileggjast og það eru kannski fáir tilbúnir til að gera við þær og halda þeim við. Það þarf mikinn tíma og áhuga til að halda sumum græjum gangandi. Þess vegna tek ég þetta að mér, miskunnsami músíkantinn, og varðveiti.“

Magnús segir sárt að vita til þess að fólk hendi gömlum græjum sem eru hættar að virka og hvetur fólk til þess að koma þeim frekar til sín, enda gerir hann ekki aðeins græjurnar upp heldur notar þær einnig í upptökum á nýrri tónlist.

„Ég hef eytt fleiri klukkutímum og miklu af peningum í að koma Rhodes, Wulitzer, Farfisum og svona hljómborðum í stand,“ segir Magnús.

*Þannig að það þarf ekki bara að sprauta smá kontakt-spreyi inn í græjurnar?*

„Nei, það er oft talsvert meira sem þarf að gera þegar það er kannski búið að týna alls kyns hlutum úr þeim. Þá ligg ég á eBay og reyni annaðhvort að finna upprunalegu hlutina eða eftirlíkingar af alls konar hlutum.“

**DÓTAKASSINN**

**Pro Tools HD2, Millenia Pre amp, Universal Audio Pre AMp, API EQ, 1176 compressora og distressor, Ribbon míkrófónar, Farfisa-orgel, Rhodes píanó, Wulitzer, Klavinett, Arp 2006 Synth, Vox Continental orgel, Yamaha CP70 rafmagnsflýgil og fullt af gömlum trommusettum til dæmis gömul Ludwig.**

**NÝJA GRÆJAN**

**„Nýjasta græjan er API EQ. Með EQ tekur þú ákveðna tíðni og ýkir hana og tekur aðra deyfir hana.“**

**VERKEFNIÐ**

**Magnús er að taka upp hljómsveitina Cryptic Melody og vinna músík með Lay Low fyrir kvikmyndina Kóngaveg 7. Þá er hann að leggja lokahönd á plötuna hans Helga Vals.**











**MAGNÚS PRÓDÚSERAÐI**

**Lay Low - Please Don't Hate Me, Foreign Monkeys - Pí, Þóra Björk Þórðardóttir - I Am Tree Now, Celestine - This Will Home Will Be our Grave og mixaði nýjustu plötur Láru Rúnars og Viking Giant Show. Þá tók hann upp plötu hljómsveitarinnar Benny Crespo's Gang ásamt hinum meðlimum hljómsveitarinnar.**

POPPGRÆJUR: HÖRÐ BARÁTTA FARSÍMAFRAMLEIÐENDA

# STÝRIKERFASTRÍÐIÐ

**Síðan iPhone kom á markað hefur farsímamarkaðurinn breyst rækilega. Síminn var sparkið í rassinn sem aðrir farsímaframleiðendur þurftu á að halda. Síminn er ekki lengur bara sími heldur þarf hann að vera myndavél, nettengdur og það þarf að vera ánægjulegt að skoða síður í tækinu - það nennir enginn að hanga á Facebook á pínulitlum skjá.**



**MOTOROLA DROID**
Motorola Droid síminn sem virðist ætla að bjarga Motorola frá gjaldþroti og einn helsti keppinautur iPhone.



**SONY ERICSSON XPERIA X10**
Sony Xperia X10, fyrsti Android-sími Sony Ericsson en líklega ekki sá eini.



**NOKIA N900**
Nokia N900 frá Nokia, fyrsti síminn sem keyrir Maemo-stýrikerfið.



**GOOGLE NEXUS ONE**
Google-síminn ógurlegi. Lítið er vitað um símann né hvenær hann mun koma á markaðinn.

## Google vill komast inn

Sögur af Google-síma komu fljótt eftir að iPhone var kynntur. Seinna kom í ljós að síminn var í raun stýrikerfið Android. Google fór þannig ekki aðeins í samkeppni við iPhone heldur í beina samkeppni við Microsoft með því að bjóða upp á stýrikerfi sem hvaða farsímaframleiðandi sem er gat notað. Android hefur ekki náð jafn miklum vinsældum meðal almennings og iPhone, sérstaklega virðist ganga illa fyrir Android að ná fótfestu í Evrópu. Hins vegar eru flestir farsímaframleiðendur með Android-síma í framleiðslu. Sony Ericsson ætlar sér stóra hluti með kerfinu og er nú að leggja lokahönd á X10 símann, Motorola hefur snúið vörn í sókn með Droid-símanum sem rokselst í Bandaríkjunum.

Sögurnar um Google-símann sneru aftur nýverið, en samkvæmt þeim er Google að vinna að Android-síma í samstarfi við framleiðandann HTC, en verður engu að síður seldur undir merki Google. Síminn kallast Nexus One og hafa myndir af frumeintökum lekið á Netið. Ekki er enn víst hver stefna Google er með þeim síma, en talið er líklegt að síminn sé hugsaður sem sá Android-sími sem aðrir slíkir símar verða bornir saman við. Enda vélbúnaðurinn á þeim símum sem hægt er að fá núna gjarnan ansi ólíkur.

## Nokia og stýrikerfin

Stærsti farsímaframleiðandi í heims er einnig einn af þeim sem hefur dregist einna mest aftur úr. Símar Nokia keyra allir á Symbian-kerfinu og hefur Nokia sett gríðarlegar upphæðir í fyrirtækið. Peningarnir virðast seint ætla að skila sér til baka. Symbian var engan veginn búið undir þá þróun sem átti sér stað í heimi farsíma. Í flýti var búið til viðmót fyrir stýrikerfið sem ætlað var fyrir snertiskjái, viðmót sem í alla staði þykir gallað og óklárað.

Ásamt Symbian hafði Nokia verið að vinna að Maemo, stýrikerfi sem byggði á Linux og var ætlað fyrir svokallaðar nettöflur. Maemo hefur nú verið flutt yfir á farsímana og verður N900 síminn sá fyrsti sem keyrir kerfið. Af því sem sést hefur af farsímaútgáfu Maemo verður N900 fyrsti nútímavæddi sími Nokia sem getur keppt keppt við iPhone og Android.

Þróun Symbian verður hins vegar ekki hætt og er stefnt á að ný útgáfa af kerfinu komist á markað undir lok næsta árs. Viðmótið verður tekið í gegn og notkun á kerfinu verður bæði fljótari og skilvirkari. Nokia lendir þá í þeirri undarlegu stöðu að verða með tvö stýrikerfi í beinni samkeppni við hvort annað.

**SÍMAR NOKIA KEYRA ALLIR Á SYMBIAN-KERFINU OG HEFUR NOKIA FJÁRFEST GRÍÐARLEGUM UPPHÆÐUM Í FYRIRTÆKIÐ. PENINGARNIR VIRÐAST SEINT ÆTLA AÐ SKILA SÉR TIL BAKA. SYMBIAN VAR ENGAN VEGINN BÚIÐ UNDIR ÞÁ ÞRÓUN SEM ÁTTI SÉR STAÐ Í HEIMI FARSÍMA.**

## Microsoft-menn seinir

Líkt og Nokia voru þeir hjá Microsoft ansi kokhraustir. Windows Mobile-stýrikerfi þeirra var keyrt í milljónum síma um allan heim, en lítil vinna var lögð í að betrumbæta kerfið, sem er úrelt miðað við samkeppnina frá Apple og Google. Microsoft leggur nú alla vinnu í framleiðslu á Windows Mobile 7, sem líkt og Windows 7 á að vera talsverð breyting frá fyrri útgáfum. Hins vegar verður kerfið ekki tilbúið fyrr en í lok næsta árs í fyrsta lagi. Í millitíðinni var gefið út Windows Mobile 6,5 sem er í raun aðeins minniháttar uppfærsla.

## Vélbúnaðarstríð

En það er ekki aðeins nóg um að vera í stýrikerfabransanum. Vélbúnaðurinn þróast ótrúlega hratt og fáir taka eftir því. Fæstir vita hvaða stýrikerfi síminn þeirra keyrir og jafnvel enn færri hvaða örgjörvi er í honum. Það er þó enginn skortur á framboði og það áhugaverðasta er að risarnir á tölvumarkaðinum eiga í mesta basli við að komast inn á farsímamarkaðinn. Risar eins og Intel og nVidia sem ráða tölvumarkaðinum framleiða bæði örgjörva og skjáhraðla fyrir farsíma og sambærileg tæki. Hins vegar eru það vörur frá lítt þekktari fyrirtækjum eins og ARM, Qualcomm og PowerVR sem finna má í flestum símum þessa dagana, en allt eru þetta fyrirtæki sem ekki gátu keppt við risana á tölvumarkaðinum.

Ólíkt tölvumarkaðinum eru það minni fyrirtæki sem nú hafa yfirhöndina, þá sérstaklega í vélbúnaðarheiminum. Apple, Google, Microsoft og Nokia eru alls ekki ein í samkeppninni. Palm er bæði með öflugan síma og stýrikerfi í sölu, Blackberry-símarnir eru án efa stærstir í heimi viðskiptanna og Samsung ákvað nýlega að hella sér í leikinn þegar fyrirtækið kynnti Bada-stýrikerfið. Spurningin er svo bara, hvort það sé pláss fyrir öll þessi stýrikerfi á markaðnum?

**MARGT GERIST BAKVIÐ TJÖLDIN Í SÍMABRANSANUM. FÆSTIR GERA SÉR GREIN FYRIR VINNUNNI SEM LÖGÐ ER Í KERFIN SEM KEYRA SÍMANA.**


*þegar þú gerir kröfur um gæði*



RANE TTM-57SL
Mixer með innbyggðum Serato SL búnaði sem gerir þér kleift að stjórna tónlist úr tölvunni með hvaða dj búnaði sem er.

BOSE GENELEC



GENELEC 8050
Stúdíó monitorar frá GENELEC eru í hæsta gæðaflokki og eru notaðir í mörgum af betri stúdíóum víða um heim.

SONY audio-technica



AUDIO TECHNICA AE-6100
Hágæða hljóðnemar með lífstíðar ábyrgð. Sterkbyggðir og vandaðir hljóðnemar sem fagfólk velur.

RANE APHEX SYSTEMS



BOSE L1
Einstök hönnun hjá BOSE sem skilar gríðarlega sterkum og tærum hljóm. Mjög auðvelt í uppsetningu og flutningi.

sense
Sense - Hlíðarsmára 3, 201 Kópavogi, s: 585-3800
www.sense.is, sense@sense.is

# SKOTHVELLIR Í HELLU GETTÓI Í BROOKLYN

**Diddi Fel hefur síðustu ár rappað með einni af bestu rapphljómsveitum sem Ísland hefur átt; Forgotten Lores. Hljómsveitin er ekki mjög virk þessa dagana, þó að hann segi reyndar að fjögur lög hafi verið samin í ár, þannig að hann vinnur að eigin plötu sem kallast Hesthúsið. Hann er búinn að senda eitt lag úr Hesthúsinu. Lagið heitir Sjúkur og virðist hafa verið samið í bláum skugga. Diddi skefur ekki utan af hlutunum, þó að hann hvetji engan til að feta í sín fótspor og segir allt tal um fyrirmyndir dautt. Það mætti segja að hann sé að springa út núna, með tvö misheppnuð langtímasambönd á bakinu, námsferð til New York og ekkert að fela.**

**ORÐ:** Atli Fannar Bjarkason
**MYND:** Anton Brink

Ég heyrði að þú hafir búið í Brooklyn?

„Já, ég var að læra hljóðblöndun og bjó í helluðu gettói. Við höfðum ekki efni á að leigja á Manhattan, ég var bara með 70.000 kall á mánuði frá LÍN.“

*Voru það bara skothvellir og krakk þar?*

„Já, beisiklí.“

*Sástu eitthvað vafasamt þar, eða var það kannski daglegt brauð?*

„Já, en eftir nokkra mánuði var ég orðinn ónæmur fyrir því. Ég labbaði mína leið og passaði mig á að líta ekki út eins og fórnarlamb. Mátti ekki sýnast hræddur og labbaði hratt og beint, var ekkert að stoppa.“

*Þú komst svo heim fyrir ári?*

„Já, ég kom heim þegar kreppan skall á. Þá hækkaði leigan um helming og þetta var varla hægt. Þegar ég fór út var dollarinn 65 krónur og það var gott að búa þar. Þá gat ég keypt mér hluti og svona. Í kreppunni hækkaði allt um aðeins meira en helming og fór í fokk. Ég ætlaði að reyna að vera þarna aðeins lengur og komast í starfsnám.“

*Þú kláraðir sem sagt námið og ætlaðir að vera áfram úti?*

„Já. Þegar ég varð að fara heim var ég kominn með pínu sambönd. Addi Intro, félagi minn, kom í heimsókn og við hittum A&R-mann, einn af aðalmönnunum hjá Shady Records. Hann hefur fundið takta fyrir 50 Cent og Eminem. Við spiluðum takta fyrir hann og vorum mjög spenntir. Gæjarnir sem eiga takta, sem verða að smáskífulögum, hafa verið að fá eina til tvær milljónir Bandaríkjadala. Hann hlustaði á taktana og skipti alltaf eftir 20 sekúndur, sagði ekki neitt. Svo bara: „Sorry guys. Þetta er ekki að fara á nýju 50 Cent-plötuna eða nýju Eminem-plötuna.“ Hann var að leita að töktum fyrir þá.“

## Sjúkur

Diddi sendi í gær frá sér myndband við lagið Sjúkur. Myndbandið ætti að vekja athygli og viðlagið verður væntanlega ekki sungið í jólaboðum: „Ég er sjúkur, maður – sjúklega freðinn og sjúklega graður.“ Lagið er allt öðruvísi en það sem kom frá Forgotten Lores, sem kafaði dýpra ofan í hlutina.

*Er þetta meðvituð stefnubreyting hjá þér?*

„Þetta er það sem mig langaði að gera. Persónulega finnst mér núna leiðinlegt að hlusta á rappara sem væla. Ég vildi gera heila plötu þar sem ég kvarta ekki í neinu lagi, ekkert væl og fjallar bara um eitthvað töff eins og djamm, gras og stelpur.“

*Er þetta búið að blunda í þér lengi? Nú þegar þú ert búinn að vera að semja öðruvísi tónlist síðustu ár?*



**PLATA Á ÁRINU**
Diddi sendi nýlega frá sér lagið Sjúkur og myndbandið má sjá á Youtube.

„GÆJARNIR SEM EIGA TAKTA, SEM V
HAFA VERIÐ AÐ FÁ EINA TIL TVÆR MI
HANN HLUSTAÐI Á TAKTANA OG SKIPT
UR, SAGÐI EKKI NEITT. SVO BARA: „SOR
FARA Á NÝJU 50 CENT-PLÖTUNA EÐ

„Já, eiginlega. Mig langaði að gera rapp sem ég hef sjálfur gaman af. Það breytist allt, ég skipti um skoðanir eins og föt. Ég fékk ógeð á að hlusta á væmið, jákvætt rapp, sem ég hlustaði einu sinni á. Svo fékk ég ógeð á að hlusta á pólitískt væl. Rapparar eiga að vera hnyttnir og geta frontað. Ef maður er kurteis, venjulegur strákur þá nennir enginn að hlusta.“

*Rapparinn Emmsjé Gauti sagði mér að þegar þið færuð saman á Prikið værirðu búinn að fara í sleik við fimm stelpur áður en þið væruð komnir á efri hæðina. Svo sá ég myndbandið, sem er svakalegt. Ertu svona í alvöru?*

„Já, vá. Ég veð í þessu, þetta er ekkert feik. Mér fannst vanta svona kræft dót. Sérstaklega myndband. Mér finnst ógeðslega leiðinlegt þegar þeir sem eru að rappa reyna að vera amerískir. Mér finnst miklu skemmtilegra að sýna hlutina eins og þeir eru á Íslandi. Svona er þetta búið að vera hjá mér frá því að ég hætti með konunni. Klassík. Ég tók þetta öfugt, byrjaði snemma með stelpu og var í tveimur löngum samböndum. Þá var ég að hugsa um að fara að eignast barn og kominn í þann pakka. Þegar maður er ekki með neinni stelpu er maður frjáls og góður.“

*Þannig að skepnan sem blundað innra með þér er algjörlega brjótas út, nú þegar þú ert að gera þína eigi tónlist og ert ekki með stelpu?*

„Algjörlega, maður. Svo er líka máli að það var svo erfitt að set'jann í New York, ef þú átt hvorki pening né bíl þ færðu ekkert að. Ég var alltaf að reyn að hösla einhverjar svartar gellur, fék númerið hjá þeim og svo gekk þett aldrei, maður. Ég gat ekki mætt á b og pikkað þær upp á deit.“

*Þannig að þetta er auðveldara Íslandi?*


GLÆSILEG ÚTITRÉ
Margar gerðir trjáa með ljósum sem henta íslenskum aðstæðum
Trén eru mjög eðlileg því þeim er stungið beint í jörð eða í pott





Glæsileg skreyting fyrir börnin


18 ljósa Kórall með LED ljósum

KONST SMIDE
Stærsti framleiðandi jólaljósa í Evrópu



Kerti úr vaxi með straumbreyti

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554-0400

# UÐU

ERÐA AÐ SMÁSKÍFULÖGUM,
LLJÓNIR BANDARÍKJADALA.
TI ALLTAF EFTIR 20 SEKÚND-
RY GUYS. ÞETTA ER EKKI AÐ
A NÝJU EMINEM-PLÖTUNA.“



„Já, ég held að það sé auðveldara ef maður er ekki venjulegur gaur. Venjulegir handboltatjokkóar sem eru að reyna að vera sætir fá minna að ríða en ég.“

**Ekki allir rapparar skakkir**

Diddi fer ekki leynt með kannabisneyslu sína. Í myndbandinu bregður grænu plöntunni fyrir og reykmökkinn leggur yfir.

*Er þetta ekki útjöskuð steríótýpa; að rapparar séu freðnir? Nú er alltaf verið að uppræta kannabisræktun á Ísland, er ennþá hægt að fá þetta og eru allir rapparar skakkir?*

„Nei, það er langt frá því að allir rapparar séu skakkir. Það eru margir sem bleisa grimmt og það hefur aldrei verið meira af fólki sem reykir kannabis á Íslandi. Þú sérð bara, sama hvað löggan böstar marga, það byrja fleiri og fleiri að rækta. Þetta virðist vera besti bisness sem þú finnur í dag. Menn leggja smá pening í þetta og þegar þeir eru böstaðir fá þeir smá sekt og skilorð. Þeir geta grætt milljónir á þessu, þetta rýkur út og það er byrjað að rukka 5.000 kall fyrir grammið.“

*Hvað kostaði grammið áður?*

„3.000, eða eitthvað. Fólk hættir ekki að kaupa þetta. Það eru búðir sem eru að selja pappír fyrir milljón á mánuði.“

*Þannig að aðgerðir lögreglunnar hafa haft lítil áhrif, þetta sprettur alltaf upp aftur.*

„Já.“

Við ræðum um lögleiðingu á kannabisefnum, en þar virðist Diddi vera á báðum áttum. Hann lítur efnið sömu augum og kaffi, tóbak og áfengi en er ekki viss um að það kæmi sér vel fyrir Ísland að leyfa neysluna.

„En þó að ég tali um þetta í lögunum mínum, þá er ég ekki að hvetja fólk til að reykja.“

En þú ert búinn að vera lengi í þessum bransa og ert stórt nafn í íslensku hipphoppi. Ertu hræddur um að einhverjir líti á þig sem fyrirmynd og byrji að feta í þín fótspor?

„Heldurðu það, maður? Krakkar eru farnir að skoða klám á Netinu átta ára. Heldurðu virkilega að þeir séu ekki búnir að sjá einhverja rappara reykja áður en þeir verða tíu ára? Svona pælingar eru dauðar í dag. Ég hef engar áhyggjur af þessu.“

**Plata handan við hornið**

*Hvenær ætlarðu að gefa út plötuna?*

„Ég ætlaði að gefa hana út fyrir jól, en ég held að það verði ekki af því. Hún er búin að vera tilbúin í fjóra mánuði, en koverið fokkaðist upp. Ég er með svo sérstaka pælingu fyrir það. Ég gef þá bara út eftir jólin. Ég ætla að láta framleiða plötuna hérna heima og gefa út sjálfur. Það sem ég er að pæla með þessari plötu og myndbandinu, er að ná til breiðari hlustendahóps og fá að spila á fleiri tónleikum. Ég er búinn að vera að spila í félagsmiðstöðvum, á menntaskólaböllum og á tónleikum hér og þar.“

*Platan Hesthúsið með Didda Fel er væntanleg á næstu vikum.*



ÚR Í ÓTRÚLEGU ÚRVALI




MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegi 15 - sími 511 1900 - www.sviss.is




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






**GRÍNHÓPURINN MIÐ ÍSLAND**
Myndardrengir, frá vinstri Ari Eldjárn, Halldór Halldórsson (Dóri DNA), Jóhann Alfreð og Bergur Ebbi.

# ÍSLENDIN ERU MEÐALF

**Það er ekkert sérstaklega langt síðan uppstandshópurinn Mið-Ísland steig fram og byrjaði að grína víða um landið. Allt voru þetta strákar sem fólk þekkti fyrir eitthvað, en mismikið þó. Berg Ebba og Dóra DNA könnuðust flestir við – Bergur söng og glamraði á gítar í Sprengjuhöllinni, en er hættur því núna, og Dóri rappaði sig inn í hjörtu landsmanna með hljómsveitinni Bæjarins bestu. Jóhann Alfreð fékk sínar 15 mínútur í auglýsingum fyrir Glitni, það var banki – ef einhver var búinn að gleyma því – og Ari Eldjárn hefur til dæmis verið á meðal handritshöfunda áramótaskaupsins.**

**ORÐ:** Atli Fannar Bjarkason
**MYND:** Gunnar V. Andrésson

**Bergur Ebbi:** „Segðu mér, nennir þú að taka svona viðtal – í ljósi þess að við erum þrír og erum að fara að tala ofan í hvern annan – og skrifa þetta upp?“

*Hvað á ég að gera? ... Jújú, ég nenni því alveg.*

**Jóhann:** „Getum við ekki farið í sjónvarpið með þetta?“

*Það væri náttúrlega langbest.*

Ósk okkar Jóhanns rættist ekki og þess vegna ertu að lesa þetta af pappír, sem er náttúrlega hneyksli. Það er gríðarlega erfitt að koma grínorkunni sem stígur frá þessum drengjum í rituð orð og þetta viðtal litast af því. Til að undirstrika það sem Bergur Ebbi sagði í upphafi viðtalsins, þá eru næstu sekúndur í upptökunni sem ég skrifa viðtalið eftir þannig, að hann talar á meðan Ari gluggar í nýjustu bók Hugleiks Dagssonar, Íslensk dægurlög, og hlær. Ég spóla því örlítið áfram.

## Tiger Woods er fáviti

*Dóri er ekki hérna með ykkur, er hann „the outsider“ í hópnum?*

**Bergur Ebbi:** „Nei nei, hann gleymdi sér. Eru ekki þrír frekar margir?

*Jújú. En já, ég vil hefja viðtalið á viðeigandi hátt. Hvað er með Tiger Woods, níu hjákonur!?*

**Ebbi:** „Er þetta ekki bara dæmi um flóðgátt sem er að bresta? Þegar maður er búinn að halda utan um eitthvað ákveðið lengi, þá er ekkert skrýtið að þegar það brestur, þegar það kemur lítil sprunga í stífluna, þá fer allt. Þetta verður svona í Kárahnjúkum. Það kemur smá skemmd og þá er allt farið. Málið er líka í eðli sínu þannig að helmingurinn er lygi.“

**Ari:** „Það er ekkert skrýtið að hann eigi tvær, þrjár hjákonur.“

**Ebbi:** „Wilt Chamberlain, sem er einn farsælasti körfuboltamaður allra tíma; hann svaf hjá þrjú þúsund og eitthvað konum. Það var reiknað út, að ef þetta er rétt þá svaf hann hjá 1,3 konum á dag frá því að hann var 18 ára ...“

**Jóhann:** „Mér finnst þetta svolítið merkilegt. Wilt Chamberlain var fáviti, það er talað um að Tiger Woods sé fáviti líka – kaldur og leiðinlegur. Uppistandarar eru strax byrjaðir að taka þetta fyrir, eins og „Tiger Woods, we always knew he can't drive“. Það er góður golfbrandari. Hann verður að passa sig á trénu, ekki nota tréð mikið – vera frekar í járninu.“

**Ebbi:** „Þetta býður upp á endalaust, maður.“

Áður en ég næ að breyta um umræðuefni kemur undarlegur svipur á Jóhann Alfreð og hann tekur ómakið af sér.

**Jóhann:** „Ég er í ógeðslegri peysu.“

**Ari:** (Skellihlær)

**Ebbi:** „Ég man þegar þú varst nýbúinn að kaupa þessa, þú varst helvíti rogginn með þig.“

**Jóhann:** „Ég er geðveikt ógeðslegur í þessu viðtali, ég er búinn að vera að rífa á mér neglurnar. Þetta er hrikalegt.“

## Ísland fyndnara en Liechtenstein

*–En strákar, af hverju uppistand í landi þar sem góðir uppistandarar eru á hverju strái?*

(Áður en ég fæ leyfi þeim að svara spurningunni skal tekið fram að ég gat ekki haldið andlitinu á meðan ég bar spurninguna upp. Bergur Ebbi sagði reyndar að hláturinn stafaði af mikilli kaffineyslu, en viðtalið var tekið undir lok vinnudags: „Þú ert bara byrjaður að hlæja að öllu, skilurðu?“)

**Ebbi:** „Ég get alveg tekið undir þetta að sumu leyti. Við erum byrjaðir að opna fyrir þetta. Mér finnst ógeðslega margir koma til greina til að vera með uppistand. Ég sé fyrir mér að annar hver vinur minn geti stigið á svið.“

**Jóhann:** „Ég held að allir eigi eitt sett inni í sér.“

(Allir hlæja)

**Ebbi:** „Ekki spurning, það eiga allir sín móment.“

**Ari:** „Jói talar í „sound bites“.“

**Ebbi:** „Við erum á reglulegan hátt að reyna að eiga okkar móment.“

**Jóhann:** „Íslendingar eru mjög fyndnir – ég myndi segja það, er það ekki?“

**Ebbi:** „Ég held að Íslendingar séu meðalfyndnir. Ég held að við séum fyndnari en Frakkar, aðeins minna fyndnir en Írar og Ástralar og aðeins minna fyndnir en Bandaríkjamenn.“

**Jóhann:** „Aðeins minna? Ég held að við séum á pari við Kanann. En það er rétt, að Írar og Ástralar eru fyndnari en við.“

**Ebbi:** „... Og ákveðnar eyjaþjóðir.“

**Ari:** „Ég held að við séum klárlega fyndnari heldur en Danir ... ég get ekki bakkað þetta upp.“

**Jóhann:** „Danir eru fyndnir.“

**Ebbi:** „Ég hef oft pælt í þessu. Ég held að við séum aðeins fyndnari en meginlandið, Þjóðverjar og Frakkar og svona.“

**Jóhann:** „Erum við samt ekki eiginlega einna fyndnastir af Skandinövunum?“

**Ari:** „Við erum fyndnari en Liechtenstein, fyndnari en San Marínó og við

### UPPISTAND MEÐ ÞORSTEINI GUÐMUNDSSYNI

**Mið-Ísland ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og verður með þungavigtargrínistann Þorstein Guðmundsson með í för á uppistandskvöldi á Batteríinu í kvöld. Pakkinn verður því grjótharður í kvöld, en ásamt Þorsteini ætla Bergur Ebbi, Ari Eldjárn, Jóhann Alfreð og Dóri DNA að fara með gamanmál ásamt Hugleiki Dagssyni, sem var með sitt fyrsta uppistand á síðustu skemmtun Mið-Íslands.**



# NGAR YNDNIR

**„MÉR FINNST ÞETTA SVOLÍTIÐ MERKILEGT. WILT CHAMBERLAIN VAR FÁVITI, ÞAÐ ER TALAÐ UM AÐ TIGER WOODS SÉ FÁVITI LÍKA – KALDUR OG LEIÐINLEGUR. UPPISTANDARAR ERU STRAX BYRJAÐIR AÐ TAKA ÞETTA FYRIR, EINS OG „TIGER WOODS, WE ALWAYS KNEW HE CAN'T DRIVE“ – ÞAÐ ER GÓÐUR GOLFBRANDARI. HANN VERÐUR AÐ PASSA SIG Á TRÉNU, EKKI NOTA TRÉÐ MIKIÐ – VERA FREKAR Í JÁRNINU.“**

erum fyndnari en Malta – en við erum ekki fyndnari en Danir.“

**Ebbi:** „Við erum að taka smáþjóðaleikana. Ég held að við séum rétt yfir meðallagi ...“

**Jóhann:** „Við erum að taka smáþjóðaleikana í gríninu.“

*Ykkur líður semsagt eins og Tiger Woods, flóðgáttin er að bresta og nú eru allir að fara að stíga fram. Einhverjir verða lélegir og einhverjir verða góðir.*

**Ebbi:** „Já, við hvetjum fólk til þess að vera með uppistand.“

**Ari:** „Þetta er sko hollt og gott!“

*Mynduð þið segja að það væri líkamlega bætandi að vera með uppistand?*

**Ari:** „Jájájá.“

*Hvað með andlegu hliðina? Nú eru flestir uppistandarar vansælir, þunglyndissjúklingar?*

**Ari:** „Spurðu bara „hvernig er þegar gengur ógeðslega vel?“ og „hvernig er þegar gengur ógeðslega illa?“

*Hvernig er þegar gengur ógeðslega vel?*

**Ari:** „Það er geðveikt, alveg frábært.“

*En þegar gengur ógeðslega illa?*

**Ari:** „Ohh, hræðilegt.“

## Spaugstofan orðin fyndin

Við ræðum aðeins um gæði. Strákarnir eru sammála um að flestir íslenskir uppistandarar sem hafa stigið fram séu almennt góðir.

**Ebbi:** „Ég held að við séum að ná að rífa upp aðeins meiri stemningu. Fólk er meira til í þetta, kannski erum við ekki að rífa stemninguna upp, fólk er bara aðeins meira til í þetta.“

**Ari:** „Ég veit ekki hvort það hefði verið stemning fyrir þessu fyrir tveimur árum.“

**Ebbi:** „Ég er ekki viss um það. Ég veit það ekki, Spaugstofan er allt í einu orðin fyndin!

*Er það?*

**Ebbi:** „Ja ... inni á milli. Þeir eiga góða spretti eftir hrunið vegna þess að höggin eru orðin þyngri, það má meira og fólk hefur meiri þörf fyrir grín. Það þarf að sameina þjóðina og hugga hana. Grín er ótrúlega gott í það.“

Bergur Ebbi fer út á hálan ís þegar hann talar um að það sé hægt að setja allt í samhengi við hrunið. Popp er ekki rétti vettvangurinn fyrir það, en það er allt í lagi að ræða örlítið um afleiðingarnar í samhengi við grín. Eftir smá upprifjun á góðum grínistum (Tvíhöfði, Radíus o.fl.) þá tekur Jóhann til máls.

**Jóhann:** „Það er ótrúlega mikið grínefni í gangi núna. Það er ótrúlega mikill auður núna til að grínast með. Ég hugsa að ef Pétur Jóhann hefði verið að stíga upp í dag, þá hefði hann haft mikið til að grína með – meira en hann hafði árið 99.“

**Ebbi:** „Hann væri örugglega milljónamæringur.“

**Ari:** „Svo líka svona fyndið emaildót. Það er miklu meira af svona heimatilbúnu gríni.“

**Ebbi:** „... Af því að það er svo mikil eftirspurn. Spaugstofan er ekki nóg.“

**Ari:** „Það var einhver gæi úti í bæ sem gerði Hannes Hólmstein að uppistandara í Flash.“ (Allir eru sammála um að það er snilld)

**Jóhann:** „Þetta er rétt, þú getur marinerað þig í gríni allan sólarhringinn. Það þýðir að kröfurnar hljóta að vera að aukast.“

**Ari:** „Ég er á því að það er meira framboð og fleiri möguleikar.“

**Jóhann:** „Ég ætla að fara í jakkann.“

*-Hvenær keyptirðu þessa peysu?*

**Jóhann:** „Ég keypti hana fyrir ári eða eitthvað, ég greip hana áðan og hún er með einhverjum blettum.“

**Ari:** „Hún er hvít.“

**Jóhann:** „Þetta er ógeðslegt. Ég er svo ógeðslegur, að um leið og þetta viðtal er búið, þá ætla ég á jólahlaðborð hjá Húsasmiðjunni. Ég er svo mikill meðalmaður. Ég ætla ekki að versla!“

## Bókaðir út 2013(?)

*Nýtt ár fram undan, hvað tekur við?*

**Ari:** „Bara ógeðslega mikið af gríni og skemmtilegum verkefnum.“

**Ebbi:** „Kristján Jóhannsson var alltaf heitur í viðtölum þegar hann var spurður að þessu, þetta var 93 og hann sagðist vera bókaður út 98.“

(Allir hlæja)

**Ebbi:** „Hann kom alltaf heim í viðtöl um jólin. Mér fannst alltaf svo geðveikt þegar ég sá þetta. „Hvað tekur við á nýju ári? Ég er bara bókaður næstu sex ár!“ Ég dýrka þetta. Þetta er bara okkar svar! Við erum bara bókaðir út 2013.“




BERTONI jakkaföt
24.990 kr.

Daniel Bessi skyrta
6990 kr.

Bindi
4990 kr.



BERTONI jakkaföt
49.990 kr.

Daniel Bessi skyrta
10.990 kr.

Bindi
3990 kr.



BERTONI jakkaföt
24.990 kr.

Daniel Bessi skyrta
10.990 kr.

Bindi
3.990 kr.



BERTONI jakkaföt
49.990 kr.

Daniel Bessi skyrta
6.990 kr.

Bindi
4.990 kr.

Herra hafnarfjörður

## POPPPLATA: WEEZER MEÐ GRÁA FIÐRINGINN

# KOMIÐ GOTT

Rivers Cuomo, forsprakki Weezer, verður fertugur á næsta ári, en hann ætlar ekki að játa sig sigraðan. Hann ætlar að syngja um „homies“ og um fólk sem er „trippin'“ og „chillin' in the shack“ þrátt fyrir að fátt sé kjánalegra en fertugir karlar sem hegða sér eins og unglingar. Tónlist Weezer hefur ekki breyst mikið í gegnum tíðina, en neistinn sem var á tveimur fyrstu plötum hljómsveitarinnar er víðsfjarri á Raditude.

Raditude gæti verið konseptplata um gráa fiðringinn. Lög eins og Can't Stop Partying, Trippin' Down the Freeway og In the Mall eru til marks um að Cuomo er með Péturs Pan-heilkenni á mjög alvarlegu stígi og hreinlega neitar að eldast. Hann kann samt ennþá að semja grípandi lög og það er erfitt að dilla sér ekki við sum laganna á Raditude.

Þrátt fyrir það er Raditude með því verra sem Weezer hefur sent frá sér. Ágætissprettir hér og þar komast ekki í hálfkvisti við snilldina sem hljómsveitin sendi frá sér um miðjan tíunda áratuginn og ef ég á að segja eins og er finnst mér að hljómsveitin ætti að segja þetta gott.

*- afb*




Pinkerton er af mörgum talin besta plata Weezer. Lesendur Rolling Stone voru ekki sammála og settu plötuna á lista yfir verstu plötur ársins árið 1996.

**WEEZER**

**RADITUDE**

**Dánlódaðu:** I Don't Want to Let You Go.

## FRUMSÝNING: AVATAR



# ÓTRÚLEG MYND

**Avatar er dýrasta mynd allra tíma og fyrsta mynd leikstjórans James Cameron frá því að hann sendi frá sér Titanic. Í grunninn er myndin gamaldags ástarsaga, en Cameron tekst að skapa ótrúlegan heim sem áhorfandinn fær að njóta í þrívídd.**



### Tenging við Strumpana

Í South Park-þætti fyrir nokkrum vikum var gert létt grín að Avatar. Myndinni var líkt við strumpana, sem er alls ekki galið. Í Avatar er blátt fólk, sem neyðist til að verja heimkynni sín fyrir ofurefli illra manna. Spurning um að fá Ladda til að lesa inn á allar persónurnar í Avatar?

## POPPDÓMNEFNDIN

### Mamma



Eftir að höfuðið á mér hætti að snúast fannst mér myndin voðalega góð. Þetta er náttúrlega hörkuhasar, en sagan er mjög falleg. Mér fannst Titanic alveg frábær og Avatar gefur henni ekkert eftir. Myndin fékk mig líka til að hugsa um eyðileggingarmátt mannsins og umhverfismál.

### Bíónördinn



Stórkostleg mynd eftir einn merkilegasta leikstjóra allra tíma. Tæknibrellurnar í Avatar eru ekki af þessum heimi, en þær kæfa alls ekki söguna – sem nýtur sín vel í heiminum sem James Cameron skapaði. Ein ótrúlegasta mynd sem ég hef séð í langan tíma og býr til ný viðmið.

### Vinurinn



Hasar, spenna og heitar geimverugellur! Þessi mynd er með allan pakkann. Ég hafði ekki mikla trúa á því að ég tæki bláa kalla alvarlega, en ég hafði rangt fyrir mér. Avatar er frábær mynd og þrívíddin kemur svakalega vel út. Djöfull var herforinginn flottur. Ég hélt nánast með honum.

### Stelpan



Mér finnst þessi mynd alveg ógeðslega góð. Hún er ótrúlega flott og um leið alveg rosalega rómantísk. Það er gaman að fylgjast með sambandi hermannsins og bláu stelpunnar þróast og þrátt fyrir að myndin sé rosalega löng, þá leiddist mér aldrei, enda hasarinn mikill.

breakbeat.is

**Topp 10 listi desembermánaðar**

1. Peverelist - Jarvik Mindstate (Punch Drunk)
2. dBridge - Inner disbelief (Exit)
3. Joy Orbison - J Doe (Doldrums)
4. Robot Koch - Death Star Droid LP (Robot's Don't Sleep)
5. Consequence - Live for Never (Exit)
6. Original Sin - Kiss (Playaz)
7. SP:MC & Joker D - Taiko Dub (Tempa)
8. Millie & Andrea - Ever Since You Came Down (Daphne)
9. Icicle - Cold Fear EP (Shogun Audio)
10. ASC - Porcelain (Nonplus)

Breakbeat.is er á dagskrá Xins 97.7 öll miðvikudagskvöld 23:00-01:00 • www.breakbeat.is

Topp 10 listinn er í boði Mohawks

Kringlan | 534-2951
www.mohawks.is | facebook.com/mohawksiceland



## POPPLEIKIR: THE SABOTEUR



**NASISTAR** Leikurinn notar svart/hvítt litaskema til að tákna sterka nærveru nasista.

# MEÐALMENNSKAN ER SVO SEM ÁGÆT

The Saboteur er sandkassaleikur í stíl við Grand Theft Auto, Mercenaries og Saint's Row. Í leiknum fara menn í hlutverk írska drullusokksins Seans Devlin þar sem hann hjálpar frönsku andspyrnuhreyfingunni að berjast gegn hernámi nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Spilun leiksins samanstendur af því að flakka um gríðarstórt leiksvæði leiksins, t.a.m. París, og sinna verkefnum fyrir hina og þessa meðlimi andspyrnuhreyfingarinnar.

Það er margt sniðugt við Saboteur, svo sem notkun lita til að gefa til kynna sterk ítök nasista á mismunandi svæðum. Einnig er það skemmtileg tilbreyting að fá að vafra um París þó það sé ekki nema bara til að kíkja á Eiffel-turninn. Því miður eru gallar leiksins ívið fleiri en kostirnir. Aksturshlutar leiksins eru hægir og þunglamalegir, vopnin eru frekar óspennandi og slagsmálakerfið er í besta falli slappt. Saboteur er leikur sem hafði alla burði til að verða framúrskarandi leikur, en því miður hefur eitthvað farið úrskeiðis og eftir stendur leikur sem er dæmdur til meðalmennsku.

*Vignir Jón Vignisson*

SPILUN 3/5 | GRAFÍK 3/5 | HLJÓÐ 3/5 | ENDING 4/5 | NIÐURSTAÐA

## POPPLEIKUR: ASSASSIN'S CREED II



**BLÓÐ!** Leikurinn er ansi blóðugur.

# Í FÓTSPOR LAUNMORÐINGJA

Í Assassin's Creed II heldur áfram saga Desmond Miles, og er hann nú endurfæddur sem Ezio Auditore di Firenze í Florens, Ítalíu. Eftir fráfall föður síns fyllir Ezio hans stað sem launmorðingi, og er byrjaður að stráfella spillta menn hægri vinstri í þeim tilgangi að uppræta forna reglu.

Assassin's Creed II er sandkassaleikur (e. sandbox), líkt og forveri hans, og með nokkrum borgum. Útlit leiksins er mjög flott og umhverfi litríkt og lifandi. Stjórnunin á PS3 er þægileg þrátt fyrir ansi margar mismunandi hreyfingar. Leikurinn sjálfur er sá prýðilegasti. Það reynist ótrúlega skemmtilegt að vera innan um margmenni og áætla hvenær sé best að láta til skarar skríða, drepa menn og reyna síðan að falla inn í mannfjöldann. Líkt og í öðrum sambærilegum leikjum þá eru margir möguleikar á verkefnum sem eru ekki hluti af sögunni, en þjálfa mann og auka þyngd peningapyngjunnar.

Ending leiksins er vægast sagt góð, með rúmar 26 klukkustundir að baki og litlum sem engum tíma eytt í að eltast við aukaverkefni. Assassin's Creed II er frábær spilun frá byrjun og til enda og á eftir að vera ofarlega á árslistum spilara.

*Vignir Jón Vignisson*

SPILUN 4/5 | GRAFÍK 4/5 | HLJÓÐ 4/5 | ENDING 5/5 | NIÐURSTAÐA

# POPP MOLAR



**Kelly Rowland** hefur lýst því yfir að hún hafi mikinn áhuga á að verða einn af dómurum breska söngþáttarins **X-Factor** á næsta ári. Áhugi hennar á dómarasætinu mun vera kominn til af því að **Simon Cowell**, hugmyndasmiður þáttanna, vill hafa fimm dómara í stað fjögurra til að koma í veg fyrir að úrslitaákvörðun um hver dettur út hverju sinni fari eftir greiddum atkvæðum almennings. Samkvæmt breskum fjölmiðlum reyndi Simon Cowell að fá **Robbie Williams** til að setjast í eitt dómarasætið, en hann afþakkaði boðið sökum anna og í kjölfarið bauð Kelly Rowland sig fram. Auk þess hefur Simon Cowell boðið **David Bowie**, Eminem og **Dr. Dre** að koma fram í þáttunum á næsta ári.



**Pink** segist vera pirruð á því þegar poppstjörnur syngja ekki „live" þegar þær koma fram. Í viðtali við tímaritið Women´s Health segist söngkonan forðast að fara á tónleika þar sem listamaðurinn hreyfir bara varirnar við tónlistina. „Þegar maður elst upp við tónlist **Janis Joplin** vill maður ekki fara á tónleika og sjá einhvern mæma," útskýrir Pink. Þá segist hún ekki hafa neitt á móti **Britney Spears** þrátt fyrir að hún sé þekkt fyrir þetta á tónleikum sínum. „Ég hef alltaf sagt að ég kann vel við Britney, við höfum rætt það okkar á milli. Það á bara ekki að bera okkur saman því við erum svo ólíkar," segir Pink.



**Liam Gallagher** er nú að vinna að heimildarmynd um nýju hljómsveitina sína. Söngvarinn stofnaði nýtt band með fyrrverandi meðlimum **Oasis** eftir að **Noel** bróðir hans yfirgaf sveitina í fyrrasumar og er Liam sagður vilja kvikmynda ferlið í kringum stofnun nýju hljómsveitarinnar til að sýna að hann sé sköpunarkraftturinn í bandinu. Samkvæmt heimildum breska dagblaðsins **Daily Star** segist Liam ekki vera búinn að finna nýtt nafn á sveitina. Ekki er ákveðið hvenær heimildarmyndin verður sýnd, en hann útilokar ekki að hún komi út á DVD með væntanlegri plötu.



POPPPLATA: FRÁBÆR TÓNLEIKAPLATA

# NIRVANA Á HÁPUNKTI FERILSINS




Nirvana var geðveik hljómsveit. Kurt Cobain var hvorki besti lagahöfundur né söngvari heims – hvað þá besti gítarleikarinn. En hann var á réttum stað á réttum tíma með tónlist sem stenst fullkomlega tímans tönn.

Hinn 30. ágúst 1992 kom Nirvana fram á Reading-hátíðinni. Tónleikarnir voru teknir upp og hafa nú verið gefnir út. Þegar hljómsveitin kom fram á hátíðinni var minna en ár síðan platan Nevermind kom út, sem átti síðar eftir að breyta tónlistarsögunni.

Nirvana er í gríðarlegu stuði á tónleikunum og tekur öll sín bestu lög - sem búið var að semja á þessum tíma. All Apologies, Come As You Are, Lounge Act... æ, þessi lög eru öll þarna. Og að sjálfsögðu Smells Like Teen Spirit. Kurt og félagar voru ekkert að vanda sig á tónleikunum, klikkið í Smells ... er til að mynda kostulegt. En það skiptir engu máli. Orkan sem steig frá hljómsveitinni skilar sér fullkomlega í eyru hlustandans og það er dýrmætt fyrir mann, sem sá þá aldrei á tónleikum, að fá jafn vel heppnaða tónleika á plasti.

Nirvana – Live at Reading er mjög vel heppnuð tónleikaplata, nær hnökralaus skemmtun sem sýnir Nirvana á hápunkti ferilsins.

*- afb*

**NIRVANA**

**LIVE AT READING**

(4 af 5)

**Dánlódaðu:** All Apologies, Lounge Act, Polly.

# TAKTU SÍMAMYND!

Árið 2004 voru myndir úr símum í fyrsta skipti aðalmyndirnar sem náðust af náttúruhamförum eftir að flóðbylgjur skullu á eyjuna Súmötru í Indlandshafi.

Taktu mynd með símanum og sendu okkur. Við birtum bestu myndirnar og höfundur langbestu myndarinnar fær tvo kassa af Doritos. Myndirnar geta verið af hverju sem er, atburði, Sveppa, Michael Jackson, Jóhönnu Guðrúnu eða bara góðu flippi.




**SPURNING UM AÐ LÆSA NÆST** Netið í símanum... inni á klósetti.



**KLIKKAÐUR ÞESSI** Er þetta föndrað á leikskólunum?




**SORRÍ** Enginn hamborgari í kvöld. Rækjusamlokan verður að duga.



**FÉLAGARNIR** Lopapeysurnar eru heitar núna.



**SJÁLFSMYND** Nagdýr geta framkvæmt ýmsa hluti í dag.



**TEKIÐ STÓRT UPP Í SIG** Æ... jájá.



**ÖNNUR KLÓSETTMYND?** Fólk er eitthvað að misskilja þennan lið.





ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS

SENDU OKKUR ÞÍNA SÍMAMYND Í SÍMA 696 7677 EÐA Á POPP@FRETTABLADID.IS OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS!

vodafone



POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

Sendu okkur símamynd!



**POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.**

**Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.**

**Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvo kassa af Doritos í verðlaun.***

**Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is**

**Við viljum tvífara fræga fólksins!**

**Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.**




vodafone

vísir.is

*"...ég sá það á vísi"*


YAMAHA DGX 630
179.990,- kr.
Úrval af gítar- og bassamögnurum
Fender kassagítarpakki
28.990,- kr.
7.250,- kr. á mánuði vaxtalaust í 4 mán.
Fender rafmagnsgítarpakki
49.990,- kr.
8.350,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.
YAMAHA PSRE323
45.900,- kr.
7.650,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.
ÚRVAL JÓLAGJAFA
Premier trommusett
59.900,- kr.
9.980,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.
YAMAHA DTXplorer
rafnagnstrommusett
165.000,- kr.
YAMAHA blástursdhljóðfæri
í miklu úrvali
Upptökubúnaður, hljóðnemar og heyrnatól
í miklu úrvali
Skólafiðlur
verð frá 19.900,- kr.
DJ and Mix Your MP3s
Vaxtalausar greiðslur í boði!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
TÓNABÚÐIN
Síðumúla 20 ▪ Reykjavík ▪ S.: 591 5340 ▪ www.hljodfaerahusid.is ▪▪ Sunnuhlíð 12 ▪ Akureyri ▪ S.: 462 1415 ▪ www.tonabudin.is

# POPP



## ÉG HATA ÞEGAR ...

„Þegar ég er úti í búð og borga fáránlega upphæð í klinki til að fá seðil til baka, en afgreiðslumanneskjan kann ekki að reikna og lætur mig hafa hrúgu af klinki til baka.“ HAUKUR VIÐAR, SÖNGVARI OG GÍTARLEIKARI MORÐINGJANNA.



## 5 GÓÐ RÁÐ

### FÓLK SEM ÞÚ ÆTTIR AÐ GEFA JÓLAGJAFIR

**Sólmundur Hólm, ævisöguritari Gylfa Ægis, er einstaklega gjafmildur.**

**1** **Dyravörðurinn á uppáhaldsskemmtistaðnum þínum.** Þá þarftu ekki að hringja í eigandann á nóttunni til að láta hann senda dyraverðinum sms.



**2** **Fótboltaþjálfari barnsins þíns.** Krakkinn kemst þá kannski í liðið. Vildi óska þess að pabbi hefði lesið þennan dálk fyrir um 15 árum.



**3** **Einkaþjálfarinn þinn.** Án hans myndu ættingjarnir ruglast á þér og svínasteikinni.

**4** **Francisca kassadama í Bónus á Fiskislóð fyrir yndislegt viðmót.** Ber fjölmenningunni fagurt vitni.



**5** **Ráðgjafinn þinn.** Sá sem mælti með myntkörfuláninu fær körfu með rauðvíni og reðurosti.







# IM

## Stephan Stephensen, Gus Gus

***Hver kemur með jólin til þín?*** Stundvíslega 18. desember hvert ár kemur jólaandinn svífandi og bjargar mínu þunglynda skinni. Neglir stórum D-vítamínskammti í kroppinn minn. Það má maður líka fara í jólasveinaundirfötin. Það er gaman og sérlega jólalegt. Svo eru það náttúrulega öll opinberu boðin og einkaþotuferðir sem forseti Gaybon-lýðveldisins þarf að þiggja. Allir að bjóða eitthvað djúsí og gefa af sér. Það er líka jólalegt. Ekkert af þessu er þó jafn jólalegt og að sjá Human Woman spila sprelllifandi í fyrsta á Jól Jólsson, í kvöld. Eins og að verða vitni að fæðingu kálfs þegar mannshöndin þarf að hjálpa til. Og hvað er jólalegra en það?

## Gísli Galdur Þorgeirsson, Human Woman

***Þakkar þú fyrir gleði- og friðarjól?*** Já, það geri ég svo sannarlega. Ég ætla að elska stelpurnar mínar sætu, Kristínu og Bríeti, rosa mikið um jólin en Bríet veit ekki enn hvað jólin eru þannig að ég ætla að kenna henni á gleði- og friðarjól. Hljómsveitin Human Woman ætlar líka að koma fram í fyrsta skiptið í kvöld á Jóli Jólssyni og við boðum ekkert nema frið og hamingju. Og fyrst við erum á þessum nótunum þá langar mig til að benda fólki á frábærar friðar-jólagjafir, bæði hjá Unicef og Hjálparstarfi kirkjunnar. Þar er til dæmis hægt að gefa geit, nú eða menntun barns í HEILT ÁR fyrir 2.000 kall, sem þykir nú ekki mikið. Muniði bara að jólagjöfin í ár er jákvæð upplifun og hún þarf ekki að kosta neitt ;)

## Davíð Berndsen, Berndsen

***Skyldi það vera jólahjól?*** Það hefur verið draumurinn minn heilllengi að eignast bleikt hjól með svona blómakörfu. Ég man eftir að hafa beðið mömmu oft um slíkt hjól í jólagjölf en hún vildi ekki að fólk myndi fara að gera grín að mér svo hún sagði alltaf nei. En nú er maður að verða fullorðinn og jafnvel að maður gefi sjálfum sér slíkt hjól í jólagjöf í ár! En fyrir utan jólahjólið er maður algjörlega í jólagírnum. Ég byrja flesta daga á heitu kakói & piparkökum, syng og æfi jóladansana fyrir aðaljólapartýið, Jól Jólsson tónlistarhátíðina. Þar verður mig að finna í súperstuði.







# tíska

✻ partí partí partí



**VEITTU KJÓLNUM NÝTT LÍF** Þetta fallega skart er úr litlum steinvölum sem eru klæddar í fallega blúndu. Yndisfagurt við svartan kjól um jólin. Fæst í Nostalgíu, Laugavegi.

Glamúr um jólin

# GLITUR, GULL OG GIMSTEINALITIR

Um áramótin finnst flestum konum skemmtilegt að skarta sínu fegursta og skeyta smá glamúr í partíkvöldið mikla. Tískuhúsin sýndu ríkulega liti eins og fjólublátt, gyllt og flöskugrænt fyrir veturinn auk þess sem glansandi efni, flauel og pallíettur voru í fyrirrúmi. Hjá Balmain og Gucci voru gaddar og pallíettur á þröngum svörtum kjólum sem gæddu þá rokkuðu yfirbragði. Hér eru nokkrar hugmyndir að áramótaútlitinu í ár. *- amb*



**Sætt** Flottur svartur kjóll með gimsteinum á við skærbleikar sokkabuxur frá Soniu Rykiel.



**Gaddar** Glæsilegur og framúrstefnulegur kjóll með breiðum herðum og göddum frá Balmain.



**Samfestingur** Geggjaður glitrandi samfestingur í anda diskósins frá Gucci.



**Koparlitað** Aðsniðinn og flottur koparlitaður kjóll frá Proenza Schouler.



**Stutt** Þröngur kjóll með göddum og belti í mittið við glitrandi leggings frá Gucci.



**Gyðjulegur** Glansandi koparlitaður og fleginn kjóll frá Balmain.


# Bylting í gangi!

Einstakur sóli MBT bætir limaburð og minnkar álag á liðamótin.
Finnið muninn!






* Byggt á rannsóknum við Calgaryháskóla í Kanada, Sheffield Hallam-háskóla á Englandi og Rennbahnklinik í Basel í Sviss. Samanburður við höggdeyfandi íþróttaskó af bestu gerð.

MBT® physiological footwear

Ný sending af MBT-skóm er komin til landsins.
Lægra verð en á hinum Norðurlöndunum miðað við gengi.
Eldri tegundir á eldra verði.

Upplýsingar og söluaðilar: www.swissmasai.is / www.mbt.is

ROSENDAHL







eva solo

ÍSLENSK HÖNNUN epal

royal ukb

stelton







# Allir fá þá eitthvað fallegt ...

**1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

iittala

ALESSI



marimekko®

GEORG JENSEN

menu









# núna

✻ fylgist vel með

**JÓLAGJÖFIN HANS** Frá Calvin Klein er kominn léttur og frískandi ilmur sem kallast Ckfree. Hann einkennist af hlýjum viðartónum en er á sama tíma ferskur og karlmannlegur. Ckfree hentar mönnum sem vilja svalan og afslappaðan ilm og er tilvalinn í jólapakkann hans.






1 Kósakkahúfa úr refaskinni 2 Jonathan Saunders klútur 3 Best Behavior kjóll, Marc Jacobs kuldaskór 4 Kaðlaprjónatrefill 5 Rauð púðluhundataska eftir sjálfan mig, seld í Kronkron og Mýrinni 6 Mawi-hringur og hellingur af hálsmenum







**Smáhlutir:**
1 Nærföt frá Lascivious, slaufa frá Kormáki og Skildi, kisugríma úr Partýbúðinni.
2 Kron by kronkron skór, Mawi-hálsmen, blómanæla.
3 Hálsmen úr nótagarni, silkiflaueli og perlum úr nyju aukahlutalínunni minni sem er seld í Kronkron og Mýrinni.
4 Kögurspöng, fjaðrir og hanskar úr Fríðu frænku. Perlur frá langömmu. Poodle-næla frá Yazbukey.


Jólagjafirnar
fyrir dömur og herra á öllum aldri




Snyrtivöruverslun í þínu hverfi
Verið velkomin!
SNYRTIVÖRUVERSLUNIN GLÆSIBÆ
Sími 568 5170


Fatahönnuðurinn Hildur Björk Yeoman

# DÖMULEG OG FÍN

***Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?*** Ég reyni að vera dömuleg og fín til fara, bæði í stíl og fasi. „When in doubt, overdress".

***Hverjar eru helstu tískufyrirmyndir þínar?*** Amma Magga Marinósdóttir, ekki spurning. Hún er samt duglegri við að láta budduna ráða för, sem ég hef ekki verið eins góð í að tileinka mér. Enda á ég allt gott skilið.

***Hver eru uppáhaldsfatamerkin þín?*** Þessa dagana eru það MiuMiu, Lanvin og Christian Lacroix sem standa upp úr. Svo eru fleiri sem eru mér að skapi, s.s. Givenchy, YSL, Sonia Rykiel, Vivienne Westwood og Rodarte.

***Hvar finnur þú falda fjársjóði?*** Á mörkuðum og háaloftum, stundum minni eigin geymslu. Ég er ekki gefin fyrir að henda hlutum.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Ég held barasta ekki. Mér finnst mikilvægt að prófa allt og vera óhræddur. Lífið er líka allt of stutt fyrir ljót og leiðinleg föt.

***Í hvaða borgum finnst þér skemmtilegast að versla?*** París, Berlín og Reykjavík.

***Hvað er alveg bannað í þínum bókum?*** Að fela freknur, þær eru frábærar.

***Hvaða flík eða hlut langar þig mest í jólapakkann?*** Mig langar í svo margt. Fallega ullarkápu, dásamlegan kjól, silkinærföt og háa hæla. *- amb*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vivienne Westwood kjóll, Kronkron
Thelma-design hárspöng
Fabelhaft Hellingur af hálsmenum Salvador
Sapena hælar, Kron
Rauð púðluhundataska eftir mig, sem fæst í Kronkron og Mýrinni




**KONUR OG MENN** | LAUGAVEGUR 66
Mán. – Fös. 10–18.
Lau. 11–17.

GK REYKJAVÍK

Kaupfélagið.
Kringlunni og Smáralind.



**BULLBOXER,**
Str. 36-41
Litir: svart
Verð 12.995



**CLAUDIA GHIZZANI**
Str. 36-41
Litir : Dökkblátt, svart og grátt.
Verð 12.995

**PERTTI PALMROTH**
Str. 37-40
Leður að innan og utan, gúmmísólar.
Verð 33.100kr.
Samkvæmistaska í stíl.



Þráinn skóari
Skóbúð/skóvinnustofa
Grettisgata 3, 101 Reykjavík.



**SIXMIX**
Str. 36-41
Litir: Rautt, svart og Silfur.
Verð: 16.995

Skór.is
Kringlunni og Smáralind.



**SPOT ON**
Str. 36-41
Litir: Svart

Ekkert veitir jóladressinu meiri glamúr en fallegir skór. Föstudagur fór á stúfana og fann fallegustu skóna fyrir hátíðarnar.

# ÆVINTÝRALEGIR SPARISKÓR

**SVARTIR OG SILFRAÐIR MEÐ STEINUM Á HÆL.**
Verð 29.990kr.





**SVARTIR SILKISKÓR MEÐ STEINUM.**
Verð 25.990kr



**SVARTIR OG RAUÐIR SILKISKÓR.**
Verð 22.990kr.



**SILFUR OG SVART LAKKVESKI MEÐ STEINUM.**
Verð 23.992



**SVARTIR SKÓR MEÐ STEINUM.**
Verð 39.990kr.

Karen Millen,
Kringlunni og
Smáralind.



**SVART OG RAUTT SILKIVESKI MEÐ STEIN.**
Verð 16.792kr.



**CHIE MIHARA**
Fást í Kron Laugavegi 48.
www.kron.is



**GYÐA COLLECTION**
Skreyttir pinnahælar.
Str. 36-41
Litir: Svart og silfur.
Verð 29.900kr.
Íslensk hönnun.

Kronkron
Laugavegi 63
www.kronkron.com

Kron
Laugavegi 48
www.kron.is

Steinar Waage
Kringlunni og Smáralind



**KRON BY KRONKRON,**
Þeir fást í Kron á Laugavegi 48 og KronKron Laugavegi 63. Einnig hægt að skoða alla línuna á kronkron.com



**GYÐA COLLECTION**
Snákaskinnsskór með rós.
Str. 36-41
Litir: Rautt og svar.
Verð 30.900kr
Íslensk hönnun.



**BIANCO SATÍNSKÓR**
Str. 36-41
Litir : Svart, blátt og rautt.
Verð 14.900kr.

Bianco,
Kringlunni og Smáralind.



**BIANCO SPARISKÓR**
Str. 36-41
Litir: Svart og gull
Verð 15.400kr





# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Ragnhildur Magnúsdóttir fjölmiðlakona**



1 **Góður matur:** góður matur yfir daginn er lykilatriði. Ég er alltaf extra svöng á föstudögum!

2 **Nægileg hvíld í vikunni:** Föstudagurinn verður eflaust góður ef maður er vel hvíldur og afslappaður.



3 **Góður félagsskapur:** Skemmtilegt og jákvætt fólk er mikilvægt. Neikvæð orka er stranglega bönnuð á föstudögum!



4 **Skemmtun:** Sund, bíó, lestur, boð eða annað … smá tími sér til skemmtunar.

5 **Sambýlismaðurinn:** Ómissandi nauðsynjavara á föstudögum. Fullkomnar daginn.





**Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan**

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með

Til leigu u.þ.b. 60m2 kjallaraíbúð á svæði 108. Reykleysi skilyrði. 85þkr/ mán m/hita og rafm. Sími 821 5050.

2. herb. Kósí 40 m2 einbýli í Vesturbæ (101 R). Reglus & reykl. V. 80þ. Trygg. 240þ. S. 864 0852. facebook.com/ gardbaer

Stúdíóíbúðir. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 568 1848 og 691 4050 alla virka daga.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

## Jólatilboð


**Jólatilboð**

54L Fiskabúr með öllu
Aðeins 17.900 kr



Opið til kl 22 alla daga fram að jólum.
DÝRAGARÐURINN
Síðumúla 10 • S:517-6525


Stúdíóherb. 16 fm til leigu. M. húsgögnum. Uppl. á svennibl@gmail.com & 894 1111.

Dyspozycyjnych i ciezko pracujacych pracowników poszukujemy do sprzatania, od 4 stycznia 2010. Musi miec zaswiadczenie o niekaralnosci. Podania prosimy skladac w naszym biurze przy Kleppsmýrarvegi 8 w godzinach 12:00-15:00.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2ja herb. eða stúdíóíbúð frá 1.jan n.k. Nálægð við Egilshöll kostur en skoðum allt. Uppl. í fimleikabjork@ gmail.com eða í síma 898 6227.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð frá 1 feb. helst í 107. Reglusemi heitið. Uppl. í s. 696 8663.

Enskumælandi par með eitt barn óskar eftir 2 herb. íbúð á sv. 101, 105 og 108 Rvk. S. 899 3981.

## Sumarbústaðir



**Þrastahólar Grímsnesi**
Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Verð 14,9 nú lækkað verð 12,9 Skoða skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði

**Iðnaðarhúsnæði**
100 fm iðnaðar, þjónustu eða verslunarhúsnæði á jarðhæð á Bíldshöfða. Uppl. í s. 892 2722.

Iðnaðarbil, frá 85 ferm og uppúr til leigu. Einnig til leigu rými á 2 hæð sem hentar fyrir létta starfsemi, lager og skrifstofur. Hagstæð leiga. uppl 822 4200.

TIL LEIGU 70m2 NÝL IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ GOTT PLAN GOTT AÐGENGI WC V85Þ S 8927858

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 4.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta. com eða annalilja@stracta.com




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Nonnabiti Reykjavík-Kópavogi**
**Duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabitum. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20.ára Uppl. á staðnum eða í s. 898 5956.**

**Eldsmiðjan**
Ertu eldri en 18 ára, hefur metnað og ert dugleg/ur? Kemur þér vel saman við 98% af fólkinu sem þú umgengst? Ertu tilbúin/n til að skuldbinda þig í aukavinnu? Kíktu á http://umsokn. foodco.is

**Bókabúð**
Bókabúð óskar eftir starfsmanni tímabundið til starfa strax, vinnutími samkvæmt samkomulagi. Uppl. s. 898 2613

Flexible and hard working employees are wanted for cleaning, starting 4th of January 2010. Must have a clean criminal record. Apply for work in our office at Kleppsmýrarvegi 8 between 12:00 -15:00.

Vantar 2 stelpur í vinnu á veitingahús Alibaba aldur 25-30. Tala ensku eða íslensku. Uppl í S. 445 4445

## Atvinna óskast

Er 26 ára hörkuduglegur og stundvís,með reynslu af ýmsum störfum. S: 659 1896 Halli.

Mjög ábyrgur karlmaður óskar eftir vinnu við að hjálpa til á heimili, þrífa og allt sem tilheyrir heimili. S. 663 6239 & 462 1085.

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Við erum til fyrir ykkur, hringdu, við bíðum!**

**Elskum að daðra.**

**908 1616**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

# Hvert fara svo þessir fjármunir?

**UMRÆÐAN**
Sindri Snær Einarsson skrifar um ungt fólk og atvinnuleysisbætur


SINDRI SNÆR EINARSSON

Ríkisstjórnin hefur kynnt fyrirliggjandi aðgerðir út frá tillögum vinnuhóps um ungt fólk án atvinnu. Þær aðgerðir fela í sér að skerða á atvinnuleysisbætur hjá ungu fólki (16–25 ára), aðgerðirnar miða að því að sporna við þeim neikvæðu afleiðingum sem fylgja aðgerðarleysi og koma ungu fólki í virkni. Með skerðingunni á að ná fram töluverðum fjárhæðum í sparnað sem á að nýta í þágu þeirra sjálfra. Þessar milljónir koma einungis einu sinni.

Því velti ég fyrir mér, hvert fara svo þessir fjármunir?

**Tillögur vinnuhóps ganga ekki upp**

Margt gott kemur fram í tillögum um ungt fólk án atvinnu, sem unnar voru af vinnuhóp stofnuðum af félags- og menntamálaráðherra. Þar er ýmislegt lagt til en inntakið í tillögunum er að lækka atvinnuleysisbætur ungmenna og vísa sem flestum af atvinnuleysisskrá og inn í framhaldsskólana. Það er varhugavert því á sama tíma á að finna leiðir til að draga úr brottfalli úr framhaldsskólum landsins úr 30-40% brottfalli niður í 15-20% brottfall.

*Nágrannaþjóðir okkar hafa t.d. farið þá leið að styrkja við sjóði sem ungt fólk getur sótt í, en þeim sjóðum eru sett skilyrði um styrkhæfi sem fylgi þörfum samfélagsins hverju sinni.*

Fyrir mér gengur dæmið einfaldlega ekki upp. Hópinn, sem ekki fór í eða er fallinn úr framhaldsskóla, á að senda beint inn aftur og á sama tíma er stefnt að því að lækka brottfallið. Tillögurnar fela ekki í sér neinar lausnir hvernig lækka eigi brottfallið, heldur er eingöngu að finna þar samanburð á mismunandi leiðum í skólamálum sem löndin í kringum okkur hafa farið og brottfall úr þeim borið saman og þar kemur Ísland verst út. Skilin er eftir ein getgáta um að orsök brotfallsins sé sú að í íslensku skólakerfi séu skilin á milli bóknámsog iðnnáms ekki skýr og verið sé að þröngva bóknámsgreinum upp á iðnnema sem skilar sér í háu brottfalli þeirra. Engar tölulegar niðurstöður eru þó settar fram um hver munurinn sé á brottfalli úr iðnnámi og bóknámi (þær gætu þó verið til og eiginlega verð ég að trúa að svo sé og að þessi ákvörðun sé tekin út frá þeim, en ekki „innsæi“ vinnuhópsins). Ég slæ því varnagla við þær tillögur sem vinnuhópurinn leggur til. Þó má gera ráð fyrir því að margir af atvinnuleysisskrá eigi vel heima í framhaldsskóla.

Ég tek undir með þeim tillögunum sem ganga út á að gefa einstaklingum kost á að starfa í sjálfboðastörfum því það eykur fjölbreytni og víðara val en eingöngu framhaldsskóla. Ég vil að við göngum enn lengra með því að skapa fjölbreytni og mæta fólki þar sem það stendur. Það er hlutverk okkar að gera þann hóp sem er á atvinnuleysisskrá samkeppnishæfari því það er ástæðan fyrir því að þau eru ekki í vinnu. Því eiga virknis aðgerðir að miða að því að gefa fólki sambærilega viðurkenningu og stuðning við það sem þau gera og ef þau væru í framhaldsskóla. Framhaldsskólanemi kostar í bóknámi um 600.000 kr. og í iðnnám um 1.100.000 kr. Þetta eru fjármunir sem fara til spillis í 30-40% tilfella. Því verður að breyta.

Ég vil samt sem áður ekki eingöngu gagnrýna varhugaverðar aðgerðir heldur vil ég benda á nýjar hugmyndir sem henta ef til vill þessum hópi ungmenna betur og gætu orðið til þess að við þjóðum upp á nýtt og fjölbreyttara samfélag sem taki raunverulega á vandanum því þessar milljónir sem á að setja í þágu ungs fólks koma ekki aftur.

**Nýjar leiðir og lausnir**

Taka verður heildstætt á málaflokki ungs fólks og væri e.t.v. sniðugt að líta í kringum okkur og sjá hvað ESB og nágrannaþjóðir okkar gera til þess að virkja ungt fólk. Nágrannaþjóðir okkar hafa t.d. farið þá leið að styrkja við sjóði sem ungt fólk getur sótt í, en þeim sjóðum eru sett skilyrði um styrkhæfi sem fylgi þörfum samfélagsins hverju sinni. Ef svona sjóður væri settur upp hér mætti t.d. í dag setja það sem skilyrði að til að verkefni verði styrkhæft verði ákveðinn fjöldi þátttakenda að vera á atvinnuleysisskrá. Með þessu sköpum við gerjun og ýtum undir frumkvæði ungs fólks. Svona sjóður hefur nú þegar sannað sig hér á landi í kringum starfið sem unnið var í Austurbæjarbíói, húsi unga fólksins, sem starfrækt var í sumar. Þrátt fyrir kröftugt og áhrifaríkt starf í húsinu var því lokað í sparnaðarskyni. Mikil þörf er á að opna húsið aftur eða setja af stað sams konar verkefni.

Þetta er eingöngu ein af mörgum leiðum sem Landssamband æskulýðsfélaga hefur lagt til um hvernig gefa megi minna samkeppnishæfum ungmennum kraft, viðurkenningu og meðbyr í virknis aðgerðum yfirvalda.

*Höfundur er framhaldsskólanemi, varaformaður Landssambands æskulýðsfélaga og fulltrúi í æskulýðsráði.*







# Sumir jafnari en Álftnesingar?

**UMRÆÐAN**
Kristján Sveinbjörnsson skrifar um fjármál Álftaness


KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

Byggðin á Álftanesi, sem lengst af var lítið samfélag, hefur síðustu áratugi stækkað margfalt. Hröðust var uppbyggingin kringum nýliðin aldamót en þó hefur varla verið ráðist í nýjar byggingar íbúðarhúsa síðustu þrjú árin. Mikil aldamótauppbygging kostaði sveitarsjóð verulega fjármuni sem slegnir voru að láni að mestu erlendis. Nú blasir við að sveitarsjóður Álftaness er að þrotum kominn og eftir stendur spurningin um hvernig það megi vera? Svarið felst í aldurssamsetningu íbúa sem lengi hefur verið óhagstæð sveitarsjóði.

Álftanes er ungt samfélag þar sem um 19% íbúa eru á grunnskólaaldri á meðan landsmeðaltalið er innan við 14%. Grunnskólinn er því hlutfallslega um 37% stærri en meðaltal annarra sveitarfélaga. Fræðslu- og æskulýðsmál eru stærstu útgjaldaliðir sveitarfélaga. Á Álftanesi námu þeir málaflokkar 934 milljónum á síðasta ári. Væri sveitarfélagið nær meðaltali má reikna með að kostnaðurinn væri 252 milljónum kr. lægri. Það er nánast sú upphæð sem sveitarsjóð skortir nú meðan útsvarstekjur eru um 810 milljónir og fasteignaskattar um 75 milljónir. Skattar íbúanna duga því ekki fyrir kostnaðinum af þessum mikilvægu málaflokkum hvað þá öðrum rekstri.

Sveitarfélög landsins hafa jöfnunarsjóð til að jafna mismunandi stöðu sveitarfélaga. Þrátt fyrir að lögbundið hlutverk jöfnunarsjóðs sé að jafna út útgjöld sveitarfélaga gerir hann það aðeins að litlu leyti gagnvart stærsta liðnum, hinum lögbundnu fræðslumálum. Grunnur forsendna sjóðsins gagnvart grunnskólum landsins er rammskakkur enda er hann frá árinu 1996. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og forsendur fyrir rekstri grunnskóla hafa breyst verulega á 13 árum.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er einnig ætlað að tekjujafna sveitarfélög. Þar sem Álftanes er 10. útsvarshæsta sveitarfélag landsins á hvern íbúa, kemur nær ekkert í þess hlut úr þeim hluta sjóðsins. Því fellur Álftanes niður í 70. sæti af 78, þegar reiknað er saman skatttekjur og jöfnunarsjóður. Þannig er ljóst að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sinnir ekki lögbundnu hlutverki sínu gagnvart Álftanesi.

Nýleg frétt Fréttablaðsins sætir furðu. Þar er haft eftir fulltrúa D-listans að ástæða slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sé nýbyggð sundlaug! Sú sérstæða fullyrðing er í þokkabót rökstudd með röngum tölum. Af óskiljanlegum ástæðum hefur D-listinn á Álftanesi frá upphafi talið byggingu nýrrar sundlaugar allt til foráttu, reyndi ítrekað að stöðva framkvæmdir á byggingatíma og lét reyna á byggingareglugerðir vegna opnunar rennibrautar við laugina. Nú hefur D-listinn endurheimt langþráð völd en þá ber svo við að hann hafnar því að kynna og auglýsa þessa nýju, glæsilegu aðstöðu. Tillaga þess efnis fæst ekki tekin fyrir í bæjarráði.

Það er mótsagnakennt að hugsa til þess að sami flokkur og hafði forgöngu um hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir fjölskyldufólk skuli ekki hafa séð fyrir aukna þörf á skólahúsnæði og annarri grunnþjónustu s.s. til íþróttakennslu. Þó tekur steininn úr að leggjast gegn úrbótum á því sviði með öllum tiltækum ráðum.

Meðan mikilvægast er að róa öllum árum að því að sækja rétt sveitarfélagsins og leggja allt kapp á að efla tekjustofnana, gefur nýi „starfhæfi“ meirihlutinn hins vegar út opinberar yfirlýsingar um að sveitarfélagið sé tæknilega gjaldþrota og lokar þar með á alla lánafyrirgreiðslu. Nú er svo komið að skuldabréfum í eigu sveitarfélagsins er ekki hægt að koma í verð. Er verið að jarða sveitarfélagið Álftanes endanlega með fjölmiðlavaldi?

Krafa Álftnesinga er skýr: rétta þarf lögboðinn hlut Álftaness úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Við krefjumst þess að eiga tilverurétt sem sjálfstætt og barnvænt samfélag.

*Höfundur er bæjarfulltrúi á Álftanesi.*

# Hlægilegur metingur dagblaðanna um lestur og traust

**UMRÆÐAN**
Hermann Þórðarson skrifar um dagblaðalestur


HERMANN ÞÓRÐARSON

Stórblöðin Morgunblaðið og Fréttablaðið hafa á undanförnum misserum þráttað um hvort blaðið sé vinsælla og hvort blaðið njóti meira trausts hjá þjóðinni. Mælikvarðinn sem notaður er við þetta mat er einskis virði og ekki marktækur.

Fréttablaðið mælir vinsældir sínar í því hve margir lesa blaðið í samanburði við Morgunblaðið. Fréttablaðið, eins og allir vita, er frítt og dreift um allt land. Það er því ekkert eðlilegra en að það blað sé meira lesið en blöð sem eru seld eins og Morgunblaðið og DV. Morgunblaðið heldur því fram að meirihluti þjóðarinnar treysti því best. Hvernig er það mat framkvæmt og á hvaða gögnum er það byggt?

*Mér finnst að blöðin eigi að hætta þessum fáranlega metingi því hann skiptir í reynd engu máli. Sjálfur les ég öll blöðin.*

Áskrifendum Morgunblaðsins hefur fækkað verulega á undanförnum mánuðum. Það þýðir ekki endilega að færri lesi það en áður. Sumir vilja meina að fækkun áskrifenda sé vegna aðkomu Davíðs Oddssonar að blaðinu. Eitthvað gæti verið til í því en ég held að aðalástæðan sé fyrst og fremst versnandi hagur almennings í landinu sem sparar það við sig sem hann getur án verið. Og hvernig fær Morgunblaðið út þessa niðurstöðu? Ekkert er eðlilegra en að þeir sem enn kaupa Morgunblaðið séu ánægðir með blaðið sitt og treysti því best. En hve stór er sá meirihluti í raun og veru?

Mér finnst að blöðin eigi að hætta þessum fáranlega metingi því hann skiptir í reynd engu máli. Sjálfur les ég öll blöðin og er áskrifandi að Morgunblaðinu og DV. Ég vil ekki vera án neins þeirra. Nota mætti það pláss í blöðunum sem fer undir þessar steindauðu auglýsingar þeirra um ágæti sjálfs síns, t.d. með auknu skemmtiefni fyrir lesendur og auknum íþróttafréttum, en þar standa Fréttablaðið og DV sig ekki nógu vel. Fréttir af íþróttum kvenna eru oft fátæklegar og þar er Morgunblaðið ekki undanþegið.

Þessari ósk er hér með komið á framfæri við ritstjóra blaðanna.

*Höfundur er fyrrverandi flugumferðarstjóri.*






# Fyrirmyndarlottó

**UMRÆÐAN**
Helga G. Guðjónsdóttir skrifar um Lottó


HELGA G. GUÐJÓNSDÓTTIR

Að undanförnu hefur verið nokkuð fjallað í fjölmiðlum um Íslenska getspá eða Lottóið. Tveir menn hafa verið þar fyrirferðarmiklir. Annar er Eiður Guðnason, fyrrverandi alþingismaður og fyrrverandi sendiherra, en hinn er Ágúst Guðmundsson, kvikmyndaleikstjóri og núverandi forseti Bandalags íslenskra listamanna. Ólíkt hafast þeir að þessir heiðursmenn þó svo að báðir telji að nú sé tími til kominn að skipta lottóágóða Íslenskrar getspár með öðrum hætti en verið hefur því báðir hafa þeir mikinn áhuga á að menningargeirinn fái hlutdeild í ágóðanum af Lottóinu.

Starf ungmennafélagshreyfingarinnar virðis ekki að þeirra mati vera menning. Síðast þegar ég vissi er mikið menningarstarf unnið innan ungmennafélagshreyfingarinnar en ef til vill þarf að upplýsa okkur sem þar störfum um hvað menning er. Ágúst Guðmundsson er í hópi einstaklinga sem undanfarin ár hafa af og til ritað greinar í fjölmiðla þar sem krafist hefur verið hlutdeildar „menningargeirans“ að ágóða Lottósins. Það verður að segja honum til hróss að hann er frekar málefnalegur og upplýsandi í skrifum sínu og fræðir lesendur t.d. um hvernig skiptingunni á lottóágóða er háttað s.s. í Bretlandi en alltaf þarf að gæta þess þegar upplýsingar eru settar fram að ekki sé verið að bera saman epli og appelsínur. Það verður ekki deilt á hann fyrir að vilja hag bandalags íslenskra listamanna sem mestan og leita allra leiða til þess að styrkja það starf sem hann er í forsvari fyrir. Það verður þó að segjast að ef uppskeran úr eigin garði er ekki ásættanleg er ekki við hæfi að ætla þá að sækja það sem á vantar í garð nágrannans.

Á framgöngu Eiðs Guðnasonar er hins vegar erfitt að átta sig. Hvað gengur honum til með málflutningi sínum? Hann segist hafa verið óánægður með þetta fyrirkomulag sem lagt var til grundvallar í upphafi og sé það enn. Og það þrátt fyrir að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel. Málflutningur hans er í besta falli órökstuddar fullyrðingar og dylgjur um hvernig ungmennafélagshreyfingin ráðstafar þeim fjármunum sem hún fær frá Íslenskri getspá og nægir í þessu sambandi að vísa í fullyrðingar Eiðs sem koma fram í grein í Fréttablaðinu 2. og 10. sl. í Kastljóssþætti Ríkissjónvarpsins 16. þessa mánaðar og í morgunþætti Bylgjunnar hinn 17. desember um að lottóágóðinn sé nýttur í að greiða ofurlaun íþróttamanna og í lóða- og hótelbrask í miðbæ Reykjavíkur. Eiður virðist ekki hafa kynnt sér hver hlutdeild Ungmennafélag Íslands er í ágóða Lottósins sé tekið mið af skrifum hans og er rétt að láta hann njóta vafans í því efni heldur en að ætla honum að fara vísvitandi með rangt eða villandi mál.

En til að upplýsa hann og aðra lesendur er hlutdeild UMFÍ 13,33% af hagnaði Lottósins hverju sinni. Árið 2008 voru tekjur UMFÍ samtals af Lottó kr. 74.194.931. Af þessari upphæð renna 86% til sambandsaðila út um allt land en 14% til UMFÍ eða innan við 10 milljónir. Að halda því fram að Ungmennafélag Íslands sem samanstendur af 30 sambandsaðilum, yfir 300 félögum með á annað hundrað þúsund félagsmenn alls staðar að af landinu noti ágóðahlut sinn af lottóinu í lóðabrask og hótelrekstur er svo fráleitt að það er ekki svara vert enda dæma slík ummæli sig sjálf.

Ungmennafélag Íslands er stærsta og fjölmennasta sjálfboðaliðahreyfing á Íslandi og þeir fjármunir sem hreyfingin er studd með eru nýttir í ræktun lýðs og lands og er starfið unnið af þúsundum sjálfboðaliða.

Það var sannfæring Alþingis þegar lögin um Íslenska getspá voru sett og það er sannfæring mín og fjölmargra annarra að fjármunum sem varið er í íþrótta- og ungmennafélagsstarf, þar með talið lottófjármunum, sé skynsamleg ráðstöfun enda sýna rannsóknir að slík starfsemi sparar útgjöld til heilbrigðis- og félagsmála. Ungmennafélag Íslands með alla sína félagsmenn stendur fyrir öflugri og mikilvægri starfsemi meðal annars íþróttum, leiklist, umhverfismálum, forvarnamálum og er starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar talin ein af grunnstoðum íslensks samfélags. Ungmennafélag Íslands ásamt ÍSÍ er langstærsta fjöldahreyfing á Íslandi og um leið stærsta barna- og unglingahreyfing landsins. Fjármagnið sem við fáum frá Íslenskri getspá hefur verið stór póstur í okkar starfi.

Það er sárt til þess að vita að maður sem hefur verið fulltrúi íslenskrar þjóðar bæði innanlands og utan ráðist með þeim hætti sem hann hefur gert að öllu því góða fólki sem hefur unnið og er að vinna innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

Um leið og ég óska Eiði og öllum öðrum gleðilegra jóla vil ég bjóða hann velkominn á þjónustumiðstöð UMFÍ til að fræðast um starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar. Það verður okkur sönn ánægja að gera honum grein fyrir því mikilvæga starfi sem unnið er innan UMFÍ og við erum svo stolt af.

*Höfundur er formaður UMFÍ.*




**TViX margmiðlunarspilarar** komu fyrst á markað á Íslandi árið 2005 og vöktu strax athygli fyrir gæði, hönnun og gott verð. Í gegnum árin hafa TViX margmiðlunarspilarar selst í tugþúsunda tali hér á landi. TViX er í dag leiðandi í hágæða margmiðlunarspilurum sem hafa unnið til fjölda verðlauna á borð við **EISA**, **red dot** ofl. Þegar leitað er að vönduðum margmiðlunarspilara sem spilar allar gerðir skráarsniða, og gerðar miklar kröfur til mynd- og hljóðgæða, þá er TViX það sem málið snýst um.




## SJÓNVARPS FLAKKARI

### TViX R-2230

2.5" sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki fyrir fartölvudiska, með innbyggðum stafrænum DVB-T sjónvarpsmóttakara, HDMI, USB, AV tengi inn og út. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum eða öðrum USB flökkurum. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn í bílinn, bústaðinn eða hjólhýsið.

**19.990kr.**




## SJÓNVARPS FLAKKARI

### TViX R-3300

3.5" sjónvarpsflakkari með PVR/DVR upptökumögleika fyrir uppáhalds efnið þitt. HDMI, USB, LAN, AV tengi inn og út. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB eða net með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. Fullkomin fjarstýring. Tilvalinn til að geyma og spila allt margmiðlunarefni heimilisins.

**29.990kr.**




## HÁSKERPU FLAKKARI

### TViX M-6600A

Nýr H.264 háskerpu sjónvarpsflakkari frá TviX sem spilar alla staðla. LED skjár sem sýnir alla virkni, takkar til að stjórna án fjarstýringar, LAN, HDMI, Component, Optical tengi. Hægt að tengja við sjónvarp eða spila efni í gegnum USB eða net með tölvu. Getur einnig spilað af USB minnislyklum, öðrum USB flökkurum eða tölvum yfir LAN heimanet. Fullkomin fjarstýring. Frábær spilari til að geyma og spila allt efni í bestu mögulegu gæðum.

**59.990kr.**

## ÞRÁÐLAUST NETKORT

### TViX N-draft

Þráðlaust N-draft 300 Mbps netkort fyrir TviX spilara til að tengjast heimaneti þráðlaust. Passar fyrir R-2230, R-3300, M-6600 spilarana. USB tengt.



**7.990kr.**

*Allar margmiðlunarflakkarar koma án harðs disks. Tölvulistinn býður upp á mikið úrval af hörðum diskum frá merkjum á borð við Western Digital, Samsung og Seagate. Við mælum sérstaklega með Western Digital Green diskunum sem eru mjög hljóðlátir og henta því vel í margmiðlunarflakkara.*

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún J. Hjartar**

hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður Flyðrugranda 8, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 14. desember, verður jarðsungin frá Neskirkju, mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Jóna Björg Hjartar** **Paul van Buren**
**Sigríður Hjartar** **Stefán Guðbergsson**
**Elín Hjartar** **Davíð Á. Gunnarsson**
**Egill Hjartar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Erlu Rutar Guðmundsdóttur**

frá Eyri í Svínadal, Kambsveg 14, Reykjavík,

sem lést 6. nóvember sl.

**Ólafur Ólafsson** **Ragna Rún Þorgeirsdóttir**
**Erla Dögg Ólafsdóttir** **Fannar Geir Ásgeirsson**
**Ólafur Óli Ólafsson**
**Sandra Rut Fannarsdóttir** **Halla Rún Fannarsdóttir**

---



†

*Elskulegur faðir minn, afi og langafi,*

**Guðbrandur Loftsson**

fyrrum skipstjóri og bóndi frá Hveravík, Aðalbraut 4, Drangsnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur föstudaginn 11. desember. Útförin fer fram frá Drangsneskapellu laugardaginn 19. desember kl. 14.00.

**Linda Guðrún Lilja Guðbrandsdóttir**
**Berglind Björk Bjarkadóttir** **Jón Ingibjörn Arnarson**
**Guðbrandur Máni Filippusson**
**Kolbrún Lilja Jónsdóttir**

---



†

*Eiginmaður minn og besti vinur, faðir og tengdafaðir,*

**Egill Egilsson**

eðlisfræðingur og rithöfundur,

er látinn. Útförin verður frá Fossvogskirkju mánudaginn 21. desember kl. 15.00. Jarðsetning að Stóranúpi sama dag. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Sól á Suðurlandi, reikningsnúmer 0152 26 5226.

**Guðfinna Eydal**
**Hildur Björg Eydal Egilsdóttir** **Haraldur P. Guðmundsson**
**Ari Eydal Egilsson**
**Bessi Eydal Egilsson**

---



†

*Frændi minn,*

**Grímur Magnússon**

frá Flögu, Króki, Flóahreppi síðast Sólvöllum, Eyrarbakka,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 19. desember kl. 13.30.

**Fyrir hönd systkina hins látna og annarra ættingja,**
**Sigurbergur Brynjólfsson.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Sören Magnússon**

Brekkugötu 50, Þingeyri,

lést 15. desember á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Minningarathöfn fer fram í Áskirkju hinn 21. desember kl. 14.00. Útför verður í Þingeyrarkirkju hinn 28. desember kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Kristín Gunnarsdóttir**
**börn þeirra og fjölskyldur.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Stefánsdóttir**

frá Hofi í Öræfum,

lést á hjúkrunarheimili HSSA á Höfn, fimmtudaginn 10. desember. Hún verður jarðsungin frá Hofskirkju í Öræfum laugardaginn 19. desember kl. 14.00.

**Gunnar Páll Bjarnason** **Ingibjörg Ingimundardóttir**
**Sigurjón Arnar Bjarnason**
**Unnur Bjarnadóttir**
**Jón Sigurbergur Bjarnason** **Áslaug Guðmundsdóttir**
**Stefán Bjarnason** **Margrét Guðbrandsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Auður Tryggvadóttir**

fædd á Fellsströnd í Dalasýslu, Lautasmára 39, Kópavogi,

lést á Landsspítalanum við Hringbraut, 9. desember sl. Útförin hefur farið fram frá Digraneskirkju í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Helgi G. Björnsson** **Kristín Emilsdóttir**
**Guðbjörg Björnsdóttir**
**Elísabet Björg Björnsdóttir** **Jón Engilbert Sigurðsson**
**Pálmi, Auðunn, Stefán Geir, Hlynur, Heiðrún Björk, Helga, Margrét og Álfrún Lind**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Erla Havsteen Þorsteinsdóttir**

Laugarnesvegi 42, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju hinn 22. desember kl. 13.00.

**Trausti Elliðason**
**Garðar Norðdahlsson**
**Viðar Elliðason** **Ásdís Sigurgeirsdóttir**
**Sigríður Havsteen Elliðadóttir**
**Kristín Havsteen Erludóttir**
**ömmubörnin og systir hinnar látnu.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

**STEVEN SPIELBERG ER 63 ÁRA Í DAG.**

*„Það er fín lína milli ritskoðunar og góðs smekks og siðferðislegrar ábyrgðar."*

***Steven Spielberg er bandarískur kvikmyndaleikstjóri sem hefur hlotið fern Óskarsverðlaun fyrir myndir á borð við Listi Schindlers og Saving Private Ryan.***




# tímamót

timamot@frettabladid.is



**LANDSMÓT 2008** Fríður hópur hestamanna ríður inn á völlinn á Gaddstaðaflötum við Hellu. MYND/GÍGJA EINARSDÓTTIR

## LANDSSAMBAND HESTAMANNA: 60 ÁRA

# Meira ort um hesta en ástina

Landssamband hestamanna heldur upp á sextíu ára afmæli sitt í dag með hátíðahöldum í Iðnó. Haraldur Þórarinsson, formaður LH, rennir stuttlega yfir upphaf sambandsins.



**FORMAÐUR** Haraldur Þórarinsson segir íslenska hestinn eina bestu landkynningu Íslands. MYND/JE

„Rétt fyrir miðja síðustu öld var lítill áhugi orðinn á íslenska hestinum og var hann helst haldinn í hestamannafélögum í þéttbýli. Gunnar Bjarnason var á þessum tíma hrossaræktarráðunautur í hálfu starfi. Hann kom eitt sinn á Hvanneyri þar sem saman voru komnir Jónas frá Hriflu, Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, og Runólfur Sveinsson, skólastjóri á Hvanneyri. Þeir hvöttu Gunnar til þess að mana formenn hestamannafélaganna til að stofna hestamannafélög hringinn í kringum landið til að standa vörð um kynbætur, ræktun og sýningar," segir Haraldur. Það varð úr, hestamannafélögum fjölgaði og síðan var Landssamband hestamannafélaga stofnað 18. desember 1949 og fyrsta mótið haldið á Þingvöllum árið 1950.

„Þá var það stærsta samkoma sem haldin hafði verið frá lýðveldishátíðinni 1944 og komu þar saman um tíu þúsund manns," upplýsir hann og vegur hestamennskunnar hefur orðið æ meiri með árunum. „Fljótlega varð til alþjóðasamfélag í kringum hestinn sem kallast FEIF og beitti Gunnar sér einnig fyrir stofnun þess. Nú er íslenski hesturinn haldinn í þremur heimsálfum, 18 þjóðlöndum og milli 50 til 60 þúsund manns sem halda milli 120 og 150 þúsund hross," segir Haraldur og bætir við að íslenski hesturinn hafi ekki aðeins jákvæð áhrif á ímynd Íslands heldur sé einnig hægt að mæla áhrif hans í krónum. „Samkvæmt Hagstofunni skilar íslenski hesturinn rúmum milljarði á ári í beinni sölu. Síðan hefur komið fram í skýrslum að 18 til 20 prósent ferðamanna sem hingað koma geri það af því að íslenski hesturinn hafi vakið athygli þeirra á landinu. Út frá því má reikna að hesturinn skapi gjaldeyri upp á 17 til 24 milljarða," segir hann. Haraldur tekur fram að til sé listi yfir þær ástæður sem ferðamenn gefi upp fyrir áhuga sínum á landinu. „Í fyrsta sæti eru fjöllin, í öðru fossarnir og hverirnir og í því þriðja íslenski hesturinn."

Íslenski hesturinn hefur sjálfur breyst töluvert á þessum sextíu árum. Mikið starf hefur verið unnið í ræktun og áhuginn á hestinum er gríðarlegur innanlands sem utan. „LH er til dæmis þriðja stærsta sérsambandið innan Íþróttasambands Íslands, aðeins knattspyrna og golf eru fjölmennari," upplýsir formaðurinn, en 10.500 manns eru skráðir í hestamannafélög á landinu, en auðveldlega má margfalda þá tölu með minnst tveimur þar sem oft er aðeins einn úr fjölskyldu skráður í félag. Þá snertir hesturinn einnig þjóðarsálina að mati Haraldar. „Þjóðskáldin ortu öll um íslenska hestinn og jafnvel er talið að þau hafi ort meira um hann en ástina," segir hann glettinn.

Afmælishátíðin hefst í dag á fánareið að Iðnó klukkan 14.45. Klukkan 15 hefst svo afmælisdagskrá þar sem haldnar verða fjölbreyttar tölur, um sögu LH, hlutverk hestsins, tengsl hans við vísindasamfélagið, listir og menningu.

**solveig@frettabladid.is**

# Frábært verð

## á heimilistækjum

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD til jóla**



### Melissa

**Samlokugrill** 643096
- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Litur: Hvítur

**3.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Melissa

**Blandari 0,5l + 0,3l kvörn** 646064
- 200w blandari
- 0,5l blandari
- 0,3l kvörn (tilvalið fyrir kaffibaunir)
- Steinless stál hnífur
- Rofi með púls hraða
- Öryggisrofi

**3.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Melissa

**Blandari** 646093
- 500w
- Blandar, hrærir og stappar fljótt og örugglega
- Tilvalinn fyrir mjólkurhristinga, súpur og sósur
- 2 hraðastillingar
- 1,5L gler mál - Má fara í uppþvottavél
- Ryðfrír stálhnífur
- Öryggisrofi
- Auðvelt að taka í sundur og setja í uppþvottavél

**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

Gjafapakki með 3 tegundum af kaffi og einni teg. af kakó fylgir með.



### PHILIPS

**Senseo kaffivél** HD7810SV
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga kaffi

**14.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### TOSHIBA

**DVD spilari** SD291
- DivX DVD spilari
- Styður DVD+-R/+-RW CD/CD-R/RW VCD/SVCD
- USB tengi, les beint af USB
- Les DivX, XviD, MPEG1-3, JPEG
- Dolby Digital, DTS
- Tengi: Scart, Digital Coaxial, Composite, RCA
- PAL & NTSC stuðningur

**12.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### JVC

**Heyrnatól** HAF140PE
- Stereó heyrnartól
- Þægilegir tappar
- Tíðnisvið: 16Hz-20,000Hz

**2.690kr** FRÁBÆRT VERÐ



### SanDisk

**2GB MP3 spilari** CLIP2GBSV
- MP3 spilari með 2GB innbyggt minni
- Spilar MP3 og WMA
- Útvarp með stöðvaminnum
- Diktafónn
- USB 2.0
- Innbyggð hleðslurafhlaða með allt að 15 tíma spilun
- Heyrnartól, USB kapall og geisladiskur fylgja

**11.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### UNITED

**Ferðatæki** RCD6408BL
- Útvarp með geislaspilara og kasettutæki
- Heyrnatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum

**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### UNITED

**DVD ferðaspilari með 7" LCD skjá**
DVP8077
- Fjölkerfa ferða DVD spilari
- 7" LCD Skjár með LED baklýsingu
- Innbyggð Lithium hleðslurafhlaða með allt að 2ja tíma endingu
- 12v og 220v
- Styður DVD, DivX, VCD, MP3, MP4, CD & JPEG
- Hægt að tengja við sjónvarp og hátalara/magnara
- Fjarstýring fylgir
- Kaplar og taska fylgja

**19.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Panasonic

**Þráðlaus sími** KXTG1311
- Þráðlaus DECT sími
- 1 línu LCD skjár með baklýsi
- 50 númera símaskrá með nöfnum
- Símnúmerabirtir fyrir síðustu 50 númer
- Klukka og dagsetning
- 17 tíma hleðsla í notkun og allt að 150 klst í bið
- Endurval í síðustu 10 númer

**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Melissa

**Sléttujárn keramik**
635113
- Hvítar keramík plötur
- Betri hitadreifni
- Hámarkshiti: 200°C

**2.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



### Melissa

**Hárblásari** 635110
- Hárblásari 2000w
- 2 hraða- og 3 hitastillingar
- Cool shot (kaldur blástur)
- Ofhitavörn
- Fylgihlutur air concentrator

**3.990kr** FRÁBÆRT VERÐ




Gildir til 23. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

# Allt fyrir



VERÐ ÁÐUR: KR 5790
NÚ: 4990
**DÚKKA - NEW BORN**
- 43 cm
- Með aukahlutum



VERÐ ÁÐUR: KR 10.990
NÚ: 8.990
**HLJÓMBORÐ**
- 54 nótur
- Með hljóðnema



1699
**GLERKÖKUFAT**
- 32x44 cm



8990
**SLEÐI**
- Rocko SnowGo




890
**AIR FOOTBALL**
- Fjörugt fótboltaspil



569
**ÚTIFUGLAFÓÐUR - 1 KG**



679
**NAGDÝRAFÓÐUR**
- 1 kg



FRÁ 990
**JÓLASOKKUR**
- Fyrir hunda
- Einnig til fyrir ketti



429
**HUNDAPOKAR M/HALDARA**
- 40 stk




749
**KATTASANDUR - SILICA**
- 1,7 kg

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast


Coca Cola
69
jólin
599
KERTI - 10 Í PK
399
SPRITTKERTI
• 100 í pk
100
í pk
3990
pr. stk
PELSATEPPI
• 130x170 cm
4990
pr. stk
NÁTTSLOPPUR
• St S-L
4 kg
699
HRÍSGRJÓN - JASMIN
• 4 kg
599
JÓLAGLÖGG
• 500 ml
• Glöggblanda, kr 599
599
ELDHÚSRÚLLA
• Ein rúlla á við átta venjulegar
FRÁ 499
KERTI Á LEIÐI
• Kerti á leiði, 168 klst, kr 749
199
ORA HUMARSÚPA
400
ml
249
FABULOUS FRUIT SJAMPÓ
• 400 ml
2
saman
329
KERTI Á LEIÐI - 2 Í PK
NORÐMANNSÞINUR
Sala á lifandi trjám er
hafin í Europris
Salan er á eftirtöldum stöðum:
Fiskislóð, Korputorgi, Dalvegi, Tjarnarvöllum
og á Selfossi
www.europris.is
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafi samband við Pósthúsið í síma 585 8300.




### Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

| | |
|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi |
| **Bakkafjörður** | Mónakó |
| **Baula** | Verslun |
| **Blönduós** | N1 |
| | Potturinn og pannan |
| **Dalvík** | N1 – Olís |
| **Egilsstaðir** | N1 |
| **Eskifjörður** | Shell skáli |
| | Kría veitingastaður |
| **Fellabær** | Olís |
| **Grundarfjörður** | Hrannarbúð |
| **Hella** | Olís |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1 |
| | Shell |
| **Hrísey** | Eyjaljósið |
| **Húsavík** | N1 – Olís – Shell skáli |
| **Hvolsvöllur** | N1 – Söluskálinn Björk |
| **Höfn** | N1 – Olís |
| **Ísafjörður** | N1 |
| **Kópasker** | Búðin Kópasker |
| **Neskaupstaður** | Olís |
| **Ólafsfjörður** | Olís |
| **Ólafsvík** | N1 – Olís |
| **Patreksfjörður** | Grillskálinn Patreksfirði |
| | N1 |
| **Raufarhöfn** | Verslunin Urð |
| **Reyðarfjörður** | N1 – Olís – N1 |
| **Rif** | Umboð Shell / Tandur |
| **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli |
| | Hlíðarkaup |
| **Siglufjörður** | Olís |
| **Skagaströnd** | Olís |
| **Staðarskáli** | N1 |
| **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Vík** | N1 |
| **Vopnafjörður** | N1 |
| **Þórshöfn** | N1 |

**Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.**




**Allt sem þú þarft...**




# Einiberjarunn

**BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur**

Það er mjög auðvelt að gera allt vitlaust um jólin, baka vandræði, gefa bjánagang og brjóta hefðir. Og hættulegast af öllu er að syngja jólalögin. Um þau gilda nefnilega alveg sérstaklega strangar reglur og vei þeim sem brýtur þær. Ég sá mömmu KYSSA jólasvein í fyrra skiptið en KITLA hann í það seinna. Það segir sig sjálft, þess vegna fer hann að hlæja. Af hverju ætti hann að fara að hlæja þegar hún kyssir hann? Er eitthvað fyndið við það þegar kona reynir að kyssa fúlskeggjaðan mann á vandfundinn munninn?



**JÓLASVEINAR** ganga um gólf, nei fyrirgefið ég meina gátt, er þó sennilega erfiðasta jólalagið af þeim öllum. Í fyrsta lagi, eru stafirnir gylltir eða gildir? Það er vel skiljanlegt að ganga um gólfið og monta sig af gullstafnum sínum en hvað er svona montvert við feitan staf? Og móðir þeirra ýmist hrín við hátt eða sópar gólf (nema hvað það er fráleitt að gólf rími við gólf í almennilegum kveðskap) og hýðir eða flengir þá með vendi (blómvendi?).

**FYRIR NOKKRUM ÁRUM** ætlaði allt vitlaust að verða yfir því hvað nákvæmlega kæmi næst í þessu lagi. Það þótti fjarri því að vera rökrétt að syngja um könnu uppi á stól. Hvað er hún að gera þar og hvað kemur það jólasveinunum við? Þeir eru uppi á hól að gá til veðurs, standa og kanna aðstæður áður en þeir halda til byggða með stafina sína, óljósa í lit og lögun. Þeir hafa ekkert við stóla og könnur að gera. Í hinu algengasta jólasveinalaginu eru þeir svo ekki nema níu? Hvað varð af hinum fjórum? Hvað eru jólasveinarnir eiginlega margir?

**NEI, MÁ ÉG ÞÁ** frekar biðja um einföld lög eins og Göngum við í kringum. Þar fer þetta ekkert á milli mála. Þetta er lag með dansi og hreyfingum og allir geta verið með. Uppáhaldið mitt er þegar maður tekur í hnakkadrambið á hundinum og lemur hann með krepptum hnefa eins og ég sá lítinn strák gera einu sinni syngjandi hástöfum: Göngum við í kringum, einn að berja hund! Því hvað er einiberjarunn, eiginlega? Gleðileg jól!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





TILBOÐ
TIL JÓLA
FRÁBÆR TILBOÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF OPNUNAR- AFMÆLIS- OG JÓLATILBOÐUM :)
VÍRUS VÖRN
INTERNET SECURITY 2010 VÍRUSVÖRN
3.990
NÝ VERSLUN
HÖFUM OPNAÐ NÝJA GLÆSILEGA VERSLUN Í UNDIRHLÍÐ 2 Á AKUREYRI
ÍS FYRIR ALLA
LJÚFENGUR EMMESS ÍS Í BOÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
emmessís
Birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

! **Ath. kl. 14 á morgun**
*Hjördís Frímann málari býður gestum á opna vinnustofu sína á morgun í Aðalstræti 16 á Akureyri, sem er næsta hús við „gamla spítalann“. Hjördís Frímann er fædd á Akureyri 1954. Hún lauk námi frá The School Of The Museum Of Fine Arts í Boston 1986 og hefur málað síðan. Á sýningunni eru bæði eldri verk og glæný beint af málartrönunum og sýningin teygir sig um veggi hússins, sem jafnframt er heimili listamannsins.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Uppselt á þrenna tónleika

Uppselt er á þrenna Jólatónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í dag og á morgun og nú hefur verið bætt við þeim fjórðu vegna fjölda áskorana. Aukatónleikarnir verða í kvöld kl. 19. Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru löngu orðinn fastur liður í jólaundirbúningnum. Að þessu sinni verður leikið fallega ævintýrið um snjókarlinn eftir Raymond Biggs með tónlist eftir Howard Blake og Páll Óskar mun bæði segja söguna og syngja af sinni einstöku list.

Tveir ungir og efnilegir fiðluleikarar, þær Rannveig Marta Sarc og Sólveig Steinþórsdóttir leika þátt úr hinum gullfallega konserti fyrir tvær fiðlur eftir Bach og síðan sér Gradualekór Langholtskirkju um að koma öllum í rétt skap með jólalögum undir styrkri stjórn Jóns Stefánssonar en hljómsveitinni stjórnar Bernharður Wilkinson. Þá er á efnisskránni að auki Jólaforleikur eftir bandaríska tónskáldið Leroy Anderson.



**TÓNLIST** Páll Óskar kemur fram með sinfóníunni í dag og á morgun.

**> Ekki missa af**

menningarveislu í Galleri Ágúst milli 17 og 19 í dag. Rithöfundarnir Oddný Eir Ævarsdóttir (Heim til míns hjarta) og Jón Karl Helgason (Mynd af Ragnari í Smára) munu koma og lesa fyrir gesti úr verkum sínum. Í kjölfarið koma tónlistarmennirnir Jón Tryggvi og Uni til þess að spila fyrir gesti ljúfa og notalega tónlist. Þau eru bæði að senda frá sér nýjar hljómplötur um þessar mundir. Veigar og veitingar verða í boði og því tilvalið að koma við í galleríinu og styrkja sig áður en haldið er í jólarölt um bæinn, en verslanir í miðbænum verða opnar fram á kvöld.

## Grasrótin mæti í kvöld

Ellefta Grasrótarkvöld gogoyoko og Reykjavík Grapevine verður haldið á Hemma og Valda í kvöld. Í tæpt ár hefur þessi mánaðarlegi viðburður staðið fyrir því að veita ungum og efnilegum listamönnum góðan vettvang til að fremja sína list, auk þess sem að á kvöldunum geta tónlistaráhugamenn kynnt sér ferska nýja strauma í íslenskri tónlist.

Á tónleikum kvöldsins koma fram Nolo og Hypno, auk þess sem SLÁTURmennirnir Áki Ásgeirsson, Guðmundur Steinn Gunnarsson og Þráinn Hjálmarsson troða upp saman, en hver í sínu lagi.

Nolo er ung og efnileg hljómsveit úr Menntaskólanum við Hamrahlíð og samanstendur af tveimur strákum á hljómborð og gítar. Þeir hafa getið sér gott orð fyrir tónlist sína síðustu mánuði og komu meðal annars fram á Iceland Airwaves við góðan róm og fögnuð áhorfenda.

Hypno er listamannsnafn hins unga Kára, en hann spilar raftónlist bruggaða úr hinu lævísa bili milli dubstep og house-tónlistar.

Þremenningarnir Áki, Guðmundur og Þráinn munu síðan leika sér með ýmis hljóðfæri og hljóðgjafa auk þess sem heyrst hefur að þeir muni leyfa áhorfendum að taka þátt óski þeir þess.

Að vanda er frítt inn á tónleikana, en þeir hefjast um klukkan níu og standa til miðnættis.

**- pbb**



**NOLO** Ívar björnsson og Baldur Lorange. FRETTABLAÐIÐ/ANTON


Mozart við kertaljós

Kammertónlist á aðventu 2009



Camerarctica

Hafnarfjarðarkirkju, föstudag 18. desember kl. 21.00

Kópavogskirkju, laugardag 19. desember kl. 21.00

Garðakirkju á Álftanesi, sunnudag 20. desember kl. 21.00

Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudag 21. desember kl. 21.00

Miðasala við innganginn, miðaverð kr. 2.000 / 1.000




**LEIKLIST** Axel Hallkell Jóhannesson á útjaðri netsins yfir sviðsbrún Stóra sviðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Milli himins og jarðar

**Nú standa yfir æfingar á sviðsetningu Vesturports og Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi á Faust. Leikmyndina fyrir sýninguna gerir Axel Hallkell Jóhannesson en hún er afar sérstök og mótar í raun þessa aldagömlu arfsögn vestrænnar menningar alveg upp á nýtt. Sá Faust sem leikhúsgestir munu sjá frá frumsýningunni þann 15. janúar verður allt allt öðruvísi en leikhúsgestir hafa til þessa séð og þótt víðar væri leitað.**

Faust er kunnastur í gerð Goethes hins þýska sem samdi verkið í löngum bálki sem sjaldan sést. Þá hafa óperuhöfundar leitað í söguna um fræðimanninn aldna sem selur sál sína djöflinum og þiggur æskuna fyrir. Marlowe vann einnig eina útgáfu verksins fyrir svið, samtímamaður Shakespeares. Þegar hópurinn tók að skoða söguna ákváðu menn að semja sína eigin útgáfu og eru þau Björn Hlynur, Gísli Örn, Nína Dögg og Víkingur skráð höfundar verksins.

Sagan gerist bæði á jörðu og eins og leikmyndin er – á himni: „Þau voru með einhverja hugmynd um að nota net, þegar ég kom að þessu,“ segir Axel. Og í samvinnu þeirra Gísla, sem leikstýrir sýningunni, varð það úr að leitað var að almennilegu sirkusneti og það fannst í Kanada hjá aðila sem framleiðir net fyrir fjölleikahús og reyndar fleiri aðila.

Það trúir því enginn nema hann sjái það – en yfir aðalsal Borgarleikhússins og vel inn á svið er nú strengt net, fest í bakhlið salarins og langt inn í sviðið. Það er strengt á vírum og þurfti að leita að burðarpunktum í húsinu með aðstoð verkfræðinga, festa allt víraverkið upp með sérstökum burðarbitum á sérpantaða strekkjara með öryggislokum því netið fer undir brunatjaldið og verður að vera mögulegt að fella það á augabragði ef þörf krefur.

Á netinu rétt eins og framsviðinu fer atburðarás sýningarinnar fram. Axel er ekki margmáll um hvað gerist á netinu sjálfu en af aðstæðum má ljóst vera að leikhópurinn hefur í þessari sýningu möguleika á að koma áhorfendum sínum heldur betur á óvart.

Axel segir að síðustu vikunnar hafi hann lagt nótt við dag: hann er líka að vinna leikmynd á sama tíma fyrir fjórða ár Listaháskólans á nýju verki Sigtryggs Magnasonar eftir nokkurt hlé: „Þau vilja koma í kippum verkefnin,“ segir hann. „Ég veit varla hvað ég heiti lengur. Það var svo mörgu ósvarað þegar hugmyndin tók að þróast, en núna er þetta farið að sýna sig.“

Það er ekki fyrir lofthrædda leikara að vinna í þessari leikmynd og verður gaman að sjá þá fóta sig. Leikarar í sýningunni eru Björn Hlynur Haraldsson, Þorsteinn Gunnarsson, Hilmir Snær Guðnason, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Víkingur Kristjánsson og Jóhannes Níels Sigurðsson. Þórður Orri Pétursson fær það spennandi verkefni að lýsa sýninguna en Filippía Elísdóttir gerir búninga og Sigríður Rósa Bjarnadóttir gervi. Tónlistin er eftir þá Nick Cave og Warren Ellis, en Frank Þórir Hall er tónlistarstjóri og Thorbjørn Knudsen hannar hljóðheim verksins.

Frumsýning er eftir rétt mánuð, þann 15. janúar og mun vekja mikla athygli þegar himinn og helvíti takast á um sálirnar.

**pbb@frettabladid.is**






Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
JÓLAMARKAÐUR
OFFICE 1
50% AFSLÁTTUR
SERÍUR,
JÓLASKRAUT, JÓLAPAPPÍR,
JÓLAKORT
OG JÓLAVÖRUR
PIPAR • SÍA • 91569
JÓLAMARKAÐUR OFFICE 1
ER Í SKEIFUNNI, Á AKUREYRI
OG EGILSSTÖÐUM
Ég ætla að
spara í ár!
Office1

Bókmenntir ★★★★

**Hjá brúnni**

Kristín Ómarsdóttir





## Barið á margar dyr

Kristín Ómarsdóttir hefur í skáldsögum sínum farið eigin leiðir. Hún setur söguefni sitt í líf okkar nútímamanna, setur okkur niður í nálægum samtíma álfunnar og segir sögur sem á yfirborðinu eru hversdagslegar og kátlegar. Hennar alvitri sögumaður á til að bregða á leik í málinu, setur upp samtöl sem gætu hæglegast átt heima í kvikmynd, jafnvel á sviði, tekur útúrdúra og leggst í hugleiðingar og stríðir bæði persónum og leikendum. Á bestu köflum hugsanaflökts höfundarins verður hún spök að viti og innsæi um samskipti fólks, sjálfsmynd karlkyns og kvenkyns og afhjúpar mannsins eðli af glettnislegu miskunnarleysi.

Í nýju sögunni sinni setur hún atburðina sem eru margir og virðast lengst af vera algerlega óskyldir, bæði furðulegir og hversdagslegir, í borg. Þetta er einhver Evrópa, aldin og bundin í borgarlíf sem er yfirsögulegt þótt margt sé þar kunnuglegt. Það minnir um margt á flandur sögumannsins Thors á fyrri hluta ferils hans þótt stílbrögðin séu allt önnur.

Lesturinn á sögunni er lengi framan af pirrandi því þaulsetinn lesandi er í þeim stellingum að heimta þráð, þrælbundinn í báða skó af venju og skikk. Ég fór ekki að ná áttum fyrr en í öðrum hluta verksins en þá var hugurinn kominn á vald textanum og reikaði áfram uns hin óvæntu endalok sögunnar tóku að myndast og leshugurinn var kraminn af algeru miskunnarleysi.

Kristín er firnafær höfundur. Hún gefur ekkert eftir, hugmyndarík í stóru og smáu og gerir ríkulegar kröfur til lesanda. Verkið Yfir brúna verður fyrir bragðið ein þeirra skáldsagna sem lesandinn er alveg viss um að taka aftur til gagngerrar endurskoðunar, lesa aftur svo hann fatti hvernig öll drög eru lögð snemma að þeim heildaráhrifum sem sagan býður upp á. **Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Slungin og krefjandi skáldsaga sem skilur lesandann eftir magnþrota.





Tónlist ★★★★

**Flóttinn mikli**

Morðingjarnir

## Glaðir morðingjar

Flóttinn mikli er þriðja plata Morðingjanna, en hinar tvær fyrri, Í götunni minni og Áfram Ísland voru báðar skemmtilegar pönkkeyrsluplötur. Sú fyrri einföld og frumstæð, sú seinni fjölbreyttari og þéttari. Á Flóttanum mikla heldur sveitin áfram að spila hratt, hrátt og melódískt pönk að stærstum hluta, en nú er tónlistin samt orðin aðeins poppaðri og yfirbragðið léttara. Á plötunni er meira að segja eitt sólskinspopplag, Sunnudagsmorgunn í Reykjavík. Fínt lag og bara jákvætt að pönkarar spili popp.

Eins og fyrr má heyra áhrif frá gömlum pönksveitum í tónlist Morðingjanna, en samt finnst mér áhrifin ekki jafn öskrandi augljós eins og á síðustu plötu. Hvað sem því líður þá er Flóttinn fullur af skemmtilegum lögum og svo eru textarnir sem eru á íslensku líka stór plús. Það er að verða algjör undantekning að íslenskar rokkhljómsveitir syngi á móðurmálinu og maður kemst að því hvað maður saknar þess þegar maður heyrir plötu eins og þessa. Það er slatti af grípandi lögum hér sem ættu að fá greiða leið í útvarpsspilun t.d. Flóttinn mikli, Hlakka til að hitta þig, Sunnudagsmorgunn í Reykjavík, Letiljóð og hin frábæra Manvísa sem Katrína Mogensen syngur á móti Hauki. Það er líka bara einhver ódrepandi gleði og stuð í Morðingjunum á þessari plötu. Meira að segja sjálfsmorðslagið Hlakka til að hitta þig er djollí syngdu-með smellur. Á heildina litið stórskemmtileg íslensk rokkplata.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Grípandi pönk og popp með fínum íslenskum textum.

Bókmenntir ★★

**Í fótspor afa míns**

Finnbogi Hermannsson



## Sögur af Njálsgötunni

Finnbogi Hermannsson útvarpsmaður heldur áfram að rekja minningar sínar og sinna í þessari stuttu myndskreyttu bók og á bókarbaki er heitið þriðja bindinu. Sögusviðið er sem í fyrstu bókinni heimur fjölskyldu og vina á árunum eftir stríð í Reykjavík en hér er ekki farið af sömu nákvæmni yfir sögusviðið og í fyrri bókinni. Stuttir kaflar verða fyrir bragðið ærið skissukenndir og hefði Finnbogi að ósekju mátt grafast aðeins dýpra á bak við þann aragrúa persóna sem hann nefnir til sögu, oft með viðurnefninu einu, því sannast sagna hefur hann svo gott forskot á við marga aðra um þennan liðna heim að hér var gott tækifæri látið ónotað til að skýra hann betur og dýpka drættina.

Finnbogi hefur afar þægilegan og notalegan samtalsstíl á bókinni, hann leiðist víða út í almennar hugleiðingar um tíðarandann, einkum hið pólitíska umhverfi og hversdagslífið sem okkur sem stöndum nálægt honum í aldri er forvitnileg upprifjun. Reykjavík eftirstríðsáranna kann fáum að þykja heillandi heimur en Finnbogi skilar honum ljóslifandi þótt hratt sé víða skautað. Síðasti hluti bókarinnar er svo frásögn af dvöl í sveit og þá er sögumaðurinn tekinn að þroskast og taka við nýjum gildum og skilja hið stærra samhengi, þótt alltaf sé horft í baksýnisspegil.

Nema hvað – Finnbogi er þar staddur í vitund og menntun að hann er gagntekinn af bíla- og vélaveröldinni og þó sá gluggi sé galopinn er ekki tekið neitt tillit til þeirra sem eru alveg fákunnandi á því sviði. En það er gaman að sjá þangað inn.

Og svo lýstur heimunum saman: tveir ungir menn standa í verslunarrekstri á Njálsgötunni í Hilmarsbúð og keyra vörur til kúnna á kvöldin – allt vestur á Hjarðarhaga og birtast þar brattir undir kvöldmat: Hilmar er ljós í minningunni, brosmildur maður og að því leyti merkilegri en aðrir að hann var að læra að fljúga. Og svo fór hann að fljúga með rekstri búðarinnar. Og einn daginn gerist það í senn á Njálsgötu og Hjarðarhaga að heimilisfólkið er slegið: Hilmar ferst í flugslysi. Hann var fyrsti maðurinn í mínu minni sem dó. **Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Merkilegar Reykjavíkurminningar sem máttu vera ýtarlegri og dýpri.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 18. desember 2009**

### → Tónleikar



**21.00** Systurnar Ingibjörg, Þórunn og Dísella Lárusdætur verða með jólatónleika í Salnum við **Hamraborg** í Kópavogi.

**21.00** **Seabear og múm** halda tónleika í Iðnó við Vonarstræti.

**21.00** **X-mas tónleikar X-ins** verða haldnir á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Meðal þeirra sem fram koma eru Ourlives, Dikta, Agent Fresco og Mammút. **Húsið verður opnað kl. 20.**

**21.00** Camerarcica heldur tónleika í Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Á efnisskránni verður tónlist eftir W.A. Mozart, þar á meðal **„Eine kleine Nachtmusk“.**

**21.00** Raftónleikar í **Cafe Amsterdam** við Hafnarstræti. Meðal þeirra sem fram koma eru Gjöll, Evil Madness, Stilluppsteypa, Amfj, Stereo Hypnosis, Biogen og Franz Pomassl. Húsið verður opnað kl. 21.

**22.00** Hljómsveitin **Stóns** flytur lög Rolling Stones á tónleikum á Græna Hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. **Húsið verður opnað kl. 21.**

**23.00** Kór Langholtskirkju við Sólheima heldur sína árlegu Jólasöngvatónleika. Einsöng með kórnum syngja **Eivør Pálsdóttir og Ólöf Kolbrún Harðardóttir.**

**23.30** Hljómsveitin **HEK** verður á bar 46 við Hverfisgötu 46. **Enginn aðgangseyrir.**

### → Jólaglögg



**17.00** Árlegt jólaglögg UNIFEM verður haldið í húsnæði félagsins að Laugavegi 42. **Þórdís Elva Þorvaldsdóttir** og Páll Valsson lesa úr bókum sínum og hljómsveitin Pascal Pinon flytur tónlist. Allir velkomnir.

### → Sýningar

**Anna Gunnlaugsdóttir** hefur opnað sýningu í Gallerí Horninu að Hafnarstræti 16. Opið alla daga kl. 11-12.

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir hefur opnað sýninguna **„Í gegnum tíðina“** í sýningarrýminu Boganum í Gerðubergi (Gerðubergi 3-5). Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-16.

### → Markaðir



Bændamarkaður með lífrænar afurðir hefur verið opnaður að **Nethyl 2c** (hjá Græna Hlekknum). Garðyrkju-, mjólkurafurðir o.fl. Það eru Garðyrkjustöðin Akur, Engi, Móðir Jörð, Villimey og Bióbú sem standa að markaðnum. Opið fös.-lau. kl. 12-18 og mán.-mið. kl. 12-18.

### → Uppistand



**20.00** Iceland **Christmas Comedy Festival**, aþjóðleg grínhátíð á ensku og íslensku. Í kvöld verður uppstand á Café Cultura við Hverfisgötu 18 þar sem fram koma Helga Braga, Rökkvi Vésteins og Svavar Knútur. Nánari upplýsingar á **www.uppistand.is**.

### → Dansleikir

Hljómsveitin **Rokk verður á Players** við Bæjarlind í Kópavogi.

Boogienights á skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind í Kópavogi. **Dj. Fox þeytir skífum.**

### → Ljósmyndasýningar

Í Skotinu, sýningarými **Ljósmyndasafns Reykjavíkur** við Tryggvagötu (6. hæð), hefur verið opnuð sýning á ljósmyndum Laurent Friob. Opið virka daga kl. 12-19, og helgar kl. 13-17.

### → Leiðsögn

**12.00** Í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg mun Halldór Björn Runólfsson lesa upp úr bókinni „Iceland Art Today“ og Sigríður Melrós Ólafsdóttir verður með leiðsögn um sýningu á verkum Svavars Guðnason. **Allir velkomnir.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**















VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# Allir lesa Arnald

★★★★

**„... enginn kemst með tærnar þar sem hann hefur hælana.“**
Árni Matthíasson / Morgunblaðið

★★★½

**„Svörtuloft er besta og skemmtilegasta bókin sem Arnaldur hefur sent frá sér um árabil.“**
Þórarinn Þórarinsson / DV

★★★

**„Meitluð og þaulhugsuð saga ...“**
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið




1. sæti
METSÖLULISTI BMM
11.12.09

1. sæti
METSÖLULISTI IÐU
11.12.09

1. sæti
VINSÆLDALISTI BÓNUSS
www.bonus.is



Gagnrýnendur og lesendur eru á einu máli!
**ARNALDUR INDRIÐASON** er meistari íslensku glæpasögunnar.

# Var kallaður James Bond Siglufjarðar

Lög **Gylfa Ægissonar** eru fyrir löngu orðin hluti af menningu Íslendinga og er því vel að ævisaga hans hafi verið færð til bókar. Gylfi fór ungur til sjós og lifði slarksömu lífi um árabil þar til hann hætti að drekka undir lok áttunda áratugarins með hjálp Guðs. *Fréttablaðið* grípur hér niður í kafla úr bókinni Sjúddirari rei eftir Sólmund Hólm Sólmundarson þar sem mikið gengur á.

Gylfi réð sig á Ólaf Magnússon en Ólafur var gerður út frá Seyðisfirði. Þar lenti hann í ýmsu í landi og á sjó eins og lesa má um í eftirfarandi kafla.

Ég var á þessum tíma orðinn þekktur fyrir áflog – stundum kallaður James Bond Siglufjarðar. Og satt að segja kunni ég vel að meta það viðurnefni. Þegar einni landlegunni var að ljúka var ég fullur uppi í bæ með vini mínum af Ólafi. Við vorum að verða of seinir um borð svo við pöntuðum okkur leigubíl. Þegar við vorum að setjast inn í bílinn kom lítill strákur hlaupandi til okkar. Hann spurði hvort við værum að fara niður að höfn og hvort hann mætti fá far áleiðis, heimili hans væri í leiðinni. Það var nú lítið mál okkar vegna svo við bentum honum á að setjast fram í. Við sjómennirnir tylltum okkur aftur í en þá var félagi minn orðinn ansi drukkinn – nærri dauður, og sofnaði um leið og við settumst inn í bíl.

Ég sagði bílstjóranum að við ætluðum niður á höfn og svo var ekið af stað. En í staðinn fyrir að aka í átt að höfninni fór bílstjórinn í öfuga átt. Þegar ég ítrekaði að við ætluðum niður á höfn svaraði hann engu, heldur byrjaði að syngja. Þá áttaði ég mig á því að hann var blindfullur undir stýri. Skítt með það þótt hann keyrði fullur með okkur fyllibytturnar, það var litli drengurinn í framsætinu sem ég hafði áhyggjur af. Ég bað hann að stoppa en hann hélt áfram í þveröfuga átt og jók hraðann smám saman.

### Lamaður ökumaður

Það var því ekki um annað að ræða en að reyna að stöðva þetta með valdi. Ég beygði mig fram, þreif í bensínfótinn og rykkti honum upp. Ekkert gerðist, bíllinn hélt áfram sínu striki. Hver andskotinn? hugsaði ég og reif í hinn fótinn en ekkert gerðist, og bílvélin á fullum snúningi. Á örskotsstundu rann upp fyrir mér ljós: Maðurinn var lamaður fyrir neðan mitti og með allan búnaðinn í höndunum, bensínið, gírana og bremsuna. Þá varð mér næst fyrir að reyna að rífa í hendurnar á honum, en oft er það raunin með menn sem hafa ekki mátt í löppunum, að þeir verða ógnvænlega sterkir í höndunum. Eftir talsverð átök náði ég loksins að stöðva bílinn og litli strákurinn hljóp út um leið. Átökunum við bílstjórann var þó ekki lokið. Ég náði taki á hálsinum á honum og dró hann aftur yfir bílstjórasætið. Þegar ég var nánast búinn að toga hann yfir í aftursætið rankaði félagi minn við sér. Við honum blasti fjólublátt andlit bílstjórans og handleggirnir á mér utan um hálsinn á honum. Hann stökk út úr bílnum og öskraði yfir bæinn: „GYLFI ER AÐ DREPA BÍLSTJÓRANN!“ Í hamaganginum greip hann stærðarinnar grjót og henti í gegnum gluggann á Ríkinu, líklega til að vekja athygli á sér. Loks sá ég ekki tilganginn í því að standa í þessum áflogum lengur svo ég sleppti takinu af bílstjóranum. Síðan hlupum við niður á bryggju og beint um borð í Ólaf.

### Berserksgangur á Seyðisfirði

Nokkru síðar var ég aftur í stoppi á Seyðisfirði í grenjandi rigningu. Þá buðu strákarnir á Hannesi Hafstein mér og Didda Dalla félaga mínum að koma í partí. Partíið var haldið á verbúð þar sem strákarnir á Hannesi voru alla jafna þegar þeir lágu í landi. Ég mætti að sjálfsögðu í partíið enda ekki þekktur fyrir að hafna boði um gleðskap. Við hliðina á mér sat náungi sem var með endalaus leiðindi, blindfullur og síröflandi. Þegar þessi leiðindaskarfur gerði hlé á máli sínu í nokkrar sekúndur heyrði ég eitthvert væl innan úr skáp í herberginu. Ég stökk á lappir og reif upp skáphurðina. Þar inni lá lítill hvolpur. Dauðhræddur og háskælandi. Dýrið þekkti ég. Þetta var hvolpur í eigu Hreiðars sem gerði út Ólaf Magnússon. Þeir höfðu stolið honum og læst hann inni í loftlausum skáp.



**GYLFI ÆGISSON** Í bókinni Sjúddírari rei greinir Gylfi Ægisson sagnaritaranum Sólmundi Hólm Sólmundarsyni frá margvíslegum ævintýrum til sjós og lands. Sögurnar eru margar hverjar býsna skrautlegar enda hefur Gylfi ekki beinlínis fetað troðnar slóðir.

> Ég sagði þeim að það væri komið nóg af þessu, en þeir hættu ekki fyrr en ég var búinn að rota þá einn af öðrum. Þetta hljómar eins og lygasaga en svona var þetta. Auk þess veitti það mér mikið forskot í slagsmálum að hafa stúderað þau svona rækilega. Maður var líka ekki kallaður James Bond Siglufjarðar af ástæðulausu.



**UNGUR TÖFFARI** Gylfi Ægisson með greitt í píku á yngri árum. Gylfi var alla tíð mikill töffari og átti mikilli kvenhylli að fagna.

Það fauk hrikalega í mig þegar ég sá þetta því að fátt á ég eins erfitt með að þola og fólk sem fer illa með dýr. Ég spurði þá hverju meðferðin á dýrinu mætti sæta. Sá sem hafði verið hvað leiðinlegastur um kvöldið svaraði með skætingi og leiðindum.

Ekki sljákkaði í mér við það svo ég rauk í hann og lúbarði hann. Eftir síðasta höggið áttaði ég mig á því að ég væri eilítið undirmannaður svo ég tók hvolpinn, setti hann undir jakkann minn og hljóp síðan af stað út í rigninguna með þrjá úr áhöfninni af Hannesi á eftir mér. Ég hljóp þar til ég kom að húsi þar sem vörubíll stóð fyrir utan. Ég barði að dyrum og spurði manninn sem þar bjó hvort hann gæti ekki keyrt mig niður á bryggju. Sagði honum hverju ég hefði lent í um kvöldið og hann kom mér heilum á húfi um borð í bátinn. Síðar komst ég að því að þessi maður var faðir þess sem ég hafði rotað fyrr um kvöldið.

Daginn eftir var ég staddur á hótelinu á Seyðisfirði. Ég var auðvitað fullur og hef líklega farið þangað til að fá mér í glas. Þegar ég var nýkominn inn mætti ég einum úr áhöfninni á Hannesi. Hann byrjaði að hella sér yfir mig og reyna að æsa mig upp. Á þessum árum þurfti sjaldnast mikið til að ná mér upp og kannski hef ég á stundum verið fullsnöggur að reiða til höggs. Hvað sem því líður þá endaði þetta á því að ég rotaði hann í anddyri hótelsins. Hann var fluttur á spítala þar sem hann lá með hinum sem ég hafði lamið kvöldið áður. Þá var ég búinn að senda tvo af Hannesi Hafstein á spítala.

Seinna sama dag fór ég aftur út á hótel. Þar hitti ég tvo til viðbótar.

Og það var sama sagan. Ég sagði þeim að það væri komið nóg af þessu, en þeir hættu ekki fyrr en ég var búinn að rota þá einn af öðrum. Þetta hljómar eins og lygasaga en svona var þetta. Auk þess veitti það mér mikið forskot í slagsmálum að hafa stúderað þau svona rækilega. Maður var líka ekki kallaður James Bond Siglufjarðar af ástæðulausu. Þegar hér var komið sögu voru fjórir úr áhöfninni á Hannesi Hafstein komnir á spítala af mínum völdum. Það var ekki algengt að menn lentu þar eftir handalögmál við mig. Yfirleitt röknuðu þeir nú bara úr rotinu og héldu áfram að drekka - sérstaklega Eyjamennirnir.

Nú varð allt vitlaust í bænum. Þeir sem eftir voru af áhöfn Hannesar komu um borð í Ólaf Magnússon og hótuðu að stinga mér í poka og henda mér í sjóinn. Við strákarnir á Ólafi brugðumst þá til varnar svo ekki urðu nein átök í það skiptið. Hreiðar útgerðarmaður, sem átti hvolpinn sem orsakaði öll lætin í upphafi, var brjálaður út í mig. Fannst ég vera fullgrófur. Kannski var ég það en oftast varaði ég menn við áður en ég lét til skarar skríða.

Ég var aldrei kærður fyrir þessi slagsmál. Ástæðan var sú að stelpa sem vann á sjúkrahúsinu varð vitni að því þegar þeir komu tveir á mig í anddyri hótelsins. Hún sagði lögreglunni að þeir hefðu verið upphafsmenn þessara illinda. Engu að síður var ég rekinn af bátnum og sendur með skóförin á rassgatinu upp Fjarðarheiðina.

/.../

### Innrásin í Herkastalann

Meðan ég reri á Gylfanum bjó ég um borð ásamt Stjána vini mínum. Hann var duglegur og harður karl. Aldrei með húfu – sama hvernig viðraði. Stundum löfðu grýlukertin niður úr hárinu á honum. Einn eftirmiðdaginn vorum við alveg skelþunnir. Ég stakk upp á því að við steiktum okkur læri. Stjáni féllst á það; hann skyldi steikja lærið ef ég vaskaði upp. Ég fór inn í koju að leggja mig og bað hann að vekja mig þegar maturinn væri til.

Ég vaknaði upp við það að reyk lagði úr skúffunni sem lærið var í. Stjáni lá steinsofandi í koju sinni sem var fjær eldavélinni en mín koja. Það kraumaði í feitinni. Ég greip kastarollu sem var hendi næst, fyllti hana af vatni og skvetti á kraumandi feitina. Þá vissi ég ekki að það er eins og að skvetta bensíni á eld að gusa vatni á kraumandi feiti. Upp gaus þessi svakalegi blossi sem ég náði að beygja mig undan og stökkva upp úr lúkarnum.

Það kviknaði þó ekki í neinu – nema augabrúnunum á Stjána. Þær sviðnuðu af. Nikkan mín, sem stóð við hliðina á fatinu með lærinu, var eins og ný á eftir – enda var þetta snarpur blossi. Það þurfti auðvitað að reykræsta bátinn og þrífa sótið eftir þessa matseld okkar Stjána. Við gátum því ekki verið um borð en fengum þess í stað inni á Hjálpræðishernum á Ísafirði. Sem betur fer vorum við bara þunnir, ekki fullir, annars hefðum við ekki fengið að vera þar.

Ég hafði verið að dandalast með stelpu að vestan. Hún heimsótti mig oft í Gylfann og var hjá mér í kojunni. Ég plataði hana til að koma í heimsókn til mín í Herkastalann. Áður en langt um leið vorum við farin að láta vel hvort að öðru og gott betur. Meðan leikar stóðu sem hæst var hurðin á herberginu rifin upp. Norsk kona úr Hjálpræðishernum stóð í dyragættinni og gapti forviða á afturendann á mér sem færðist fram og aftur á hraða kanínunnar. Síðan sagði hún á skemmtilega bjagaðri íslensku: „Þetta má ekki gera í þetta hús.“

### Glaðningur á spítalann

Skömmu fyrir húllumhæið á Hernum hafði vinur minn af Gylfanum lent í spilinu og þríhandleggsbrotnað. Ég ákvað að senda honum smáglaðning upp á spítala. Prins Póló, malt og – verjuna sem ég notaði á stelpuna. Henni pakkaði ég inn í Prins Pólóið, sem þá var í gömlu umbúðunum sem hægt var að taka utan af og vefja aftur utan um með sama hætti. Ég get séð það fyrir mér hvernig hann hefur bograð við að losa bréfið utan af súkkulaðinu með annarri hendi, fundið smokkinn og jafnvel lyft honum upp og skoðað hann.

Þetta var þó ekki eina kynlífshneykslið sem ég varð uppvís að í Herkastalanum. Nokkrum árum seinna sneri ég aftur til Ísafjarðar og svaf þá hjá kokknum hans Jóns Kristófers sem þá var kadett í hernum. Það fór ekki vel í guðsmanninn. Hann skammaði mig þessi ósköp fyrir að vera að taka stúlkuna frá matseldinni og sænga hjá henni í ofanálag í húsakynnum drottins. Ég bara stóðst ekki mátið, þetta var flott stelpa með svakaleg brjóst. Þegar sumarið ‘67 gekk í garð var kominn tími til að kveðja Vestfirðina. Þar hafði ég átt viðburðaríka mánuði og yfirgaf landshlutann sáttur.

*Millifyrirsagnir eru blaðsins.*

# GJAFABRÉF FYRIR 2 Á

# HELLISBÚANN




**NÝTT!**
**FYNDNASTA JÓLAGJÖFIN Í ÁR!**

Nú getur þú fengið gjafabréf á Hellisbúann á öllum veitingastöðum **American Style** og í verslunum **Skífunnar.**

**Tryggðu þér 800 kr. afslátt** og dragðu karlinn á sýningu sem hann hefur í raun og veru gaman af, svona til tilbreytingar. **Verð aðeins 5.000 kr.** (almennt verð fyrir tvo miða er 5.800 kr.).

**MEIRA EN 10.000 GESTIR**



Gestur númer 10.000, Halla Dögg frá Vestmannaeyjum, fær sérstakar þakkir fyrir að nudda axlirnar á Hellisbúanum.



## NÝJAR SÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU

Miðvikudagur 30. desember kl. 20:00
Laugardagur 9. janúar kl. 19:00
Laugardagur 16. janúar kl. 20:00
Föstudagur 22. janúar kl. 20:00

**VEIDDU ÞÉR MIÐA STRAX Á WWW.MIDI.IS**

AMERICAN STYLE · Coca-Cola · SKÍFAN · THEATER MOGUL · bravó!

GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI

# na Í ORMSSON

FYRIR FJÖLSKYLDUNA OG HEIMILIÐ

## SMÁTÆKIN FRÁ AEG HAFA UNNIÐ DYGGILEGA FYRIR ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI

***Veldu vandað – það borgar sig alltaf!***

**AEG**
AEG · HM 310
HANDÞEYTARI
„BESTA ELDHÚSHJÁLPIN"
***Verð kr. 6.590,-***
300 W





**AEG**
GÖLDRÓTTUR TÖFRASPROTI
***Verð kr. 6.990,-***
400 W



**AEG**
AEG · KF 3130
SÍGILD KAFFIVÉL
***Verð kr. 5.990,-***
1080 W



**AEG**
AEG · FM 4400
MÖGNUÐ MATVINNSLUVÉL
Stiglaus hraðastilling · 2 lítra skál · 6 stál hnýfar · 1,5 lítra blandari m/ glerskál · 800 W
***Verð kr. 27.900,-***

**AEG**
AEG · AT 3130
AEG BRAUÐRIST
***Verð kr. 5.990,-***
860 W



SINBO · SMO-3620 S




NÝTT Í ORMSSON

SINBO ÖRBYLGJUOFN · HVÍTUR
700W · 17 L · Tíma og styrkstillir · Snúningsdiskur
Utanmál ofns: Hxbxd: 26,2 x 45,2 x 33,5
***Verð: 14.900***

## NÝR OFN Í ELDHÚSIÐ

***Á TILBOÐSVERÐI***

***Mesta búbótin og minnsta fyrirhöfnin***

***AÐEINS EITT HANDTAK***




***FJÖLVIRKIR BLÁSTURSOFNAR Á FRÁBÆRI VERÐI***

**TILBOÐSVERÐ: 81.900,-**

*LISTAVERÐ: 116.900,-* ***ÞÚ SPARAR 35.000,- kr.***




**TILBOÐSVERÐ: 110.900,-**

*LISTAVERÐ: 157.900,-* ***ÞÚ SPARAR 47.000,- kr.***

LAVAMAT 62840

LAVATHERM T55460




AEG ÞVOTTAVÉL
1200 snúninga · 6 kg af þvotti · Öll hugsanleg þvottakerfi · ásamt sérstöku sparnaðarkerfi · Íslenskar leiðbeiningar

AEG ÞURRKARI
Barkalaus · Tekur 6 kg · Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur · Íslenskar leiðbeiningar

*LISTAVERÐ: 244.800,-*

***TILBOÐSVERÐ kr. 214.900,-***

*ÞÚ SPARAR 29.900,- kr.*

## NÝJAR ÓDÝRAR RAKVÉLAR

sinbo



SINBO SS-4027

**SNÚRULAUS FERÐARAKVÉL**
Fjaðrandi veltihaus · Nákvæmur og fingerður veltihausinn tryggir þægilegan og góðan rakstur · Bursti fylgir · Rakvélin er í glæsilegri gjafösku

**VERÐ AÐEINS KR. 4.900,-**



sinbo

SINBO SS-4018

**SNÚRULAUS RAKVÉL**
Þriggja hausa hleðslurakvél með fljótandi hnífum og innbyggðum bartskera.

**VERÐ AÐEINS KR. 6.900,-**



Solis OF SWITZERLAND
SOLIS 921.16

***Ertu að hugsa um heilsuna?***

**SOLIS SAFAPRESSA**
Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressu frá SOLIS.
***Verð kr. 27.900,-***

Solis OF SWITZERLAND



SOLIS 978.18

**SOLIS MÍNÚTUGRILL**
2200 wött · Jafnt álag á grillfleti · Stiglaus hitastýring
Bakki sem tekur við fitu · Litur: burstað stál
***Verð kr 20.990.-***




# ORMSSON

ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038

ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900

ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

***UMBOÐSMENN UM LAND ALLT***

> FRÆNDI Í JÓLAGJÖF

Kim Kardashian segir að systursonur sinn sé hin fullkomna jólagjöf. Systir Kim, Kourtney Kardashian, fæddi lítinn dreng 14. desember síðastliðinn og segir Kim alla fjölskylduna vera í skýjunum. Drengurinn hefur hlotið nafnið Mason Dash Disick og er fyrsta barnabarn móður þeirra systra. „Mamma er orðin amma. Eins mikið og hún segist ekki þola að vera kölluð amma vitum við að hún elskar það innst inni," sagði Kim í viðtali við fjölmiðla vestanhafs.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Fyrsta jólalag leynigestsins

Hljómsveitin Ullarhattarnir heldur sína tólftu Þorláksmessutónleika á Nasa næstkomandi miðvikudag þar sem spiluð verða jólalög í bland við þekktar dægurperlur. „Þetta er búið að vera ótrúlega vinælt," segir Eyjólfur Kristjánsson. „Í hittifyrra lentum við í svo miklum þrengingum að við ákváðum að fara með þetta á Nasa. En í fyrra var skelfilegt veður á Þorláksmessu. Það var ekki mikið af fólki í bænum en okkar hörðustu aðdáendur brutu sér leið í gegnum veðrið og mættu. Það var mikil stemning."

Leynigestur þá var Geir Ólafsson og að sjálfsögðu verður nýr leynigestur í ár. „Hann á örugglega eftir að koma skemmtilega á óvart. Ég hef það fyrir víst að þessi leynigestur hafi aldrei sungið jólalag á ævi sinni, þannig að þarna verður brotið blað í ferli þessa ágæta leynigests," segir Eyjólfur. Aðrir meðlimir í Ullarhöttunum eru Stefán Hilmarsson, Jón Ólafsson, Jóhann Hjörleifsson og Friðrik Sturluson.

Tónleikar Ullarhattanna hefjast rétt eftir að búðir loka á Þorláksmessu upp úr klukkan 23 en húsið opnar kl. 22. Miðaverð er 2.500 krónur og forsala fer fram á Nasa milli klukkan 13 og 16 alla daga fram að tónleikunum. - fb



**ULLARHATTARNIR** Ullarhattarnir halda sína tólftu Þorláksmessutónleika á Nasa á miðvikudagskvöld. MYND/PÁLL BERGMANN



**SKILNAÐUR YFIRVOFANDI** Elin Nordegren ætlar að skilja við mann sinn strax eftir jól. Samkvæmt heimildum er Tiger enn í sambandi við eina hjákonu sína.

# Elin skilur við Tiger

Tímaritið People vill meina að Elin Nordegren, eiginkona Tiger Woods, hafi ákveðið að skilja við kylfinginn strax eftir jól. Ástæðan fyrir því að hún mun ekki flytja út fyrr er sú að hún vill að börnin fái að njóta jólanna með báðum foreldrum.

„Hún hefur gert upp hug sinn. Það var ekki erfitt fyrir hana að taka ákvörðun, hann mun aldrei breytast," hafði tímaritið eftir heimildarmanni. Að auki hefur verið staðfest að Nordegren hefur átt í viðræðum við lögfræðinga sína undanfarið og mun hún ætla að fara fram á að kaupmálinn sem hjónin gerðu með sér verði gerður ómarktækur. Á fimmtudaginn sáust einnig flutningabílar við hús þeirra hjóna í Flórída sem styrkir enn frekar sögusagnir um skilnað.

Tímaritið US Weekly heldur því jafnframt fram að Woods og Rachel Uchitel eigi enn í ástarsambandi og fyrr í vikunni ferðaðist Uchitel til Flórída og dvaldi aðeins steinsnar frá snekkju kylfingsins. „Tiger sendir henni enn smáskilaboð og hefur sagt henni að hann ætli að yfirgefa eiginkonu sína og þarfnist hennar," var haft eftir vini Uchitel. Það hefur einnig vakið furðu fjölmiðla að Uchitel sé eina hjákonan sem hefur fengið greitt fyrir þagmælsku sína og hafa menn velt fyrir sér af hverju það sé.

# Sjaldnar í ræktinni

Jennifer Lopez segist ekki eyða nærri því jafn miklum tíma í líkamsrækt nú til dags og hún gerði áður fyrr. Í viðtali við tímaritið Allure segir söngkonan að það fylgi starfi sínu að hugsa um línurnar. „Hluti af því að vera í bransanum er að vera í góðu formi og líta vel út. Ég er samt ekki sama skrímslið og ég var áður fyrr þegar kemur að líkamsrækt," segir J-Lo.

Þá segist hún hafa þurft að hafa mikið fyrir að þjálfa upp sönghæfileika sína. „Ég var ekki eins og Marc Anthony maðurinn minn, sem opnaði munninn þriggja ára gamall og var með algjöra englarödd. Það var ekki svoleiðis hjá mér," segir hún.




friendtex

Útsala

30–50% afsláttur!

Jólasveinninn getur keypt Friendtex bangsa til styrktar Krabbameinsfélaginu hjá okkur á 1.000.- krónur

Mikið úrval af fallegum fatnaði

Opið í dag mán-fös kl. 11-18, lau 11-16
Lokað Þorláksmessu og aðfangadag

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is


# Brotnaði saman í Soweto

**Ungfrú Ísland, Guðrún Dögg Rúnarsdóttir, er nýkomin heim eftir sex vikna ævintýri í Suður-Afríku þar sem hún tók þátt í keppninni Ungfrú heimur.**



**MEÐ UNGFRÚ HEIMI** Guðrún Dögg ásamt ungfrú heimi, Kaiane Aldorino frá Gíbraltar.

Guðrún Dögg segir að það hafi verið mjög góð reynsla að taka þátt í keppninni en engu að síður erfitt. „Við fengum ekki mikinn svefn. Við vorum alltaf uppstrílaðar og fínar allan daginn. Þetta var rosalega mikil keyrsla," segir hún. „En þetta var líka rosalega gaman. Ég fékk að sjá helling af hlutum sem ég hefði ekki fengið að sjá nema að hafa farið út," segir hún og nefnir safarí- og dýragarðsferð þar sem hún sá fíla, ljón og alls kyns skemmtileg dýr.

Stúlkurnar heimsóttu einnig Soweto-fátækrahverfið í Jóhannesarborg, sem tók heldur betur á taugarnar. „Það var rosalega erfitt að sjá það. Maður áttaði sig á því hvað maður hefur það gott á Íslandi. Þótt það sé kreppa þá hefur maður húsaskjól og mat sem þetta fólk hefur ekki," segir hún. „Þarna úti er fólk ekki með rennandi vatn, rafmagn eða klósett. Það á ekki neitt. Ég lenti í því að það kom tólf ára strákur upp að mér og bað mig um pening fyrir mat. Það var alveg svakalega erfitt fyrir mig og ég brotnaði bara saman á staðnum."

Guðrún Dögg bætir við að hún kunni betur að meta fjölskyldu sína á Akranesi eftir hina sex vikna dvöl í Suður-Afríku. „Mér semur svo vel við báðar systur mína eftir að ég kom heim. Við vorum alltaf að rífast," segir hún og hlær. „Maður er miklu þakklátari fyrir það sem maður hefur."

Hún eignaðist margar vinkonur meðal hinna fegurðardísanna í keppninni sem hún ætlar að halda áfram sambandi við, þar á meðal ungfrú Ísrael sem var herbergisfélagi hennar. Sú stúlka ætlar meira að segja að koma í heimsókn til Íslands í sumar. Kaiane Aldorino frá Gíbraltar, sem var kjörin ungfrú heimur, var einnig ein af bestu vinkonum Guðrúnar. „Ég er þvílíkt ánægð með að hún vann. Hún er rosalega ekta. Þetta er góð stelpa sem er ekkert að þykjast því sumar stelpurnar settu bara upp leikrit. Hún var alveg rosalega góð stelpa og átti algjörlega skilið að vinna þetta."



**HJÁ BLETTATÍGRI** Guðrún Dögg Rúnarsdóttir, Ungfrú Ísland, hjá blettatígri í Suður-Afríku.

Guðrún komst ekki í gegnum niðurskurðinn í keppninni en varð samt ekkert fyrir vonbrigðum. „Maður getur ekki horft á þetta þannig. Þeir skáru þetta svo rosalega mikið niður, alveg frá 112 stelpum niður í 16 þannig að líkurnar eru ekki miklar á að maður komist áfram. Ég man bara að við vorum ógeðslega fegnar eftir þetta því þetta var búið að vera svo lengi í gangi."

Í byrjun næsta árs stefnir hún á að fara með móður sinni út fyrir landsteinana á rúnt um módelskrifstofur, þar á meðal eina sem er í London. „Ég ætla að kíkja út og sjá hvernig þetta fer. Þetta er rosalega virt skrifstofa og ljósmyndarinn sem er með hana er rosalega þekktur," segir hún en vill ekkert gefa frekar upp um málið að svo stöddu.

freyr@frettabladid.is

# Aftur hættur í Chili Peppers

Gítarleikarinn John Frusciante er hættur í hljómsveitinni Red Hot Chili Peppers. Hann segist á heimasíðu sinni í raun hafa hætt fyrir ári. „Þegar ég hætti í hljómsveitinni fyrir rúmu ári vorum við komnir í frí um óákveðinn tíma," skrifaði Frusciante. „Það var engin dramatík eða reiði í gangi og hinir strákarnir voru mjög skilningsríkir. Þeir skilja að ég vil gera það sem gerir mig hamingjusaman og þannig líður mér líka gagnvart þeim. Tónlistin sem ég aðhyllist núna hefur einfaldlega leitt mig í aðra átt," skrifaði hann og bætti við: „Mér þykir mjög vænt um hljómsveitina og það sem við gerðum en núna langar mig að gera mína eigin tónlist."

Þetta er í annað sinn sem Frusciante yfirgefur Red Hot Chili Peppers. Síðast hætti hann árið 1992, þremur árum eftir að hann gekk til liðs við sveitina. Hann átti erfitt með að venjast frægðinni og lagðist í mikla fíkniefnaneyslu. Árið 1998 fór hann í meðferð og gekk í kjölfarið aftur til liðs við sína gömlu félaga. Frusciante hefur tekið upp fimm hljóðversplötur með Red Hot Chili Peppers, þar á meðal hinar vinsælu Blood Sugar Sex Magik og By The Way. Síðasta plata sveitarinnar, hin tvöfalda Stadium Arcadium, kom út árið 2006.

Frusciante var kjörinn átjándi besti gítarleikari allra tíma af tímaritinu Rolling Stones árið 2003. Orðrómur er uppi um að Josh Klinghoffer, sem hefur spilað á sólóplötum Frusciante, sé þegar genginn til liðs við Chili Peppers.



**RED HOT CHILI PEPPERS** John Frusciante (lengst til vinstri) hefur sagt skilið við félaga sína í Red Hot Chili Peppers.






# **Gríptu** daginn...

...matvörumarkaður og bakarí í **hjarta** borgarinnar

Við höfum nú opnað nýjan matvörumarkað og bakarí við Ingólfstorg í miðborg Reykjavíkur.
Í versluninni viljum við bjóða þér nýjan og ferskan valskost í matarinnkaupum í hjarta Reykjavíkur.
Við bjóðum upp á gott úrval af allri matvöru sem er ætlað að þjóna þínu daglegum þörfum í matarinnkaupum.
Við ætlum okkur að leggja sérstaka áhersla á ferskmeti, s.s. grænmeti og ávexti og ýmsar gerðir af fljótlegum skyndiréttum.
Í bakaríinu bjóðum við uppá spennandi heita og kalda brauðrétti ásamt góðu úrvali af nýbökuðum brauðum, rúnstykkjum og sætabrauði.
Þér er velkomið að njóta góðs úrvals af kaffidrykkjum á hagstæðu verði og virða fyrir þér iðandi mannlífið á Ingólfstorgi og í Austurstræti.








kvosin
BAKARÍ ✶ CAFÉ

**Hlökkum** til að sjá þig

Opnunartími: Verslun 8.00 - 23.00 Bakarí 8.00 - 22.00

kvosin
MATVÖRUMARKAÐUR
Aðalstræti 6-8 - 101 Reykjavík



**TÓLFMANNA ÚTIDÚR** Illskilgreinanleg gleðitónlist.

# Indí í Háteigskirkju

Í Háteigskirkju í kvöld ætla ungir og framsæknir listamenn að koma saman og flytja frumsamið efni. Þetta eru hljómsveitirnar Útidúr og Stórsveit Mukkaló, söngvaskáldið Júníus Meyvant og ljóðskáldið Ingunn Huld.

Útidúr hefur verið að hrista upp í reykvísku grasrótarsenunni undanfarið með illskilgreinanlegri gleðitónlist og líflegri sviðframkomu. Í tónlist sveitarinnar mætast bossanova, sígaunabragur, jaðarrokk og diskó eins og ekkert sé sjálfsagðara.

Bandið skipa venjulega tólf manns en í kvöld munu þau bæta við sig ýmsum hljóðfæraleikurum sem munu vafalaust magna hinn sérstaka seið sveitarinnar til muna.

Stórsveit Mukkaló er ný sjö manna sveit úr Reykjavík sem spilar lágstemmt þjóðlagaskotið jaðarpopp í anda tónlistarmanna á borð við Bright Eyes, Noah and the Whale og Sufjan Stevens. Mukkaló málar sína björtu hljóðmynd með kassagíturum, trommum, fiðlum, harmonikku og sílófón. Textarnir eru ýmist á ensku eða íslensku, en eiga það sameiginlegt að fjalla á einlægan hátt um ástina, lífið og æðri máttarvöld.

Júníus Meyvant er ungt söngvaskáld úr Vestmanneyjum. Hann hefur áður spilað með rokksveitinni Jack London, sem hefur ferðast víða um veröldina. Í kvöld verður Júníus hins vegar á rólegri nótum en áður, með kassagítarinn að vopni. Tónlistina mætti kalla blúsað kassagítarpopp, en með ýmsum bragðbætiefnum þó.

Háteigskirkja opnar fyrir gesti klukkan 19.30, en tónleikarnir hefjast stundvíslega hálftíma síðar og standa í tvo tíma. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og allir aldurshópar eru velkomnir.

# Jólamarkaður í Hinu húsinu

„Markmiðið er að þarna fái ungt fólk að selja sitt eigið handverk og hönnun," segir Berglind Sunna Stefánsdóttir hjá upplýsingamiðstöð Hins hússins, miðstöð ungs fólks. Þar fer fram jólamarkaður á morgun milli klukkan 14 og 18, í Pósthússtræti 3-5.

„Á markaðnum viljum við að ungt fólk komi á framfæri því sem það er gera því að kostnaðarlausu og ekki er verra ef hægt er að græða smá á því sem það er að búa til. Þarna verður fólk að selja eigin tónlist og fatahönnun, svo sem kraga og boli, jólakort og málverk svo eitthvað sé nefnt. Við setjum ekkert fyrir okkur hvað þau koma með, þau ráða því sjálf og verðleggja eigin vöru," segir hún og býst við góðri mætingu á markaðinn. „Við vorum með sams konar markað í fyrra. Við vissum ekki alveg við hverju var að búast en það var rosalega góð mæting og gekk vonum framar. Markaðurinn í ár er jafnvel nær jólum en síðast svo það verður eflaust fleira fólk í miðbænum og margir sem eiga eftir að detta inn," segir Berglind. „Þetta er kjörið tækifæri til að kaupa litla og persónulega hluti til að gefa í jólagjafir. Fólk getur komið inn og hlýjað sér og við ætlum að bjóða heitt súkkulaði og piparkökur," bætir hún við. - ag



**HANDVERK OG HÖNNUN** Berglind Sunna segir um tíu ungmenni ætla að selja handverk sitt og hönnun í Hinu húsinu á morgun milli klukkan 14 og 18. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Worm is Green tilnefnd til bandarískra verðlauna

**Hljómsveitin Worm is Green frá Akranesi hefur verið tilnefnd til hinna virtu bandarísku tónlistarverðlauna Independent Music Awards fyrir plötu sína Glow sem nýverið kom út.**



**WORM IS GREEN** Hljómsveitin Worm is Green hefur verið tilnefnd til Independent Music Awards fyrir plötuna Glow.

„Þetta kom skemmtilega á óvart. Þetta hjálpar aðeins við að kynna plötuna," segir Bjarni Hannesson úr Worm is Green. Platan er tilnefnd í flokki bestu dans/rafhljómplatna og verður tilkynnt um sigurvegarann í janúar.

Fjórir aðrir flytjendur eru tilnefndir í flokki Worm is Green, þar á meðal Alaska in Winter sem hefur spilað á Airwaves-hátíðinni og Boys Noize, sem hefur endurhljóðblandað lög fyrir Snoop Dogg og Röyksopp. Á meðal tilnefndra sveita í öðrum flokkum eru ...and You Will Know Us By The Trail of Death og Ra Ra Riot.

Bjarni óttast ekkert samkeppnina í sínum flokki. „Við vorum tilnefndir og eigum því alveg séns. Maður verður að vera bjartsýnn en þetta er fyrst og fremst rosalega mikill heiður að fá tilnefninguna."

Fjölmargir þekktir aðilar úr tónlistarbransanum eru í dómnefnd á Independent Music Awards og þar ber helstan að nefna Tom Waits. Önnur stór nöfn eru Brian „Head" Welch úr rokksveitinni Korn, Hanson-bræður, Suzanne Vega, Markus Hopus úr Blink 182 og Ken Jordan úr The Chrystal Method.

Aðdáendur geta einnig haft sín áhrif því þeir geta gefið hljómsveitum einkunn á Netinu. Sú sem fær hæsta meðaleinkunn fær sérstaka viðurkenningu. Sigurvegarinn fær kynningu á sinni tónlist í heilt ár á vegum IMA sem ætti að hjálpa tónlistarmönnum að komast að með efni sitt í sjónvarpi, kvikmyndum og útvarpi, auk þess sem auðveldara verður að bóka tónleikaferðir.

Íslendingar geta stutt við bakið á Worm is Green á síðunni Independentmusicawards.com.

Plötuna Glow er hægt að nálgast í stafrænu formi á heimasíðunni Wormisgreen.com. Sveitin er einnig að gefa út röð af stuttskífum sem innihalda endurhljóðblandanir af öllum lögum plötunnar ásamt b-hliðar-lögum. Stuttskífurnar verða níu talsins, ein fyrir hvert lag, og kemur ein út í hverjum mánuði. Stuttskífan The Politician EP er þegar komin út og sú næsta, Hopeful EP, er væntanleg á næstu dögum. freyr@frettabladid.is







# Seabear lýsir eftir upphitun

Norðrið nefnist tónleikaröð sem Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) og Iceland Express standa saman að. Nú er auglýst eftir upphitunaratriði fyrir fjórðu tónleikaferðina, sem leidd verður af hljómsveitinni Seabear. Markmiðið er að styðja við bakið á íslenskum tónlistarmönnum og hljómsveitum sem eru að hasla sér völl í Þýskalandi. GusGus, Helgi Hrafn og Kira Kira eru meðal þeirra sem nú þegar hafa þrætt tónleikastaði á vegum Norðursins. Spilað verður á átta stöðum í ferð Seabear. Ferðin verður farin um mánaðamótin febrúar/mars. Áhugasamir ættu að skrifa til nordrid@icelandmusic.is.

Það er annars helst af Seabear að frétta að nýja platan We Built a Fire er tilbúin og kemur út í mars. Nú leggja allir sjö meðlimirnir í lagapúkkið, en ekki bara forsprakkinn Sindri Már Sigfússon, eins og til þessa. Seabear hitar upp fyrir múm á heimkomutónleikum þeirra í Iðnó í kvöld. Seabear hefur verið að hita upp fyrir múm úti í heimi að undanförnu og hafði meðal annars það upp úr krafsinu að David Fricke, blaðamaður Rolling Stone, kallaði Sindra Má „hinn íslenska Beck".



# Fuller með nýjan þátt

**Tónlistarmógúllinn Simon Fuller er er að undirbúa nýjan raunveruleikaþátt sem verður sendur út á netinu og í útvarpinu. Þátturinn nefnist If I Can Dream, eða Ef ég gæti látið mig dreyma, og fjallar um líf þriggja ungra leikara, tónlistarmanns og fyrirsætu. Áhorfendur verða hvattir til að tjá sig um þáttinn á netsíðunum Facebook og Myspace. „If I Can Dream notast við nútímatækni þar sem áhorfendur geta í fyrsta sinn fyrir opnum tjöldum tengst raunverulegum atburðum á nýjan máta,“ sagði Fuller, sem er þekktastur sem umboðsmaður Beckham-hjónanna og framleiðandi American Idol-þáttanna.**



**MEÐ BECKHAM** Simon Fuller ásamt David Beckham á góðri stund.

# Love úthúðar dóttur sinni á internetinu

Dóttir söngkonunnar Courtney Love fór fram á að föðuramma sín fengi forræði yfir henni þar til hún yrði sjálfráða. Dómur var felldur í málinu í vikunni þar sem föðurömmu Francis Bean Cobain var veitt forræði yfir stúlkunni þar til í vor, en þá verður Francis Bean átján ára gömul og sjálfráða. Þetta er í annað sinn sem Love missir forræðið yfir Francis Bean.

Love var afar ósátt við þennan úrskurð og notaði Facebook síðu sína til að úthúða dóttur sinni. „Ég vil ekki hljóma köld en hvaða barn sem hagar sér svona hefur misst stöðu sína. Hún er undirförul, hún laug og hún lýgur að sjálfri sér. Dóttir mín er ekki allt-af hreinskilin,“ skrifaði Love á síðu sinni sem fjöldi manns hafa aðgang að. Á síðunni heldur Love því einnig fram að móðir Kurts Cobain beri ábyrgð á dauða hans en lýkur færslunni með því að tjá Francis Bean ást sína.

Tvem dögum eftir að þessar færslur birtust var nálgunarbann úrskurðað á Love sem þýðir að hún má ekki hitta dóttur sína né reyna að hafa samband við hana fram að 5. janúar næstkomandi.



**VILL EKKI VERA NÁLÆGT MÓÐUR SINNI** Francis Bean Cobain hefur farið fram á nálgunarbann við móður sinni.



**SARAH JESSICA PARKER** Kýr sparkaði í hana við tökur á kvikmyndinni Did You Hear about the Morgans?

# Kýr sparkaði í Parker

**Sarah Jessica Parker, sem er þekktust fyrir leik sinn í Sex and the City, lenti í því að kýr sparkaði í hana við tökur á myndinni Did You Hear about the Morgans? Atvikið var notað í lokaútgáfu myndarinnar, Parker til mikillar óánægju. „Mér fannst ekki gaman að reyna að mjólka kú, fara á hestbak eða skjóta úr riffli. Mér finnst ýmislegt annað skemmtilegra,“ sagði hún. „Kýrin sparkaði í mig í miðju atriði og þeir settu það í myndina. Það geta allir séð það. En ég finn til með kúnni. Ég átti ekkert að vera þarna og hún vissi það.“**



**INGLORIOUS BASTERDS** Stríðsópus Quentins Tarantino hefur verið tilnefnd til þrennra Screen Actors Guild-verðlauna.

# Basterds fékk tilnefningar

Kvikmyndirnar Inglorious Basterds, Precious og Up in the Air hlutu þrjár tilnefningar hver til hinna Screen Actors Guild-verðlaunanna, sem bandarískir kvikmynda- og sjónvarpsleikarar standa á bak við. Basterds og Precious voru báðar tilnefndar fyrir besta leikarahópinn. Aðrar myndir sem voru tilnefndar voru Nine, The Hurt Locker og An Education. Tilnefndir sem besti leikarinn voru George Clooney, Jeff Bridges, Colin Firth, Morgan Freeman og Jeremy Renner. Í kvennaflokknum voru tilnefndar Meryl Streep, Helen Mirren, Sandra Bullock, Carey Mulligan og Gabourey Sidibe.



Tónlist ★★★★

**Á langri leið**

Jóhann G. Jóhannsson

## Vellíðunarpopp poppmeistarans

Þrátt fyrir að vera einn af helstu lagasmiðum íslenska poppsins og hafandi verið að í meira en fjörutíu og fimm ár, er platan Á langri leið ekki nema fjórða sólóplata Jóhanns G. Ef tilraunaverkið Þrír pýramídar er undanskilið, var Jóhann síðast á ferðinni árið 1988 á sólóplötunni Myndræn áhrif. Á áttunda áratugnum hóf hin stórgóða plata Langspil sólóferil Jóhanns með trukki. Þar var einmitt „Don't try to fool me", sem menn bundnu lengi vonir við að myndu gera Jóhann að alþjóðlegri stórstjörnu. Sólóplatan Mannlíf kom þar á eftir og svo var Jóhann allt í öllu í hinni Meatloaf-ísku íslensku kjötsúpu. Svo ekki sé nú minnst á snilldartímabilið sem hann átti með Óðmönnum. Þeirra tvöfalda albúm er svo rosalega gott að menn eru enn að slefa yfir því víðsvegar um heim.

Aðal Jóhanns hefur lengi verið að semja lög sem aðrir flytja. Nægir að nefna Eina ósk, Fiskurinn hennar Stínu, Traustur vinur og Hjálpum þeim, sem dæmi um lög eftir hann, sem allir þekkja. Það er sem sé alveg á tæru að Jóhann kann að semja lög sem hitta í mark.

Á langri leið safnar hann saman áður útgefnum lögum frá ferlinum, eins og nafnið gefur til kynna. Þarna eru nokkur lög sem ættu með réttu að rata í „best of" pakka framtíðar. Vellíðunarsálarpoppið „Taktu þér tíma", „Ástin" í Paul Simon-legum fílingi og hið ólgandi hvítsálarpopp „Von um betri veröld" eru mjög góð lög. Annað framúrskarandi er skilnaðarsálmurinn „Kveðjuorð", sem minnir á strengjaknúnar ballöður Pauls McCartney, kannski



engin furða því Liverpool spilar hlutverk í hnyttnum textanum. Svona dælist eðalpoppið áfram yfir hinn þakkláta hlustanda og varla kusk að sjá, nema ef vera skyldi blúslumman „Góðan blús", sem er öfugu megin við blöðru.

Jóhann syngur af öryggi og vanir menn undir stjórn Péturs Hjaltested sjá um undirleik. Þrátt fyrir að innihalda einungis útkomið efni lítur veglegur bæklingurinn út eins og við safnplötu, með myndum frá ferlinum og sögulegu yfirliti eftir Jónatan Garðarsson. Í heildina litið kemur lítið á óvart við þessa plötu, enda er Jóhann löngu búinn að finna upp hjólið. Þetta er góð plata og stendur undir öllum þeim væntingum sem maður gerir til hins 62 ára poppmeistara.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Veglegur skammtur af eðalpoppi frá einum helsta lagahöfundi þjóðarinnar




# Hrifinn af leikkonu

Rapparinn P. Diddy fór um víðan völl í nýlegu viðtali við tímaritið Playboy. Þar segist hann hafa misst sveindóminn þrettán ára og að hann hafi verið heltekinn af stúlkum og kynlífi á þeim aldri. Í viðtalinu viðurkennir hann einnig að hafa átt í ástarsambandi við fræga leikkonu en neitar að segja hver hún er. „Hún er fræg. Ég var mjög hrifinn af henni og var tilbúinn til að gera hvað sem er fyrir hana. Ég eltist lengi við hana og loks fórum við að hittast en við vorum fangar frægðarinnar. Við gátum ekki sést saman á almannafæri, en við fórum einu sinni út að borða saman. Hún hætti svo með mér og bauð mér far heim á hótelið mitt," sagði rapparinn. Margir vilja meina að leikkonan sé engin önnur en Cameron Diaz því orðrómur þess eðlis var á kreiki fyrir nokkru.



**HRIFINN AF LEIKKONU** P. Diddy segist hafa verið hrifinn af frægri leikkonu í nýlegu viðtali við Playboy.

# Keyrði á

**Peaches Geldof, dóttir tónlistarmannsins Bob Geldof, var á leið til Disneylands ásamt vinum sínum þegar þau lentu í hörðum árekstri. Bíllinn skemmdist illa en vinahópurinn slapp þó með skrekkinn og eftir að hafa skoðað skemmdirnar tóku þau til Twittersins og deildu reynslunni með umheiminum. „Ég trúi ekki að við skulum enn vera á lífi. Bíllinn er skemmdur en við höldum ferðinni áfram til Disneylands," ritaði stúlkan.**



**KEYRÐI Á** Peaches Geldof lenti í harkalegum árekstri.



**DIKTA** Fyrsta upplag uppselt.

# Dikta á flugi

Hljómsveitin Dikta er á miklu flugi þessa dagana. Nýja platan, Get It together, er uppseld frá útgefanda en nýtt upplag er væntanlegt í dag. Hljómsveitin smekkfyllti Vídalínskirkju í Garðabæ á dögunum og spilaði þar með Ourlives og Pétri Ben. Í kvöld spilar Dikta á Xmas-tónleikum Xins á Sódómu og heldur svo útgáfutónleika á Græna hattinum á Akureyri annað kvöld.

# Kaupir skáldsögu

Leikstjórinn Steven Spielberg hefur keypt kvikmyndaréttinn að skáldsögunni Warhorse eftir Michael Morpurgo sem kom út árið 1982.

Bókin fjallar um samband ungs drengs og hestsins hans meðan á fyrri heimsstyrjöldinni stendur. Lee Hall mun skrifa handrit myndarinnar en hann hefur á ferilskránni handritið að hinni vinsælu Billy Elliott.

„Um leið og ég las bókina vissi ég að mig langaði að gera þessa mynd. Boðskapur myndarinnar ætti að höfða til fólks um allan heim,“ sagði Spielberg, sem hefur áður tekist á við síðari heimsstyrjöldina í myndunum Saving Private Ryan og Schindler´s List, auk sjónvarpsþáttanna Band of Brothers.



**STEVEN SPIELBERG** Leikstjórinn hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn að skáldsögunni Warhorse.

# Þrír tenórar með stórtónleika

„Ég hef aldrei séð eins flott prógram. Þetta verða gríðarlega flottir tónleikar,“ segir tenórinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson. Hann, ásamt tenórunum Kolbeini Ketilssyni og Snorra Wium, syngur á stórtónleikum í Háskólabíói 3. janúar. Með þeim á sviðinu verður Sinfóníuhljómsveit Íslands og karlakórinn Fóstbræður.

Tenórarnir þrír hafa undanfarin tíu ár haldið tónleika saman hér á landi en aldrei eins stóra og þessa og aldrei í byrjun ársins. „Það er búinn að vera draumur lengi að gera þetta svona glæsilega. Við höfum oft verið spurðir hvenær við verðum með Sinfóníunni en það hefur ekki orðið. En þetta eru frambærilegustu tenórar þjóðarinnar í dag, það er engin spurning. Þetta eru mennirnir sem eru að gera hvað mest erlendis,“ segir Jóhann Friðgeir. Snorri Wium er nýfluttur heim eftir að hafa búið í Þýskalandi undanfarin ár og Kolbeinn Ketilsson býr í Köln í Þýskalandi. Jóhann sjálfur hefur verið heima á Íslandi síðustu tvö ár en stefnir á ýmis verkefni í Evrópu á næsta ári.

En eru íslensku tenórarnir jafngóðir og Pavarotti, Domingo og Carreras þegar þeir voru og hétu? „Þú verður að láta aðra dæma um það. Það fer eftir því hvort hljóðmennirnir verða duglegir að búa til gott sánd en við gerum okkar besta,“ segir Jóhann og brosir. - fb



**TENÓRARNIR ÞRÍR** Snorri Wium, Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Kolbeinn Ketilsson halda stórtónleika í Háskólabíói 3. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HANGOVER 2** Heather Graham segist spennt fyrir framhaldsmynd af The Hangover og er þegar komin með hugmyndir fyrir karakter sinn.

# Spennt fyrir Hangover 2

**Heather Graham segist ekki geta beðið eftir að leika í framhaldsmynd af kvikmyndinni The Hangover. Leikkonan segist eiga eftir að sjá handritið, en hlakkar til að leika óléttan strippara. Í viðtali við vefsíðuna Eonline.com segist leikkonan þegar vera farin að gefa handritshöfundinum Todd Phillips hugmyndir fyrir karakter sinn, Jade.**

**„Ég held að Stu ætti að barna hana og svo ætti hún að dansa óléttu-strippdans,“ segir hún og brosir. „Ég veit að það hljómar illa, en það er samt svo rétt,“ bætir hún við. Þá segist hún gjarnan vilja sjá gæsun í næstu mynd í stað steggjunar. „Ég held að það væri mjög skemmtilegt. Það þarf einhver að skrifa handrit að þeirri mynd,“ segir Graham.**

# Martröð Beckhams

**Fótboltakappinn David Beckham var viðmælandi í spjallþætti George Lopez í vikunni. Aðspurður sagði hann það vera martröð líkast stundum að snæða með Tom Cruise og eiginkonu hans Katie Holmes.**

**„Eitt kvöldið fórum við hjónin út með Tom og Katie og allt í einu ákváðu þau að fara í söngleik. Að syngja á almannafæri væri mín versta martröð,“ sagði Beckham og bætir við að hann hafi sem betur fer séð vin sinn innar í salnum og sent honum skilaboð þar sem hann bað hann um að bjóða honum yfir til sín. „Ég sendi honum skilaboð og sagði: „Gerðu það, bjóddu mér yfir á þitt borð.“**



**MARTRÖÐ** David Beckham segir það stundum martröð líkast að snæða úti með Tom Cruise og frú.


# ÓSKABÓK SKOTVEIÐIMANNSINS










Þúsundir landsmanna stunda skotveiði sér til ánægju og yndisauka. Í þessari bók er komið víða við og stemming skotveiðinnar svífur yfir vötnum. Nokkrir af snjallari skotveiðimönnum landsins segja sögur og rifja upp skemmtileg atvik. Einnig frásagnir, allt aftur til ársins 1912, veiðidagbækur og eldri greinar sem sýna breytta tíma. Bókin er ríkulega myndskreytt.




## ÁRBÓK VEIÐIMANNSINS komin í verslanir

Ómissandi heimilda- og skemmtirit fyrir veiðimanninn.

Frábærar sögur frá veiðisumrinu 2009, ýmsar fréttir og fjöldi mynda skreyta bókina.

LITRÓF-HAGPRENT
Vatnagörðum 14 • 104 Reykjavík • Sími 563 6000
www.litrof.is



**EFNUÐ** Emma Watson er hæst launaða leikkona síðustu tíu ára, en hún er aðeins nítján ára gömul.

# Watson með hæstu launin

**Emma Watson er hæst launaða leikkona áratugarins. Watson leikur Hermione Granger í kvikmyndunum um Harry Potter sem hófu göngu sína 2001. Hún er með hærri laun en leikkonur á borð við Juliu Roberts, Halle Berry og Cameron Diaz og er nú komin í heimsmetabók Guinness fyrir vikið.**

**Leikkonan, sem er 19 ára, hefur leikið í sex kvikmyndum auk þess sem hún talaði inn á teiknimyndina The Tale of Despereaux. Í viðtali við breska fjölmiðla sagði Watson vinsældir Harry Potter-myndanna hafa komið sér á óvart, en hún var aðeins níu ára þegar hún fór í prufu fyrir hlutverkið árið 1999. „Ég hafði ekki hugmynd um stærðargráðu myndanna. Ef ég hefði vitað það hefði ég orðið agndofa," segir hún.**

# FJÖLSKYLDAN SYNGUR MEÐ REGÍNU

**Regína Ósk Óskarsdóttir heldur tvenna jólatónleika um helgina. Þar mun hún koma fram ásamt stúlkna- og barnakór auk þess sem eiginmaður hennar og dóttir munu syngja á tónleikunum.**

„Þetta eiga bara að vera skemmtilegir tónleikar þar sem fólk getur farið í kirkju og upplifað sanna jólastemningu," segir Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona sem heldur tvenna jólatónleika um helgina. Tónleikarnir fara fram í Lindakirkju á laugardag og í Víðistaðakirkju á sunnudag og hefjast klukkan 17 báða dagana. „Ég ákvað að hafa litla tónleika í Lindakirkju og fékk til liðs við mig gamla kórstjórnandann minn, Áslaugu Bergsteinsdóttur sem er með stúlkna- og barnakór í Víðistaðakirkju. Þá fannst prestinum sniðug hugmynd að hafa líka tónleika þar, svo þetta urðu allt í einu tvennir tónleikar," segir Regína. „Ég var í kór hjá Áslaugu í tíu ár þegar ég var yngri og hún er frábær stjórnandi," bætir hún við.

Auk Áslaugar og kórsins hefur Regína fengið fjölskyldu sína til liðs við sig og ætlar eiginmaður hennar, Svenni Þór Árnason, og dóttir hennar, Aníta sjö ára, bæði að syngja á tónleikunum. „Svona til að krydda þetta og gera þetta skemmtilegra ætlum við Aníta að syngja dúett og svo syngur hún líka ein. Hún er búin að vera þrjár annir í Söngskóla Maríu Bjarkar og finnst rosalega gaman að syngja. Svenni ætlar svo að taka lagið og spila á gítar og trommur," útskýrir Regína, en Pálmi Sigurhjartarson spilar undir á píanó. Regína viðurkennir að æfingar fyrir tónleikana fari gjarnan fram heima. „Við fjölskyldan höfum verið að æfa í stofunni með Pálma. Svo förum við út í kirkjuna enda sé ég Lindakirkju út um gluggann."

Eini fjölskyldumeðlimurinn sem syngur ekki á tónleikunum er Aldís María, enda aðeins hálfs árs gömul. Hún verður þó ekki fjarri góðu gamni því hún verður meðal tónleikagesta um helgina. „Bæði mamma og barnapíurnar mínar langar svo að koma að það getur enginn passað. Hún verður því bara með, enda verða þetta fjölskylduvænir tónleikar og ég vil endilega fá fullt af krökkum," segir Regína.

Að sögn Regínu eru efnistökin á tónleikunum fjölbreytt. „Þetta eru lög sem ég var að syngja í kór þegar ég var yngri og hef gert að mínum, í bland við klassísk jólalög sem ég hef verið að syngja út um hvippinn og hvappinn. Við ætlum að hafa þetta lágstemmt og þægilegt og fylla kirkjuna af kertaljósum," segir Regína sem vonast til að sjá sem flesta á tónleikunum. Miðar verða seldir við innganginn, en frítt er fyrir börn 12 ára og yngri. alma@frettabladid.is



**FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR** Svenni Þór, eiginmaður Regínu, og dóttir hennar, Aníta sjö ára, ætla bæði að syngja á tónleikunum með Regínu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**ROKKARAR BORÐA SKÖTU** Piltarnir í hljómsveitinni Stóns borðuðu kæsta skötu á veitingastaðnum Þrem frökkum og þótti þeim sitt hvað um réttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stónsmenn bragða kæsta skötu

Hljómsveitin Stóns heldur tvenna tónleika um helgina. Þeir fyrri fara fram í kvöld á Græna hattinum á Akureyri og þeir seinni annað kvöld á Sódómu í Reykjavík. Blaðamaður hitti þá á Þremur frökkum og lét þá smakka kæsta skötu. Enda ekki á hverjum degi sem Stóns fá sér skötu.

Það eru þeir Bjarni Sigurðarson (Keith Richards), Frosti Runólfsson (Charlie Watts) og Björn Stefánsson (Mich Jagger), sem bíða spenntir eftir matnum. „Þetta er í fyrsta sinn sem við spilum á Akureyri og í annað sinn sem við spilum á Sódómu. Við erum þar með búnir að brjóta þá reglu að spila aldrei á sama stað oftar en einu sinni," segir Frosti, trommuleikari sveitarinnar.

Þegar skatan er borin á borð slær þögn á hópinn. Hvorki Frosti né Bjarni hafa bragðað á þessum þjóðarrétti Íslendinga og virðast tregir til að smakka. Það er aðeins Björn sem tekur strax til matar síns enda vanur maður á ferð.

„Það er sama lykt af þessu og var af hárinu á mér þegar ég aflitaði það síðast. Það er einhvers konar ammoníak-lykt af þessu," segir Frosti sem smakkar einn bita. Bjarni samsinnir þessu. „Þetta er algjör viðbjóður. Þá kýs ég heldur gömlu góðu smalabökuna. Við erum greinilega ekki nógu miklir menn fyrir þetta."

Þegar hér er komið sögu hefur Björn lokið við fyrri skammtinn og biður kurteislega um meira. „Ég er að fíla þetta. Þetta er hollt og hreinsar líkamann af óþverra og svo hef ég heyrt að þetta bæti ónæmiskerfið," segir hann.

Þegar blaðamaður spyr hvort þeir telji að þeir muni einhvern tímann bragða skötu aftur útiloka þeir það ekki. „Þetta er gott sport. Ég verð líka búinn að gleyma deginum í dag á morgun," segir Bjarni. Tónleikarnir á Græna hattinum hefjast 22.00 í kvöld og tónleikarnir á Sódómu Reykjavík hefjast klukkan 24.00 annað kvöld. - sm





**15%** afsláttur af öllum jólagjafaöskjum





Bæði tilboðin gilda föstudag til sunnudags.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Jónsi og Alex sætastir

Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag er Sigur Rós víða með plötur á listum yfir bestu plötur ársins. Jónsi kemur sterkur inn sjálfur með Alex Somers kærastanum sínum, en þeir eru valdir sætasta parið af tímaritinu Out, vinsælasta tímariti samkynhneigðra í Bandaríkjunum.

Í nýjasta tölublaðinu má sjá hvaða hundrað manns segir að hafi bjargað árinu, að mati Out. Í umsögn er farið fögrum orðum um verk Jónsa og Alex, hvort heldur plötuna Riceboy Sleeps eða myndverk þeirra, sem hafa verið sýnd víða um heim. Þá er væntanlegar sólóplötu Jónsa, Go, getið, sem hann vann með Nico Muhly. Nico var sjálfur á lista Out yfir bestu tónlistarmennina árið 2007.

Aðrir sem prýða lista Out í ár eru meðal annars eitís-stjarnan Cyndi Lauper, sem er „bandamaður ársins“, kvikmyndaleikstjórinn Pedro Almodóvar, sem er „mesti daðrarinn“, grínistinn Wanda Sykes sem er skemmtikraftur ársins og Idol-stjarnan Adam Lambert, sem valinn var „út úr skápnum“ ársins.



**Í GÓÐUM HÓPI Á ÁRSLISTA OUT** Samkvæmt aðaltímariti samkynhneigðra í Bandaríkjunum eru Jónsi og Alex sætasta parið.

TILVALIN JÓLAGJÖF

ecco Katmandu

Dömuinniskór
99003 00017 Stærðir: 36 - 41
9.995

Herrainniskór
99004 00001 Stærðir: 40 - 45
9.995





Handgerðir þægilegir inniskór gerðir úr alnáttúrulegri blöndu af Merino og Jakuxa ull. Skórnir anda mjög vel og tryggja rétta andrúmsloftið innan í skónum. Jakuxaleður er í sólanum sem er slitsterkur og endingargóður

Golfskór
39404 01001 Stærðir: 41 - 46
24.995



Útivistarskór
68153 55878 Stærðir: 36 - 42
24.995



KRINGLAN Sími: 553 8050 SMÁRALIND Sími: 551 8519

the most comfortable place on earth ecco



**SELDI LÍF SITT Á EBAY** Ian Usher seldi líf sitt á uppboðssíðunni eBay og hefur ferðast um heiminn undanfarið eitt og hálft ár. Disney keypti réttinn að sögunni og hann er í viðræðum við breskan útgefanda um að skrifa ferðasöguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ian seldi líf sitt á eBay og vill sjá norðurljósin á Íslandi

**Bretinn Ian Usher tók upp á því í fyrra sumar að selja líf sitt á uppboðssíðunni eBay. Mánuði síðar lagði hann af stað í ferðalag um heiminn þar sem hann var ákveðinn í að uppfylla hundrað markmið sem hann hafði sett sér á jafnmörgum vikum. Ian er nú staddur hér á landi þar sem hann hyggst sjá ísjaka á Jökulárslóni og hin margrómuðu norðurljós. Sara McMahon hitti þennan geðþekka Breta á Tíu dropum í miðborg Reykjavíkur.**

„Ég var nýskilinn við eiginkonu mína og langaði að breyta til. Ég ákvað að selja líf mitt og leggja af stað í tveggja ára ferðalag þar sem ég myndi reyna að uppfylla gamla drauma og önnur markmið sem ég hafði sett mér,“ útskýrir Ian. Hann segist upphaflega hafa ætlað að selja líf sitt í einum heildarpakka en það gekk ekki upp. „Kaupandinn átti að fá húsið mitt, sjóskíðin, bílinn, öll húsgögnin, fötin mín og jafnvel vinnuna mína. Það gekk þó ekki upp og í staðinn skipti ég eigunum upp og seldi hingað og þangað.“

**Disney keypti söguna**

Ian hafði verið búsettur í Perth í Ástralíu í sjö ár þegar hann ákvað að leggja af stað í þessa langferð og ákvað að fyrsta markmiðið sem hann skyldi uppfylla væri að fara á snjóbretti í eyðimerkurborginni Dúbaí. Skíðabrekkan var í miðri verslunarmiðstöð og segir Ian að þetta hafi verið einstök upplifun.

Hann segir fjárhaginn ágætan þrátt fyrir stanslaus ferðalög undanfarið eitt og hálft ár. „Ég fékk summu frá Disney sem tryggði sér kaupréttinn að sögu minni í átján mánuði. Það þýddi að ég get ekki selt sögu mína neinum öðrum þessa átján mánuði. Ég hef því ferðast um í boði Disney-samsteypunnar undanfarið ár en sá peningur er næstum uppurinn og nú þarf ég að fara að eyða eigin fé, sem er mun sársaukafyllra,“ segir Ian og hlær. Hann hefur kynnst fjölda fólks á ferðum sínum um heiminn og segir það hafa komið sér á óvart hvað fólk sé almennt hjálplegt. „Ég hef verið heppinn því uppboðið á eBay vakti nokkra athygli og margir höfðu samband við mig í kjölfarið og buðu fram aðstoð sína. Sumir vildu leyfa mér að gista hjá sér á meðan aðrir vildu sýna mér heimaborg sína. Ég er mjög þakklátur öllu þessu fólki og held að þeirra vegna hafi ég fengið aðra sýn á staðina sem ég hef heimsótt heldur en til dæmis hinn almenni ferðamaður. Ég hef líka eignast marga góða vini í leiðinni,“ segir Ian.

**Heldur jól með fjölskyldunni**

Ian hefur nú þegar uppfyllt sextíu og sjö markmið af þeim hundrað sem hann setti sér í upphafi ferðarinnar. Nái hann að upplifa norðurljósin og ísjakana hefur hann uppfyllt sextíu og níu markmið. Eftir Íslandsdvölina heldur hann heim til Bretlands þar sem hann mun eyða jólunum með fjölskyldu sinni. Í byrjun næsta árs heldur hann svo til Suður-Ameríku þar sem hann ætlar meðal annars að upplifa kjötkveðjuhátíðina í Ríó og ferðast um slóðir Inkanna.

Ian lýkur ferðalagi sínu 4. júlí á næsta ári, en þá hefur hann farið tvisvar sinnum í kringum hnöttinn. Spurður hvort hann kvíði því að snúa heim tómhentur segist hann lítið hafa hugsað út í það. „Ég veit ekki hvar heima er lengur. Ég er ekki viss um að ég muni snúa aftur til Ástralíu þegar þessu lýkur. Ég hafði hugsað mér að reyna að skrifa bók um ferðalagið og hef verið í viðræðum við útgefanda í Bretlandi þannig að það getur hugsast að ég snúi aftur heim til Bretlands.“ - sm

**IAN Í HEIMSPRESSUNNI**

Þegar nafninu Ian Usher er slegið inn í leitarvél Google birtist fjöldinn allur af tenglum inn á vefsíður tímarita víða um heim. Meðal þeirra sem hafa fjallað um manninn sem seldi líf sitt má nefna BBC News, The Daily Mail, Huffington Post, The Sun og The Enquirer.

Málið vakti gríðarlega athygli bæði í Ástralíu og Bretlandi á sínum tíma, enda þótti uppátækið óvenjulegt.

Þessi athygli hefur þó verið Ian til framdráttar því eins og kemur fram í viðtalinu sýndi Disney-samsteypan áhuga á að kaupa kvikmyndaréttinn að sögu hans auk þess sem Ian hefur verið í viðræðum við bókaútgefanda í heimalandi sínu, Bretlandi.

# Týnt viðtal við Lennon birt

Viðtal sem var tekið við John Lennon og Yoko Ono árið 1968 hefur loksins verið birt í heild sinni, 41 ári síðar. Það voru breski háskólaneminn Maurice Hindle og skólafélagi hans sem tóku viðtalið, sem hefur nú verið birt í blaðinu New Statesman. Það var John Lennon sjálfur sem sótti nemana tvo á lestarstöð skammt frá heimili sínu í Surrey. „Fyrir utan Weybridge-stöðina stöðvaðist Mini Cooper-bíll með skyggðum rúðum sem leit út eins og bíll úr The Italian Job-myndinni,“ sagði Hindle. „Í bílstjórasætinu var Lennon. Við tróðum okkur í aftursæti bílsins og John keyrði okkur upp holóttan einkaveginn sem leiddi að heimili hans.“

Viðtalið stóð yfir í sex klukkustundir. Í því ræddi Lennon um þá gagnrýni sem hann og Bítlarnir höfðu fengið fyrr á árinu frá sósíalistanum Tariq Ali. Þar gagnrýndi Ali meðal annars lagið Revolution og þótti það áhrifaminna en margir vildu meina. Lennon þótti lítið til skrifa Alis koma og taldi að hann þyrfti að breyta um hugsunarhátt ef hann vildi breyta samfélaginu til hins betra.



**JOHN OG YOKO** Viðtal við John Lennon og Yoko Ono frá árinu 1968 hefur loksins verið birt í heild sinni.

# JÓLA MARKAÐURINN Í FULLUM GANGI OKKAR VERÐ

Regatta GREAT OUTDOORS

| DÖMU OG HERRAFÖT | |
|---|---|
| SKYRTUR | 2990,- |
| BUXUR | 3990,- |
| VESTI | 5990,- |
| FLÍSPEYSUR | 3990,- |
| SOFTSHELL | 5490,- |
| ISOTEX JAKKAR | 7990,- |
| ISOTEX BUXUR | 5990,- |
| ÚLPUR | 8990,- |
| SNJÓBUXUR | 8990,- |
| FLÍS UNDIRFATASETT | 3990,- |
| SMÁVARA OFL. OFL. | |

| BARNAFÖT | |
|---|---|
| FLÍSPEYSUR | 2990,- |
| SOFTSHELL | 5490,- |
| REGNBUXUR | 1490,- |
| SNJÓBUXUR | 7990,- |
| BARNAGALLI | 5990,- |
| ÚLPUR | 7490,- |
| FLÍS UNDIRFATASETT | 3490,- |
| SMÁVARA OFL. OFL. | |

## Hjá okkur má skila og skipta

**OPIÐ**

Virka daga 10-18
Laugard. 19. des. 11 – 20
Sunnud. 20. des. 13 – 20
Mánud. 21. des. 10 – 20
Þriðjud. 22. des. 10 – 20
Þorláksmessa 10 – 22
Aðfangadagur 10 - 12

ÚTIVIST & SPORT

verslun
heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550.

# ANDLEGIR LEIÐTOGAR ÞJÓÐARINNAR

**Undanfarið ár hefur einkennst af heimsóknum fólks sem hefur viljað leiðbeina hinni gjaldþrota þjóð hvernig hún eigi að haga lífi sínu. Fréttablaðið rifjaði upp nokkra af þeim helstu og gestgjafa þeirra.**






## SIGURJÓN SIGHVATSSON OG DAVID LYNCH

Margir ráku upp stór augu þegar kvikmyndaleikstjórinn **David Lynch** mætti í fremur óvænta heimsókn hingað til lands og framleiðandinn **Sigurjón Sighvatsson** var ekki langt undan. Ekki var Lynch að kynna nýja bíómynd heldur hugmyndir sínar um innhverfa íhugun sem hann hefur lagt stund á í töluverðan tíma. „Innhverf íhugun gerir þér kleift að vekja hinn meðvitaða huga til meðvitundar um óendanlega möguleika sína og leysa úr læðingi allan þann kraft sem býr innra með okkur. Í raun má segja að innhverf íhugun hjálpi mannskepnunni að fullnýta alla sína möguleika,“ var haft eftir Lynch í Fréttablaðinu. Íslenska íhugunarfélagið gaf síðan út fyrir þessi jól bókina Fiskað í djúpinu: Íhugun, vitund og sköpunarkraftur.

NORDIC PHOTOS/GETTY



## SAMTÖK DALAI LAMA OG DALAI LAMA

Mikið fjölmiðlafár varð þegar andlegur leiðtogi Tíbeta, **Dalai Lama**, heimsótti Ísland í sumar. Að sjálfsögðu lýstu Kínverjar sig andsnúna þessari heimsókn enda hafa þeir haft horn í síðu þessa vinalega Tíbeta sem hefur búið í útlegð á Indlandi nánast allt sitt líf. Uppselt var á fyrirlestur hans í Laugardalshöll þar sem dýrasti miðinn var á 7.900 krónur og fullt var út úr húsi í hátíðarsal Háskóla Íslands þegar Lama talaði þar. „Það er alltaf upplifun að hitta jafn merka menn og Dalai Lama er. Ég hef ekki kafað djúpt ofan í málefni Tíbets en þessi fundur vakti áhuga minn enn frekar á þeim málum,“ sagði Katrín Júlíusdóttir um kynni sín af Dalai Lama.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





## KARL ÁGÚST ÚLFSSON OG ÁSDÍS OLSEN OG TAL BEN-SHAHAR

Ein óvæntustu tíðindi þessara bókajóla urðu í vikunni þegar sjálfum Arnaldi Indriðasyni var steypt af stóli á metsölulista Eymundsson. Sá sem tók við hásætinu var þó ekki einn af þungavigtarhöfundum bókaþjóðarinnar heldur Tal Ben-Shahar og bók hans, Meiri hamingja, sem Spaugstofumaðurinn **Karl Ágúst** og kona hans, **Ásdís Olsen**, gáfu út í sameiningu. Karl sagði í samtali við Fréttablaðið að þessi góða sala væri vísbending um að fólk vildi í auknum mæli líta inn á við og taka ábyrgð á sjálfu sér og sinni eigin líðan. „Við getum ekki alltaf bent á annað fólk og kennt því um hvernig okkur líður. Við verðum bara að bjarga okkur sjálf,“ sagði Karl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





## EGILL HELGASON OG EVA JOLY

Auðvitað er ekki rétt að þakka sjónvarpsmanninum **Agli Helgasyni** einum og sér fyrir nærveru **Evu Joly** því Jón Þórisson arkitekt lagði ekkert síður sitt af mörkum við að fá hana til landsins. Hins vegar er það staðreynd að Eva hafði varla sleppt síðasta orðinu í þætti Egils, Silfri Egils, þegar ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna kallaði hana á fund til sín og óskaði eftir því að hún aðstoðaði við rannsókn bankahrunsins. Frá því að Eva lenti á Íslandi hefur skapast sú víðtæka skoðun að allt sem hún segi er satt og rétt og hún hefur því orðið hálfgerður andlegur leiðtogi sérstaks hóps.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍSLENSK HÖNNUN
Í JÓLAPAKKANN
EMAMI LAUGAVEGI 66
101 REYKJAVÍK



WWW.EMAMI.IS
EMAMI



## JÓN ÓLAFSSON OG MAXINE GOUDINE

Í október árið 2008 birtist vatnskóngurinn **Jón Ólafsson** upp úr þurru með andlegan leiðtoga sinn, **Maxine Goudie**. Jón hafði þá verið skjólstæðingur Maxine í tvö ár og lært mikið af henni. Að eigin sögn: „Hennar kenningar ganga út á það að horfa inn á við og spyrja okkur af hverju við séum eins og við erum og hvert við séum að fara,“ sagði Jón við Fréttablaðið á sínum tíma en bók Maxine, Ferðalagið að kjarna sjálfsins, komst á topp metsölulista Pennans á þessum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



NÝR KAFLI Í KVIKMYNDASÖGUNNI!
STÓRMYND EFTIR LEIKSTJÓRA TITANIC
JAMES CAMERON
AVATAR
HEIMSFRUMSÝND UM LAND ALLT Í DAG
WWW.SENA.IS/AVATAR
SMS LEIKUR!
10. HVER VINNUR!
SENDU SMS SKEYTIÐ EST AVA Á NÚMERIÐ 1900!
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ! AÐALVINNINGUR ER
LG VIEWTY SÍMI + 4 MIÐAR Á AVATAR + TÖLVULEIKURINN
AUKAVINNINGAR: MIÐAR Á AVATAR · DVD MYNDIR · AVATAR TÖLVULEIKIR · FULLT AF GOSI OG MARGT FLEIRA
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
PS3
AVATAR THE GAME
BÍÓMIÐI
LG Mobile
SJÁÐU MYNDINA SPILAÐU LEIKINN










| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 4 - 6 - 8D - 10:10D | L |
| OLD DOGS | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| PANDORUM | kl. 5:50 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 3 - 5:30 - 8 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA: NEW MOON | kl 5:40 | 12 |
| OLD DOGS | kl 8 - 10 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| MY LIFE IN RUINS | kl 8 | L |
| NINJA ASSASSIN | kl 10 | 16 |


# Byltingarkennd kvikmyndagerð

Kvikmyndir ★★★★★

**Avatar**

Leikstjóri: James Cameron

**Aðalhlutverk:** Sam Worthington og Sigourney Weaver



Í framtíðinni eru stríð ennþá háð vegna auðlinda. Einkarekið stríð gegn íbúum tunglsins Pandóru er yfirvofandi. Uppgjafahermaðurinn Jake Sully er ráðinn í það starf að vera fluttur yfir í líkama Na'via, kynnast ættbálknum betur og öðlast þekkingu um veikleika hans. Þetta reynist honum auðvelt í fyrstu en hægt og bítandi verður hann hluti af ættbálknum.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að beðið hafi verið eftir Avatar með mikilli eftirvæntingu. Það eru tólf ár síðan tæknifrumkvöðullinn James Cameron vann hugi og hjörtu áhorfenda með kvikmyndinni Titanic, sem fór á spjöld sögunnar. Titanic varð og er vinsælasta kvikmynd allra tíma, og tókst myndinni að jafna rúmlega fjörutíu ára met kvikmyndarinnar Ben-Hur með fjölda Óskarsverðlauna eða ellefu talsins.

Cameron hefur eytt síðastliðnum áratug í að þróa tækjabúnaðinn sem er notaður í Avatar en hún byggir á sögu sem hann skrifaði fyrir nokkrum árum. Það má í raun segja að Avatar sé búin að vera í vinnslu í rúma tvo áratugi, og nú er komið að stóru spurningunni; er biðin þess virði? Án þess að draga svarið við þessari spurningu, þá er Avatar einstök kvikmyndaupplifun.

Handrit Camerons minnir á sögu Pocahontas í bland við Dances with Wolves. Oft á köflum nær væmni yfirhöndinni en myndin hristir hana af sér með epískum bardagaatriðum og einum þeim flottasta sem ég hef séð á hvíta tjaldinu. Heimur Pandóru er hreint augnakonfekt. Hvert eitt og einasta smáatriði er lifandi á skjánum og er ótrúleg upplifun að sjá plánetuna lifna við í þrívídd. Cameron hefur skapað virkilega áhugaverðan og spennandi heim og verður áhugavert að fylgjast með hvort hann fylgi því eftir með framhaldsmyndum.

Allar persónur myndarinnar eru leiknar, og eru sumar leiknar þar sem sérstakri hreyfiföngunartækni (e. motion capture) er breytt til þess að fanga hreyfingar og andlitssvipbrigði leikaranna, og síðan unnið í tölvu. Þessi tækni hefur verið notuð í ýmsum myndum, meðal annars Disney's Christmas Carol í ár, en hefur aldrei verið jafn mögnuð og hér. Frá því að Na'vi (arnir?) eru kynntir til sögunnar horfir maður ekki á þá sem tölvugerðar verur, heldur lifandi.

Leikarar myndarinnar standa sig með prýði undir styrkri handleiðslu Camerons. Sam Worthington sýnir það og sannar að hann á eftir að verða næsta stóra hasarhetjan ef hann heldur rétt á spilunum, og Zoe Saldana er góð sem Na'vi (inn?) Neytiri. Stephen Lang, sem leikur ofurstann Quaritch, stelur senunni sem skúrkurinn.

Avatar er byltingarkennd kvikmynd sem menn gleyma seint. Framandi og kynngimagnaður heimur Pandóru situr í mér eins og listaverk og ég fæ ennþá gæsahúð við tilhugsunina eina. Ég hvet sem flesta til þess að sjá Avatar eins og Cameron gerði hana, í þrívídd. Tvívíddarútgáfan er ekki sambærileg.

**Vignir Jón Vignisson**

**Niðurstaða:** Einstök upplifun sem bindur endahnút á góðan áratug í kvikmyndum.








| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 5.40 - 8 - 9 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| AVATAR LÚXUS | kl. 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 3.40 | L |
| 2012 | kl. 8 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.20 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 6 - 9.20 | 10 |
| ANVIL | kl. 6 | 7 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 10.10 | 12 |
| DESEMBER | kl. 8 - 10 | 10 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| AVATAR 2D | kl. 6 - 8 - 10* | 10 |
| 9 | kl. 6 | 7 |
| *KRAFTSÝNING | | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| AVATAR 2D | kl. 5 - 6.45 - 8.30 - 10.10 | 10 |
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.30 - 10.30 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 | L |
| SAW 6 | kl. 8 - 10 | 16 |




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D - POWER | kl. 3.50, 5.50, 7, 9 og 10.10 | 10 |
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| ARTÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 4 | L |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.50 - Íslenskt tal | L |


# Daryl vill enga plastbolla

Daryl Hannah vill að allir hætti að nota plastbolla. Leikkonan, sem er 49 ára, er mikill náttúruverndarsinni og hefur nokkrum sinnum verið handtekin fyrir róttækar aðgerðir. Í viðtali við breska dagblaðið The Sun segist hún vilja að fólk fari að verða meðvitaðra um umhverfi sitt og trúir því að það þurfi aðeins litlar breytingar til að hafa áhrif.

„Það er svo margt sem hver og einn getur gert, til dæmis að koma með eigin bolla og hnífapör í stað þess að nota einnota borðbúnað," segir leikkonan. Sjálf er hún grænmetisæta, keyrir bíl sem er drifinn áfram af jurtaolíu og er með sólarsellur á húsi sínu til að spara rafmagn. Aðspurð segist hún vera bjartsýn á framtíðina og vonar að fleira fólk taki upp lifnaðarhætti sína. „Ég hef það á tilfinningunni að yngri kynslóðirnar séu að átta sig á þessu. Það geta nánast allir plantað fræjum úti í garði eða í glugganum hjá sér," segir hún.



**NÁTTÚRUVERNDARSINNI**
Daryl Hannah vonast til að fólk fari að verða meðvitaðra um umhverfi sitt.





TILBOÐ DAGSINS
1,7 lítra
Kenwood
hraðsuðukanna.
3000w.
5.989kr.
Fullt verð 10.989
KENWOOD
FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með
TILBOÐI DAGSINS
í blaðinu á
morgun!
OPIÐ TIL KL. 22 - ALLA DAGA TIL JÓLA
Melissa samlokugrill
3.989kr.
Philips kaffikanna
4.989kr.
Kenwood eldhúsvog
4.989kr.
Philips handþeytari
5.989kr.
Philips brauðrist
5.989kr.
Severin safapressa
5.989kr.
Kenwood straujárn
6.989kr.
Kenwood matvinnsluvél
9.989kr.
United örbylgjuofn
11.989kr.
Melissa örbylgjuofn
14.989kr.
Wassermaxx gostæki fyrir vatn
14.989kr.
iRobot Roomba 555
79.989kr.
Mikið úrval ódýrra DVD mynda
Verð frá kr.
989
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
MAX
RAFTÆKI

## > Deildarbikarinn í Strandgötu

Ákveðið hefur verið að deildarbikarkeppnin í ár fari fram í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Leikirnir fara fram dagana 27. og 28. desember næstkomandi. Fyrri daginn eru undanúrslitin bæði hjá körlunum og konunum. Fyrsti leikurinn er klukkan tólf á hádegi en sá síðasti klukkan 18 um kvöldið. Úrslitaleikirnir fara svo fram á mánudagskvöldinu, klukkan 18 og 20. Fram kom í tilkynningu frá HSÍ í gær að keppnin myndi í ár bera nafn Flugfélags Íslands.



# sport

sport@frettabladid.is

HANDBOLTAÞJÁLFARINN AÐALSTEINN EYJÓLFSSON: HUGSANLEGA AÐ HÆKKA SIG UPP UM EINA DEILD

# *Það eru engar líkur á að ég fái Porsche úr þessu*

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari þýska liðsins Kassel sem fór í greiðslustöðvun á dögunum, skoðar framtíðarmöguleika sína þessa dagana. Honum stendur til boða að vera áfram með Kassel en hann er þrátt fyrir það að skoða aðra möguleika.

„Ég hef verið í viðræðum við tvö félög í 2. deildinni og það ætti að koma í ljós fljótlega hvort eitthvað verður úr því. Ef það gengur ekki geri ég ráð fyrir að vera áfram hjá Kassel. Hér get ég verið áfram á aðeins lægri launum en öðrum forsendum enda litlir peningar til og margir leikmenn farnir," sagði Aðalsteinn en hann hefur misst sex leikmenn úr byrjunarliðinu síðan félagið fór á hausinn.

„Það er reyndar alveg magnað að við höfum ekki tapað leik síðan við fórum á hausinn. Það voru náttúrlega miklar væntingar fyrir tímabilið og það er eins og þungu fargi hafi verið létt af mönnum. Nú spila þeir pressulaust og njóta þess að spila. Eða kannski var ég bara að velja vitlaust byrjunarlið," sagði Aðalsteinn léttur.



Þegar Aðalsteinn kom til félagsins hafði félagið gríðarlega sterkan bakhjarl í stóru tryggingafyrirtæki. Eigandi þess mokaði peningum í Kassel-liðið og ætlaði sér að koma því upp í efstu deild á mettíma.

Sá náungi fór lóðrétt á hausinn með fyrirtæki sínu en hann var mikill glamúrgosi þegar hann átti peninga og ferðaðist meðal annars í sérmerktri þyrlu á milli staða.

„Hann er flúinn til Tyrklands. Það er ekki búið að kæra hann en samt búið að tæma húsið hans og einhver málaferli í gangi. Hann hefur greinilega búist við því versta og flúið til Tyrklands en það er ekki hægt að framselja menn frá Tyrklandi til Þýskalands," sagði Aðalsteinn en þessi þýski útrásarvíkingur lofaði Aðalsteini því á sínum tíma að hann myndi fá Porsche-glæsibifreið ef hann kæmi liðinu upp um deild.

„Hann sagði að daginn eftir myndi ég vakna og í hlaðinu yrði nýr Porsche. Það var notaleg tilhugsun en ég tel engar líkur vera á því að ég fái Porsche úr þessu."



**GUNNAR HEIÐAR** Hér í leik með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enn um Gunnar Heiðar:

## Stjóraskipti hafa ekki áhrif

**FÓTBOLTI** Þó svo að Reading hafi í fyrradag rekið Brendan Rogers úr starfi knattspyrnustjóra hefur það engin áhrif á stöðu Gunnars Heiðars Þorvaldssonar hjá félaginu.

Þetta segir Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Gunnars Heiðars, við Fréttablaðið. Danska úrvalsdeildarfélagið Esbjerg hefur samþykkt að lána Gunnar Heiðar til Reading til loka leiktíðarinnar en málið hefur tafist aðeins vegna brottvikningar Rogers.

„Við höfum þó fengið símtal og verið fullvissaðir um að þetta breyti engu," sagði Ólafur.

Ólafur sagði enn fremur að þar sem yfirnjósnari félagsins, Brian McDermott, myndi stýra liðinu þar til nýr stjóri yrði ráðinn hefði hann litlar áhyggjur. „Hann er sá sem þekkir langbest til Gunnars hjá félaginu," sagði Ólafur. - esá



**EIÐUR SMÁRI** Kampakátur á æfingu íslenska landsliðsins fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Enska pressan um Eið Smára:

## Vill aftur til Englands

**FÓTBOLTI Enska götublaðið The Sun fullyrti í gær að Eiður Smári Guðjohnsen vildi aftur komast í ensku úrvalsdeildina.**

**Enn fremur heldur blaðið því fram að Eiði hafi sinnast við Guy Lacombe, stjóra Monaco. Fullyrt er að samskipti þeirra tveggja séu við frostmark.**

**Eiður gekk í raðir Monaco í haust en hefur ekki náð sér á strik. Hann var ekki valinn í leikmannahóp liðsins fyrir leik þess gegn Stade Rennais í frönsku úrvalsdeildinni í fyrradag.**

**Hann er sagður vilja komast sem allra fyrst aftur til Englands þar sem hann lék með Chelsea og Bolton á sínum tíma. Félagaskiptaglugginn verður opnaður um næstu áramót.** - esá

# Jákvæður á framhaldið hjá West Ham

**Hólmar Örn Eyjólfsson er á mála hjá enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham. Hann hefur verið fyrirliði varaliðs félagsins og líst vel á framtíð sína í Lundúnum. „Getur þó verið fljótt að breytast," segir hann.**

**FÓTBOLTI** Um mitt síðasta sumar samdi hinn átján ára HK-ingur Hólmar Örn Eyjólfsson við enska úrvalsdeildarfélagið til þriggja ára með möguleika á tveggja ára framlengingu. Eins og flestum ætti að vera kunnugt um hefur margt breyst síðan en félagið var þá í eigu Björgólfs Guðmundssonar. Staða Hólmars hefur þó ekkert breyst og segist hann lítið verða var við hvað eigi sér stað hjá yfirstjórn West Ham.

„Þetta hefur gengið mjög vel hjá mér í vetur," sagði Hólmar Örn við Fréttablaðið í gær. „Ég er bara sáttur og er jákvæður á framhaldið hjá West Ham. Ég bíð bara spenntur eftir framtíðinni."

Enskir fjölmiðlar fjalla um erfiða stöðu West Ham og mögulega sölu félagsins upp á nánast hvern dag en Hólmar segir að það hafi engin áhrif á leikmenn félagsins.

„Nei, það er alltaf jafn mikið fjör á æfingum og góður andi í liðinu. Þessi stjórn er svo fjarlæg leikmönnum og maður þekkir ekkert til þess hvað gerist hjá henni. Ég mæti bara í mína vinnu og sé um að sinna mínu," segir Hólmar, sem segist ekki líða fyrir það að vera Íslendingur hjá liðsfélögunum sínum.

„Nei, alls ekki," segir hann og hlær. „Það eru einhverjir sem virðast halda að Íslendingar búi í snjóhúsum en þeir eru lítið að spá í fjármálin."



**FYRSTA LANDSLIÐSMARKIÐ** Hólmar Örn Eyjólfsson á að baki fjölda leikja með yngri landsliðum Íslands en skoraði sitt fyrsta landsliðsmark í 8-0 sigri U-21 liðsins á San Marínó á Laugardalsvelli í október síðastliðnum. Hér fagnar hann markinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Þjálfararnir ánægðir með mig

Hann segist hafa fengið jákvæð viðbrögð frá þjálfurum liðsins, sérstaklega eftir að hann sneri aftur til félagsins eftir að hafa verið einn mánuð í láni hjá enska D-deildarliðinu Cheltenham. Þar spilaði hann í fjórum leikjum.

„Þjálfararnir hafa sagt mér að þeir séu ánægðir með mig, sérstaklega eftir að ég kom til baka eftir lánið. Það er svo undir mér komið að fylgja því eftir," segir hann.

„En það þarf margt að ganga upp og smá heppni líka, sérstaklega þar sem ég er varnarmaður. Þeir færu varla að setja menn eins og Matthew Upson, byrjunarliðsmann hjá enska landsliðinu, út úr liðinu hjá West Ham bara til að prófa eitthvað nýtt."

Sem fyrr segir á Hólmar að minnsta kosti eitt og hálft ár eftir af sínum samningi við West Ham og honum litist vel á að halda áfram hjá félaginu.

„En svo er auðvitað aldrei að vita. Það getur margt breyst á einum degi. En ég væri vissulega spenntur fyrir því að fá að spila í ensku úrvalsdeildinni," segir Hólmar.

### „Pabbastrákurinn" í landsliðinu

Hann hefur einnig verið fastamaður í yngri landsliðum Íslands og á þegar tólf leiki að baki með U-21 landsliðinu. Alls hefur hann spilað 32 leiki með yngri landsliðum Íslands.

Hólmar er þó í nokkuð sérstakri stöðu þar sem faðir hans, Eyjólfur Sverrisson, er þjálfari U-21 liðsins.

„Ég er verulega ánægður með gengi U-21 liðsins og það væri auðvitað algjör draumur að komast í sjálfa úrslitakeppnina," segir Hólmar en Ísland er sem stendur í öðru sæti síns riðils í undankeppni EM 2011.

„Þetta er auðvitað svolítið sérstök staða fyrir mig og maður fær stundum að heyra það frá strákunum í liðinu. Þeim finnst það til að mynda mjög „óvænt" þegar ég er í byrjunarliðinu," segir hann og hlær.

Og hann reynir því að sleppa því að kalla þjálfarann pabba á æfingum. „Nei, ég forðast það eins og ég get að kalla yfirleitt á hann á æfingum," segir hann og skellir upp úr. eirikur@frettabladid.is

Örvhenta skyttan Jóhann Gunnar Einarsson í mikilli óvissu með framtíð sína í handboltanum:

# Þægilegra að eiga nokkra möguleika en enga

**HANDBOLTI** Framarinn fyrrverandi Jóhann Gunnar Einarsson er milli steins og sleggju þessa dagana. Honum stendur til boða að vera áfram hjá hinu gjaldþrota Kassel-liði sem hann er ekki spenntur fyrir. Svo hafa íslensk og skandinavísk lið falast eftir kröftum hans.

Ekki er heldur loku fyrir það skotið að hann komist að hjá liði Björgvins Páls Gústavssonar, Kadetten Schaffhausen, en hann var til reynslu hjá liðinu í síðustu viku.

„Ég fór og æfði með bæði Kadetten sem og Amicitia Zürich sem Kári Kristjánsson spilar með. Ég fór reyndar ekki á góðum tíma þar sem bæði lið voru með leiki handan við hornið og því ekki góðar æfingar til þess að sanna sig. Ég var nú ekki sérstaklega spenntur fyrir Zürich sem Kári er sjálfur ekki ánægður með. Þar eru líka peningavandræði og ég nenni ekki í annað svoleiðis dæmi. Kadetten vill aftur á móti skoða mig betur og hefur boðið mér að koma aftur út í janúar," segir Jóhann Gunnar en danska liðið Viborg og sænska liðið Skövde eru á meðal þeirra liða í Skandinavíu sem hafa sýnt honum áhuga.



**HARÐAR MÓTTÖKUR** Jóhann Gunnar fær hér hraustlegar móttökur í leik gegn Haukum sem eru taldir hafa áhuga á Jóhanni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Svo hringdi Ólafur Gíslason í mig fyrir Haugaland en hann var að athuga stöðuna á mér. Svo hafa lið á Íslandi verið að hringja í mig líka. Það er frekar mikið í gangi og ég er alltaf í símanum," segir Jóhann Gunnar, sem kann ekki vel við að lifa í óvissunni.

„Þetta er frekar pirrandi staða en samt þægileg. Það er nefnilega betra að hafa einhverja möguleika en enga. Ég get líka verið hér áfram hjá Kassel en er nú ekkert rosalega spenntur fyrir því. Það verður bara fínt að komast heim um jólin, slappa aðeins af og fara svo að skoða málin af fullum krafti aftur," segir Jóhann Gunnar Einarsson. - hbg



# HÁSKÓLABÍÓ
## ER KOMIÐ Í HÓP BESTU KVIKMYNDAHÚSA LANDSINS

Háskólabíó hefur tekið í notkun fullkomnustu gerð af stafrænum sýningarvélum sem gerir bíóinu fært að bjóða upp á bestu mögulegu mynd- og hljómgæði ásamt því að geta boðið upp á þrívíddarsýningar í Dolby 3D, eina sinnar tegundar á Íslandi.

Það er von okkar að þessum breytingum verði jafnvel tekið af kvikmyndaáhugafólki landsins og aðrar vel heppnaðar breytingar á Háskólabíói undanfarin tvö ár.

### KOSTIR DOLBY 3D



- **UMHVERFISVÆNT**
  GLERAUGUM ER SKILAÐ EFTIR SÝNINGAR OG ENDURNÝTT.
- **BETRI MYNDGÆÐI**
- **ÞÆGILEGRI 3-VÍDDAR GLERAUGU**

HÁSKÓLABÍÓ

# David Beckham vill mæta Man. United

Dregið verður í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í dag. David Beckham verður kominn í raðir AC Milan þegar sextán liða úrslitin fara fram og hann vill ólmur mæta sínum gömlu félögum í Manchester United. Hann hefur ekki spilað á Old Trafford síðan árið 2003. Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, vill aftur á móti forðast það að mæta AC Milan sem hann stýrði á síðustu leiktíð og síðustu ár.

**FÓTBOLTI** Forráðamenn stærstu knattspyrnufélaga Evrópu verða í Nyon í Sviss í dag þegar dregið verður í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu fyrir hádegi.

Félög sem voru saman í riðlakeppninni geta ekki dregist saman og sama á við um lið sem eru frá sama landi. Annars dragast lið saman sem voru í fyrsta sæti síns riðils og lið sem lentu í öðru sæti í sínum riðli.

Ensku liðin Manchester United, Chelsea og Arsenal geta ekki mætt Barcelona, Bordeaux, Real Madrid, Fiorentina eða Sevilla. Lið eins og FC Bayern, Inter og AC Milan gætu aftur á móti lent á móti enskum liðum. Liðin sem lentu í öðru sæti spila heimaleikinn sinn á undan en þeir leikir fara fram 16. og 17. eða 23. og 24. febrúar. Síðari leikirnir fara þá fram 9. og 10 eða 16. og 17. mars.

Enski landsliðsmaðurinn David Beckham verður aftur kominn í búning AC Milan í febrúar en hann flytur búferlum til Mílanó um áramótin rétt eins og á síðustu leiktíð. Verður hann þar í láni frá bandaríska félaginu LA Galaxy fram á sumar.

Beckham er afar spenntur fyrir drætti dagsins og hann vill ekkert frekar en að mæta sínum gömlu félögum í Manchester United en hann vann Meistaradeildina með félaginu árið 1999.

„Ég yrði ákaflega kátur ef Milan drægist gegn United. Síðan ég fór frá félaginu árið 2003 hef ég ekki komið aftur á Old Trafford til þess að spila. Það eru orðin sjö ár síðan og ég vil endilega fá aftur tækifæri til þess að spila á Old Trafford,“ sagði Beckham.

„Ég á móti United? Yrði það ekki frábært? Auðvitað yrði það svolítið erfitt fyrir mig en að sama skapi mjög spennandi. Ég elska svona stóra leiki.“

Lið úr ensku úrvalsdeildinni hafa komist í úrslit í síðustu fimm skipti. Chelsea var í úrslitum gegn Man. Utd fyrir einu og hálfu ári. Stjóri Chelsea, Carlo Ancelotti, vill ekki mæta sínu gamla félagi, AC Milan.

„Ég skal viðurkenna að ég væri alveg til í að sleppa við að mæta Milan. Ef það gerist er það samt ekkert vandamál. Fótboltinn á það til að setja mann í erfiða stöðu. Það yrði samt tilfinningalega erfitt að mæta sínu gamla félagi,“ sagði Ancelotti.

henry@frettabladid.is



**VILL KOMAST TIL MANCHESTER** David Beckham vill ekkert frekar en að mæta Man. Utd með liði AC Milan.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

### TÖLURNAR TALA

**Hér að neðan eru tölfræðilegar upplýsingar úr riðlakeppninni:**

Flest stig: Bordeaux, 16 stig.
Fæst stig: Maccabi & Debrecen, 0 stig.
*Maccabi og Debrecen eru áttunda og níunda liðið sem ná ekki í stig í riðlakeppninni.*
Flest mörk fengin á sig: Debrecen, 19
*Ekkert lið hefur fengið fleiri mörk á sig í sögu Meistaradeildarinnar.*
Fæst mörk fengin á sig: Bordeaux, 2
Flest skoruð mörk: Real Madrid, 15
Markahæstur: Cristiano Ronaldo, 6
Flestar stoðsendingar: Luis Fabiano (Sevilla), Tomas Necid (CSKA Moskva), Juan Vargas (Fiorentina) og Wendel (Bordeaux), 4
Oftast rangstæður: Filippo Inzaghi, 14
Oftast brotið á: Diego (Juventus), 29
Flest skot: Diego Forlan, 31
*Forlan átti einnig flest skot á markið (16) sem og flest skotin framhjá (15).*
Mest með boltann: Barcelona, 69%
*Liverpool var merkilegt nokk í öðru sæti hér með 59%.*

### Meistaradeildin – 16-liða úrslit

Dregið: 18. desember

**A1 Bordeaux** *FRA*
Gengi: JSSSSS **16 stig**
Mörk: 9-2
**A2 FC Bayern** ÞÝS
SJTTSS **10 stig**
Mörk: 9-5

**B1 Man. United** *ENG*
SSSJTS 13 stig
Mörk: **10-6**
**B2 CSKA Moskva** *RÚS*
TSTJSS **10 stig**
Mörk: 10-10

**C1 Real Madrid** *SPÁ*
SSTJSS **13 stig**
Mörk: 15-7
**C2 AC Milan** *ÍTA*
STSJJJ **9 stig**
Mörk: 8-7

**D1 Chelsea** *ENG*
SSSJSJ **14 stig**
Mörk: 11-4
**D2 Porto** *POR*
TSSSTS **12 stig**
Mörk: 8-3

**E1 Fiorentina** *ÍTA*
Gengi: TSSSSS **15 stig**
Mörk: 14-7
**E2 Lyon** *FRA*
SSSJTS **13 stig**
Mörk: 12-3

**F1 Barcelona** *SPÁ*
JSTJSS **11 stig**
Mörk: 7-3
**F2 Internazionale** *ÍTA*
JJJSTS **9 stig**
Mörk: 7-6

**G1 Sevilla** *SPÁ*
SSSJTS **13 stig**
Mörk: 11-4
**G2 Stuttgart** *GER*
JJTJSS **9 stig**
Mörk: 9-7

**H1 Arsenal** *ENG*
SSJSST **14 stig**
Mörk: 12-5
**H2 Olympiacos** *GRI*
STSTJS **10 stig**
Mörk: 4-5

Heimild: UEFA
© GRAPHIC NEWS


## STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR



ÍSLENDINGAR YNGRI EN 55 ÁRA VERJA LENGRI TÍMA Á VIRKUM DÖGUM TIL AÐ LESA SÍÐUR FRÉTTABLAÐSINS EN SÍÐUR MORGUNBLAÐSINS.



ÍBÚAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU YNGRI EN 60 ÁRA SEM BÚA Á ÁSKRIFTARHEIMILUM MORGUNBLAÐSINS LESA FREKAR FRÉTTABLAÐIÐ.

Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.




Allt sem þú þarft...

nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Eru verkir og svefnleysi að hrjá þig?



50% afsláttur

## *Náttúrukoddinn*

## LEYSIR VANDANN!



50% afsláttur

100% náttúrleg vellíðan sem leiðir til dýpri svefns og fullkominnar hvíldar.

„Zu-Kan-Soku-Netsu" - Aldagömul japönsk speki sem tók aldir að fullkomna.

„Soba gara" - sérstök blanda af bókhveitihýðum og jurtum.

Fullkominn stuðningur við höfuð, háls og hrygg.

Koddinn aðlagar sig lögun og hreyfingum höfuðsins á meðan þú sefur.

Náttúrulegt efni koddans heldur ávallt jöfnum hita á höfðinu, hitar það í miklum kulda og kælir í miklum hita.

Hentar vel bæði börnum og fullorðnum.

Hægt að taka úr og bæta í koddann að vild.

**NÁTTÚRUKODDINN**
**STÓR, 40 x 73 cm, 3 kg**
**2.995 kr**
Verð áður 5.990 kr

**NÁTTÚRUKODDINN**
**MEÐALSTÓR, 35 x 50 cm, 1,5 kg**
**2.995 kr**
Verð áður 5.990 kr



www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 18. - 24. desember eða meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur.




**35 MÖRK Í 37 LEIKJUM** Fernando Torres raðar inn mörkum á Anfield. MYND/AFP

Markaskorara-saga Liverpool:

## Torres skorar meira en Rush

**FÓTBOLTI** Fernando Torres skoraði sitt 61. mark fyrir Liverpool í 2-1 sigri á Wigan á miðvikudagskvöldið en þetta var hans hundraðasti leikur fyrir félagið.

Aðeins þrír aðrir leikmenn hafa skorað fleiri mörk í fyrstu 100 leikjum sínum fyrir Liverpool. Roger Hunt (68), Sam Raybould (68) og Jack Parkinson (64) skoruðu fleiri mörk en Spánverjinn en John Aldridge og Albert Stubbins skoruðu jafnmikið.

Torres skoraði hins vegar fimm mörkum meira en Ian Rush, sem skoraði sex mörkum færra í sínum fyrstu 100 leikjum sínum fyrir Liverpool. - óój



**ÖFLUG** Heather Ezell hefur haldið Haukaliðinu uppi í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kvennalið Hauka í körfunni:

## Engin meistaraheppni í vetur

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistaralið Hauka í kvennakörfunni hefur tapað fjórum leikjum í Iceland Express deildinni á sárgrætilegan hátt. Haukaliðið hefur tapað þrisvar sinnum með aðeins einu stigi og síðan einum leik í framlengingu eftir að hafa verið 12 stigum yfir í lokaleikhhlutanum.

Haukar töpuðu 64-65 fyrir Hamri á Ásvöllum á miðvikudagskvöldið þar sem Heather Ezell, frábær bandarískur leikmaður liðsins, klikkaði á tveimur af þremur vítum sínum í blálok leiksins. Haukar töpuðu líka fyrri leiknum við Hamar með einu stigi.

Haukaliðið er nú í 6. sæti deildarinnar en ef liðið hefði klárað þessa fjóra leiki væri liðið fjórum sætum ofar og næsta lið á eftir KR. Það hefur því svo sannarlega vantað alla meistaraheppni í Haukaliðið í vetur. - óój

Heiðar Geir Júlíusson til reynslu hjá félögum í Svíþjóð og Danmörku:

# Æfir með sænskum félögum

**FÓTBOLTI** Heiðar Geir Júlíusson er þessa dagana til reynslu hjá sænska B-deildarfélaginu Jönköping. Fyrr í vikunni var hann hjá Ängelholm sem leikur í sömu deild. Þjálfara þess liðs, Roar Hansen, fannst mikið til hans koma.

„Hann býr greinilega yfir miklum hæfileikum þó að hann sé aðeins 22 ára gamall. Hann hefur þegar spilað í sænsku úrvalsdeildinni með Hammarby og fleiri tímabil í efstu deild á Íslandi," sagði Hansen. Heiðar Geir var hjá Hammarby árið 2007 en hefur verið á mála hjá Fram. Hann er nú samningslaus.

„Ég hef verið að skoða mig um hér og þar en ég er nú búsettur í Kaupmannahöfn þar sem kærastan er í skóla," sagði Heiðar Geir við Fréttablaðið í gær. „Sumir kannast vissulega við mig hér síðan ég var hjá Hammarby en ég hef vonandi þroskast eitthvað sem leikmaður síðan þá."

Hann segir framtíðina óráðna eins og er en hann hefur verið duglegur að æfa, bæði sjálfur og með hinum ýmsu liðum í haust.

„Landslagið er mjög erfitt þessa dagana vegna þessarar fjárhagskrísu og því hefur þetta gengið mjög hægt. Mér stendur þó til boða að fara til reynslu hjá félögum í Svíþjóð og Danmörku og þetta verður bara að fá að taka sinn tíma," sagði Heiðar.

„En ég er opinn fyrir öllu. Maður hefur auðvitað alltaf stefnt að því að spila erlendis en það getur svo bara vel verið að þetta endi með því að maður spili heima næsta sumar."

Ängelholm varð í sjöunda sæti sænsku B-deildarinnar á síðasta tímabili og Jönköping í því tíunda. Heiðar Geir lék á sínum tíma ellefu leiki í sænsku úrvalsdeildinni með Hammarby og skoraði í þeim eitt mark. Hammarby féll reyndar úr deildinni í haust og leikur því í Superettan á næsta ári. - esá



**HEIÐAR GEIR** Hér í leik með Fram í Pepsi-deildinni í sumar. Hann skoraði fjögur mörk í 21 leik í deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ég ætla aðeins að negla hann

**Helgi Már Magnússon og Jakob Örn Sigurðarson mætast í kvöld með liðum sínum í sannkölluðum toppslag í sænsku úrvalsdeildinni. Lið Helga, Solna, vann fyrsta leik liðanna með tveimur stigum en nú eru Jakob og félagar í Sundsvall á heimavelli. Fréttablaðið heyrði í Helga Má fyrir leik kvöldsins.**

**KÖRFUBOLTI** Það verður Íslendingatoppslagur í sænsku úrvalsdeildinni í kvöld þegar liðið í þriðja sæti, Sundsvall, tekur á móti liðinu í öðru sæti, Solna. Helgi Már Magnússon og félagar í Solna voru búnir að vinna tíu leiki í röð þegar þeir töpuðu naumlega á móti toppliði Norrköping á dögunum og því mega þeir ekki við tapi á móti Jakobi og félögum í Sundsvall ef þeir ætla ekki að missa Norrköping of langt frá sér.

„Við erum í fínum málum. Við viljum alls ekki tapa þessum leik því þá er Norrköping ett á toppnum. Þeir eru núna tveimur stigum á undan okkur. Ef við ætlum að vinna deildarmeistaratitilinn væri gott að hanga áfram í Norrköping," segir Helgi Már en auk Solna og Sundsvall eru Norrköping og Plannja Basket í hópi efstu liðanna.

„Ég er mjög ánægður með stöðuna á liðinu og hvað við erum ofarlega miðað við það sem liðið er búið að ganga í gegnum. Siggi fór þarna í byrjun tímabils og við skiptum báðum útlendingunum út og fengum nýja í staðinn. Það er búið að vera mikið um breytingar hjá okkur," segir Helgi en Solna er búið að vinna 16 af 19 leikjum sínum á tímabilinu.

Helgi Már segir Solna-liðið munu hafa sérstakar gætur á Jakobi í kvöld. „Þeir eru þarna tveir, Jakob og Mats Levin. Það eru þessir tveir leikmenn sem þarf að stoppa því hinir þrífast á þeim," segir Helgi Már. Hann og Jakob urðu Íslandsmeistarar saman með KR í fyrra, spiluðu saman upp alla yngri flokkana með KR á sínum tíma og hafa spilað fjölmarga landsleiki saman.

„Ég hafði aldrei spilað við Kobba áður og ég held að þetta sé í fyrsta skiptið sem ég spila við einhvern af mínum æskuvinum. Maður er búinn að æfa með honum síðan hann var þrettán ára þannig að þetta verður pínulítið sérstakt," segir Helgi Már.

Jakob hefur verið í aðalhlutverki hjá Sundsvall í vetur og er sjöundi stigahæsti leikmaður deildarinnar. Helgi Már er fjölhæfur leikmaður og það sem hann leggur til liðsins sést oft ekki í tölfræðinni. „Hann er búinn að spila svo vel hérna að mann langar að taka aðeins á honum. Ég ætla aðeins að negla hann," segir Helgi Már í léttum tón en hann er með 9,1 stig og 4,4 fráköst að meðaltali á 19,0 mínútum með Solna í vetur.

„Ég hef verið að koma inn af bekknum í síðustu leikjum og er sjötti maðurinn. Það var eftir að við fengum nýjan leikmann sem hefur verið að spilað í Evrópu. Hann er 22 ára og mjög hæfileikaríkur leikmaður sem allir héldu að væri að fara í NBA fyrst," segir Helgi Már um bakvörðinn Rudy Mbemba sem kom inn í liðið í tólftu umferð. „Hann tók mitt sæti í byrjunarliðinu. Svona menn eru ekki að fara að sitja á bekknum og ég vissi það alveg þegar hann kom," segir Helgi en það er gengi liðsins sem skiptir hann mestu máli.

„Maður er í þessu til að keppa um titlana. Mér líður vel hérna og það er gaman að því að það er fullt af leikjum. Við erum að spila fjórutíu leiki fyrir úrslitakeppni. Ég hef aldrei spilað svona þétt á ferlinum. Það eru tveir og stundum þrír leikir í viku. Fyrir leikmann er þetta alveg æðislega gaman, sérstaklega þegar maður er að vinna. Ég veit ekki hvernig þetta er þegar maður er að tapa en það er örugglega ekkert gaman," segir Helgi.

Fram undan er jafn og spennandi leikur og það verður gaman að sjá hvor vinanna hefur betur í þetta skiptið, Helgi Már eða Jakob.

„Síðasta leik unnum við með þremur stigum þar sem þeir klikkuðu á þristi á lokasekúndunum. Þetta verður hörkuleikur því þeir eru með mjög gott lið og verða örugglega erfiðir viðureignar." ooj@frettabladid.is



**MEÐ KR Í FYRRA** Helgi Már Magnússon sést hér skora í leik með KR-ingum í fyrravetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express karla*

| | |
|---|---|
| Breiðablik-Stjarnan | 74-89 (34-41) |

**Stig Breiðabliks:** Jonathan Schmidt 25, Jeremy Caldwell 15, Þorsteinn Gunnlaugsson 13, Aðalsteinn Pálsson 8, Hjalti Friðriksson 6, Daníel Guðmundsson 3, Gylfi Már Geirsson 2, Sæmundur Oddsson 2.

**Stig Stjörnunnar:** Justin Shouse 25, Jovan Zdravevski 25, Fannar Freyr Helgason 10, Magnús Helgason 10, Birkir Guðlaugsson 8, Kjartan Kjartansson 7, Birgir Björn Pétursson 2, Ólafur Aron Ingvason 2.

| | |
|---|---|
| Njarðvík-FSu | 99-47 (59-25) |

**Stigahæstir:** Guðmundur Jónsson 17, Jóhann Árni Ólafsson 16, Magnús Þór Gunnarsson 16 (9 stoðs.), Hjörtur Hrafn Einarsson 13, Kristján Sigurðsson 8 - Kjartan Kárason 13, Dominic Baker 11, Aleksas Zimnickas 9, Dominik Peter 8.

| | |
|---|---|
| Tindastóll-Fjölnir | 90-75 (39-41) |

**Stigahæstir:** Svavar Birgisson 22, Helgi Rafn Viggósson 20 (9 fráköst), Amani Bin Daanish 19 (9 fráköst), Axel Kárason 6, Michael Giovacchini 5 (10 stoðsendingar) - Christopher Smith 20 (13 fráköst), Tómas Heiðar Tómasson 16, Ægir Þór Steinarsson 15 (10 stoðsendingar, 8 fráköst), Magni Hafsteinsson 11, Arnþór Freyr Guðmundsson 7.

Stjarnan og Njarðvík unnu bæði í gær og sendu KR niður í 3. sætið í Iceland Express-deildinni:

# Stjörnumenn sitja á toppnum um jólin

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan og Njarðvík unnu bæði sína leiki í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi og komust því bæði upp fyrir Íslandsmeistara KR sem höfðu komist í toppsætið með sigri á Snæfelli á þriðjudagskvöldið.

Öll þrjú liðin eru jöfn að stigum en Stjörnumenn sitja í toppsætinu yfir jólin þar sem Garðbæingar unnu innbyrðisleiki sína við bæði Njarðvík og KR. Stjörnumenn hafa auk þess unnið alla fjóra leiki sína á móti liðunum í 2. til 5. sæti deildarinnar.

Blikar héldu í við Stjörnumenn í fyrsta leikhluta og staðan var 20-20 eftir hann. Stjörnumenn voru komnir með sjö stiga forskot í hálfleik, 34-41, og stungu síðan af í upphafi seinni hálfleiks. Blikar náðu að koma aðeins til baka og minnkuðu muninn í níu stig, 55-64, fyrir lokaleikhlutann. Þeir komust þó ekki mikið nær Stjörnuliðinu sem vann á endanum með fimmtán stigum.

Stjörnumenn unnu þarna sinn fjórða leik í röð eftir að hafa tapað tveimur leikjum í röð um miðjan nóvembermánuð. Justin Shouse og Jovan Zdravevski fóru að vanda fyrir liðinu en þeir voru báðir með 25 stig í gær.

Sigurinn í gær kórónar frábært ár Stjörnumanna undir stjórn Teits Örlygssonar en liðið vann fyrstu tvo titla sína undir hans stjórn á þessu ári, bikarinn í febrúar og meistarakeppni KKÍ fyrir tímabilið.

Tindastóll komst upp að hlið Hamars í 8. sæti Iceland Express-deildar karla eftir 90-75 sigur á Fjölni á Sauðárkróki.

Fjölnismenn áttu ágæta spretti en Tindastólsmenn tóku völdin í þriðja leikhlutanum og unnu að lokum fimmtán stiga sigur. Amani Bin Daanish lék þarna sinn síðasta leik með Stólunum en Tindastóll hefur ákveðið að láta hann fara alveg eins og Grindavík gerði í októbermánuði síðastliðnum.

FSu skoraði aðeins 47 stig á móti Njarðvík í Ljónagryfjunni og tapaði því öllum ellefu leikjum sínum í fyrri umferðinni.

Njarðvíkingar hafa unnið alla sex heimaleiki vetrarins í deild og bikar og það sem meira er hafa þeir haldið andstæðingum sínum undir 70 stigum í síðustu fjórum deildarleikjum sínum í Njarðvík. - óój



**25 STIG Í GÆR** Stjörnumaðurinn Jovan Zdravevski hefur spilað mjög vel fyrir Garðbæinga á þessu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# BT Nintendo®

## SPENNA·SNERPA·SNILLD

## Ævintýraveröld sem er engri lík!




**BT VERÐ: 47.999**

### Wii -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET

NÝ UPPLIFUN! SKÓRKOSTLEG SKEMMTUN FYRIR ALLA ALDURSHÓPA! MAGNAÐ LEIKJAÚRVAL!



DS-LEIKJATÖLVA

### VÍÐFRÆG & VINSÆL

NINTENDO DS | NINTENDO DSi

**EIN ALLRA VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS**

Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglaða á öllum aldri.




SPORT RESORTS og MOTION+ fylgir svartri Wii

**BT VERÐ: 54.999**

Þessi stórskemmtilega leikjavél er nú fáanleg í *NÝRRI* útfærslu






ÆVINTÝRI, SKEMMTUN & SPENNA AF BESTU GERÐ!

Wii Fit

Heimaleikfimin hefur aldrei verið skemmtilegri.
*Komdu og kynntu þér Wii-Fit!*

**NINTENDO DS**
- Spilar Nintendo DS & Advanced leiki
- 2 Skjáir – Neðri er snertiskjár
- Þráðlaust net
- Þráðlaust Lan (Nálægt)
- Innbyggður míkrafónn
- Heyrnartóla tengi, Stereo Hátalarar
- Allt að 19 tíma batterý ending
- Fylgir með: 1 x Penni fyrir snertiskjá, 1 x Heððslukapall

**BT VERÐ: 29.999**

**NINTENDO DSi**
- 2 MYNDAVÉLAR (framan/aftan)
- SD Kortarauf
- Spilar Alla Nintendo DS Leiki & Tónlist (ACC) af SD korti
- Hægt að ná í leiki og forrit af netinu (DSiWare)/Opera vafri
- 2 Skjáir – Neðri er snertiskjár
- Þráðlaust net, Þráðlaust Lan(Nálægt)
- Innbyggður míkrafónn
- Heyrnartóla tengi, Stereo Hátalarar
- Allt að 14 tíma battery ending

Fylgir með: 1 x Penni fyrir snertiskjá, 1 x Hleðslukapall

**BT VERÐ: 35.999**



## NINTENDO ÚRVALIÐ ER Í BT

# BT



## BETRI TILBOÐ!

BT·SKEIFAN // BT·SMÁRALIND // BT·AKUREYRI
ORMSSON GLERÁRTORGI



SÍMI 550·4444 // www.BT.is

# ÞAÐ ER EIGINLEGA EKKI HÆGT AÐ SEGJA NEI VIÐ RHEIN-NECKAR LÖWEN

Landsliðsmaðurinn Róbert Gunnarsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við þýska stórliðið Rhein-Neckar Löwen. Fyrir hjá liðinu eru þrír íslenskir landsliðsmenn. Róbert segir tilboðið hafa komið á hárréttum tíma fyrir sig. Hann yfirgefur Gummersbach næsta sumar eftir fimm ár í herbúðum félagsins.

**HANDBOLTI** Væntanlega verða fjórir íslenskir landsliðsmenn í þýska stórliðinu Rhein-Neckar Löwen á næstu leiktíð. Fyrir hjá félaginu eru þeir Guðjón Valur Sigurðsson, Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson og nú hefur Róbert Gunnarsson samið við liðið.

„Þetta mál kom skjótt upp á og það var gengið frekar hratt frá þessu. Ég hugsaði mig auðvitað aðeins um en þegar eitt af þremur stóru félögunum hefur samband er eiginlega ekki hægt að segja nei. Maður er bara afar stoltur að svona lið vilji fá mann í sínar raðir,“ segir Róbert kátur en hann segir tilboð Löwen hafa komið á frábærum tíma fyrir sig.

„Það er talsverð óvissa hjá Gummersbach. Það er mikil pólitík í gangi hjá stjórninni og svo eru einnig fjárhagsvandræði hjá félaginu. Ég hefði því í raun ekki getað hugsað mér betri tíma til þess að fara héðan,“ segir Róbert en hann er að leika sitt fimmta tímabil með Gummersbach.

„Annað sem er mjög ánægjulegt við að komast í þetta lið er að þetta er skandinavískt lið. Mig langaði alltaf að komast aftur í skandinavískt lið,“ segir Róbert, sem ætlar sér stóra hluti hjá félaginu.

„Ég hef metnað til þess að stefna hátt og þarna er möguleiki að ná mjög langt og vinna titla. Þetta er stórt félag með frábæra umgjörð. Ég mun svo deila stöðunni með öðrum línumanni og það er önnur áskorun fyrir mig. Ég mun þurfa að hafa vel fyrir þessu og það er mjög gott,“ segir Róbert, sem hefur verið einn um línustöðuna hjá Gummersbach og þurft að spila 60 mínútur í hverjum leik. Hjá Löwen mun hann etja kappi við hinn öfluga Bjarte Myrhol um sæti í byrjunarliðinu.

Róbert var í viðræðum við Lemgo þegar áhugi Löwen kom upp á borðið. „Ég bý í Köln og er orðinn vanur stórborgarlífi. Ég var því ekkert sérstaklega spenntur fyrir því að flytja til Lemgo, sem er nú ekkert sérstaklega spennandi staður þó svo að liðið sé gott,“ segir Róbert en hann þarf ekki að hafa áhyggjur af einhverri sveitastemningu hjá Löwen sem spilar í Mannheim.

Þó svo að Róbert hafi verið með samning við Gummersbach var hann með klásúlu sem leyfir honum að komast frítt frá félaginu. Hann segist þó ekki hækka mikið í launum.

„Launahliðin er aðeins betri en það er enginn stjarnfræðilegur munur. Ég var ekki að skipta um félag út af peningum. Löwen er bara stærra félag með betri umgjörð og allt annað. Það var ekki hægt að segja nei við félagið,“ segir Róbert.

henry@frettabladid.is



**VEL GREIDDIR** Róbert er hér í harðri baráttu við Christian Zeitz, leikmann Kiel, í leik Kiel og Gummersbach í vetur. NORDIC PHOTOS/BONGARTS



**LEIÐINDI** Tiger brosir bara að teiknimyndum þessa dagana. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tiger Woods:

## Situr heima og horfir á teiknimyndir

**GOLF** Tiger Woods er sagður algerlega niðurbrotinn og í einangrun á einu heimila sinna þar sem hann gerir lítið annað en að borða morgunkorn og horfa á teiknimyndir.

Eins og frægt er orðið hélt Tiger framhjá eiginkonu sinni, Elin Nordegren, með fjölda kvenna.

Fram kemur í enska götublaðinu The Sun að Woods hafi skipt um farsímanúmer daginn eftir áreksturinn fræga fyrir utan heimili þeirra hjóna í Flórída. Þar með hafa vinir hans ekki náð sambandi við hann.

„Vinir hans hafa miklar áhyggjur af því að Tiger sé að takast á við þetta á mjög óheilbrigðan máta,“ segir heimildarmaður blaðsins.

„Ég hef verið að reyna að ná í hann og get það ekki. Það er afar pirrandi,“ er haft eftir körfuboltastjörnunni Charles Barkley, vini Tigers. „Við viljum segja honum að okkur þykir vænt um hann og hann ætti að hringja í okkur.“ - esá





Ólafur Ragnar Hannesson mættur á vaktina á FM957.
Stútfullur þáttur af sjóðheitu efni.
Hellingur af pizzum frá Eldsmiðjunni.
Ískalt Coca Cola á kantinum.
Og miðar á FM forsýningu á Bjarnfreðarson.

Ekki missa af útvarpsþætti ársins kl. 7:45 í dag.

SÆÆÆÆLL!!!

BJARNFREÐARSON vodafone FM957

# BORÐSPIL ERU ÓDÝRARI Í OFFICE 1



LOKSINS Á ÍSLANDI

Fullt verð ~~6.990 kr.~~
Office 1 tilboðsverð
5.890 kr.




PIPAR\TBWA • SÍA • 92495

**Ég ætla að spara í ár!**

Office 1

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir og Akureyri.

> **Ben Kingsley**

„Ég reyni alltaf að finna eitthvað sem ég get dáðst að í fari þeirra persóna sem ég leik."

***Kingsley fer með hlutverk þjófaforingjans Fagin í kvikmyndinni Oliver Twist sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON EIGNAST NÝJAN VIN

# *Guði sé lof fyrir David Attenborough*



David Attenborough, sem ég kýs að kalla David héreftir, er vinur minn. Ekki þó þannig vinur að ég hafi einhvern tímann spjallað við hann yfir kaffibolla. Síður en svo. Ég hef aldrei hitt hann. Ég hef heldur aldrei hringt í þennan „vin" minn og talað við hann um daginn og veginn. Þó að vissulega væri það eitthvað til að láta sig dreyma um. Nei, David er heimilisvinur í orðsins fyllstu merkingu.

Til að gera langa sögu stutta er kannski rétt að geta þess að ég hef aldrei þolað líffræði og heldur ekki eðlisfræði. Einu sinni komst ég í gegnum eðlisfræðipróf með því að læra helminginn af námsefninu utanbókar eins og páfagaukur. Ég lagði upp með sömu taktík fyrir líffræðipróf. Þetta herbragð dugði fullkomlega í bæði skiptin.

En vini mínum David hefur á undraverðan hátt tekist að gera þetta tvennt svo ótrúlega heillandi og einfalt að ef ég ætti að taka próf úr þáttunum hans myndi ég sennilega ná því með ágætis einkunn. Án þess að læra þá utanbókar.

Ég hef raunar fylgst með ferðalögum Davids um heiminn frá því að ég var tólf ára og sat heima hjá ömmu og afa og hlustaði á hrjúfu röddina, fulla af lífsreynslu, kynna til leiks ótrúlegar skepnur og lífríki. Ég tel mig meira að segja geta hermt eftir röddinni hans, þeirri einu í því vopnabúri ásamt rödd Jafars í íslensku útgáfunni af Aladdin.

Framlag Davids til þekkingar minnar á náttúru heimsins er ómetanlegt og ef ég vissi hvar „vinur" minn ætti heima myndi ég sennilega senda honum jólakort. Og ostakörfu.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.30** Modern Toss
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.45** King of Queens
SKJÁR EINN



▶ **20.15** Marteinn
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10** Logi í beinni
STÖÐ 2



▶ **22.05** The Number 23
STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**10.20 HM í handbolta kvenna** Bein útsending frá fyrri undanúrslitaleiknum sem fram fer í Kína.
**12.00 Hlé**
**13.05 HM í handbolta kvenna** Bein útsending frá seinni undanúrslitaleiknum.
**15.10 Leiðarljós** (e)
**15.50 Leiðarljós** (e)
**16.35 Táknmálsfréttir**
**16.45 Bjargvætturinn** (19:26)
**17.10 Tóta trúður** (6:26)
**17.35 Galdrakrakkar** (4:13)
**18.00 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)
**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Marteinn** (7:8)
**20.50 Metsölubókin** (Read It and Weep) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2006. Skólastelpan Jamie býr til sögu um ofurhetjuna Is sem verður vinsæl og heldur fyrirferðarmikil í lífi hennar. Aðalhlutverk: Kay Panabaker, Danielle Panabaker, Alexandra Krosney og Marquise Brown.
**22.15 Taggart - Svikamylla** (Taggart: Pinnacle) Skosk sakamálamynd.
**23.30 Bjargvætturinn** (The Guardian) (e)
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.05 Speed Racer**
**10.15 Space Jam**
**12.00 I's a Boy Girl Thing**
**14.00 Speed Racer**
**16.10 Space Jam**
**18.00 I's a Boy Girl Thing**
**20.00 The Man With the Golden Gun**
▶**22.05 The Number 23** Jim Carrey fer með hlutverk manns sem gengur af göflunum eftir að hafa lesið skáldsögu sem hann heldur að hafi verið skrifuð um hann.
**00.00 The American Pie Presents**
**02.00 Me and You and Everyone We Know**
**04.00 The Number 23**
**06.00 The Spy who Loved Me**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 The Apprentice** (7:14)
**11.10 America's Got Talent** (12:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (93:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (94:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (95:300)
**15.15 Identity** (7:12)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Lalli og Gulla og grænjaxlarnir.
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar** Við fylgjumst með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
**17.58 Friends** Bestu vinir allra landsmanna eru mættir aftur í sjónvarpið! Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler í fullu fjöri, fjóra daga vikunnar.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.52 Íþróttir**
**18.59 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.05 Wipeout - Ísland** Bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
▶**21.10 Logi í beinni** Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmanns þar sem hann fær góða gesti í spjall.
**22.25 National Lampoon's Christmas Vacation** Alvörujólamynd þar sem Chevy Chase leikur fjölskylduföðurinn Clark Griswold en það eina sem hann dýrkar meira en ferðalög með fjölskyldunni er að halda upp á jólin hátíðleg í faðmi hennar.
**00.00 Ice Harvest**
**01.30 World Trade Center**
**03.35 Dark Wolf**
**05.05 The Rats**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Genoa - Valencia** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**17.50 Genoa - Valencia** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**19.30 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 UFC Unleashed** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.
**21.45 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.40 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**23.25 Poker After Dark**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Tottenham - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Chelsea - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.55 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.25 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Chelsea, 1995.
**22.20 PL Classic Matches** Newcastle - Tottenham, 1996.
**22.50 Premier League Preview**
**23.20 Liverpool - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (14:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (14:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 What I Like About You** (e)
**17.00 Innlit/ Útlit** (8:10) (e)
**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
**18.15 Fréttir**
**18.30 Still Standing** (4:20) Bandarísk gamansería um hina skrautlegu Miller-fjölskyldu.
**19.00 America's Funniest Home Videos** (17:50) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.30 Fréttir** (e)
▶**19.45 King of Queens** (21:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Oliver Twist** Kvikmynd sem byggð er á klassískri sögu eftir Charles Dickens um ungan munaðarleysingja sem lendir í slagtogi með þjófum í Lundúnum á nítjándu öld.
**22.20 30 Rock** (11:22) (e)
**22.45 Lipstick Jungle** (9:13) (e)
**23.35 Law & Order: Special Victims Unit** (14:19) (e)
**00.25 King of Queens** (21:25) (e)
**00.50 World Cup of Pool 2008** (29:31)
**01.40 The Jay Leno Show** (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnina skipa þeir Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson.
**21.00 Segðu mér frá bókinni** Þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar og lesa úr þeim.
**21.30 Anna og útlitið** Anna Gunnarsdóttir og félagar flikka upp á útlitið á venjulegum Íslendingum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Það er kalt á toppnum!




GRAM

**Gram kæli- og frystiskápar.**

Gram býður upp á notagildi, frábæra endingu og sígilt útlit sem stenst tímans tönn. Fullkomin eldhústækjalína í hvítu, áli eða stáli.

Fönix býður nú kæli- og frystiskápa frá Gram í meira úrvali en áður af öllum stærðum og gerðum.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FÖNIX

FÖNIX Raftækjaverslun ▪ Hátúni 6a ▪ 105 Reykjavík ▪ Sími 552 4420 ▪ Fax 562 3735 ▪ fonix@fonix.is ▪ www.fonix.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.05**

**Wipeout – Ísland**

Hér er á ferðinni bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma og reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni. Auk vel valinna þátttakenda eru nokkrir þjóðþekktir einstaklingar fengnir til að spreyta sig á rauðu boltunum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Auddi og Sveppi**

**Stöð 2 kl. 19.25**

Í þættinum í kvöld verður opinberað hvort Sveppa hafi tekist ætlunarverk sitt um að verða léttari en áttatíu kíló að þyngd. Mikið er í húfi þar sem Sveppi var búinn að lofa að hlaupa niður Laugaveginn nakinn tækist það ekki. Að öðru leyti verður þátturinn á huggulegu nótunum enda jólin á næsta leiti og strákarnir í hátíðarskapi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hliðar saman hliðar
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Aðventa
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvarar blárrar sveiflu
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 Supernanny** (11:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð.
▶ **18.30 Modern Toss** (5:6) Gráglettnir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link.
**19.00 The Doctors**
**19.45 Supernanny** (11:20)
**20.30 Ástríður** (10:12) Það er ljóst að Sveinn var aldrei sá riddari sem Ástríður var að vonast eftir. Nú standa allir á krossgötum. Ekki síst Bjarni frændi sem heldur upp á fertugsafmælið sitt. Eða var það 45?
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 NCIS** (19:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.45 Fringe** (4:22) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.
**23.30 Identity** (11:12)
**00.15 Blade** (11:13)
**01.00 Ástríður** (10:12)
**01.30 Auddi og Sveppi**
**02.05 Logi í beinni**
**02.50 Modern Toss** (5:6)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Absolutely Fabulous **12.55** After You've Gone **13.25** After You've Gone **14.00** My Hero **14.35** My Hero **15.05** The Weakest Link **15.50** Monarch of the Glen **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Robin Hood **18.15** Robin Hood **19.00** Marc Wootton Exposed **19.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **20.00** This Is Dom Joly **20.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.00** The Jonathan Ross Show **22.00** Marc Wootton Exposed **22.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.00** Robin Hood **23.45** Marc Wootton Exposed **00.15** Monarch of the Glen

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Tall Ships Races - stort stævne i lille havn **12.45** Hammerslag **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Pagten **19.00** Kim Larsen på tur **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.15** Robbie Williams - Let him entertain you **22.15** Fidibus

## NRK 1

**12.30** Migrapolis **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Min store drom **14.00** NRK nyheter **14.05** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.01** Jul i Svingen **17.25** Oisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** KORK og Bjorn Eidsvåg **19.55** Nytt på nytt **20.25** Detektimen. Solstorm **22.10** Kveldsnytt **22.25** Sivert Hoyem i Sentrum **23.25** Life on Mars

## SVT 1

**12.25** Alpint. Världscupen Val-d'Isère **12.55** Alpint. Världscupen Val-d'Isère **14.00** Debatt **14.45** Hemliga svenska rum **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Plus **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Snygg, sexig & singel **21.25** Kulturnyheterna **21.40** Playa del Sol **22.10** Dödligt protokoll


FISKIKÓNGURINN
afgreiðir og veitir góð ráð alla helgina!



OPIÐ ALLA HELGINA
Laugardag 10.00-18.00
Sunnudag 11.00-18.00

Humar 2.000 kr.kg

Humar 3.990 kr.kg
Stór og fallegur, stærð 7-12
(Ef þú finnur jafn stóran og góðan humar á betra verði annars staðar endurgreiðum við þér mismuninn.)

SKATA
-Fyrir algera byrjendur
-Fyrir þá sem eru vanir
-Fyrir þá sem vilja taka næsta skref
-Fyrir þá sem vilja fara alla leið

Komið tímanlega, forðist örtröð í næstu viku. Skötuna má vel geyma úti á svölum/ísskáp í nokkra daga!!

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Þessa dagana er ég mjög hrifinn af Kryddlegnum hjörtum á Skúlagötunni. Ég fæ mér yfirleitt sjávarrétta- eða kjötsúpu og salat, en stundum löngu eða hlýra í tandoori.“*

Sölvi Tryggvason sjónvarpsmaður.

# Fangar gefa Svörtuloft og Gylfa Ægis

„Við höfum gert þetta undanfarin þrjú ár í samvinnu við yfirstjórn fangelsisins og þetta hefur alltaf mælst mjög vel fyrir hjá föngunum,“ segir Kristján Bjarki Jónasson, formaður Félags bókaútgefanda. Í dag fer fríður hópur frá félaginu með yfir þrjú hundruð bækur á Litla-Hraun. Stærstum hluta þeirra verður varið í jólagjafir handa fjölskyldum fanganna því eins og gefur að skilja eiga þeir erfitt með að kaupa jólagjafir handa sínum nánustu.

„Margrét Frímansdóttir, fangelsisstjóri á Litla-Hrauni, hefur sagt okkur að jólin séu mjög erfiður tími fyrir fangana og þeir fyllist oft kvíða þegar þau nálgast, einmitt vegna þessarar staðreyndar, að geta ekki keypt jólagjöf. Okkur finnst því bara gott að geta lagt þeim aðeins lið,“ segir Kristján og bætir við að einhver hluti bókanna rati einnig á bókasafn fangelsisins. Og án þess að vilja upplýsa of mikið segir Kristján að fjórar bækur standi upp úr hvað vinsældir varðar á óskalistum fanganna. „Já, Svörtuloft eftir Arnald Indriðason var mjög ofarlega og svo ævisögur Gylfa Ægissonar og Vilhjálms Vilhjálmssonar.“ Kristján bætir því við að Heimsmetabók Guinness sé einnig vinsæl gjöf sem og Stóra strákabókin en þar er kennt hvernig eigi að hnýta sígilda hnúta og byggja trjákofa. **- fgg**




**JÓLAGJAFIR FYRIR FANGA** Fangar eiga erfitt með að kaupa jólagjafir handa sínum nánustu en Félag bókaútgefenda leggur þeim lið og gefur þrjú hundruð bækur. Kristján B. Jónasson segir Svörtuloft og ævisögu Gylfa Ægis vera vinsælastar.



**LÁRÉTT**
**2.** skíðaíþrótt, **6.** frá, **8.** forsögn, **9.** pili, **11.** fyrir hönd, **12.** rusl, **14.** veldis, **16.** tveir eins, **17.** einatt, **18.** í viðbót, **20.** tvíhljóði, **21.** gefa frá sér reiðihljóð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lengdareining, **3.** í röð, **4.** skynja, **5.** lík, **7.** sviptur veruleikaskyni, **10.** mánuður, **13.** sjáðu, **15.** högg, **16.** þvottur, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** brun, **6.** af, **8.** spá, **9.** rim, **11.** pr, **12.** drasl, **14.** ríkis, **16.** tt, **17.** oft, **18.** auk, **20.** au, **21.** urra.
**LÓÐRÉTT: 1.** yard, **3.** rs, **4.** upplifa, **5.** nár, **7.** firrtur, **10.** maí, **13.** sko, **15.** stuð, **16.** tau, **19.** kr.

**VEISTU SVARIÐ**
Svör við spurningum á síðu 8

1. Meiri hamingja.
2. Breiðabliks.
3. Halldór Halldórsson.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

BUBBI MORTHENS: BREYTIR ENGU FYRIR MIG

# Þorláksmessutónleikar Bubba í beinni á Stöð 2

„Þetta breytir engu fyrir mig, ég mun rappa og rífa kjaft ef ég er í þeim gírnum. Menn munu bara sjá framan í mig þegar ég byrja,“ segir Bubbi Morthens. Stöð 2 sýnir beint frá Þorláksmessutónleikum hans en þetta verður í 25. sinn sem Bubbi spilar á þessum tíma. Tónleikarnir eru í Háskólabíói en Rás 2 útvarpaði þeim um árabil. Því var hins vegar hætt þegar stjórnendum í Efstaleitinu þótti tónlistarmaðurinn fara yfir strikið í töluðu máli. Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs hjá 365 miðlum, segir hlutverk stöðvarinnar eingöngu að sjónvarpa tónleikunum beint. „Tónlistarval og efnisval verður alfarið í höndunum og á ábyrgð Bubba Morthens,“ segir Pálmi.

Kóngurinn hefur reyndar farið mikinn á öldum ljósvakans að undanförnu og nýverið var greint frá því að honum hefðu borist kurteisleg tilmæli frá dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins, dr. Sigrúnu Stefánsdóttur, að láta meira fara fyrir tónlist í þætti sínum Færibandinu sem útvarpað er á mánudagskvöldum, en minna fyrir töluðu máli. „Auðvitað veltur þetta allt á því í hvernig stuði ég verð. Ég hef spilað á þessum tónleikum án þess að segja orð. En eins og þetta ár hefur verið finnst mér það nú ekki líklegt að ég muni þegja. Ég hef alltaf sagt mínar skoðanir umbúðalaust og það hefur stundum farið fyrir brjóstið á fólki og stundum ekki.“ Hann bætir því við að auðvitað sé þetta líka spurning um framsetningu. „Maður getur gagnrýnt fólk án þess að vera andstyggilegur.“

En Bubbi kemur við sögu á fleiri stöðum hjá Stöð 2 því hann frumflytur nýtt lag í þætti Loga Bergmanns í kvöld. Bubbi er á árinu búinn að semja þjóðhátíðarlag, Eurovision-lag og nú er komið að jólalagi, því fyrsta á löngum ferli. „Ég byrjaði að juða í Bubba strax fyrir fyrsta þátt, hvort hann ætti ekki jólalag og ætlaði ekki að gera jólaplötu og svona,“ segir Logi, sem verður að teljast ábyrgur fyrir þessari uppákomu. „Ég hélt áfram að juða í honum í fyrra en það gekk ekkert heldur. Svo hélt ég bara áfram juðinu núna og það virðist hafa skilað árangri því hann ætlar að spila jólalagið í kvöld,“ segir Logi, sem hefur ekki hugmynd um hvað lagið heitir. „Ég hringdi í hann á þriðjudaginn og spurði hvernig gengi en þá var hann ekki einu sinni byrjaður á laginu. Sagðist bara ætla að semja það á föstudagsmorguninn og var alveg svalur.“ **freyrgigja@frettabladid.is drgunni@frettabladid.is**



**GEFUR EKKERT EFTIR** Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens verða í beinni útsendingu á Stöð 2. Kóngurinn hefur einnig samið jólalag sem verður frumflutt í þætti Loga Bergmanns í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓLK Í FRÉTTUM**

**Jóhanna Sigurðardóttir** forsætisráðherra var á dögunum valin ein af hetjum ársins af tímaritinu Mandate, sem fjallar um málefni samkynhneigðra. Þetta er í 14. skipti sem tímaritið setur listann saman, en valdar eru hetjur og skúrkar sem voru að einhverju leyti áberandi í baráttu samkynhneigðra á árinu. Jóhanna er í góðum félagsskap á listanum, en á meðal hetja eru söngkonurnar Lady Gaga og Mariah Carey ásamt Adam Lambert, sem kom út úr skápnum í kjölfarið á því að hafa lent í öðru sæti í bandaríska Idolinu.



Danska bókaforlagið Torgard hefur keypt réttinn á bókinni Síðustu dagar móður minnar, eftir **Sölva Björn Sigurðsson** og áætlar að gefa hana út á næsta ári. Bókinni hefur verið vel tekið hér á landi og var til dæmis á lista bóksala yfir bestu bækur ársins. Torgard kann greinilega vel að meta verk Íslendinga þar sem forlagið gefur einnig út verk Þórarins Leifssonar og Huldars Breiðfjörð.



Talandi um bækur, þá vakti frétt Fréttablaðsins í gær, um Egil „þykka“ Einarsson og Karl Ágúst Úlfsson, nokkra athygli. Þeir eru óvæntu pennarnir á topplistunum, en bækur þeirra hafa selst vel undanfarið. Einnig þykir athyglisvert að á metsölulista Hagkaupa hefur sjaldan verið meiri vöðvamassi. Þar er vöðvatröllið **Jói Fel** á toppnum og Egill „þykki“ aðeins neðar. **- afb**






# Ekkert að spá í sigurgönguna

Nú er víða verið að gera upp áratuginn sem er að líða. Þegar plötur áratugarins eru teknar saman er nánast öruggt að einhver plata með Sigur Rós ratar á listann. Þótt Ágætis byrjun hafi komið út árið 1999 og tilheyri því síðustu öld í íslenskum annálum kom hún út árið 2000 á alþjóðamarkaði. Síðan komu ( ), Takk og Með suð í eyrum við spilum endalaust, auk ýmissa aukaplatna.

Það nýjasta í sigurgöngu Sigur Rósar á listunum er í öðru sæti á lista Metacritic yfir þá listamenn sem hæst skor fá á áratugnum. Metacritic safnar saman á einn stað dómum víðs vegar að og er Sigur Rós með meðaleinkunnina 83,5 af 100 mögulegum fyrir fjórar plötur. Aðeins kanadíska hljómsveitin Spoon er með hærra skor. Sigur Rósar-strákarnir eru minnst að spá í þetta.

„Nei, maður er nú ekkert að leita þetta uppi, en ef maður sér eitthvað um þetta í Fréttablaðinu er það bara frábært og gaman,“ segir Georg bassaleikari. „Við pælum satt að segja ekkert í þessu.“

Georg segir Sigur Rós í barneignarfríi. „Stelpan hans Kjartans er orðin eins árs, ég var að eignast mitt þriðja barn fyrir tveimur mánuðum og Orri á von á einu í næsta mánuði. Við erum bara rólegir og Jónsi er á fullu í sínu dóti. Það er bara að leyfa honum að klára það. Við njótum bara lífsins með börnunum á meðan.“ **- drg**



**Í BARNEIGNARFRÍI** Sigur Rósar-strákarnir slappa nú af með börnunum, nema Jónsi sem verður á fullu á næstunni með sólóplötuna Go.

**DÆMI UM ÁRANGUR SIGUR RÓSAR**

- Ágætis byrjun (29. sæti) og ( ) (76. sæti) á lista Rolling Stone
- Ágætis byrjun (8. sæti) á lista Pitchfork
- Ágætis byrjun (13. sæti) á lista Emusic
- Ágætis byrjun (97. sæti) á lista NME
- Með suð í eyrum við spilum endalaust (25. sæti) á lista Paste

Hátíð í bæ...




**Bjóðum vaxtalausa greiðsludreifingu í allt að 6 mánuði**

**Opið til kl. 22 fram að jólum**

**TEKK COMPANY**

Tekk Company – Holtagörðum og Kringlunni – Sími 564 4400 – www.tekk.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Jogastudio.org
JÓGA Stúdíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Húðflúr fyrir jólin

Eins og Fréttablaðið greindi frá í litlum mola fyrir margt löngu var blaðamaðurinn **Ómar R. Valdimarsson** orðinn þreyttur á húðflúri sem hann bar á handlegg sínum. Hann settist því í stólinn hjá Reykjavík Ink og hefur að undanförnu verið að láta breyta ásýnd þess. Vegfarendur sem gengu framhjá húðflúrstofunni í gærkvöldi sáu Ómar enn og aftur í stólnum og var haft á orði að þetta væri rosalegt listaverk sem blaðamaður Bloomberg-fréttastofunnar væri að fá sér.



### Slagarahöfundar hittast

Fréttablaðið greindi jafnframt frá því í gær að þeir Ingó Veðurguð og Toggi, slagarahöfundar ársins 2008, hefðu farið niður á skrifstofu STEF þar sem þeir voru ósáttir við lágar greiðslur fyrir sín vinsælu lög. Svo skemmtilega vildi til að þeir römbuðu á **Snorra Helgason**, sem samdi Verum í sambandi, smell ársins árið 2007. Hann gaf grænt ljós á að sýna smellakóngum 2008 upphæðina sem hann fékk fyrir sinn smell árið áður og reyndist upphæðin í fullu samræmi við þeirra, álíka lág sem sagt. Niðurstaðan af þessu máli er því sú að menn ættu alls ekki að segja upp í dagvinnunni ef þeir grísa á að eiga poppsmell á örsmáa Íslandi.

- fgg, drg



### Mest lesið VISIR.IS

1. Öryrki datt í lukkupottinn
2. Lést í sjóslysi við Skrúð
3. Rekin af samstilltum systrum
4. Ekið á tvo hunda
5. Kveikti ölvaður í mottu og skemmdi bíl
6. Sjóslys við Skrúð: Fékk á sig brotsjó





Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum




24 þúsund í inneign yfir 12 mán.

LG Viewty

Útborgun

0kr.

2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.

**2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 39.900 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

Tæknilegi síminn frá LG með snertiskjá

Stór snertiskjár, flott myndavél, spilar DivX og færir auðveldlega myndbönd beint yfir á YouTube. Flottur á netinu

- 3G
- Íslenskt valmyndakerfi
- 3 megapixla myndavél
- 1 GB minni
- Bluetooth

ENNEMM / SIA / NM40196

3G sími, snertiskjár, 24 þúsund í inneign, 160 þúsund vinir.

**Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.**

Stærsti vinahópur á Íslandi

Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.